Bátsfesti. Árar í öll ræði og 3 varaárar, ræði fyrir hverja ár, sem róið er með, og vararæði fyrir hver tvö ræði. Stýri með sveif eða taumum, 2 bátshakar, 2 neglur, bundnar við hvert neglugat, 1 austurtrog, 1 skjóla, 2 axir, ljósker, fullt af eldsneyti og tiltækt.

Sigla með seglum og reiða, kompás, bjargstengur meðfram hliðum bátsins, rekakkeri með 30 faðma kaðli. Seglin skulu börkuð rauð.

Bárufleygur með 4½ lítra af olíu eða lýsi, þannig gerður, að festa megi hann við rekakkerið.

Lofthelt hylki með 1,5 kg af brauði á hvern mann, 400 g mjólkurtöflur, 400 g súkkulaðitöflur og 400 g Pemican, vatnskvartil með 1 lítra af vatni á hvern mann og drykkjarílát, 12 sjálfvirk „rauðblys“ og stormeldspýtur, hvort tveggja í vatnsheldu hylki. Hæfilega stór skápur til að geyma í smámuni.

Sérhver bjargbátur skal, auk hins fyrirskipaða útbúnaðar, hafa:

1. Kork- eða kapokpúða meðfram báðum hliðum bátsins, og skulu þeir ná stafna á milli. Þeir skulu vera 15—20 cm í þvermál um miðjuna og mjókka til endanna og skulu vera vel festir við bátinn.

2. 6 eldflaugar, 6 bláljós, 10 eldspýtustokkar af stormeldspýtum, allt í vatnsheldum umbúðum. Í stað eldflauganna má hafa skammbyssu með 6—12 merkjaskotum. Enn fremur 3 olíufatnaðir, 3 peysur, sáraumbúðir og tvö vasaljós, allt í vatnsheldum kassa. Þá skal einnig vera segldúkur, 2×2 metrar, til að safna í regnvatni. 3 3. jan.
3. Farþega- og vöruflutningaskip skulu hafa suðuáhald af viðurkenndri gerð.

   Einn af bjargbátum skipsins skal vera vélbátur, búinn öllum fleytigögnum og búnaði, sem aðrir bjargbátar skipsins, og auk þess fleytigögnum, sem svara til þunga vélarinnar og annarra áhalda, sem vélbátur þarf að hafa. Enginn vélbátur má vera minni en 3,5 m^3. Fiskiskip eru undanþegin þessu ákvæði.

   Í vélbátum skal vera hæfilega langur og gildur dráttarkaðall og festartæki í bátnum til að festa hann við. Í hverjum vélbát skal vera eldsneytisforði í 48 klst. með fullhraða.

   Sé í vélbátnum benzínvél, skal henni fylgja varakveikja, geymd í vatnsheldu íláti, eða svo um vélina búið, að sjór geti alls ekki að henni komizt, enda þótt sjór komi í bátinn, svo að hálf fyllist.
4. Einn af bjargbátum skipsins skal vera með loftskeytatækjum, er dragi að minnsta kosti 100 sjómílur. Undanskyld þessu ákvæði eru skip, sem ekki hafa mann, sem kann að morsa.
5. Á botni bjargbátanna að utanverðu skal vera handlisti til beggja hliða á húfnum.
6. Í hverjum bjargbát skal vera útbúnaður til að þétta bátinn, til dæmis trétappar af mismunandi stærð, blýþynna og eirsaumur, blýhvíta, málning eða kítti, smáfjalir úr lævirkjatré eða önnur trétegund, sem ekki rifnar, skrúfur og segldúkur.
7. Ef þess er kostur, skulu bátarnir búnir fallkrókum (Sliphager).

3. gr.

Bjargflekar eða bjargbátar með hleypisúð.

Auk bjargbáta þeirra, sem skipið á að hafa, skal það einnig hafa bjargfleka eða bjargbáta með hleypisúð, sbr. d-lið 6. gr.

Bjargbátar þessir eða bjargflekar skulu um gerð, útbúnað og fólkstölu fullnægja alþjóðaákvæðum, en þurfa þó ekki að hafa varaárar eða varahluta.

Tala þeirra, sem flekinn tekur, skal ákveðin samkvæmt alþjóðareglum og mörkuð á hann ásamt nafni skipsins, en útbúnaður flekans skal vera þessi:

1. Á sérhverjum fleka skal vera vatnskvartil fullt af góðu drykkjarvatni, 2 lítrar á mann í skipum í Evrópusiglingum, en 3 lítrar á mann í Ameríkusiglingum, brauðkassi með hörðu brauði, 1 kg á mann, 400 g á mann af súkkulaðitöflum, mjólkurtöflum, Pemican og vatnsmál. Enn fremur vatnsheldur dúkur með sárabindum, 2 góðir vasalampar, merkjaskammbyssa (Signalpistol) með 6 skotum eða 6 flugeldar, 6 eldspýtustokkar af stormeldspýtum, flugeldastengur, 3 olíufatnaðir, 3 peysur eða heitar flíkur í olíupoka og fáni.
2. Á flekanum skal vera skjólsegl, vel fest við hann, 40 cm á hæð, 2 árar, 3 áragafflar, krókstjaki og öxi, 60 faðma færi, sakka og 2 önglar.
3. Kassarnir á flekunum skulu þannig gerðir, að þeir koma að fullum notum, hvor hlið flekans sem upp snýr.

Skipaskoðunarstjóri ákveður í samráði við skipstjóra stað fyrir björgunarfleka á skipum og hvernig þeim skuli komið fyrir á því.

Flekarnir skulu vera á rennibraut, þar sem því verður við komið.

Við bjargflekann skal festa sjálfkveikjandi blys, er kvikni á, um leið og bjargflekinn kemur í sjó.

3. jan. Bjargtækjum þeim, sem nefnd eru í 3. gr. og ekki eru á rennibraut, þarf ekki að koma fyrir undir bátsuglum, en þá skulu þau höfð á þeim stað á skipinu og þannig komið fyrir, að þau fljóti upp, ef skipið sekkur.

II. KAFLI
Fiskiskip, önnur en togarar.

5. gr.

Útbúnaður fiskiskipa, annarra en togara, sem eru í förum milli landa á ófriðareða hættusvæðum, skal vera sá, er greinir í þessum kafla.

Sérhvert fiskiskip, sem er í förum milli landa, skal fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim, en auk þess skal skipið fullnægja fyrirmælum þeim, er hér greinir:

1. Í skipinu skal vera góð talstöð, og skal hún reynd í hvert sinn, áður en skipið fer í utanlandsferð, af umboðsmanni landssímans.
2. Skip, sem hafa loftskeytamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
3. Skipið skal hafa bjargbát eða bjargbáta samkvæmt áðurnefndri tilskipun og reglugerðum og auk þess fullnægja ákvæðum 1., 2., 5., 6. og 7. liðs 2. gr. hér að framan.
4. Skipið skal hafa bjargfleka fyrir alla á skipinu, og skal allur útbúnaður hans vera eins og segir í 3. gr. hér að framan.

III. KAFLI
Strandferðaskip og varðskip.

6. gr.

Farþegaskip og vöruflutningaskip í strandsiglingu og varðskip ríkisins skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og auk þess fullnægja eftirgreindum fyrirmælum:

1. Öll farþega- og vöruflutningaskip í strandsiglingu og varðskip ríkisins, séu þau 400 rúmlestir eða stærri, skulu fullnægja 1., 2. og 3. gr. hér að framan, en með þessum undantekningum:
   a. Fyrir skipshöfn þessara skipa er krafizt, að þau hafi rautt ljós við bjargvesti skipshafnarinnar.
   b. Vistir í bjargbátum og bjargflekum skulu vera samkvæmt tilskipun nr. 43 20. nóvember 1922.
   c. Eldsneytisforði vélbátsins skal vera í 24 klst. með fullhraða.
   d. Bjargfleka samkv. 3. gr. er krafizt fyrir alla skipshöfnina og farþega, að svo miklu leyti, sem það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt, með tilliti til stærðar skipsins og farþegatölu þeirrar, sem skipið má alls flytja. Skipaskoðunarstjóri ákveður tölu bjargfleka og mannfjölda þann, sem þeim er ætlað að bera.

7. gr.

Farþega- og vöruflutningaskip í strandsiglingu og varðskip ríkisins, minni en 400 rúmlestir, skulu fullnægja ákvæðum áðurgreindra laga, tilskipana og reglugerða og auk þess eftirgreindum fyrirmælum:

1. Skipið skal hafa kapokbjörgunarvesti með rauðu ljósi við fyrir skipshöfnina. 3
2. Skip, sem hafa loftskeytamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum. 3. jan.
3. Utan á öllum bjargbátum og bátum í skipum yfir 100 rúmlestir skulu vera korkpúðar eða kapokpúðar, eins og segir í 1. lið 2. gr.
4. Á botni bjargbátanna og annarra báta í skipum yfir 100 rúmlestir skulu vera handlistar.
5. Í öllum bátum sé útbúnaður til að þétta leka, sjá 6. lið 2. gr.
6. Skipið skal hafa bjargfleka með öllum útbúnaði, eins og tekið er fram í d-lið 6. gr., svo að þeir ásamt bátum skipsins geti rúmað alla á skipinu, miðað við hina mestu farþegatölu, sem skipið má flytja. Skip, sem ekki eru farþegaskip, skulu hafa bjargfleka, sem rúmað geti alla skipverja.
7. Skipum, sem vegna smæðar sinnar geta ekki að áliti skipaskoðunarmanns haft bjargfleka samkvæmt 3. gr., er í stað hans heimilt að hafa kork- eða málmfleka, enda sé áður fengið samþykki skipaskoðunarstjóra til þess. Útbúnaður þessara fleka skal á þessum skipum vera sem hér segir: Tvær litlar árar, lítið vatnskvartil, korkdufl með veifu og sé stöngin 2 m á lengd, bátsfesti og tvö góð vasaljós í vatnsheldum umbúðum.
8. Skipum, sem eru í innfjarðarsiglingu eða förum milli hafna innan landhelgi, getur skipaskoðunarstjóri, þegar ástæða þykir til og það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt að gera vægari kröfur en gerðar eru í þessari grein, að einu eða öllu leyti veitt tilslakanir frá þeim.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um skip þau, sem um ræðir í I., II. og III. kafla.

8. gr.

Hægt skal vera að stöðva aðalvélina, bæði frá vélarúmi og efsta þilfari, með því að loka fyrir gufuna eða eldsneytið til mótorsins.

9. gr.

Auk hins venjulega eftirlits, sem skipstjóra er skylt að hafa með bjargtækjum skipsins, skal hann, áður en hann fer úr höfn, láta eftirlíta öll bjargtæki skipsins, vatnsheldar hurðir og hlera, spjaldloka o. fl., og sjá um, að allt sé í lagi. Skipaeftirlit ríkisins skal hafa stöðugt eftirlit með því, að fyrirmælum þessara reglna sé fram fylgt til hins ýtrasta, og má ekkert skip láta úr höfn til útlanda, nema vottorð skipaskoðunar ríkisins sé fyrir hendi um, að öll björgunartæki séu í lagi.

Skipstjóra ber, eftir því sem frekast verður við komið, að æfa skipshöfnina í að nota bátana og bjargtækin. Allir gallar, sem koma í ljós við æfingar, skulu lagfærðir og árangurinn skráður í eftirlitsbókina.

10. gr.

Þegar venjuleg skoðun á skipi fer fram, hvort heldur er aðal- eða aukaskoðun, skulu skoðunarmenn gæta þess, að ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

11. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur veitt tilslakanir frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæða þykir til og það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt að veita frest til fullnægingar á ákvæðum þessara reglna, þegar hann telur gildar ástæður fyrir hendi.

3 12. gr.

3. jan. Þegar skip fer um svæði, þar sem tundurduflahætta er, skulu sérstakar ráðstafanir gerðar til öryggis skipshöfn og farþegum.

Af slíkum öryggisráðstöfunum má nefna:

1. Lokað sé öllum vatnsheldum hurðum og ljórum.
2. Bátahlífarnar skulu teknar af, og bátarnir skulu, hvenær sem er, hafðir tilbúnir til að síga í sjó.
3. Allir bátar og flekar, sem eru undir bátsuglum, skulu hafðir eins tiltækir og frekast er unnt.
4. Bjargbelti fyrir alla á skipinu skulu, hvenær sem er, vera tiltæk.

V. KAFLI
Um hleðslumerki.

13. gr.

Öll farþega- og vöruflutningaskip, sem ekki eru skyldug til að hafa hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðalögum, svo og fiskiskip, er sigla milli landa, skulu hafa hleðslumerki og hleðslumerkjaskírteini samkvæmt hleðslumerkjareglugerð 12. marz 1943.

VI. KAFLI
Um flutning á benzíni og öðrum eldfimum efnum.

14. gr.

1. Farþegaskipum í utan- og innanlandssiglingum skal óheimilt að flytja benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.
2. Öðrum skipum skal leyft að flytja benzín eða önnur eldfim efni á þilfari, enda sé svo um farminn búið, að sem minnst hætta stafi af.

   Þegar sérstaklega stendur á, er þessum skipum leyft að flytja allt að 10 farþegum jafnframt benzínflutningnum, enda fullnægi skipið öllum öðrum ákvæðum um flutning á farþegum með skipum, sem ekki eru farþegaskip.
3. Undir þilfari má ekki flytja benzín eða efni, sem eldfimar lofttegundir geta myndazt af og geta valdið sprengingu, nema í sérstökum þar til gerðum rúmum eða geymum.

   Skipaskoðunarstjóri setur ákvæði um það, hvernig þessi sérstöku rúm skulu gerð og loftræst í öðrum skipum en þeim, sem beinlínis eru smíðuð í þeim tilgangi að flytja eldfim efni og hlotið hafa viðurkenningu skipaflokkunarfélaga eða stjórnarvalda til þess.
4. Reykingar og umferð með ljós, sem íkveikjuhætta getur stafað af, er algerlega bönnuð á þilfari eða þeim stöðum, sem benzín eða eldfim efni eru á.
5. Skip, sem samkvæmt 2. lið þessa kafla er leyft að flytja nokkra farþega, skulu fullnægja þessum ákvæðum:
   a. Greinileg auglýsing um eldhættu skal fest upp á þeim stað eða stöðum, þar sem eldfim efni eru geymd.
   b. Eldfim efni, sem flutt eru á þilfari, skulu varin með segldúk, sem í er borinn óeldfimur áburður.
   c. Þar, sem eldfim efni eru geymd, skulu ávallt vera tiltæk tæki til að slökkva með eld.
   d. Greiður aðgangur skal vera um þilfar, þar sem eldfim efni eru geymd, að íbúðum skipverja.

VII. KAFLI
Um útbúnað á síldveiðiskipum.

15. gr.

Skip, sem stunda síldveiðar með herpinót, skulu hafa eftirgreindan útbúnað:

Farmrúmið skal hólfað með skiljum milli traustra stoða, vel festum ofan og neðan. Á milli stoðanna skal vera sem næst einn metri á lengdina og ekki yfir 2 m á breiddina. Skiljuborð skulu vera úr 3—5 cm þykkum borðum, eftir stærð skipsins og bilsins milli stoðanna, borðin skulu falla vel í djúpar raufir í stoðunum. Skiljur farmrúmsins framan og aftan skulu vera fulltraustar.

Lestarop. Á öllum nýjum skipum skulu lestarkarmar smíðaðir samkvæmt 32. gr. reglugerðar um smíði tréskipa. Sé lestarkörmum á öðrum skipum breytt, skal það gert samkvæmt ákvæðum áðurnefndrar greinar.

Gæta skal þess, að lestarhlerar séu hæfilega þykkir (sem næst þilfarsþykktinni) og falli vel, og ávallt skal rígbyrgja lestarop, áður en farmur er látinn á þilfarið.

Ruðningsop. Op, með hlerum fyrir á hjörum, skulu vera tvö á hvorri hlið og þannig frá þeim gengið, að fljótlega verði hægt að opna þau, svo að farmur á þilfari geti runnið út. Opin skulu vera á þeim stöðum, að sem fljótast sé að létta skipið. Enn fremur skulu vera venjuleg austurop framan við fremstu og aftan við öftustu síldarstíu. Enn fremur skal vera frárás frá þeim rúmum á þilfari, sem síld er látin í.

Bjarglínur og handrið. Á öllum skipum, sem eru með farm á þilfari, sem aftrar greiðri umferð um skipið, svo og á öllum mótorbátum, þegar þeir eru á ferð, hvort heldur þeir hafa farm á þilfari eða ekki, skulu vera bjarglínur, strengdar meðfram hliðum skipsins fyrir ofan öldustokk. Bjarglínur þessar skulu ná frá reiða á framsiglu og eins langt aftur og þilfarsfarmurinn er, en á mótorbátum hæfilega langt aftur fyrir reiða á aftursiglu, þar sem siglur eru tvær, ella aftur að skúta.

Handrið skulu vera á stýrishúsi og vélarúmi, þar sem því verður við komið.

Tveir bátar eða fleiri um nót. Þar, sem fleiri bátar en einn eru saman um nót, skulu þeir hver um sig hafa með sér bát, þegar þeir fara til lands með afla.

VIII. KAFLI
Um fólksflutninga á skipum, sem ekki eru farþegaskip.

16. gr.

Opnum bátum er óheimilt að flytja fleiri en 3 farþega auk formanns og vélamanns, nema hafi áður fengið leyfi til þess af skipaskoðunarmanni, sýslumanni eða hreppstjóra, enda fullnægi þá báturinn ákvæðum reglugerðar frá 17. september 1937, um skoðun á opnum bátum, enda þótt hann sé styttri en 6 metrar á lengd.

Sé slíkt leyfi veitt, skal liggja fyrir vottorð um skoðun á bátnum, og tekið skal tillit til stærðar hans, styrkleika og annarra atriða, er máli skipta. Leyfið skal aðeins gilda í eitt ár.

17. gr.

Þilfarsskipum í innfjarðarsiglingu er leyft að flytja nokkra farþega, en til þess skal fengið leyfi skipaskoðunarmanns, sem ákveður farþegatöluna, sem miðuð skal við stærð skipsins, útbúnað og farsvið.

Farþegatölunni skal haldið innan þeirra takmarka, sem sett eru með 22. gr. tilskipunar nr. 43 20. nóvember 1922, um stað og flatarmál á þilfari fyrir farþegana.

Bjargbelti skulu vera fyrir alla á skipinu, og skulu þau höfð á þeim stað, er fljótlega verður til þeirra gripið.

Skip, sem fara út fyrir takmörk innfjarðarsiglinga, skulu fullnægja ákvæðum

3 þeim, sem sett eru um skip í strandsiglingu, með þeim takmörkunum, sem þau
3. jan. heimila.

18. gr.

Þegar svo stendur á, að ekki er unnt að koma fólki á mannfundi, nema á skipi, skal leyft að flytja fleiri farþega en um getur í 16. og 17. gr. hér að framan, en fengið skal þá samþykki skipaskoðunarstjóra til þess eða þess manns, er hann tilnefnir.

Skipaskoðunarstjóri setur öll nánari skilyrði fyrir slíkum farþegaflutningi, eftir stærð skipsins, útbúnaði og leið þeirri, sem fara á um.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 50—5000 kr.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 215 10. nóvember 1943, um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum o. fl.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. janúar 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

4 7. jan.

REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa.

I. KAFLI

Útgerðarsvæði fiskibátanna.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Miðnes-, Keflavíkur-, Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppa í Gullbringusýslu og Hafnarfjörð, Reykjavík og Akranes og nær til allra fiskibáta, sem stunda veiðar með línu á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí.

II. KAFLI

Róðrartími fiskibáta í Sandgerði.

2. gr.

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur, er gengur til fiskveiða með línu frá Sandgerði, fara út úr Sandgerðishöfn í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúarmánuði	kl. 2
Í febrúarmánuði	— 1
Frá 1. til 15. marz	— 24
Frá 16. til 31. marz	— 23
Frá 1. til 15. apríl	— 22
Frá 16. til 30. apríl	— 21
Frá 1. til 31. maí	— 20

Takmörk Sandgerðishafnar teljast að vestan grænu innsiglingaljósin á höfninni

og að norðan hvíta ljósið á Sandgerðisvita. Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi. 4 7. jan.

III. KAFLI

Róðrartími fiskibáta úr Keflavíkur-, Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppum í Gullbringusýslu og Hafnarfirði, Reykjavík og Akranesi, þegar sótt er á mið Sandgerðis- og Keflavíkurbáta.

3. gr.

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur frá Keflavík, Njarðvíkum, Vatnsleysuströnd, Hafnarfirði, Reykjavík og Akranesi fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúarmánuði	kl. 1,41
Í febrúarmánuði	— 24,41
Frá 1. til 15. marz	— 23,41
Frá 16. til 31. marz	— 22,41
Frá 1. til 15. apríl	— 21,41
Frá 16. til 30. apríl	— 20,41
Frá 1. til 31. maí	— 19,41

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við línu, er hugsast dregin N15°A frá Gerðhólma og merkt er með tveimur rauðum ljósum í landi.

Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi.

IV. KAFLI

Róðrartími fiskibáta frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði, þegar sótt er á fiskimið á norðanverðum Faxaflóa.

4. gr.

Á tímabilinu frá 1. jan. til 31. maí að báðum þeim dögum meðtöldum, má enginn bátur, sem gengur til veiða frá Akranesi, fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Frá 1. janúar til 14. febrúar	kl. 24,00
Frá 15. febrúar til 15. marz	— 23,00
Frá 16. til 31. marz	— 22,00
Frá 1. til 15. apríl	— 21,00
Frá 16. til 30. apríl	— 20,00
Frá 1. til 31. maí	— 19,00

Þegar hinn tilsetti tími er kominn, skal ljósmerki gefið í landi, og er bátum óheimilt að leggja af stað fyrr en slíkt merki hefur verið gefið. Þó skal heimilt að fara út fyrir „Sundin“, en þó ekki norðar en að Vestra-Sundsmerkin beri saman og ekki vestar en að miðjan Berjadal beri í Flasarvitann á Akranesi.

5. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí, að báðum þeim dögum meðtöldum, má enginn bátur, er gengur til veiða frá Reykjavík, fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Frá 1. jan. til 14. febr.	kl. 22,40
Frá 15. febr. til 15. marz	— 21,40
Frá 16. til 31. marz	— 20,40

4 7. jan.

Frá 1. til 15. apríl	kl. 19,40
Frá 16. til 30. apríl	— 18,40
Frá 1. til 31. maí	— 17,40

Brottfararstaður bátanna er á ytri höfninni við línu, er hugsast dregin um hafnarvitann á Ingólfsgarði og hafnarvitann yzt á Faxagarði.

Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi.

6. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí má enginn bátur, er gengur til veiða frá Hafnarfirði, fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Frá 1. jan. til 14. febr.	kl. 22,30
Frá 15. febr. til 15. marz	— 21,30
Frá 16. til 31. marz	— 20,30
Frá 1. til 15. apríl	— 19,30
Frá 16. til 30. apríl	— 18,30
Frá 1. til 31. maí	— 17,30

Brottfararstaður bátanna er við línu, er hugsast dregin í beinu framhaldi af hafnargarðinum.

Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

7. gr.

Allar tímaákvarðanir í reglugerð þessari miðast við íslenzkan meðaltíma.

8. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefndir eða bæjarstjórnir kjósa 3 eða 5 bátaformenn ár hvert í nefnd til þess að gæta þess, að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar, og annast nefndarmenn um, að fyrirskipuð merki um róðrartíma séu gefin og kæra fyrir brot á reglugerðinni til lögreglustjóra.

9. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná ekki til útilegubáta.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500 til kr. 5000. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 12. jan. 1945, um róðrartíma fiskibáta. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 69 14. marz 1945, um róðrartíma fiskibáta, og önnur fyrirmæli, er fara í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.

Atvinnumálaráðuneytið, 7. janúar 1946.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigurðar E. Guðmundssonar í Engihlíð", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. janúar 1946. 5 8. jan.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurðar E. Guðmundssonar, kennara í Engihlíð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurðar E. Guðmundssonar í Engihlíð og er stofnaður af Ingibjörgu Stefánsdóttur í Engihlíð í Austur-Húnavatnssýslu og dætrum hennar, þeim Vilborgu Guðmundsdóttur á Miðgili, Jakobínu Guðmundsdóttur og Elísabetu Guðmundsdóttur í Engihlíð, til minningar um Sigurð Einar Guðmundsson, kennara í Engihlíð, sem fæddist 11. marz 1893 og andaðist 29. apríl 1943.

Stofnfé sjóðsins er 3000 — þrjú þúsund — krónur.

2. gr.

Sjóðurinn afhendist Skógræktarfélagi Austur-Húnavatnssýslu, sem varðveitir hann og ábyrgist. Hefur stjórn þess stjórn hans með höndum undir umsjón og samkvæmt tillögum skógræktarstjóra ríkisins.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að koma á fót skógargarði á þeim stað í Engihlíðarhreppi í A.-Húnavatnssýslu, sem stjórn sjóðsins og skógræktarstjóri telja heppilegastan með almenn not hreppsbúa fyrir augum.

4. gr.

Til að hrinda framkvæmdum af stað er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að helmingi þeirrar upphæðar, er sjóðurinn nemur, þá er framkvæmdir hefjast. Hitt, sem eftir er í sjóði, þegar skógargarðurinn hefur verið girtur og í hann plantað, skal ávaxtað í Sparisjóði Húnavatnssýslu ásamt þeim gjöfum, er sjóðnum kunna að berast, svo framarlega sem þær eru ekki bundnar þeim skilyrðum að vera notaðar til framkvæmda strax.

5. gr.

Til viðhalds og aukningar skógargarðinum er stjórninni heimilt að nota allt að ⅔ vaxtanna eftir þörfum.

6. gr.

Telji stjórnin, að sjóðurinn hafi fé aflögu til frekari framkvæmda í skógræktarmálum innan Engihlíðarhrepps, má hún veita fé hans til þeirra, þegar skógargarðurinn er fullgerður, enda komi samþykki skógræktarstjóra ríkisins til þess.

7. gr.

Stjórninni er skylt að halda gerðabók og innfæra í hana reikninga sjóðsins, sem séu endurskoðaðir með reikningum Skógræktarfélags Austur-Húnavatnssýslu. Síðan séu þeir birtir í Ársriti Skógræktarfélags Íslands ásamt skýrslu um starfsemi sjóðsins á ári hverju.

8. gr.

Leggist Skógræktarfélag Austur-Húnavatnssýslu niður, annast hreppsnefnd Engihlíðarhrepps stjórn sjóðsins, unz annar hliðstæður félagsskapur rís upp í sýslunni.

24. dag janúarmánaðar 1946. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5 9. gr.
8. jan. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

6 **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Þóru Bergs-
8. jan. dóttur og Bjarna Guðbrands Jónssonar, járnsmiðs, Þingeyri", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. janúar 1946.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þóru Bergsdóttur og Bjarna Guðbrands Jónssonar, járnsmiðs, Þingeyri.

1. gr.
Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Þóru Bergsdóttur og Bjarna Guðbrands Jónssonar, járnsmiðs á Þingeyri.

2. gr.
Sjóðurinn er stofnaður þann 23. nóvember 1936 af samborgurum ofangreindra hjóna í tilefni af 80 ára afmæli Bjarna, og er stofnféð 80 — áttatíu — krónur, að viðbættum 920 — níu hundruð og tuttugu — krónum, sem er stofnfjártillag frá sonum hjónanna, sem síðar var afhent.

3. gr.
Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Þingeyrarhrepps á Þingeyri og stendur að öllu leyti undir stjórn sjóðsins „Minningarsjóður Auðar Vésteinsdóttur" með þeim skilyrðum, ákvæðum og takmörkum, sem þessi skipulagsskrá setur.

4. gr.
Stjórn Auðarsjóðs skal árlega semja og leggja fram til endurskoðunar reikning minningarsjóðs ofangreindra hjóna, Þóru og Bjarna, sjá um, að hann sé ávaxtaður og honum úthlutað á réttan hátt, tekur við gjöfum eða öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast, leggur það við höfuðstól og lætur af hendi skilagrein fyrir því, samtímis ársreikningi Auðarsjóðs.

5. gr.
Tilgangur Minningarsjóðs Þóru Bergsdóttur og Bjarna Guðbrands Jónssonar er sá, að gleðja gamalmenni 65 ára eða eldri á afmælisdögum þeirra, og dvöl eiga á Elliheimili Auðarsjóðs eða annars staðar innan núverandi takmarka Þingeyrarhrepps. Dvelji á elliheimilinu önnur gamalmenni sýslunnar, má sjóðstjórnin og veita þeim afmælisgladningu. Við úthlutunina ber þess ávallt vandlega að gæta, að farið sé eftir efnum og ástæðum, þ. e. þannig, að fátækum og umkomulausum gamalmennum sé úthlutað á undan hinum, sem meiri efni hafa.

6. gr.
Ársvextir skulu leggjast við höfuðstól, og skal því framhaldið, meðan Elliheimili Auðarsjóðs er ekki komið á fót. Eftir þann tíma má stjórn sjóðsins verja ¾ — þremur fjórðu — hlutum ársvaxtanna til þess, er um getur í 5. gr., en ¼ — einn fjórði — hluti vaxtanna leggst við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Sjóðstjórnin skal halda bók yfir hag sjóðsins frá ári til árs, og skal þar bóka hverja þá gjöf, sem úr sjóðnum er veitt.

7. gr. 6

Nú dvelst, að fyrirhugað Elliheimili Auðarsjóðs sé reist, en minningarsjóðurinn á hinn veginn orðinn svo stór, að hann sé stuðningshæfur til úthlutunar eftir dómi sjóðstjórnarinnar, og getur þá stjórnin ráðstafað ¾ — þremur fjórðu — hlutum vaxtanna innan takmarka Þingeyrarhrepps, eftir þeim ákvæðum, sem fyrr getur. 8 jan.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema allir stjórnendur sjóðsins séu því sammála.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Þingeyri, 30. júní 1945.

REGLUGERÐ 7

16. jan.

um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 91 30. nóv. 1945 er hér með sett eftirfarandi reglugerð um innflutning og gjaldeyrismeðferð:

1. gr.

Engar vörur, sem háðar eru leyfisveitingum samkvæmt 1. tölulið 2. gr. laga um innflutning og gjaldeyrismeðferð, nr. 91 30. nóv. 1945, má flytja til landsins án leyfis viðskiptaráðs.

Leyfi viðskiptaráðs þarf þó ekki til að flytja til landsins:

1. Fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tolleftirlitsmenn telja farangur þenna til eigin afnota farþeganna á ferðalaginu.
2. Íslenzkar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum og þær voru sendar í héðan, og þeim fylgir vottorð erlendrar tollstjórnar um það, að varan sé komin í erlent tollumdæmi héðan og send þaðan í sömu umbúðum og hún kom þangað.
3. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota sendiherra erlendra ríkja og annarra, sem samkvæmt venju njóta hér tollfrelsis, eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Hver sá, sem flytja vill til landsins vörur, sem háðar eru leyfisveitingum samkvæmt 1. tölulið 2. gr. laganna, skal senda viðskiptaráði umsókn um það með hæfilegum fyrirvara, og skulu umsókninni fylgja þau gögn og skýrslur, er viðskiptaráð krefst.

Leyfi, sem viðskiptaráð veitir til innflutnings, er jafnframt leyfi til þess að láta af hendi gjaldeyri til greiðslu varanna, nema annað sé tekið fram. — Viðskiptaráð getur sett þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem því þykir ástæða til, samanber þó lög um nýbyggingarráð frá 24. nóv. 1944.

3. gr.

Skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annarra farartækja mega ekki afhenda viðtakendum aðfluttar vörur, sem leyfi þarf til að flytja megi hingað

7 til lands, nema með samþykki hlutaðeigandi tollstjóra eða umboðsmanns hans, en
16. jan. þeir veita ekki slíkt samþykki, nema fyrir liggi leyfi viðskiptaráðs til að flytja vörurnar inn.

Póstafgreiðslumenn afhenda ekki vörur, sem koma frá útlöndum í pósti og háðar eru leyfisveitingum, nema fyrir liggi leyfi viðskiptaráðs til að flytja vörurnar inn.

4. gr.

Innflytjendum ber að afhenda tollstjórum og umboðsmönnum þeirra innkaupsreikninga í tvíriti yfir vörurnar, ef þær hafa verið keyptar erlendis, ásamt innflutningsleyfum fyrir þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, áður en þær eru teknar til tollmeðferðar, en þegar vörur eru tollskoðaðar skal bera innflutningsleyfin saman við innkaupsreikningana og vörurnar.

Þegar vörur eru tollafgreiddar, skal afhenda innflytjendum annað eintak innkaupsreikninganna með áritun um að innflutningur hafi farið fram. Skal þetta eintak vera til afnota fyrir gjaldeyriseftirlitið.

5. gr.

Að fráskildum greiðslum fyrir vöruinnflutning, sem er ekki háður leyfisveitingum samkvæmt 1. tölulið 2. gr. laganna, má engan gjaldeyri láta af hendi án leyfis viðskiptaráðs, nema séu greiðslur vegna ríkissjóðs eða banka eða vextir og afborganir bæjar- og sveitarfélaga.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka sem viðskiptamálaráðherra setur.

Að selja erlendan gjaldeyri er að láta hann af hendi fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem er fólgin, en að kaupa erlendan gjaldeyri er að fá hann fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu í hverju sem fólgin er.

Til gjaldeyris teljast myntaðir peningar, peningaseðlar, ávísanir, víxlar, skuldabréf og önnur verðbréf og skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í peningum.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. skulu undir umsjá viðskiptamálaráðuneytisins hafa öruggt eftirlit með því, að misnotkun á erlendum gjaldeyri eigi sér ekki stað í skjóli frjáls innflutnings. Skulu bankarnir setja upp sameiginlega gjaldeyrisskrifstofu og haga þessu eftirliti þannig, að það verði sem hagkvæmast og öruggast. Þeim, sem kaupa vilja erlendan gjaldeyri til þess að greiða fyrirfram vörur eða annað, skal skylt að láta afgreiðslubankanum í té skuldbindingu í tvíriti um að leggja fyrir sameiginlega gjaldeyriseftirlitsskrifstofu bankanna innan hæfilegs tíma innflutningsskjöl frá erlendum aðila með áritun tollstjóra um að innflutningur hafi farið fram, eða ef um er að ræða greiðslur fyrir annað en vörur, önnur gögn, sem gjaldeyriseftirlitsskrifstofan telur fullnægjandi, til sönnunar því að gjaldeyrinum hafi verið ráðstafað í samræmi við gjaldeyrisleyfið, eða önnur skilyrði, sem sett hafa verið. Enn fremur að endurgreiða afgreiðslubankanum í sama gjaldeyri þann afgang, sem verða kann, eða alla fjárhæðina, ef svo fer að fyrirhuguð kaup takast ekki eða að ástæðan til yfirfærslunnar fellur niður af öðrum ersökum. Ef frekari dráttur, en gert er ráð fyrir í upphafi, verður á fullnægingu þessara skuldbindinga, er viðskiptamönnum skylt að gera gjaldeyriseftirlitsskrifstofunni skriflega fulla grein fyrir ástæðum til þess. Bregðist þetta skal gjaldeyrisskrifstofunni skylt að tilkynna viðskiptaráði þetta og tekur það frekari ákvörðun í málinu.

Gjaldeyrisskrifstofu bankanna er skylt að láta viðskiptaráði í té allar þær upplýsingar um gjaldeyrisverzlunina, sem það kann að óska.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, skal seldur áðurgreind-

um bönkum. Undanskilið þessu er það fé, sem lagt hefur verið í nýbyggingasjóð 7
í erlendum gjaldeyri og vátryggingarandvirði skipa, greitt í erlendum gjaldeyri. 16. jan.
Skal slíkur gjaldeyrir vera í vörzlu bankanna eða undir þeirra eftirliti.

6. gr.

Erlendis er eigendum íslenzkra skipa og annarra farartækja heimilt að láta af hendi erlendan gjaldeyri, sem þeir fá í flutningsgjöld, fargjöld og önnur slík gjöld, sem þar eru innt af hendi til greiðslu á skyldugreiðslum til skipverja og starfsmanna sinna erlendis og á öðrum nauðsynlegum kostnaði vegna afgreiðslu og veru skipanna og farartækjanna erlendis, svo og nauðsynjum skipanna og farartækjanna þar til er þau koma hingað, en skylt er eigendum skipanna og farartækjanna að gera Landsbanka Íslands fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum greiðslum í erlendum gjaldeyri. — Enn fremur getur Landsbanki Íslands heimilað innlendum vátryggingarfélögum, sem endurtryggja erlendis, að ráðstafa þeim erlendum gjaldeyri, sem þau fá greiddan í iðgjöldum og tjónabætur, en aðeins til greiðslu á endurtryggingargjöldum og öðrum eðlilegum kostnaði við tryggingarstarfsemina í því landi þar sem gjaldeyristeknanna er aflað, en skylt er þeim að gera Landsbanka Íslands ársfjórðungslega fullnægjandi grein fyrir ráðstöfun gjaldeyrisins.

7. gr.

Öllum erlendum gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli þeirra þannig, að Útvegsbankinn fái ⅓ hluta alls gjaldeyrisins, ef hann óskar þess, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum.

Hlutfalli þessu getur ráðherra breytt, ef báðir bankarnir samþykkja.

8. gr.

Útflytjendum íslenzkra afurða og annarra vara er skylt að láta koma fyrir þær erlendan gjaldeyri og afhenda hann til banka þeirra, er um getur í 5. gr.

Skylda þessi nær þó ekki til:

1. Fatnaðar og annarra nauðsynja, sem farþegar á skipum eða öðrum farartækjum hafa með sér til útlanda til eigin nota á ferðalaginu.
2. Notaðra heimilismuna og annarra nauðsynja manna, sem eru að flytja til útlanda.
3. Endursendra aðfluttra vara, sem ekki eru seldar til útlanda eða eiga að seljast þar og engin greiðsla kemur fyrir, nema greitt hafi verið fyrir þær við innflutning.
4. Gjafa og sýnishorna, sem engin greiðsla kemur fyrir.

9. gr.

Áður en vörur eru fluttar héðan til útlanda, skulu útflytjendur afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu á þar til gerð eyðublöð um hina útfluttu vöru, og afrit af farmskírteini eða fylgibréfi yfir vörurnar, ef það hefur verið gefið út fyrir þeim, svo og afrit af sölureikningi yfir vöruna, ef salan hefur farið fram, en ef salan fór fram síðar, þá skuldbindingu um að afhenda sölureikning, þegar salan hefur átt sér stað.

Sölureikningar fyrir útfluttar vörur skulu hljóða um greiðslu í erlendri mynt, en á skýrslum þeim, sem um ræðir í 1. málsgr., skal söluverðið gefið upp í íslenzkri mynt og skal miða við dagsgengi.

Skýrslur þær og skjöl sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar, skulu afhentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en ferming þeirra á sér stað. Skýrslu þarf þó ekki að gefa um vörur þær, sem um ræðir í töluliðunum 1—4 í 8. gr. Hins vegar ber að framvísa öllum slíkum vörum

7 fyrir tolleftirlitsmanni, sem er að rannsókn í skipi eða farartæki eða afgreiðir það
16. jan. til útlanda.

Útflytjendur ísfisks, sem seldur er á erlendum markaði, skulu senda Landsbanka Íslands skilagrein (yfirlitsreikning) yfir hverja einstaka sölu, frá aðilum þeim, sem annast söluna erlendis, strax og þær berast, og enn fremur önnur gögn í þessu sambandi, sem bankinn kann að óska eftir, samkvæmt 11. gr.

10. gr.

Skýrsla sú eða yfirlýsing, sem ræðir um í 9. gr., skal vera skrifleg og tilgreina eftirtalin atriði:

1. Tölu, magn og tegund varanna.
2. Söluverð, ef salan hefur farið fram, annars fob.gangverð varanna.
3. Allan kostnað sem greiddur er í íslenzkum gjaldeyri og fellur á vörurnar til útlanda, svo sem flutningsgjöld og vátryggingu.
4. Ákvörðunarstað varanna.
5. Nafn og heimili viðtakanda varanna.
6. Hvar og hvernig vörurnar séu greiddar eða eigi að greiðast:
   a. Hafi vörurnar verið greiddar fyrir fram, ber útflytjendum að leggja fram vottorð frá bönkunum um það, að þeir hafi móttekið andvirðið í erlendum gjaldeyri.
   b. Eigi greiðsla að fara fram síðar, ber útflytjendum að undirrita skuldbindingu um það, að skila andvirðinu í erlendum gjaldeyri til bankanna og skal þá tilgreint hvenær og í hvaða banka greiðslan sé væntanleg.

11. gr.

Landsbanki Íslands hefur eftirlit með því að til skila komi allur gjaldeyrir sem á að greiðast fyrir útfluttar vörur og annað, sem greiðast á með erlendum gjaldeyri, og getur hann krafizt upplýsinga og skýrslna í því sambandi, er hann telur nauðsynlegar. Skal hann gefa viðskiptamálaráðuneytinu vikulega skýrslu um innborganir, sem bönkunum berast í erlendum gjaldeyri.

12. gr.

Annað samrit af farmskrá þeirri, sem ræðir um í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 63 31. des. 1937, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra senda Landsbanka Íslands, ásamt skjölum þeim, sem ræðir um í 9. gr.

Aðalfarmskrá þá, sem ræðir um í 2. mgr. 33. gr. framannefndra laga nr. 63 31. des. 1937, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra fyrst um sinn og þar til er önnur skipun verður á því gerð, senda Landsbanka Íslands.

Auk farmskráa, sem skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annarra farartækja skulu gera yfir útflutningsvörur, sem skipið eða farartækið hefur tekið til flutnings og koma á farmskrá, skulu skipstjórar eða farstjórar gera og afhenda tolleftirlitsmanni, áður en skipið eða farartækið leggur úr höfn, skrá yfir vörur þær, sem skipið eða farartækið hefur tekið úr landi og ætlaðar eru útflutningsskipinu eða farartækinu sjálfu, skipverjum eða starfsmönnum og farþegum til neyzlu og notkunar í skipinu eða farartækinu.

Skipstjórar eða farstjórar eru enn fremur skyldir til að gefa tolleftirlitsmanni, ef ástæða þykir til, skýrslu um það, hvernig vörur þær, sem ræðir um í 3. mgr. þessarar greinar, hafa verið greiddar og til hvers eða hverra greiðslan hefur gengið eða á að ganga.

13. gr. 7

Bannað er að flytja íslenzkan og erlendan gjaldmiðil (seðla og mynt) úr landi, 16. jan.
þó er farþegum heimilt að taka með sér til útlanda til notkunar þar 150 krónur í íslenzkum gjaldeyri, eða jafngildi þess í erlendum gjaldeyri.

14. gr.

Tollstjórar, hver fyrir sitt umdæmi, skulu láta Hagstofu Íslands í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip eða farartæki, sem vöruna flytur, leggur frá landi. Enn fremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta hagstofunni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, sem hagstofustjóri ákveður.

15. gr.

Hver sá, er fær innflutningsleyfi, greiði ½% af þeirri fjárhæð er leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert leyfi. Gjald þetta greiðir leyfishafi tollstjóra, umboðsmanni hans eða póstafgreiðslumanni í fyrsta sinn og leyfinu er framvísað og greiðist gjaldið þá af öllu leyfinu.

Leyfið beri með sér, hvort leyfisgjaldið skuli renna til nýbyggingarráðs eða viðskiptaráðs og skal tollstjóri halda leyfisgjöldum þessum aðgreindum.

16. gr.

Viðskiptaráð getur veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar, ef sérstaklega stendur á, enda komi samþykki ráðherra til.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100000.00. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað, má svipta sökunaut rétti til verzlunar. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. hegningarlaga er og heimil.

Það telst meðal annars brot á reglugerðinni að brjóta þau ákvæði, sem viðskiptaráð hefur sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingu, að rjúfa þær skuldbindingar, sem menn hafa tekið á sig samkvæmt fyrirmælum reglugerðar þessarar og gefa rangar þær yfirlýsingar, sem fyrirskipaðar eru, eða vanrækslu í að gefa slíkar yfirlýsingar eða skuldbindingar.

18. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 77 3. apríl 1943, um innflutning og gjaldeyrisverzlun.

19. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 16. janúar 1946.

Pétur Magnússon.

Jón Guðmundsson.

8
21. jan.

REGLUGERÐ

um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

Happdrætti Háskóla Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu Háskóla Íslands. Heimili þess, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn happdrættis háskólans er í höndum þriggja manna nefndar, sem háskólaráð kýs til þess í lok hvers árs fyrir næsta ár á eftir. Stjórnarnefndin kýs sjálf formann sinn og skiptir á annan hátt störfum sín á milli. Nefndin heldur fundi, eftir því, sem þörf krefur, og eru þeir lögmætir, ef meiri hluti nefndarinnar er á fundi. Ályktanir nefndarinnar eru lögmætar, ef meiri hluti nefndarmanna er þeim samþykkur. Bókfæra skal gerðir funda, og gerðabók skal lesin og undirskrifuð í lok hvers fundar. Þóknun nefndarmanna ákveður háskólaráð.

3. gr.

Stjórnarnefnd ræður sér til aðstoðar framkvæmdarstjóra og annað starfslið, eftir því sem þörf er á.

4. gr.

Til þess að skuldbinda happdrætti háskólans þarf undirskrift formanns stjórnarnefndar og framkvæmdarstjóra. Þó nægir undirskrift framkvæmdarstjóra eins til þess að ávísanir á inneign happdrættisins í banka séu gildar.

5. gr.

Háskólaráð kýs árlega 2 endurskoðendur til þess að endurskoða reikninga happdrættisins. Þóknun þeirra er ákveðin af háskólaráði. Reikningsár happdrættis háskólans er almanaksárið.

6. gr.

Fjármálaráðuneytið skipar árlega fimm manna happdrættisráð, og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera lögfræðingar. Ráðuneytið skipar formann happdrættisráðsins, en ritara kýs það sjálft. Fundi heldur það, eftir því sem þörf krefur og eru þeir lögmætir, ef meiri hluti ráðsmanna er viðstaddur, enda sé a. m. k. tveir lögfræðingar á fundi, ef úrskurða á samkvæmt 15. gr. Ályktanir happdrættisráðsins eru lögmætar, ef meiri hluti þess er þeim samþykkur. Bókfæra skal gerðir funda, og gerðabók skal lesin og undirskrifuð í lok hvers fundar. Formaður fær 1000 kr. þóknun árlega og aðrir í happdrættisráðinu 700 kr. hver, að viðbættri verðlagsuppbót.

7. gr.

Stjórn happdrættisins skal, þegar ársreikningar eru tilbúnir og endurskoðaðir, senda happdrættisráði þá til athugunar, og skal jafnframt gefa því skýrslu um starfsemi happdrættisins á síðastliðnu reikningsári. Happdrættisráð hefur, hvenær sem er, aðgang að bókum og skjölum happdrættisins, og eru stjórnarnefnd og starfsmenn skyldir að veita því þá vitneskju um starfsemina, er þeir geta veitt og það óskar að fá. Verði happdrættisráð þess vart, að ákvæði laga nr. 44 19. júní 1933, eða reglugerðar þessarar sé brotin, skal það þegar í stað tilkynna það fjármálaráðuneytinu. Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um dráttu, eins og segir í 13. og 15. gr.

8. gr. 8

Happdrættið gefur út á hverju ári 25000 hluti í 12 flokkum. Vinningar í öllum 12 flokkum samanlögðum skulu vera 7200 og 33 aukavinningar að upphæð samtals kr. 2 520 000.00. 21. jan.

9. gr.

Gefnir eru út heilir, hálfir og fjórðungs hlutamiðar, og verður eiganda hálfs miða greiddur helmingur og fjórðungsmiða fjórðungur þeirrar fjárhæðar, sem unnizt hefur á miðann. Á hvern hlutamiða er prentuð tala (númer) frá 1 til 25 000. Auk þess eru hálfu miðarnir merktir A eða B, en fjórðungsmiðarnir A, B, C og D. Heilir hlutamiðar eru bláir að lit, hálfir miðar gulir og fjórðungsmiðar rauðir. Á hvern miða skal prenta nöfn formanns stjórnarnefndar og framkvæmdarstjóra happdrættisins, en umboðsmaður happdrættisins, sem selt hefur miðann, skal rita á hann nafn sitt og heimilisfang. Ef menn kaupa hlutamiða, sem gildir fyrir alla drætti á sama ári (ársmiða), skal prenta aftan á miðann athugasemd þess efnis, og skal hún undirrituð með sama hætti. Enginn miði er gildur fyrr en umboðsmaður happdrættisins hefur ritað á hann nafn sitt, eins og áður segir.

10. gr.

Verð heilla miða er 12 kr. í hverjum flokki, hálfra miða 6 kr. og fjórðungsmiða 3 kr. Fyrir ársmiða skal greiða 144 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv., en ef eigandi miða vill gera hann að ársmiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal hann greiða fyrir fram fyrir þá drætti, sem eftir eru.

Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal greiða fyrir hann, auk verðs miðans í þeim flokki, einnig samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dráttur hefur áður farið fram í. Fyrir ársmiða, sem keyptir eru eftir að drættir eru byrjaðir og gilda frá söludegi til ársloka, skal greiða 144 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv.

Umboðsmenn happdrættisins mega ekki selja hluti þessa öðru verði en hér er sagt, né heldur taka við ágóðahluta, né annarri þóknun, af vinningum, sem falla á þá hluti, sem þeir hafa selt. Hins vegar mega þeir krefjast aukagjalds, sem stjórn happdrættisins ákveður, af þeim viðskiptamönnum, sem óska eftir að fá hlutamiða eða vinningaskrár sent í pósti.

11. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema umboðsmenn þess, er fá miðana beint frá skrifstofu happdrættisins, og er öll önnur verzlun með miðana bönnuð, að viðlögðum sektum, allt að 200 kr.

12. gr.

Endurnýjun hlutamiða til næsta dráttar skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefur ritað nafn sitt á miðann, og innan þess frests, sem greinir á miðanum. Um leið skal afhenda umboðsmanninum hlutamiða næsta flokks á undan.

Ef hlutamiði næsta flokks á undan hefur glatazt, getur eigandi hans sótt skriflega um það til stjórnar happdrættisins, að fá miðann endurnýjaðan, þó því aðeins að umboðsmaður happdrættisins votti samkvæmt hlutabók sinni, að hann hafi átt miðann og enginn annar hafi beiðzt endurnýjunar á honum, áður en fresturinn var liðinn. Fyrir endurnýjunarbeiðni skal greiða 1 kr.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem greinir á hlutamiðum 12. fl., og afhenda honum þann miða, þó því aðeins, að umboðsmaður hafi fengið það númer aftur frá skrifstofu happdrættisins.

8 Ef viðskiptamaður beiðist endurnýjunar á hlutamiða, hvort sem er milli flokka
21. jan. eða milli 12. fl. og 1. fl. næsta árs, áður en endurnýjunarfrestur er liðinn, en umboðsmaður hefur glatað miðanum eða afhendir hann ekki af öðrum ástæðum, er hann skyldur til að afhenda viðskiptamanni án endurgjalds og á eigin kostnað nýjan miða og standa happdrættinu skil á andvirði þess miða í öllum flokkum, sem þegar hefur verið dregið í. Ef umboðsmaður hefur ekki fleiri miða, skal hann endurgreiða viðskiptamanni á sinn kostnað verð miðans í öllum flokkum á undan.

13. gr.

Daginn áður en dregið er í 1. flokki, skal leggja í hlutastokkinn 25000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 25000 og daginn áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka, skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða, sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum, og skal þá einnig leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti samkvæmt vinningaskrám, er stjórn happdrættisins semur og happdrættisráð samþykkir fyrir fram fyrir ár hvert.

Miðana skal láta í stokkana að viðstöddum minnst 3 mönnum úr happdrættisráðinu, sem formaður kveður til þessa eftirlits, enda sé hér að lútandi ákvörðun formanns bókuð í neðangreinda dráttabók happdrættisráðs. Eftirlitsmenn þessir fullvissa sig um, að innsigli séu heil á hlutastokk, áður en í hann er látið og að rétt sé látið í stokkana og innsigla þá síðan með innsigli ráðsins. Skal skýrsla um þetta rituð í téða dráttarbók og undirskrifuð af öllum eftirlitsmönnum.

Við hvern drátt skulu vera staddir minnst 3 menn úr happdrættisráðinu. Skiptir formaður, með bókun í dráttabók ráðsins, verkum milli meðlima þess. Skulu þeir hafa eftirlit með því, að þegar dráttur byrjar, séu innsigli heil á stokkunum, að dráttur fari rétt fram og að rétt séu lesnar og bókaðar tölur miðanna.

Í hverjum drætti eru dregnir jafnmargir miðar úr hlutastokknum sem vinningar eru í vinningastokknum.

Fer dráttur þannig fram, að fyrst er dreginn miði úr hlutastokknum og lesin upp tala miðans, sem síðan er afhentur eftirlitsmanni, er athugar, að rétt sé sagt til um töluna. Síðan afhendir eftirlitsmaður öðrum eftirlitsmanni miðann, er dregur hann á þráð, sem festur sé við spjald og innsiglaður með innsigli happdrættisráðs. Þriðji eftirlitsmaðurinn ritar jafnframt tölu miðans í þar til gerða dráttabók, löggilta af happdrættisráðinu.

Að þessu loknu er dreginn miði úr vinningastokk og er með hann farið á sama hátt sem fyrr segir, og skal sá miði þræddur á bandið næst eftir miðanum úr hlutastokknum.

Miði sá, sem dreginn er úr hlutastokknum, hlýtur vinning þann, sem miðinn, er næst þar eftir er dreginn úr vinningastokk, segir til um.

Stjórn happdrættisins ræður menn til að draga úr stokknum og lesa upp tölu hlutamiða, og upphæð á vinningsmiðum. Einnig lætur stjórnin skrá tölur og vinningaupphæðir í sérstaka bók og skal nota hana þegar gerð er vinningaskýrsla að loknum drætti.

Þegar dreginn hefur verið síðasti vinningsmiði í hverjum drætti, skulu eftirlitsmenn innsigla þráðinn á annað spjald með innsigli happdrættisráðs.

Þegar að loknum drætti skulu eftirlitsmenn fullvissa sig um, að dregnir hafi verið allir miðar úr vinningastokk, að dregin hafi verið rétt tala hlutamiða og vinningsmiða og bera tölur miðanna saman við báðar gerðabækurnar, þar sem tölurnar eru skráðar. Að því loknu innsigla eftirlitsmenn hlutastokkinn með innsigli happdrættisráðs. Skulu eftirlitsmenn síðan rita í dráttabók happdrættisráðs yfirlýsing um, að dráttur hafi farið fram löglega og svo sem skráð hafi verið í bókina. Dráttabók skal síðan afhent formanni happdrættisráðs.

Eftir hvern drátt lætur happdrættið án tafar prenta skýrslu um vinningana, hvaða hlutamiðar hafi hlotið vinning og hve háan. 8 21. jan.

Skýrslan skal send öllum umboðsmönnum happdrættisins og vera þar til sýnis viðskiptamönnum.

14. gr.

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 10. jan. ár hvert og síðan í hverjum flokki 10. hvers mánaðar. Ef dráttardag ber upp á helgidag, skal dregið næsta virkan dag. Happdrættisráð getur veitt undanþágu frá þessari grein, ef því þykir ástæða til.

15. gr.

Ef ágreiningur rís um lögmæti eða gildi dráttanna, meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, skal skjóta honum til úrskurðar happdrættisráðs.

16. gr.

Vinningar verða greiddir á þeim tíma, sem auglýstur er í vinningaskránni, á skrifstofu happdrættisins í Reykjavík, eða þar sem auglýst kann að verða í vinningaskránni.

Sá, sem vinning hefur hlotið, skal snúa sér til þess umboðsmanns happdrættisins, sem hefur ritað undir miðann, og skal umboðsmaðurinn rita aftan á miðann vottorð um, að hann hafi hlotið vinning og hve háan. Vinningurinn verður síðan greiddur gegn afhendingu hlutamiðans, og losnar happdrættið með því undan frekari greiðsluskyldu, þó að aðrir kynnu síðar að sanna betra rétt til vinningsins.

Ef mótmæli koma fram gegn greiðslu vinnings til handhafa hlutamiðans, áður en greiðsla vinninganna hefst samkvæmt vinningaskránni, skal happdrættið leggja vinninginn í sparisjóð og afhenda síðan með áföllnum vöxtum þeim, sem með dómi eða á annan hátt sannar eignarrétt sinn á vinningnum. Ef aðilar hafa ekki innan þriggja mánaða frá því að mótmæli komu fram, komið sér saman um greiðslu vinningsins, greiðir happdrættið handhafa miðans vinninginn með áföllnum vöxtum, nema sannað sé fyrir stjórn happdrættisins, að mál sé þingfest um eignarrétt vinningsins.

Ef miði glatast, sem hlotið hefur vinning, getur eigandi hans snúið sér til happdrættisstjórnar með beiðni um að fá vinninginn greiddan, enda votti umboðsmaður sá, sem seldi miðann, samkvæmt hlutabók sinni, að umsækjandi hafi keypt af honum miðann. Ekki verður slíkri beiðni sinnt, ef hún er ekki komin í hendur happdrættisstjórnar innan 6 mánaða frá því að dregið var, enda hafi vinningurinn ekki verið greiddur gegn afhendingu miðans áður en beiðnin kom fram. Slíkri beiðni skal fylgja 1 kr. gjald.

17. gr.

Allir vinningar verða greiddar án nokkurs frádráttar, þó þannig, að sá, sem vinning hlýtur, er skyldur til þess að kaupa hlut jafnstóran (heilan, hálfan eða fjórðung) í öllum þeim flokkum, sem eftir eru á árinu, og verður andvirði hlutarins dregið frá vinningnum og gefinn út ársmiði fyrir. Ef vinningur fellur á ársmiða, verður ekki um neinn frádrátt að ræða.

Sá, sem hlýtur vinning í 12. fl., skal þó skyldur til þess að kaupa hlut jafnstóran hinum, sem hann vann á, í 1. flokki næsta árs, og skal kaupverðið dregið frá vinningnum.

Samkvæmt lögum um stofnun happdrættis fyrir Ísland skal ekki taka tillit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eða aukaútsvars það ár, sem vinningarnir falla.

Umboðsmönnum er bannað að svara fyrirspurnum, hvort heldur eru frá almannastofnun eða öðrum um eigendur vinninga í happdrættinu, og skal beina öllum slíkum fyrirspurnum til stjórnar happdrættisins.

8 18. gr.

21. jan. Ef vinnings er ekki vitjað áður en 6 mánuðir eru liðnir frá drætti þess flokks, sem vinningurinn féll í, verður hann eign happdrættisins.

19. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árið 1946 skal dregið í 1. fl. 30. jan., 2. fl. 25. febr., 3. fl. 20. marz, 4. fl. 15. apríl, en síðan 10. hvers mánaðar.

20. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 19. júní 1933 og breytingum á þeim lögum í lögum nr. 6 29. jan. 1943, lögum nr. 125 30. des. 1943 og lögum nr. 97 12. des. 1945, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 32 5. marz 1941 og reglugerð nr. 38 5. marz 1943, um breyting á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 21. janúar 1946.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

9

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Hins almenna kirkjusjóðs Íslands árið 1945.

Tekjur:

1.	Eign í ársbyrjun	kr.	762238.26
2.	Innlög á árinu	—	101531.15
3.	Vextir á árinu:		
	a. Af lánum kr. 10926.86		
	b. — verðbréfum — 9906.75		
	c. — innstæðu í Landsbanka Íslands — 10304.70	—	31138.31
4.	Endurgreitt af lánum	—	50540.07
5.	Til jafnaðar við gjaldlið 2	—	45900.00
6.	Til jafnaðar við gjaldlið 4	—	47344.71
		Kr.	1038692.50

Gjöld:

1.	Úttekið af inneignum	kr.	24600.00
2.	Lán veitt á árinu	—	45900.00
3.	Kostnaðarreikningur	—	4954.50
4.	Vaxtaafgangur	—	47344.71
5.	Til jafnaðar við tekjulið 4	—	50540.07
6.	Eign í árslok:		
	a. Í lánum kr. 260189.48		
	b. Í skuldabréfum — 226600.00		
	c. Í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands — 378563.74	—	865353.22
		Kr.	1038692.50

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1946.

Sigurgeir Sigurðsson.

SKÝRSLA

um eign kirkna í Hinum almenna kirkjusjóði árið 1945.

Kirkjur	Eign í árslok 1944 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1945 Kr. au.
N.-Múlaprófastsdæmi:					
1. Skeggjastaðakirkja ..	4390.75	1500.00	500.00	134.22	5524.97
2. Hofteigskirkja	3369.03	»	»	101.07	3470.10
3. Kirkjubæjarkirkja ...	10224.35	»	»	306.73	10531.08
4. Hjaltastaðarkirkja ...	2620.86	»	»	78.63	2699.49
5. Eiðakirkja	1392.17	»	»	41.77	1433.94
6. Ásskirkja í Fellum ..	8235.13	»	»	247.05	8482.18
7. Valþjófsstaðarkirkja .	2745.21	»	»	82.36	2827.57
8. Hofskirkja í V.f.	2683.92	»	»	80.52	2764.44
9. Sleðbrjótskirkja	223.86	100.00	»	8.22	332.08
S.-Múlaprófastsdæmi:					
10. Vallanesskirkja	8.24	»	»	0.25	8.49
11. Þingmúlakirkja	1560.20	»	»	46.81	1607.01
12. Klippstaðarkirkja	835.89	»	»	25.08	860.97
13. Vestdalseyrarkirkja .	35.85	»	»	1.08	36.93
14. Mjóafjarðarkirkja ...	2.45	»	»	»	2.45
15. Neskirkja í Norðf. ..	19.37	»	»	0.58	19.95
16. Stöðvarkirkja	18.58	»	»	0.56	19.14
17. Eydalakirkja	11624.41	»	»	348.73	11973.14
18. Hofskirkja í Álftaf. .	613.21	»	»	18.40	631.61
19. Kolfreyjustaðark. ...	845.96	»	»	25.38	871.34
A.-Skaftafellsprófastsdæmi:					
20. Stafafellskirkja	4114.45	»	»	123.43	4237.88
21. Einholtskirkja	1.24	»	»	»	1.24
22. Kálfafellsstaðarkirkja	75.31	»	»	2.26	77.57
23. Hofskirkja í Öræfum	10230.33	»	»	306.91	10537.24
24. Kirkjusjóður Hafnar í Hornafirði	»	5000.00	»	137.50	5137.50
V.-Skaftafellsprófastsdæmi:					
25. Prestsbakkakirkja ...	6408.65	»	»	192.26	6600.91
26. Reyniskirkja	2238.91	»	»	67.17	2306.08
27. Grafarkirkja	2780.41	»	»	83.41	2863.82
28. Kálfafellskirkja	1871.83	»	»	56.15	1927.98
29. Skeiðflatarkirkja	114.86	»	»	3.45	118.31
30. Langholtskirkja	7575.79	»	»	227.27	7803.06

9

Kirkjur	Eign í árslok 1944 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1945 Kr. au.
Rangárvallaprófastsdæmi:					
31. Stórólfshvolskirkja ..	196.28	»	»	5.89	202.17
32. Oddakirkja	73.29	»	»	2.20	75.49
33. Kálfholtskirkja	110.83	»	»	3.32	114.15
34. Krosskirkja	3012.64	»	»	90.38	3103.02
35. Ásólfsskálakirkja	23.10	»	»	0.69	23.79
36. Eyvindarhólakirkja ..	5862.63	»	»	175.88	6038.51
37. Breiðabólstaðark.	30.85	»	»	0.93	31.78
38. Skarðskirkja	1469.78	423.00	»	49.39	1942.17
39. Landakirkja í Vestm.	20.53	»	»	0.62	21.15
40. Stóradalskirkja	2551.46	»	»	76.54	2628.00
41. Keldnakirkja (Byggingarsjóður)	1060.90	100.00	»	32.83	1193.73
42. Voðmúlastaðakapella .	8745.48	3240.00	11000.00	202.63	1188.11
Árnesprófastsdæmi:					
43. Mosfellskirkja í Grn. .	2719.59	3190.00	»	129.19	6038.78
44. Þingvallakirkja	995.44	»	»	29.86	1025.30
45. Strandarkirkja	331109.94	52448 85	»	10618.21	394177.00
46. Haukadalskirkja	166.64	»	»	5.00	171.64
47. Gaulverjabæjark.	194.08	3000.00	»	5.82	3199.90
48. Hraungerðiskirkja ...	1074.20	»	»	32.23	1106.43
49. Stokkseyrarkirkja ...	4357.88	»	»	130.74	4488.62
50. Ólafsvallakirkja	1570.09	»	»	47.10	1617.19
51. Miðdalskirkja	517.63	345.09	»	18.98	881.70
52. Eyrarbakkakirkja ...	4292.34	»	»	128.77	4421.11
53. Kotstrandarkirkja ...	45.85	»	»	1.38	47.23
54. Úthlíðarkirkja	2632.50	»	»	78.97	2711.47
55. Skálholtskirkja	50.00	»	»	1.50	51.50
Kjalarnessprófastsdæmi:					
56. Grindavíkurkirkja ...	3186.53	»	»	95.60	3282.13
57. Brautarholtskirkja ..	257.83	»	»	7.73	265.56
58. Reynivallakirkja	3147.95	»	»	94.44	3242.39
59. Lágafellskirkja	31.04	1000.00	»	0.93	1031.97
60. Njarðvíkurkirkja	59.99	»	»	1.80	61.79
61. Útskálakirkja	8.98	»	»	0.27	9.25
62. Hvalsneskirkja	1114.98	60.00	1100.00	25.95	100.93
63. Kálfatjarnarkirkja ...	825.00	»	»	24.75	849.75
Borgarfjarðarprófastsd.:					
64. Saurbæjarkirkja	1873.18	»	»	56.20	1929.38
65. Hallgrímsk. í Saurbæ .	44319.42	1600.00	»	1356.08	47275.50

Kirkjur	Eign í árslok 1944 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1945 Kr. au.
66. Reykoltskirkja	5100.14	400.00	»	155.00	5655.14
67. Lundarkirkja	12.51	»	»	0.38	12.89
68. Bæjarkirkja	45.23	»	»	1.36	46.59
69. Gilsbakkakirkja	2570.96	1800.00	»	112.64	4483.60
Mýraprófastsdæmi:					
70. Stafholtskirkja	13243.99	»	»	397.32	13641.31
71. Síðumúlakirkja	1076.21	»	»	32.29	1108.50
72. Hvammskirkja	2852.29	300.00	»	93.82	3246.11
73. Borgarkirkja	3594.12	»	»	107.82	3701.94
74. Álftártungukirkja	533.80	»	»	16.01	549.81
75. Kirkjusj. Borgarness .	5709.76	15000.00	»	546.29	21256.05
Snæfellsnesprófastsdæmi:					
76. Breiðabólsstaðarkirkja	2066.34	»	»	61.99	2128.33
77. Narfeyrarkirkja	864.76	»	»	25.94	890.70
78. Ytri-Rauðamelskirkja	982.08	500.00	»	40.71	1522.79
79. Kolbeinsstaðakirkja .	4.84	»	»	»	4.84
80. Kirkjusj. Kviabryggju	6991.09	706.00	»	209.73	7906.82
81. Setbergskirkja	1031.77	»	»	30.95	1062.72
Dalaprófastsdæmi:					
82. Stóra-Vatnshornsk. ..	25.02	»	»	0.75	25.77
83. Snóksdalskirkja	4799.41	»	»	143.98	4943.39
84. Hvammskirkja	44.71	»	»	1.34	46.05
85. Staðarhólskirkja	223.99	»	»	6.72	230.71
Barðastrandarprófastsd.:					
86. Bíldudalskirkja	10025.00	»	10000.00	188.25	213.25
87. Selárdalskirkja	5411.41	»	»	162.34	5573.75
88. Sauðlauksdalskirkja .	4773.74	»	»	143.21	4916.95
89. Staðark. á Reykjanesi	1408.96	»	»	42.27	1451.23
90. Flateyjarkirkja	110.53	10.00	»	3.50	124.03
91. Gufudalskirkja	1251.65	»	»	37.55	1289.20
92. Brjánslækjarkirkja ..	19.82	»	»	0.59	20.41
93. Reykhólakirkja	1407.10	»	»	42.31	1449.41
94. Stóra-Laugardalsk. ..	528.75	500.00	»	22.11	1050.86
V.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
95. Holtsk. í Önundarf. .	794.90	1013.89	»	39.06	1847.85
96. Mýrakirkja	9171.40	3700.00	»	299.39	13170.79
97. Sæbólskirkja	420.67	»	»	12.62	433.29

9

Kirkjur	Eign í árslok 1945 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1945 Kr. au.
98. Staðark. í Súg.f. ...	111.11	»	»	3.33	114.44
99. Hraunskirkja	3003.26	»	»	90.10	3093.36
100. Núpskirkja	62.18	»	»	1.87	64.05
N.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
101. Ísafjarðarkirkja	30126.35	»	»	903.79	31030.14
102. Vatnsfjarðarkirkja ...	1312.00	»	»	39.36	1351.36
103 Melgraseyrarbænhús	104.29	40.00	»	4.03	148.32
Strandaprófastsdæmi:					
104. Staðark. í Stgrf.	6397.20	»	»	191.92	6589.12
105. Prestsbakkak.	3829.11	500.00	»	122.37	4451.48
106. Staðark. í Hrf.	1852.02	»	»	55.56	1907.58
107. Árnesskirkja	5422.73	995.00	»	170.14	6587.87
108. Óspakseyrark.	14.88	»	»	0.45	15.33
Húnavatnsprófastsdæmi:					
109. Staðarbakkakirkja ..	74.50	»	»	2.24	76.74
110. Melstaðarkirkja	138.36	»	»	4.15	142.51
111. Hofskirkja á Skg. ..	1838.24	»	»	55.15	1893.39
112. Bergsstaðakirkja	774.93	»	»	23.25	798.18
113. Höskuldsstaðak. ...	2566.23	600.00	»	87.49	3253.72
114. Efranúpskirkja	29.92	»	»	0.90	30.82
115. Blönduósskirkja	1655.20	3051.00	»	118.31	4824.51
116. Spákonufellskirkja .	20.61	»	»	0.62	21.23
117. Tjarnarkirkja á Vn.	3.94	»	»	»	3.94
118. Auðkúlukirkja	2091.70	160.00	»	63.15	2314.85
Skagafjarðarprófastsdæmi:					
119. Sauðárkrókskirkja .	1931.67	»	»	57.95	1989.62
120. Rípurkirkja	12.77	»	»	0.38	13.15
121. Glaumbæjarkirkja ..	16.55	»	»	0.50	17.05
122. Mælifellskirkja	18.22	»	»	0.55	18.77
123. Barðskirkja	5056 30	»	2000.00	116.69	3172.99
124. Hólakirkja	119.16	»	»	3.57	122.73
125. Goðdalakirkja	2046.60	»	»	61.40	2108.00
126. Miklabæjarkirkja ..	1924.44	»	»	57.73	1982.17
127. Flugumýrarkirkja ..	30.64	»	»	0.92	31.56
128. Ketukirkja	1172.29	»	»	35.17	1207.46
129. Viðvíkurkirkja	1082.01	»	»	32.46	1114.47
130. Hvammskirkja í L.d.	605.57	»	»	18.17	623.74
131. Knappsstaðakirkja ..	928.42	»	»	27.85	956.27
132. Fellskirkja í Sl.	11.89	»	»	0.36	12.25
133. Víðimýrarkirkja	50.25	»	»	1.51	51.76

9

Kirkjur	Eign í árslok 1944 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1945 Kr. au.
Eyjafjarðarprófastsdæmi:					
134. Grímseyjarkirkja ...	34.74	»	»	1.04	35.78
135. Glæsibæjarkirkja ..	229.15	»	»	6.87	236.02
136. Kaupangskirkja	11.02	»	»	0.33	11.35
137. Saurbæjarkirkja	7991.91	»	»	239.76	8231.67
138. Munkaþverárkirkja .	4027.87	»	»	120.84	4148.71
139. Lögmannshlíðark. .	195.94	»	»	5.88	201.82
140. Bægisárkirkja	297.69	»	»	8.93	306.62
141. Vallakirkja	50.62	»	»	1.52	52.14
142. Tjarnarkirkja	16.15	»	»	0.48	16.63
143. Stærri-Árskógsk. ...	0.63	»	»	»	0.63
144. Möðruvallak. í Hörg.	2906.38	»	»	87.19	2993.57
S.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
145. Laufáskirkja	1051.33	»	»	31.54	1082.87
146. Hálskirkja	1206.05	»	»	36.18	1242.23
147. Þóroddsstaðarkirkja	310.53	»	»	9.32	319.85
148. Skútustaðakirkja ...	80.73	»	»	2.42	83.15
149. Brettingsstaðak.	1708.99	»	»	51.27	1760.26
150. Illugastaðakirkja ...	16.97	»	»	0.51	17.48
151. Grenjaðarstaðark. ..	5453.60	»	»	163.61	5617.21
152. Grenivíkurkirkja ...	2124.77	»	»	63.74	2188.51
153. Þönglabakkakirkja .	3009.40	»	»	90.28	3099.68
154. Neskirkja í Aðaldal .	242.19	»	»	7.27	249.46
155. Flateyjarkirkja	»	100.00	»	0.50	100.50
N.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
156. Skinnastaðarkirkja .	1387.20	148.32	»	44.21	1579.73
157. Presthólakirkja	117.11	»	»	3.51	120.62
158. Ásmundarstaðakirkja	1.19	»	»	»	1.19
159. Svalbarðskirkja	7527.51	»	»	225.83	7753.34
160. Víðirhólskirkja	1.38	»	»	»	1.38
161. Sauðanesskirkja	154.41	»	»	4.63	159.04
Samtals	718258.02	101531.15	24600.00	22819.34	818008.51

Athugasemd.

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 47344.71, bætt við ofangreinda upphæð, kr. 818008.51, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum, kr. 865353.22.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 19. janúar 1946.

Sigurgeir Sigurðsson.

10 22. jan.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Úr 12. gr., lið C. 4., falli niður orðin: „Ef félag endurkaupir hlutabréf af hluthöfum sínum hærra verði en nafnverð þeirra hljóðar, telst mismunurinn arður til hluthafa. En þótt hluthafi selji einhverjum öðrum hlutabréf sín með hagnaði, telst það eigi til tekna, nema það heyri undir sölugróða samkv. 13. gr. c-lið."

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1946.

Pétur Magnússon.

Einar Bjarnason.

11 22. jan.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 48 10. júní 1920, sbr. reglugerð nr. 79 7. ágúst 1936.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni, nema lestagjald af strandferðaskipum, skulu innheimt með allt að 100% viðauka.

Breyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 8. nóvember 1915, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

12 23. jan.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafmagnsveitu á Hofsósi, nr. 97 12. okt. 1932.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Verð á rafmagni um hemil skal vera 500 — fimm hundruð — krónur, fyrir eitt árskílówatt.

Verð á rafmagni um kílówattstundamæli til ljósa skal vera sem hér segir:

Minnsta ársgjald er kr. 46.00 — fjörutíu og sex — krónur, og má fyrir þá upphæð nota 46 kílówattstundir. Fyrir það, sem notað er fram yfir, greiðist 1.00 kr. — ein króna — fyrir kílówattstund.

2. gr. 12

5. gr. orðist svo: 23. jan.

Rafmagnsveitan leigir notendum mæla. Leiga eftir mæli er 12 — tólf — krónur yfir árið og greiðist á sama gjalddaga og rafmagnið.

3. gr.

Við gjaldskrána bætist ný grein, er verður 6. gr., svo hljóðandi:

Gjald fyrir hleðslu á rafgeymum skal vera kr. 1.50 — ein króna og fimmtíu aurar — fyrir hvern geymi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ 13

23. jan.

fyrir vatnsveitu Ólafsvíkurkauptúns.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefndin lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götur eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrr en svo er.

3. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi hreppsnefndar.

4. gr.

Hreppsnefndin hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann, vatnsveitustjóra, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu, samkv. erindisbréfi, er hreppsnefnd setur honum.

5. gr.

Af öllum húsum í hreppnum, eða séreignaríbúðum í húsum, sem vatn er í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir hinu lögskipaða fasteignamati, að undanskildu virðingarverði lóðanna. Skattinn skal greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því.

13 23. jan.

6. gr.

Vatnsskatturinn skal vera eins og hér segir:

I. Af fyrstu 8000.00 kr. greiðist 12 af þúsundi.
— næstu 4000.00 — — 6 — —
— — 4000.00 — — 3 — —
— — 4000.00 — — 2 — —
— því, sem þar er fram yfir 1,5 — —

Þó skal lágmarksskattur vera kr. 50.00 á hús. Fyrir vatnshana utanhúss og í peningshúsum og öðrum hliðstæðum útihúsum skal greiða 15 kr.

II. Fyrir vatn til skipa og báta 10 kr. fyrir smálest. Minnsta gjald 5 kr.

III. Fyrir verksmiðjur, frystihús, sláturhús, saltfisksverkunarhús, baðhús, þvottastöðvar, hreyfivélar, iðnaðarfyrirtæki og til annarrar slíkrar notkunar er hreppsnefndinni heimilt að ákveða vatnsskatt með samningi við hlutaðeigendur. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur með mæli. Greiðist þá af ársnotkun 5 kr. fyrir hverja 100 hl upp að 10 þúsund hl, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvæðum hreppsnefndarinnar. Vatnsveitan leggur til mæla, en notendur greiða hæfilega leigu eftir þá.

7. gr.

Hreppsnefndinni er heimilt að leggja á og innheimta vatnsbólsskatt á húseignir þær, sem vatn taka með einkaleiðslu úr vatnsbóli hreppsins, meðan leiðslur þessar hafa ekki verið keyptar eða teknar eignarnámi af hreppsnefndinni.

Vatnsbólsskattur þessi skal vera 5 af þúsundi af fasteignamati húss eða séreignaríbúð í sameignarhúsi. Þó skal lágmark þessa vatnsbólsskatts vera kr. 15.00.

8. gr.

Gjalddagi vatnsskatts og vatnsbólsskatts er sami og útsvara, og greiðist í fyrsta sinn fyrir árið 1945. Vatn til skipa skal greiða við afhendingu og eins vatn til atvinnureksturs, sem starfar um stundarsakir. Vatnsskatt og vatnsbólsskatt má taka lögtaki. Má gera lögtök í hinu skattskylda húsi, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húsinu næstu 3 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

9. gr.

Hreppsnefndin hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir með hreppsreikningum ár hvert.

10. gr.

Ef tekjur vatnsveitunnar hrökkva ekki fyrir gjöldum, getur hreppsnefndin hækkað vatnsskattinn um allt að 50%, þó ekki lágmarksskatt á húsum.

11. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í húseign sína. Hreppsnefndin löggildir menn, er hún telur hæfa til þess að leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá vatnsveitunni í hús eða um þau, annast viðgerðir eða gera breytingar á vatnsæðum.

12. gr.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Sérstaklega skal hann gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

13. gr. 13

Hreppsnefnd og vatnsveitustjóra og löggiltum pípulagningamönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þau tæki og þá mæla, er sett eru í samband við þær. Þyki þeim útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda. 23. jan.

14. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við leka á pípum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, svo og fyrir þeim, er ekki greiðir vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til, á réttum gjalddaga. Fullan vatnsveituskatt ber að greiða fyrir hús, þótt vatnsæðum sé lokað vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra ástæðna.

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að 500 krónur, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REIKNINGUR 14

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1945.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 3400.00		
b. Ríkisskuldabréf	— 1000.00		
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 2541.69		
		kr. 6941.69	
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 130.00		
b. — ríkisskuldabréfum	— 55.00		
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 90.57		
		— 275.57	
		Kr. 7217.26	

Gjöld:

Eign í árslok 1945:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 1800.00		
b. Ríkisskuldabréf	— 1000.00		
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 4417.26		
		— 7217.26	
		Kr. 7217.26	

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 23. janúar 1946.

Sigurgeir Sigurðsson.

15

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs frú Thoru Melsted fyrir árið 1945.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands		kr. 1606.44
2. Vextir á árinu		— 80.32
		Kr. 1686.76

Gjöld:

Eign í árslok:		
Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands		kr. 1686.76
		Kr. 1686.76

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1946.

Sigurgeir Sigurðsson.

16

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1945.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun			kr. 125583.02
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 1588.75		
b. — ríkisskuldabréfum	— 335.00		
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði Íslands	— 2318.00		
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 566.20		
		—	4807.95
3. Gjafir til sjóðsins		—	5870.00
			Kr. 136260.97

Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu		kr.	165.00
2. Keypt ávísanahefti		—	4.00
3. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 28500.00		
b. Ríkisskuldabréf	— 7000.00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	— 89833.09		
d. — í Landsbanka Íslands	— 10758.88		
		—	136091.97
			Kr. 136260.97

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 23. janúar 1946.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 17

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1945.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	17800.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	17225.42	kr. 38025.42
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	771.75	
b. — ríkisskuldabréfum	—	165.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	417.44	— 1354.19
			Kr. 39379.61

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	13700.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	—	16000.00	
d. — í Landsbanka Íslands	—	6679.61	— 39379.61
			Kr. 39379.61

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 23. janúar 1946.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 18

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1945.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	800.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	2116.86	kr. 2916.86
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	40.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	50.92	— 90.92
			Kr. 3007.78

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	800.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	2207.78	kr. 3007.78
			Kr. 3007.78

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 23. janúar 1946.

Sigurgeir Sigurðsson.

19

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1945.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Skuldabréf	kr.	3000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	1245.68	kr. 4245.68
2. Vextir á árinu:			
a. Af skuldabréfum	kr.	155.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	30.78	— 185.78
			Kr. 4431.46

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Skuldabréf	kr.	3000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	1431.46	kr. 4431.46
			Kr. 4431.46

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 23. janúar 1946.

Sigurgeir Sigurðsson.

20

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1945.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	4500.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	15892.13	
c. — í Landsbanka Íslands	—	4427.13	kr. 24819.26
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	193.75	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	794.60	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	112.41	— 1100.76
			Kr. 25920.02

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	3500.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	20686.73	
c. — í Landsbanka Íslands	—	1733.29	kr. 25920.02
			Kr. 25920.02

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 23. janúar 1946.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 21

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats fyrir árið 1945.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Skuldabréf	kr. 2700.00		
b. Jörðin Ytra Vallholt	— 7100.00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	— 6000.16		
d. — í Landsbanka Íslands	— 1842.93		
		kr.	17643.09
2. Vextir á árinu:			
a. Af skuldabréfum	kr. 137.25		
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 300.00		
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 35.34		
		—	472.59
3. Afgjald Ytra Vallholts 1944		—	275.00
		Kr.	18390.68

Gjöld:

1. Úthlutað til próf. Skagfirðinga		kr.	275.00
2. Greitt vegna fyrirhleðslu Héraðsvatna		—	332.00
3. Eign í árslok:			
a. Skuldabréf	kr. 2600.00		
b. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	— 6300.16		
c. — í Landsbanka Íslands	— 1783.52		
d. Jörðin Ytra Vallholt	— 7100.00		
		—	17783.68
		Kr.	18390.68

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 23. janúar 1946.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 22

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna fyrir árið 1945.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun	kr.	43554.15
2. Vextir á árinu	—	2176.85
	Kr.	45731.00

Gjöld:

1. Úthlutað styrk á árinu	kr.	1000.00
2. Eign í árslok:		
Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	—	44731.00
	Kr.	45731.00

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 23. janúar 1946.

Sigurgeir Sigurðsson.

23

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1945.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári:			
a. 4 jarðræktarbréf, hvert á 1000 kr. (nafnverð)	kr.	4000.00	
b. 5 veðdeildarbréf, 1 á 1000, 4 á 500 kr. (nafnverð)	—	3000.00	
c. 1 Sogsvirkjunarlánsbréf (nafnverð)	—	1000.00	
d. 1 Rafmagnsveitubréf (nafnverð)	—	1000.00	
e. Peningar í innlánsbók nr. 4415 við Útvegsbanka Ísl.	—	778.66	kr. 9778.66
2. Vextir:			
a. Af jarðræktarbréfum	kr.	110.00	
b. — veðdeildarbréfum	—	125.00	
c. — Sogsvirkjunarlánsbréfi	—	40.00	
d. — Rafmagnsveitubréfi	—	40.00	
e. — innlögum í Útvegsbanka Íslands	—	64.46	— 379.46
			Kr. 10158.12

Gjöld:

1. Leiga fyrir pósthólf nr. 54 í Landsbanka Íslands			kr. 30.00
2. Eftirstöðvar til næsta árs:			
a. 2 jarðræktarbréf, hvert á 1000 kr. (nafnverð)	kr.	2000.00	
b. 4 veðdeildarbréf, 1 á 1000, 3 á 500 kr. (nafnverð)	—	2500.00	
c. 1 Sogsvirkjunarlánsbréf (nafnverð)	—	1000.00	
d. 1 Rafmagnsveitubréf (nafnverð)	—	1000.00	
e. Peningar í innlánsbók nr. 4415 við Útvegsbanka Ísl.	—	3628.12	— 10128.12
			Kr. 10158.12

Reykjavík, 5. janúar 1946.

Sigurgeir Sigurðsson. **Sigurjón Jónsson.** **Helgi Ingvarsson.**

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1946.

Auglýsing um að Ísland hafi undirritað sáttmála matvæla- og landbúnaðarstofnunar hinna sameinuðu þjóða, undirskrifuð af forsætisráðherra 16. janúar 1946, nr. 1.

Auglýsing um að Ísland hafi staðfest sáttmálann um stofnun alþjóða-gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag, nr. 2.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda, undirskrifað af forsetanum 18. janúar 1946, nr. 3.

Lög um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, undirskrifuð af forsetanum 26. febrúar 1946, nr. 4.

Lög um breytingar á lögum nr. 58 27. júní 1941, um landnám ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 5.

Lög um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð, undirskrifuð af forsetanum 11. marz 1946, nr. 6.

Lög um girðingar kringum hveri og laugar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 7.

Lög um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 8.

Lög um eyðingu svartbaks, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 9.

BRÁÐABIRGÐAREGLUR

24
22. jan.

um miðskólapróf í bóknámsdeild.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Miðskólapróf í bóknámsdeild skal vera landspróf að mestu. Landspróf er próf, sem tekið er samtímis um land allt og notuð sömu verkefni, er prófnefnd velur.

2. gr.

Rétt til þess að halda landspróf slíkt, er getur í 1. gr., hafa allir miðskólar og gagnfræðaskólar.

Unglingaskólar geta einnig haldið námskeið til undirbúnings undir miðskólapróf við þá, ef kennslukraftar og aðrar aðstæður eru fyrir hendi, að dómi fræðslumálastjórnar.

3. gr.

Þangað til ný lög um skólakerfi, gagnfræðanám og menntaskóla koma til framkvæmda, skulu námskröfur til miðskólaprófs samsvara sem næst námskröfum til gagnfræðaprófs við menntaskólann í Reykjavík, sbr. reglugerð, dags. 8. febr. 1937, samkvæmt nánari fyrirmælum fræðslumálastjórnar. Meðan svo er, má halda miðskólapróf við þessa skóla: Menntaskóla, gagnfræðaskóla, héraðsskóla og aðra sambærilega skóla, bæði ríkisskóla og einkaskóla, sem viðurkenndir eru af fræðslumálastjórn.

11. dag marzmánaðar 1946. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Endurprentað blað.

24 22. jan.

II. Um prófnefnd, skipun hennar og verksvið.

4. gr.

Fræðslumálastjórn skipar í samráði við skólastjóra menntaskólanna, Kennaraskóla Íslands og gagnfræða- og héraðsskólann 9 manna prófnefnd til fjögurra ára í senn.

Í prófnefndinni skulu að jafnaði vera sérkennarar í öllum þeim greinum, sem nefndin dæmir um eða fyrrverandi sérkennarar. Skulu þeir allir vera vel kunnugir námsefni því og námsbókum, sem krafizt er til prófsins.

Þóknun fyrir starfann ákveður fræðslumálastjórn.

Nú hverfur maður úr nefndinni af einhverjum ástæðum áður en 4 ár eru liðin, og skipar fræðslumálastjórn þá annan mann í hans stað þann tíma, sem eftir er.

5. gr.

Prófnefnd semur verkefni í þessum greinum: Íslenzku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, ensku, sögu, landafræði, náttúrufræði, stærðfræði og eðlisfræði, og afhendir fræðslumálastjórn.

6. gr.

Prófnefnd ákveður í samráði við fræðslumálastjórn, hvenær próf skuli tekið í hverri einstakri grein, svo og, hve langur tími hverri prófgrein skuli ætlaður.

7. gr.

Prófnefnd tekur við úrlausnum þeirra verkefna, er hún hefur valið, leiðréttir þær og dæmir. Um hverja úrlausn skulu tveir nefndarmenn dæma eftir ákvörðun nefndarinnar, og koma þeir sér saman um einkunn.

Þegar allar úrlausnir hafa verið leiðréttar og dæmdar, skulu þær afhentar fræðslumálastjórn ásamt einkunnum.

8. gr.

Hraða skal sem allra mest leiðréttingu og dómi úrlausnanna, svo hægt sé að birta hlutaðeigandi skólum niðurstöður sem fyrst.

III. Um prófið og tilhögun þess.

9. gr.

Prófið skal halda síðari hluta maímánaðar ár hvert.

10. gr.

Próf skal tekið í öllum þeim greinum, er kenndar eru í miðskólum. Undanþágu frá prófi í leikfimi og söng getur skólastjóri veitt einstökum nemendum, þegar fullgildar ástæður eru fyrir hendi, sbr. reglugerð þar um frá 8. marz 1944.

Um aðrar greinar en þær, sem prófnefnd fjallar um, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómarar, skipaðir af fræðslumálastjórn.

Um framburð á erlendum málum dæmir prófdómari eða prófdómarar, tilnefndir af fræðslumálastjórn og samkvæmt nánari fyrirmælum hennar, að fengnum tillögum prófnefndar.

11. gr.

Fræðslumálastjórn annast prentun eða fjölritun prófverkefna undir eftirliti trúnaðarmanns síns. Að prentun lokinni og í tæka tíð fyrir próf sendir fræðslumálastjórn á öruggan hátt prófverkefnin trúnaðarmanni sínum eða trúnaðarmönnum á hverjum stað. Trúnaðarmaður afhendir síðan hlutaðeigandi skólastjóra verk-

efnin fyrir hvert próf, rétt áður en það byrjar. Hann hefur og eftirlit með próf- 24
inu og gætir þess, að óleyfilegra hjálpargagna sé ekki neytt. En í hvívetna skal 22. jan.
hinnar ýtrustu varúðar gætt, svo að allir nemendur standi jafnt að vígi í prófinu.

12. gr.

Að loknu prófi í hverri grein skulu úrlausnir þegar sendar fræðslumálastjórn innsiglaðar, er síðan afhendir prófnefnd þær.

Prófnefnd ákveður, hvernig úrlausnir skulu merktar.

13. gr.

Verkefni í öðrum greinum en þeim, sem taldar eru í 5. gr., velur prófdómari í samráði við hlutaðeigandi kennara, nema prófverkefni hafi verið útbúin og send frá fræðslumálaskrifstofunni. Þeir dæma og um úrlausnir.

IV. Einkunnir o. fl.

14. gr.

Einkunnir skulu gefnar í stigum, 0—10. Þá má og gefa fimmtunga úr heilli tölu, og tíundi hluti getur komið fram, er tveir dæma.

Lægri einkunn en 1 fellir, svo og lægri einkunn en 2 í tveimur greinum, og lægri einkunn en 3 í þremur greinum.

Aðaleinkunnir eru fjórar, og greinast þannig:

Fyrsta ágætiseinkunn	9.00—10.00
Fyrsta einkunn	7.25— 8.99
Önnur einkunn	6.99— 7.24
Þriðja einkunn	5.00— 5.99

15. gr.

Ein einkunn skal gefin í hverri námsgrein, nema í íslenzku tvær, samkvæmt nánari ákvæðum prófnefndar.

16. gr.

Við dóm á úrlausnum í erlendum málum, skal að nokkru stuðst við einkunnir prófdómara fyrir framburð.

17. gr.

Einkunnir í greinum þeim, sem koma ekki til úrskurðar prófnefndar, skulu skráðar á prófskírteini nemenda og reiknast til fullnaðareinkunnar miðskólaprófs, en eigi landsprófs.

18. gr.

Til þess að standast miðskólapróf þarf nemandi að hafa hlotið í aðaleinkunn að minnsta kosti 5.00, en til þess að standast landspróf þarf meðaleinkunnina 6.00 í landsprófsgreinum og meðaleinkunnina 5.00 í hinum.

19. gr.

Nú stenzt nemandi ekki prófið, má hann þá annað hvort sitja aftur í bekk og reyna næsta ár eða þreyta það utan skóla. Einnig má hann flytja sig yfir í verknámsdeild, ef hann telst til þess hæfur.

20. gr.

Miðskólapróf veitir rétt til framhaldsnáms í gagnfræðaskólum hvar sem er á landinu og landspróf að auk rétt til inngöngu í menntaskóla og kennaraskóla.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. janúar 1946.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

24 **Fylgiskjal.**

22. jan.

Skrá yfir námsefni til gagnfræðaprófs í Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1946.

Íslenzka:

Björn Guðfinnsson: Íslenzk málfræði, öll bókin. Sami: Íslenzk setningafræði, öll bókin. Freysteinn Gunnarsson: Ritreglur, öll bókin. Stutt ágrip af bragfræði, handrit kennarans. Um 40 stafsetningaræfingar í 1. bekk, en um 15 í 2. bekk. Heimaritgerðir hálfsmánaðarlega í 2. bekk (alls um 14); tveir heimastílar og 18 merkjaæfingar.

Sig. Nordal: Íslenzk lestrarbók, Ísland, bls. 32, Umkvörtun, 47, Númi, 51, Ferðalok, 72, Djákninn, 105, Galdra-Loftur, 111, Sálin hans Jóns míns, 118, Ísland, 121, Úr Manni og konu, 121, Ólag, 146, Jónas Hallgrímsson, 147, Stökur, 158, Lofsöngur, 164, Heimþrá, 180, Úr Tilhugalífi, 186, Stökur og brot, 198, Eftirköst, 199, Rammislagur, 200, Kveld, 207, Úr Eden, 218, Rosi, 226, Vísur Kvæða-Önnu, 227, Fákar, 243, Sóley, 245, Væringjar, 246, Hólamannahögg, 259, Bréf til vinar míns, 263, Á fjörunni, 274, Í dag, 292, Stjáni blái, 307, Í hákarlalegum, 316, Helfró, 319, Hún kyssti mig, 325, Það vorar, 327, Sálarstyrjöldin, 346, Morgun hins efsta dags, 352, Þingvellir, 353, Sigurður skáld, 361, Karl faðir minn, 375, Það var eitt kvöld, 379, Í Árnasafni, 379, Austurstræti, 381, Hótel Jörð, 383, Þurrkur, 388.

Danska:

1. Dönsk lestrarbók eftir Einar Magnússon og Kristinn Ármannsson, öll bókin, 240 bls.
2. Málfræðiágripið í Kennslubók í dönsku eftir Kr. Á., allt, bæði stórt og smátt letur
3. 30 smásögur í Kennslubók Kr. Á. lærðar til endursagnar.
4. Flestir stílarnir í Stílaverkefnum Kr. Á. Gerðir munnlega eða skriflega 120 stílar.

Í stað Danskrar lestrarbókar geta komið Danskir leskaflar eftir Ágúst Sigurðsson, 240 bls. (allt I. hefti og um 60 bls. af II. hefti), eða 3. hefti af Kennslubók Jóns Ófeigssonar og síðustu 100 bls. í Danskri lestrarbók E. M. og Kr. Á., eða síðustu 100 bls. í Dönskum lesköflum Ág. Sig.

Í stað málfræðinnar í Kennslubók Kr. Á. gætu komið stjörnumerktu kaflarnir í Danskri málfræði eftir Jón Ófeigsson. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að lesnar hafi verið byrjunarbækur Kr. Á., Jóns Ófeigssonar, 1. og 2. hefti, eða Ág. Sig., 1. og 2. h.

Enska:

1. Bogi Ólafsson: Kennslubók í ensku, öll bókin (málfræði og textar).
2. Sami: Ensk lestrarbók, bls. 1—94.
3. Sami: Enskar endursagnir. Sögurnar 2—31 lærðar til endursagnar. Stílar í verkefnum B. Ó. ca. 52 stílar.

Saga:

1. Þorleifur H. Bjarnason og Jóhannes Sigfússon: Mannkynssaga handa gagnfræðaskólum, Fornöldin, öll bókin.
2. Knútur Arngrímsson og Ólafur Hansson: Mannkynssaga handa gagnfræðaskólum, Miðaldir, öll bókin.
3. Sömu: Nýja öldin, öll bókin.
4. Þorleifur H. Bjarnason: Mannkynssaga, III. 2., öll bókin (alls um 640 bls.).

Landafræði:

Bjarni Sæmundsson: Landafræði, öll bókin.

Náttúrufræði: 24

Bjarni Sæmundsson: Dýrafræði, öll bókin. Stefán Stefánsson: Plönturnar, 3. útg., bls. 1—187, þessar ættir voru teknar: körfublómaætt, möðruætt, varablómaætt, gullintoppuætt, lyngætt, sveipjurtaætt, ertublómaætt, krossblómaætt, sóleyjarættin, reklatré, grasaættin, gróplöntur út að gróðurlendi Íslands. Inngangur að einkímblöðungum (út að brönugrasaætt) vandlega lesinn, svo og upphaf að köflum um heilkrýninga, lauskrýninga og vankrýninga, en sleppa má 21.—23. gr. incl. 22. jan.

Eðlisfræði:

Jón Á. Bjarnason: Kennslubók í eðlisfræði handa gagnfræðaskólum, öll bókin.

Stærðfræði:

1. Reikningsbók eftir dr. Ólaf Daníelsson, bls. 1—87.
2. Sami: Kennslubók í Algebru, bls. 1—115.
3. Jul. Petersen: Kennslubók í rúmfræði, þýðing Sigurkarls Stefánssonar, 10 fyrstu kaflarnir og dæmi 1—130, enn fremur kaflarnir um flatarmál og rúmmál í reikningsbók Ól. Daníelssonar.

Teikning:

Teiknað eftir einföldum hlutum með sérstöku tilliti til „perspektiv"-fræðinnar.

Skrift

er dæmd eftir íslenzkum stílum á prófi með hliðsjón af stærðfræðiúrlausnum.

Leikfimi og sund

samkvæmt reglugerðum um þau efni.

Staðfesting forsetans á stofnskrá fyrir „Byggingarsjóð Íslendinga í Kaupmannahöfn", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. janúar 1946. 25
Stofnskráin er þannig: 25. jan.

STOFNSKRÁ

fyrir Byggingarsjóð Íslendinga í Kaupmannahöfn.

(Stofnendur: Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn og Fél. ísl. stúdenta í Kaupm.höfn.)

1. gr.

Nafn sjóðsins er Byggingarsjóður Íslendinga í Kaupmannahöfn (á dönsku: Islandsk Byggefond i København).
Lögheimili sjóðsins er Kaupmannahöfn.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að afla fjár til byggingar húss eða til kaupa á húsi í Kaupmannahöfn, er verði samastaður Íslendinga. Þar er ætlazt til að verði bústaðir handa námsfólki, vistarverur handa gamalmennum, bókasafn, lestrarstofa o. fl.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

4. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu þeir allir vera Íslendingar og hafa fasta búsetu í Danmörku.

5. gr.

Fyrsta sjóðstjórn skal kosin af stjórnum stofnfélaganna á sameiginlegum fundi. Jafnframt skal hvort stofnfélaganna tilnefna einn mann úr sjóðstjórninni, er sé fulltrúi þess. Sjóðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára, og endurnýjast stjórnin þannig, að 2 stjórnendur ganga úr annað árið, en hitt 3, sem hér segir:

Á ársfundi 1947 ganga 2 menn úr stjórn eftir hlutkesti, þar á meðal annar félagsfulltrúinn, og skipar þá hlutaðeigandi félag annað sætið, en sjóðstjórn undanfarins árs hitt.

Á ársfundi 1948 ganga hinir þrír úr stjórn, og skipar þá sjóðstjórn undanfarins árs 2 sæti en hlutaðeigandi félag 1.

Endurkjósa má mann í stjórn.

Skipi ofangreindar félagsstjórnir ekki fulltrúa fyrir ársfundinn — enda sé þeim gert viðvart eigi skemur en 3 vikum fyrir fundinn, kýs sjóðstjórnin mann í það sæti.

Gangi maður úr stjórn á kjörtímabilinu, getur sjóðstjórnin eða hlutaðeigandi félagsstjórn kosið mann í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

Stjórn sjóðsins er ólaunuð.

6. gr.

Stjórn sjóðsins kýs formann, gjaldkera og ritara úr sínum hópi, og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

7. gr.

Fundir.

Ársfundur skal haldinn síðast í janúarmánuði ár hvert. Dagskrá fundarins er sem hér segir:

1. Skýrt frá starfsemi sjóðsins á síðastliðnu ári.
2. Lagður fram endurskoðaður reikningur til samþykktar og undirskriftar.
3. Kosning sjóðstjórnenda (sbr. 5. gr.).
4. Önnur mál.

8. gr.

Auk ársfundar skulu haldnir fundir þegar ástæða þykir til. Formaður sjóðstjórnar er sjálfkjörinn fundarstjóri á öllum fundum og boðar til funda. Sé formaður fjarverandi einhvern tíma starfsársins, og þyki ástæða til að halda fund í fjarveru hans, skulu 3 sjóðstjórnendur boða til fundarins. Í fjarveru formanns skal annar fundarmaður kosinn fundarstjóri. Til funda skal boða skriflega með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, og skal umræðuefnis ávallt getið í fundarboðinu. Skylt er formanni að boða til fundar, ef 3 stjórnendur krefjast þess, enda tilkynni þeir umræðuefni. Verði formaður eigi við áskoruninni, geta þessir þrír menn boðað til fundar.

9. gr.

Sjóðstjórnin er ályktunarfær þegar 4 sjóðstjórnendur eru á fundi og ræður afl atkvæða úrslitum. Séu atkvæði jöfn sker atkvæði fundarstjóra úr, sbr. þó 19. gr.

10. gr.

Ritari semur rækilega fundargerð, er lesin skal upp í fundarlok og undirskrifuð af fundarstjóra og ritara. Ritari annast bréfaskriftir í samráði við formann eða eftir ályktunum sjóðstjórnarinnar. Afrit skal haldið af öllum bréfum.

11. gr.

Fjársöfnun.

Sjóðstjórnin ákveður með hverjum hætti skuli safna fé til að fullnægja markmiði sjóðsins. Fé því, sem safnast, skal komið fyrir í verðbréfum eða í sparisjóði svo sem dönsk lög kveða á um varðveizlu fjár ólögráða. Ályktunarfær stjórnarfundur gerir ákvæði um kaup á verðbréfum.

Verðbréf sjóðsins skulu geymd í „opnu depoti" í Bikuben í Kaupmannahöfn. Móttökuskírteini geymir formaður Byggingarsjóðsins.

12. gr.

Sjóðstjórninni er heimilt að koma á fót nefndum til fjársöfnunar á Íslandi og í Danmörku.

Fé það, sem kann að safnast á Íslandi, skal geymt á sama hátt og íslenzk lög kveða á um varðveizlu fjár ólögráða, þangað til yfirfærsla fæst til Danmerkur.

13. gr.

Þegar sjóðstjórnin álítur sjóðinn nægilega stóran, lætur hún reisa hús eða kaupa í samráði við fulltrúa Íslands í Danmörku, og setur reglugerð fyrir starfsemi þess.

Leita skal staðfestingar ríkisstjórnar Íslands á reglugerðinni.

14. gr.

Reikningsskil.

Sjóðstjórnin hefur reikningsábyrgð gagnvart íslenzku ríkisstjórninni.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Gjaldkeri hirðir fé sjóðsins og heldur nákvæman reikning.

Halda skal sérstaka bók yfir verðbréf sjóðsins, og skulu þau færð með nafnverði.

15. gr.

Skuldbinding sjóðsins er því aðeins gild að formaður og tveir aðrir sjóðstjórnendur hafi undirskrifað hana.

Við kaup, sölu eða veðsetningu á fasteign þarf þó undirskrift formanns og þriggja annarra sjóðstjórnenda.

Heimilt er sjóðstjórninni að veita sérstakt umboð til þess að taka út fé eða ávísa úr sparisjóði og kvitta fyrir póstsendingar.

16. gr.

Ríkisstjórn Íslands eða fulltrúi hennar í Danmörku skal beðin að tilnefna löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins, og skal endurskoðandi launaður af sjóðnum. Verði ríkisstjórnin ekki við tilmælum, nefna stjórnir stofnfélaganna til endurskoðandann.

17. gr.

Eftir ársfund skal prenta reikninginn eða fjölrita, senda hann ríkisstjórn Íslands og stjórnum stofnfélaganna, svo og öllum þeim, sem styrkt hafa sjóðinn á starfsárinu.

18. gr.

Breytingar á stofnskrá þessari má því aðeins gera, að $\frac{4}{5}$ sjóðstjórnar séu þeim samþykkir, og breytingarnar eru því aðeins gildar, að þær séu staðfestar af ríkisstjórn Íslands.

25 25. jan.

19. gr.

Skyldi svo atvikast, að markmið sjóðsins þyki óþarft, annaðhvort vegna þess, að Íslendingum í Danmörku fækki stórum eða vegna þess, að aðrir reisi Íslendingahús í Kaupmannahöfn, getur sjóðstjórnin með 5 samhljóða atkvæðum samþykkt, að sjóðurinn skuli hætta störfum, og skal þá verja honum til styrktar Íslendingum í Danmörku í samráði við ríkisstjórnina eða fulltrúa hennar í Danmörku.

20. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjórnar Íslands á stofnskrá þessari.

Samþykkt á stofnfundi 14. febrúar 1945.

Óskar Magnússon, fundarritari. **Guðmundur Arnlaugsson,** fundarstjóri. **Tryggvi Briem.**

Martin Bartels. **Gísli Kristjánsson.** **Þorfinnur Kristjánsson.**

Pétur M. Jónasson.

26 31. jan.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

um leigukjör á loftskeytastöðvum og firðtalstöðvum, sem Landssíminn lætur á leigu í íslenzk skip.

1. gr.

Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að taka á leigu loftskeytastöð eða talstöð í íslenzkt skip, sendi skriflega umsókn um það til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skírteini.

2. gr.

Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign Landssímans, og leigir hann skipseiganda þau til afnota í skipinu. Landssíminn annast uppsetningu tækjanna, sem skipseigandi greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki kaupa rafgeyma, rafhlöður og hleðsluspjöld fyrir stöðina og kosta lögn frá rafgeymum til hleðsluspjalda.

3. gr.

Leigutaka ber að sjá um, að enginn starfræki stöðina nema sá, sem hefur fengið skírteini frá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum að gæta slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón skipstjóra, sem líti eftir, að stöðin sé vel með farin og geymd.

4. gr.

Bæði stöðvarverði og skipstjóra er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana úr skipinu.

26

31. jan.

5. gr.

Landssíminn annast viðhald vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar og lampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhirðu þeirra meðan þau eru í vörzlu hans.

6. gr.

Leigutaki er skyldur að hafa tækin að fullu vátryggð á sinn kostnað gegn hvers konar tjóni, og ber honum að greiða Landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á Landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins.

7. gr.

Leigutaki er skyldur að koma tækjunum til skoðunar til eftirlitsmanna Landssímans í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á ári, eða annars staðar, ef það verður að samkomulagi. Gjaldið fyrir hina árlegu stöðvarskoðun er innifalið í leiguupphæðinni.

8. gr.

Leigutaki skal greiða stofngjald fyrir stöðina áður en uppsetningu er lokið svo og leigu til næsta gjalddaga. Leiga fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, og reiknast brot úr ári sem heilt ár. Leiga fyrir loftskeytatalstöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta eða minni, en 3 ár fyrir stærri stöðvar.

9. gr.

Stofngjöld, leigur og vátryggingarupphæðir fyrir helztu gerðir rodiotækja eru sem hér segir:

Gerð B. Loftskeytasendir (250 watt, 600 m svið og stuttbylgjusvið), ásamt viðtæki 4 lampa (15—20000 m).

Stofngjald	kr.	1000.00
Ársfjórðungsgjald	—	350.00
Vátryggingarupphæð	—	12000.00

Gerð C. Loftskeytasendir (150 watt, 600 m svið).

Stofngjald	kr.	600.00
Ársfjórðungsgjald	—	250.00
Vátryggingarupphæð	—	8000.00

Gerð D. Loftskeytasendir (150 watt, 600 m svið).

Stofngjald	kr.	1000.00
Ársfjórðungsgjald	—	350.00
Vátryggingarupphæð	—	12000.00

Gerð E. Talsendir (15 watt, 182 m sviðið).

Stofngjald	kr.	400.00
Ársleiga	—	480.00
Vátryggingarupphæð	—	3600.00

Gerð F. Talsendir (10 watt, 6 fastar bylgjur á 182 m sviðinu).

Stofngjald	kr.	240.00
Ársleiga	—	480.00
Vátryggingarupphæð	—	3600.00

Gerð G-12. Talsendir (4 watt, 2 fastar bylgjur á 182 m sviðinu).

Stofngjald	kr.	100.00
Ársleiga	—	340.00
Vátryggingarupphæð	—	2500.00

26 31. jan.

Gerð GV. Talsendir (10 watt, 3 fastar bylgjur á 182 m sviðinu).

Stofngjald	kr.	200.00
Ársleiga	—	360.00
Vátryggingarupphæð	—	3000.00

Gerð M. Loftskeyta- og talsendir (60/25 watt, 600 m og 182 m sviðið).

Stofngjald	kr.	600.00
Ársleiga	—	720.00
Vátryggingarupphæð	—	6000.00

Gerð VE. Viðtæki fyrir tal og loftskeyti.

Stofngjald	kr.	200.00
Ársleiga	—	200.00
Vátryggingarupphæð	—	2000.00

Gerð VF. Viðtæki til að tengja við talsendi gerð F eða GV.

Stofngjald	kr.	160.00
Ársleiga	—	160.00
Vátryggingarupphæð	—	1400.00

Stofngjöld, leigur vátryggingargjöld o. þvl. fyrir aðrar gerðir radiotækja ákveður póst- og símamálastjórnin í hvert skipti.

10. gr.

Lögtaksréttur er á gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari.

11. gr.

Stöðvar þær og tæki, er Landssíminn lætur á leigu, eru að sjálfsögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, er gilda um slíkar stöðvar og rekstur þeirra á hverjum tíma, og getur Landssíminn afturkallað leyfisbréf stöðvar, lokað henni eða tekið hana úr skipinu, ef settar reglur eru ekki haldnar.

12. gr.

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá og reglur um leigukjör á loftskeytastöðvum og firðtalstöðvum, sem Landssíminn lætur á leigu í íslenzk skip, dagsett 15. marz 1945.

Samgöngumálaráðherrann, 31. janúar 1946.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hlíðdal.

27 31. jan.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Landssímans.

1. gr.

Frá og með 1. apríl 1946 hækkar gjald fyrir skrásetningu símnefna frá því sem ákveðið er í 1. gr. bráðabirgðagjaldskrár, dags. 12. sept. 1942, upp í kr. 100 á ári. Gjald þetta innheimtist fyrir eitt ár í senn, og er gjalddagi 1. janúar ár hvert.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Samgöngumálaráðherrann, 31. janúar 1946.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hlíðdal.

AUGLÝSING

28
5. febr.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg til ársloka 1946. Frá þeim tíma gilda aftur óbreytt ákvæði reglugerðar nr. 73 13. maí 1942, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 30. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóvember 1913, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. febrúar 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð frú Ragnheiðar Einarsdóttur frá Efra-Hvoli", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. febrúar 1946. 29
5. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Ragnheiðar Einarsdóttur frá Efra-Hvoli.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélagi Hvolhrepps og er að upphæð kr. 1000.00.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Ragnheiðar Einarsdóttur frá Efra-Hvoli.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum opinberum sjóðum eða í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal alla vexti við höfuðstólinn þar til hann nemur kr. 10000.00, þá má veita helming vaxta. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 má veita ¾ hluta vaxta. Öllum vöxtum sjóðsins má ekki úthluta fyrr en sjóðurinn er orðinn kr. 150000.00.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ungar og efnilegar stúlkur eða konur úr Hvolhreppi til náms í húsmæðraskólum. Þær stúlkur skulu fyrir ganga, sem nám stunda

29 5. febr. við væntanlegan húsmæðraskóla í Rangárvallasýslu. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að stúlkan (konan) sé að dómi sjóðstjórnar góðum hæfileikum gædd og efnahagur svo þröngur, að hún eigi fái staðið undir kostnaði við námið af eigin ramleik. Ef svo skyldi fara, að efnahagur yrði svo góður í hreppnum, að stúlkur (konur) þyrftu eigi á styrk að halda eða vextir það háir orðnir, að eigi er þörf að úthluta þeim öllum í ofangreindu skyni, má styrkja stúlkur eina eða fleiri til náms við héraðsskóla Rangæinga.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: oddviti Hvolhrepps og tvær konur, er Kvenfélag Hvolhrepps kýs til 3 ára í senn. Stofnendur óska þess og vona, að stjórnin á hverjum tíma láti sér annt um að efla sjóðinn, t. d. með því að halda úti sölu á minningarspjöldum, hvetja menn til að gefa til hans, halda samkomur sjóðnum til eflingar o. s. frv.

7. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum sendist formanni sjóðstjórnar og fylgi henni nauðsynleg skilríki, svo að byggður geti orðið dómur á samkvæmt 5. gr. Ef engin umsókn berst eða styrkveitingu er synjað leggjast að sjálfsögðu allir vextir við höfuðstólinn.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórn sjóðsins ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að varðveita verðbréf sjóðsins, bækur og önnur skilríki á tryggum og eldtraustum stað.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

11. gr.

Ársreikning sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

13. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Sigfús Sigurðsson.

REGLUGERÐ

30
6. febr.

um skemmtanaskatt í Leirár- og Melahreppi.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 10. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, öðrum en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Leirár- og Melahreppi og aðgangur er seldur að.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:
   a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
   b. Sjónleikir.
   c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
   d. Fyrirlestrar og upplestrar.
   e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

II. flokkur:
   a. Dansleikar.
   b. Danssýningar.
   c. Loddara- og fjölleikasýningar.
   d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, en ekki eru taldar sérstaklega.

3. gr.

Að skemmtunum þeim, sem falla undir I. fl. skal greiða 10% af aðgöngueyri, og af þeim, sem taldar eru í II. flokki 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal skatturinn jafnan miðaður við þann þátt hennar, sem hærra er skattlagður.

4. gr.

Undantekningar frá skattgreiðslu veitir hreppsnefnd, er sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til styrktar listum o. s. frv.

5. gr.

Hreppsnefnd Leirár- og Melahrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt, og sér um innheimtu skattsins. Ræður hún til þess sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sem halda vill skemmtun, sem aðgangur er seldur að, skal tilkynna eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær skemmtunin skuli haldin.

7. gr.

Aðgang má eigi selja að skemmtun, nema gegn aðgöngumiða, sem eftirlitsmaður skemmtana hefur stimplað og afhent, enda skal hann ávallt hafa fyrirliggjandi nægar birgðir af þeim. Kostnaður við þá greiðist af skatttekjum, en gerð þeirra ákveður hreppsnefnd. Um leið og aðgöngumiðar eru afhentir, skal færa í þar til gerða bók tölu þeirra og verð, og reikna út fjárhæð skattsins. Seljist ekki allir aðgöngumiðar, skal afgangur þeirra afhentur eftirlitsmanni, og dregst þá frá skattur af þeim aðgöngumiðum, sem óseldir eru. Á hvern aðgöngumiða skal skráð verð hans.

30 6. febr.

8. gr.

Þóknun til eftirlitsmanns fyrir starf hans ákveður hreppsnefnd og skal hún vera ákveðinn hundraðshluti af innheimtum skatttekjum og greiðast af þeim.

9. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

10. gr.

Skattgjald skal greiða eftirlitsmanni um leið og stimplaðir aðgöngumiðar eru afhentir. Nú afhendir eftirlitsmaður stimplaða aðgöngumiða án þess að gjaldið sé greitt, og ber hann þá ábyrgð á greiðslu þess. — Skattgjaldið má taka lögtaki.

11. gr.

Skatttekjur skulu lagðar í sjóð, og varið til að starfrækja sundlaug, heimavistarskóla eða bókasafn. Sjóðurinn skal vera í umsjá hreppsnefndar.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 — þúsund — krónum. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar minnst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 krónur. Mál, sem rísa út af reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er af hreppsnefnd Leirár- og Melahrepps, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 6. febrúar 1946.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

31 8. febr.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá „Líknarsjóðs Snæfjallahrepps", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. febrúar 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Líknarsjóðs Snæfjallahrepps.

1. gr.

Sjóður þessi, sem nefnist Líknarsjóður Snæfjallahrepps, er stofnaður 1. desember 1941 með 600 — sex hundruð — króna gjöf til minningar um Guðmund Jónsson frá Unaðsdal

Skipulagsskrá fyrir sjóðinn hefur ekki verið samin fyrr, og þykir gefendum og stjórn sjóðsins nauðsyn á að fá hana staðfesta. Í sjóði eru nú kr. 2539.00.

2. gr. 31

Tekjur sjóðsins, svo sem dánargjafir, tillög, vextir og allt það, sem sjóðnum kann 8. febr.
að veitast, skal lagt við höfuðstólinn, þar til er hann er orðinn 4000 — fjögur þúsund — krónur.

Þegar sjóðurinn hefur náð ofangreindri upphæð, skal öllum tekjum hans og ¼ — einum fjórða — hluta vaxtanna varið til þess að styrkja efnalítið fólk í veikindum eftir þeim reglum, sem settar eru í þriðju grein.

Ef eigi skiptist upp við hina árlegu styrkveitingu, skal veita þeim mun meiri styrk á næsta ári.

Ef eigi er þá heldur sótt um styrk eða tekjurnar skiptast eigi upp samkvæmt 2. gr., skulu þær lagðar við höfuðstólinn.

3. gr.

Styrkur úr sjóðnum skal árlega veitast sjúklingum í Snæfjallahreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Skal við styrkveitingu farið eftir skýrslu hlutaðeiganda, sem stjórnin tekur gilda. Má þar tilfæra kostnað við læknishjálp, sjúkrahússvist eða hjúkrun í heimahúsum, einnig vinnutjón, ef sjúkdómurinn varir lengi og sjúklingurinn er efnalítill eða hefur fyrir mörgum að sjá og er ekki í sjúkrasamlagi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tveir kosnir af kjósendum hreppsins, en einn af hreppsnefndinni, og skal kosið þriðja hvert ár.

5. gr.

Stjórnin skal hafa gerðabók, er í skulu færðir reikningar sjóðsins og allt annað, er hann snertir.

Minningargjafir, sem sjóðnum kunna að hlotnast, skulu auk þess skráðar í sérstaka bók, sem geymd sé á kirkjustaðnum í Unaðsdal, og skulu jafnan vera til og fyllt út minningarspjöld fyrir hverja dánargjöf.

Endurskoðun á reikningum sjóðsins skal jafnan einhver ættingi þess, sem sjóðurinn er stofnaður um, hafa á hendi, ef búsettur er í hreppnum, og sé hann kosinn árlega.

6. gr.

Sjóðinn má ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða annars staðar, þar sem stjórn hans telur fulltryggilegt.

Reikningsár hans er almanaksárið.

Skulu reikningar hans endurskoðaðir leggjast fyrir hreppsnefnd Snæfjallahrepps til samþykktar ár hvert.

7. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins má eigi breyta nema á almennum hreppsfundi, og skulu þá vera mættir ⅔ — tveir þriðju — hlutar atkvæðisbærra kjósenda hreppsins og ⅔ — tveir þriðju — hlutar greiddra atkvæða samþykkja breytinguna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

32
15. febr.

FJALLSKILAREGLUGERÐ
fyrir Strandasýslu.

I. KAFLI
Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefnd Strandasýslu hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar. Hún sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Sömuleiðis heyra undir hana allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppsstjórum varðandi fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík mál undir úrskurð sýslunefndar.

2. gr.

Hreppsnefndir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir á fjallskilamálum, hver í sínum hreppi eða í samlögum, ef svo hagar til.

Hreppsnefndir geta gert nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, þó má eigi þar með raska reglugerð þessari.

II. KAFLI
Um mörk og markaskrár.

3. gr.

Sérhver fjáreigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark á fé sínu. Aðfengið fé skal hann marka upp undir eyrnamark sitt eða brennimerkja þær kindur, sem hyrndar eru, en festa málmplötu með skýru eignarmerki í eyrun á kollóttu fé.

4. gr.

Sýslunefndin skal láta prenta markaskrá sýslunnar fimmta hvert ár, þegar ártalið stendur á hálfum eða heilum tug, og skal útgáfu og útsending lokið fyrir 30. ágúst það ár, sem skráin kemur út. Undirbúning að söfnun marka skal hefja í byrjun þess árs, sem skráin kemur út, og vera lokið fyrir lok aprílmánaðar.

Sýslunefndin kýs mann, er sér um útgáfu, undirbúning, röðun og prentun skrárinnar. Greiða skal hver markeigandi gjald það, er sýslunefndin ákveður fyrir innfærslu marksins í skrána, og skal gjaldinu varið til greiðslu kostnaðar við söfnun marka, skráning og prentun. Hreppsnefndir annast söfnun marka, hver í sínum hreppi. Ef gjaldið nemur meiru en kostnaði þessum, rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi gjaldið eigi, greiðist það, er á vantar, úr sýslusjóði.

5. gr.

Nú flyzt maður inn í sýsluna, og skal hann þá tilkynna mark sitt hreppsnefndum sýslunnar. Þeir, sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að með fé þeirra verði farið sem óskilafé.

6. gr.

Brennimörk hreppanna eru þessi:
Str. 1 fyrir Bæjarhrepp,
Str. 2 fyrir Óspakseyrarhrepp,
Str. 3 fyrir Fellshrepp,

Str. 4 fyrir Kirkjubólshrepp,
Str. 5A fyrir Hólmavíkurhrepp,
Str. 5 fyrir Hrófbergshrepp,
Str. 6 fyrir Kaldrananeshrepp,
Str. 7 fyrir Árneshrepp.

III. KAFLI
Um notkun upprekturslands.

7. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi skal annast, að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekturslands fyrir sig, fái upprekstur annars staðar, þar sem fjalllendi er nægilegt í hreppnum, og skal hún því jafna fénu niður í löndin að réttri tiltölu. Hver fjáreigandi er skyldur til að reka geldfé sitt á fjall samkvæmt ráðstöfun hreppsnefndarinnar, nema hann hafi útvegað sér sjálfur upprekturslands í öðrum hreppi, en þá er hann skyldur til að tilkynna það landeiganda þeim, er honum bar upprekstur hjá, í síðasta lagi 10. maí, ella gjaldi honum upprekturstoll.

8. gr.

Til þess að framkvæma ákvæði 7. gr. skal hver hreppsnefnd semja reglur um notkun upprekturslands, þegar er reglugerð þessi öðlast gildi.

9. gr.

Allir fjáreigendur, sem að dómi hreppsnefndar skortir land til sumarbeitar fyrir fé sitt, skulu greiða upprekturslands til sveitarsjóðs, er síðan greiðir hagatoll til þeirra landeigenda, sem upprekstur leyfa eða fyrir verulegum ágangi verða. Skal hreppsnefnd ákveða gjald þetta innansveitar. Þar sem svo hagar til, að afréttir eru í eign eins eða fárra manna, ákveður hreppsnefnd gjaldið í samráði við þá og getur falið þeim innheimtuna sjálfum. Þó er þeim, er upprekturslands vantar, heimilt að útvega sér það sjálfum, ef hann tilkynnir það hreppsnefnd fyrir 1. maí ár hvert. Upprekturslands skal vera 30 aurar fyrir hverja kind eða eftir því, sem hreppsnefnd kann að ákveða, og greiðist fyrir 1. október eftir á.

10. gr.

Nú liggja saman sumarhagar og verður einn fyrir ágangi frá öðrum á heimalönd sín eða afrétti, og á þá sá, sem fyrir ágangi verður, kröfu á hendur hinum fyrir uslagjaldi eða hagatolli, miðað við tölu ágangsfjárins, eins og hún reynist í haustréttum, nema öðruvísi sé um samið, þó ekki meira en 30 aurar fyrir hverja kind.

11. gr.

Rétt er þeim, sem bíður usla á engjum sínum af upprekturslands, að kæra það fyrir hreppsnefnd, og getur hann skotið máli sínu til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, ef ekki næst samkomulag.

IV. KAFLI
Um fjallskil.

12. gr.

Tvær skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, nema hreppsnefndin mæli öðruvísi fyrir, og skal rétta sjálfan leitardaginn, nema í Staðarrétt, Skarðsrétt og Árnesrétt. Þar skal að jafnaði rétta að

32 morgni, þriðjudaginn næstan eftir. Annar leitardagur skal vera viku síðar eða eftir
15. febr. því, sem hreppsnefnd ákveður hverju sinni, svo getur hreppsnefnd og ákveðið fleiri leitir, eftir því sem þurfa þykir.

13. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi. Hver ábúandi eða húsráðandi, sem fé á, er einnig fjallskilaskyldur fyrir hjú sín og börn, eigi þau fé, og fyrir aðra, er hann kann að hafa tekið fé af til uppreksturs úr öðrum hreppum. Lausamenn og húsmenn gera fjallskil fyrir það fé, sem þeir eiga.

Nú hagar svo til, að sauðfjárbú er ekki rekið á jörð, jafnvel þótt í ábúð sé, og gengur hjörð óviðkomandi manna í landi jarðarinnar, og skal þá hreppsnefndin í þeim hreppi, sem fjáreigendur búa í eða eru í réttarfélagi með, sjá um, að landið sé hreinsað sauðlaust á lögboðnum leitardögum.

14. gr.

Hreppsnefnd skal leggja fjallskilakostnað, hlutfallslega eftir fjárfjölda, á hvern þann mann í hreppnum, sem sauðkindur á, nema hann sé í réttarfélagi í öðrum hreppi. Nú er fjáreigandi í réttarfélagi í öðrum hreppi, og er hann þá fjallskilaskyldur þar. Heimilt er hreppsnefnd að meta allan fjallskilakostnað til peningaverðs og jafna honum niður á allar sauðkindur í hreppnum eða réttarfélaginu. Þegar fjallskil einhvers nemur hálfu dagsverki, á hreppsnefnd heimtingu á, að hann leggi mann til fjallskila, ef þörf krefur.

Sá, er notar land utan hrepps fyrir fénað sinn eða nokkurn hluta hans, skal hafa tilkynnt það hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem hann á heima, áður en 12 vikur eru af sumri, og er hann þá undanþeginn fjallskilum þar fyrir þennan fénað.

15. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal árlega í tæka tíð semja fjallskilaseðil, þar sem hún fyrirskipar, hvernig fjallgöngum og heimalandsleitun skuli hagað. Skal hún útnefna einn eða fleiri leitarstjóra í hreppnum, sem stjórni göngum leitarmanna og annist, að allt fari skipulega og vel fram.

16. gr.

Í fjallleitum skal öllu fé safnað til lögréttar úr upprekstrslöndum. Hreppsnefnd getur bannað sundurdrátt á bæjum og ákveðið, að allt fé úr heimalöndum skuli rekið til réttar, ef nauðsyn ber til. Rísi ágreiningur út af þessu, skulu hlutaðeigendur hlíta úrskurði sýslunefndar.

17. gr.

Leitarstjóri skal hlífðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum sínum, en hreppsnefndin kærir slíkt til sekta, svo og alla aðra skylduvanrækt með tilliti til fjallskila.

V. KAFLI

Um réttarhöld og meðferð óskilafjár.

18. gr.

Ein eða tvær skulu lögréttir vera fyrir hvern hrepp á þeim stöðum, sem hér segir:

Í Bæjarhreppi að Grænumýrartungu og Kollsá.

Í Óspakseyrarlandi að Óspakseyri.

Í Fellshreppi að Felli.
Í Kirkjubólshreppi að Kirkjubóli.
Í Hólmavíkurhreppi að Víðidalsá.
Í Hrófbergshreppi að Stað.
Í Kaldrananeshreppi að Skarði.
Í Árneshreppi að Árnesi.

19. gr.

Valdi bygging lögréttar grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður krafizt, koma fullt endurgjald úr sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps eftir mati dómkvaddra manna.

20. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að fjárréttir séu í góðu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir, að enginn þurfi að hleypa fé út, fyrr en drætti er lokið. Í þeim lögréttum, þar sem utanhreppsmenn eiga von á töluverðum fénaði, skulu þeir hlaða upp hæfilega stóra dilka eftir nánari fyrirmælum hlutaðeigandi hreppsnefndar. Hver ábúandi eða húsráðandi, sem fé á, er skyldur að vinna við að koma upp eða gera við rétt, samkvæmt fyrirmælum hreppsnefndar. Allur kostnaður, er af þessu leiðir, jafnast niður á hreppsbúa í hlutfalli við sauðfjáreign þeirra.

21. gr.

Oddviti hreppsnefndar skal ávallt vera viðstaddur réttarhaldið eða annar, er hann til þess kveður, til þess að hafa umsjón með því, að allt fari vel og skipulega fram, og eru því allir, sem vinna ber að réttarhaldinu, skyldir að hlýða fyrirmælum þeirra.

22. gr.

Réttarstjóri skal skipa menn til þess að líta eftir því svo vel sem unnt er, að fé misdragist ekki.

23. gr.

Rétt er hreppsnefnd að setja um það ákvæði í leitarseðil, ef hún telur þess þörf, hversu marga menn hver fjáreigandi skuli leggja til í réttina, og má enginn, sem skyldur er að gegna réttarstörfum, fara, fyrr en sundurdrætti er lokið, nema réttarstjóri leyfi. Ef einhver fjáreigandi utansveitar eða innan, leggur svo illa til réttarstarfa, að töf verði að, er réttarstjóra heimilt að ráða menn á hans kostnað til þess að draga fé hans.

24. gr.

Eginn má marka kindur í lögréttum, nema með samþykki réttarstjóra og undir umsjón hans.

25. gr.

Réttarbónda skal árlega gjalda réttartoll úr sveitarsjóði eftir samkomulagi við hreppsnefnd eða mati óvilhallra manna.

26. gr.

Óskilafé er það fé, sem enginn finnst eigandi að, svo og ómerkingar allir, sem ær helga sér ekki, og mýetið fé.

27. gr.

Réttarstjóri skal annast um, að ómerkingar séu dregnir í einn dilk, jafnóðum og þeir finnast í rétt, og skal, áður en réttarhaldinu er lokið, láta lambsmæður helga sér dilka sína undir umsjón hans. Þá ómerkinga, sem lambsmæður helga sér ekki samkv. framansögðu, og mýetið fé skal þegar selja, að afloknu réttarhaldi, og rennur andvirðið í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

32 15. febr.

28. gr.

Annað óskilafé en um ræðir í 26. gr. skal þegar í stað skoða og senda nákvæma lýsingu af því í næstu hreppa á alla vegu svo fljótt sem unnt er. Finnist ekki eigendur innan þriggja sólarhringa, eftir að lýsing var send, skal hreppsstjóri selja féð á uppboði eða ráðstafa því til innlags í verzlanir á sérstakan reikning eftir mörkum í samráði við hreppsnefnd.

Meðan á lýsingarfresti stendur, skal hreppsnefnd sjá um örugga geymslu á óskilafénu, og er hver búandi skyldur til að hafa geymsluna á hendi þrjú ár í röð, ef hreppsnefnd krefst þess og honum er það unnt. Gæzlukaup skal vera 30 aurar fyrir hverja kind um sólarhring eða eftir samkomulagi.

29. gr.

Skylt er hverjum manni að greiða sem bezt fyrir fé annarra. Þar til heyrir að reka heimtufé bæ frá bæ úr fyrstu og annarri leit. Hver, sem gerir sig sekan um skeytingarleysi eða illa meðferð á heimtufé, meðal annars með því að svelta það inni, reka það óþyrmilega eða týna því, skal kærður til hegningar. Skylt er hverjum þeim manni, sem rekur eða lætur reka fjárhópa frá réttum, að hafa nægilegan mannafla við fjárreksturinn. Réttarstjóri skal jafnan hafa mann á undan fjárhópnum til að fyrirbyggja, að annað fé geti komið saman við reksturinn, sem gæti valdið óþægindum eða flækingi, og ber hann fulla ábyrgð á, ef út af er brugðið. Hreppsnefnd hefur vald til að ákveða mannfjölda við slíka fjárrekstra, ef þurfa þykir.

30. gr.

Fjallafé, sem finnst, eftir að óskilafé hefur verið selt, skal reka til hreppsnefndaroddvita, er lætur reka það til eiganda, ef hann ekki er langt í burtu, ella selja það við opinbert uppboð. Allan kostnað af þessu greiðir eigandi fjárins, áður en það er afhent. Þó getur finnandi rekið slíkt fé til eiganda eða gætt þess, allt á hans kostnað, ef slíkt yrði talið haganlegra.

31. gr.

Lýsing á óskilafé því, er við uppboð hefur verið selt og eigendur þekkjast eigi að, skal í lok hvers árs sendast oddvita sýslunefndar, og skal hann síðan auglýsa í Lögbirtingablaði allt það óskilafé, sem það ár hefur verið selt í sýslunni, með mörkum þess og öðrum einkennum. Hver sá, sem sannar eignarrétt sinn að hinu selda fé, skal fá andvirði hins selda óskilafjár, að frádregnum öllum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir lok septembermánaðar næst á eftir.

VI. KAFLI

Um smalanir.

32. gr.

Mánudaginn í 11. viku sumars skal á vori hverju í öllum hreppum sýslunnar fara fram almenn smölun á sauðfé til rúningar. Skal þá ábúandi hverrar jarðar leita vandlega heimaland sitt og hirða allt órúið fé, er í því kann að finnast, og koma öllu afbæjarfé í skilarekstrum áleiðis til eigenda, ella rýja órúið fé og skila eigendum ullinni og marka ómörkuð lömb undir mark eiganda. Auk þess er hreppsnefndum heimilt að fyrirskipa fleiri smalanir á vori á þeim tíma, er henni þykir henta. Heimilt er hreppsnefnd, ef henni þykir ástæða til, að haga aðalvorsmölun eftir fyrirmælum IV. kafla reglugerðar þessarar, eftir því sem við getur átt.

VII. KAFLI
Um ótamin hross.

33. gr.

Hrossaeigendum er skylt að hafa greinilegt eyrnamark á öllum hrossum, veturgömlum og eldri, þeim er sjálfala ganga.

34. gr.

Skyldur er hver maður að koma öllum ótömdum hrossum sínum á afrétt eða til fjalls svo snemma á vori hverju sem hreppsnefnd álítur óhætt og nauðsynlegt, og er engum heimilt að hafa hross þessi í heimahögum, frá því er þau eiga að rekast, og til rétta á hausti, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd telji ómögulegt að fá handa þeim fjallland fyrir sanngjarna borgun eða heimalandi hrossaeiganda sé svo háttað, að hann geti haft þau heima, öðrum að skaðlausu.

35. gr.

Öllum ótömdum hrossum skal smala til réttar í annarri leit. Hross þau, sem eftir verða, þegar sundurdrætti er lokið, skal fara með sem óskilafé, sbr. 28. gr. Þá skulu þau seld með 3 vikna auglýsingarfresti fyrir söludag, og innlausnarfrestur skal vera 6 vikur eftir söludag. Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda, fyrr en innlausnarfrestur er liðinn.

Gæzlukostnaður fyrir hvert hross má ekki fara fram úr 1 krónu um sólarhring, nema hrossin komi í hús og sé gefið hey.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

36. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða 5—500 króna sektum, er renni í sveitarsjóð þess hrepps, sem brot er framið í.

37. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðarinnar, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

38. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Strandasýslu um refaeyðingar, notkun upprekturslands, fjallskil, réttarhöld o. fl., nr. 73 8. ágúst 1921, og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð, nr. 106 28. okt. 1932.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. febrúar 1946.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

33 15. febr. **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Gunnars Thorbergssonar Oddson", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. febrúar 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Gunnars Thorbergssonar Oddson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Gunnars Thorbergssonar Oddson.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með eftirlátnum eignum Gunnars Thorbergssonar Oddson samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá hans og er samtals að fjárhæð kr. 8916.45.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Til ársloka 1948 skulu allir vextir lagðir við höfuðstól, en eftir þann tíma ⅓ hluti vaxtanna, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, sbr. 4. gr.

4. gr.

Eftir árslok 1948 má verja ⅔ hlutum ársvaxtanna til styrktar börnum og ekkjum sjódrukknaðra manna búsettum í Seyðisfirði og Loðmundarfirði. Þegar um meiri háttar sjóslys er að ræða, má úthluta öllum ársvöxtum sjóðsins samkvæmt framanrituðu.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, einum kosnum af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, einum kosnum af hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps og einum kosnum af hreppsnefnd Loðmundarfjarðarhrepps. Stjórnin skal þannig kosin til eins árs í senn. Á sama hátt skal kjósa 3 varastjórnendur. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa með höndum fjárgæzlu sjóðsins og styrkveitingar úr honum og semur reikning hans.

Reikingsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikning sjóðsins skal bæjarstjórn endurskoða, úrskurða og birta.

7. gr.

Sjóðurinn skal geymast og ávaxtast í ríkisskuldabréfum og bankavaxtabréfum, sem ríkisábyrgð er fyrir, eftir því sem við verður komið, en að öðru leyti í sparisjóði.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast staðfestingar forseta.

Seyðisfirði, 5. janúar 1945.

Hjálmar Vilhjálmsson. Sig. Vilhjálmsson. Erlendur Björnsson.

REGLUGERÐ

34
15. febr.

um eyðingu refa í Strandasýslu.

1. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn refaeyðingar í afréttum og heimalöndum sýslunnar, en hreppsnefndir annast eftirlit og framkvæmd þess starfs, hver í sínu umdæmi.

2. gr.

Refum skal að jafnaði eyða með skotum. Eitrun má því aðeins viðhafa, að hreppsnefnd álíti þess brýna þörf. Skal hún þá ráða til þess starfs mann, sem hún treystir til að gæta ítrustu varúðar um meðferð eitursins.

3. gr.

Áður en hálfur mánuður er af sumri, skal hreppsnefnd hafa skipað fyrir um grenjaleitir. Grenjaleitartími er frá því er tvær vikur eru af sumri og til loka elleftu viku. Grenjaleitir kostar hlutaðeigandi sveitarsjóður.

Nú fær hreppsnefnd vitneskju eða sterkan grun um það, að refir hafist við í landi jarðar, og skal hún þá skora á ábúanda jarðarinnar að fá vel hæfan mann til þess að leita í nefndu landi. Sinni hann eigi þeirri áskorun, getur hreppsnefnd látið framkvæma leitina.

4. gr.

Hver hreppsnefnd ræður skotmann og vökumann, er skotmaður tekur gildan. Semur hún við skotmann um grenjavinnsluna og tilkynnir hreppsbúum, hvern hún hafi ráðið. Skotmaður skal jafnan viðbúinn að fara á gren, þá er það finnst og honum hefur verið gert viðvart. Eigi mega aðrir vinna gren né taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

5. gr.

Nú finnst gren í grenjaleit eða á annan hátt, og skal það þá, ef unnt er, ekki yfirgefið. Finni það aðeins einn maður og aðrir séu eigi nærstaddir, svo að hann þess vegna verði að yfirgefa grenið til þess að láta vita af því, skal hann hraða för sinni til næsta búanda, og er búandinn skyldur að tilkynna skotmanni um grenfundinn, en sá, er grenið fann, fer án tafar á það aftur og yfirgefur það ekki, fyrr en skotmaður eða vökumaður kemur. Þó er ferðamanni eigi skylt að fara aftur á gren, er hann hefur fundið, en þá sendir búandinn mann í hans stað.

6. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annars staðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélags, er annast um grenjavinnslu á því svæði, enda greiði sveitarfélagið allan kostnað við grenjavinnsluna.

Heimilt er þó ábúanda að taka þátt í grenjavinnslunni á þann hátt að bera helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaður greiðist af sveitarsjóði.

Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast þá einnig eftir sömu hlutföllum sem greiðsla kostnaðarins. Þó hafa hreppsnefndir aðalumsjón með geymslu yrðlinga, flutning á þeim og sölu.

Tilkynning ábúanda um, að hann kjósi að taka þátt í grenjavinnslunni, skal vera skrifleg og afhent hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita fyrir fyrsta sumardag, áður en grenjavinnsla fer fram.

34 15. febr.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst milli þeirra og hreppsnefndar.

Nú er gren unnið að einhverju eða öllu leyti samkv. niðurlagi 4. gr., og skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki má vera minni en helmingur þess, er hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meiri en hann hefði haft.

8. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir 1. desember ár hvert leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við eyðingu refa á afréttar- eða heimalöndum þeirra.

9. gr.

Nú vinnst hlaupadýr á tímabilinu frá 1. maí til 1. nóvember, og ber þá skotmanni 10 krónur fyrir hvert dýr, er hann sannar með vottorði tveggja valinkunnra manna, að hann hafi unnið.

Þóknun þessi greiðist úr sýslusjóði.

Enn fremur er heimilt að greiða úr sýslusjóði eftir ákvörðun sýslunefndar 25 króna þóknun fyrir bitvarg, er skotmaður sannar á sama hátt og að framan er krafizt um hlaupadýr, að hann hafi unnið á tímabilinu frá 1. maí til 1. nóvember.

Framangreindar þóknanir getur sýslunefnd hækkað eða lækkað, eftir því sem atvik standa til.

10. gr.

Enginn má raska grenjum, nema með samþykki og að fyrirsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Ekki má láta hunda hlaupa á gren á grenjavinnslutímanum né hafa þar óþarfa umgang eða hark.

11. gr.

Sveitarstjórn skal halda sérstaka bók, sem í skal rita skrá yfir öll þekkt gren og stutta lýsingu af þeim, árlegar skýrslur frá refaskyttum um, hvaða gren hafi verið lagt í, hve mörg dýr hafi unnizt á hverju greni og tölu yrðlinga, sem teknir hafa verið, og enn fremur, hverjir hafi unnið bitvarga og hlaupadýr og hve mörg.

Sveitarstjórn skal í hver árslok senda oddvita sýslunefndar afrit af því, sem innfært hefur verið á árinu í framangreinda bók.

Sveitarstjórn skal láta hlaða vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

12. gr.

Um refarækt og refaeldi fer eftir lögum nr. 38 13. júní 1937 og lögum nr. 94 14. maí 1940, um refaveiðar og loðdýrarækt, og reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða 20 til 5000 króna sektum, er renni í sýslusjóð.

14. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Strandasýslu um refaeyðingar og tófueldi, nr. 71 9. ágúst 1920, og síðari breytingar á henni. 34 15. febr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. febrúar 1946.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Blaðamannafélagsins", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. febrúar 1946. 35 16. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Blaðamannafélagsins.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Menningarsjóður Blaðamannafélagsins, og er heimili hans og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Blaðamannafélagi Íslands samkvæmt félagssamþykkt, gerðri 14. júní 1942. Skal sjóðnum aflað fjár, aðallega svo sem hér greinir, en að öðru leyti eftir því, sem henta þykir hverju sinni:

a. Félagar í Blaðamannafélagi Íslands skulu á ári hverju greiða til sjóðsins gjöld, er eigi nemi minnu en helmingi þess gjalds, sem þeir greiða í ársgjald til félagsins á hverjum tíma, og eigi minnu en jafnháu tillagi blaða fyrir hvern starfsmann sinn í félaginu, að fengnu samþykki blaðaútgefenda, er hlut eiga að máli.
b. Með útgáfu ársrits Blaðamannafélags Íslands og annarri útgáfustarfsemi, eftir því sem ástæður þykja til.
c. Með skemmtanahöldum, fyrirlestrastarfsemi og á annan hátt, sem stjórn sjóðsins í samráði við félagsstjórn þykir henta.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja blaðamenn, sem félagar eru í Blaðamannafélagi Íslands, til utanfarar, svo sem til þess að sækja blaðamannafundi og námsskeið erlendis, eða til þess að kynna sér ákveðin mál, er blaðamenn varða. Svo má og veita styrk úr sjóðnum til þeirra blaðamanna, sem eru eða hafa verið félagar í Blaðamannafélagi Íslands, en hafa orðið að láta af blaðamennsku vegna sjúkdóma eða örorku fyrir aldur fram. Styrk má og veita til ákveðinna ritstarfa.

4. gr.

Eigi má veita styrk úr sjóðnum, fyrr en hann er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur að upphæð. Má þá úthluta allt að helmingi vaxta sjóðsins og annarra árstekna hans.

Til þess að styrkja blaðamenn til utanfarar má verja helmingi þess fjár, sem til úthlutunar kemur hverju sinni, svo sem að ofan greinir, og meiru, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Jafnframt skal stjórn sjóðsins hlutast til um, í samráði og samvinnu við stjórn Blaðamannafélags Íslands, að jafnmikill styrkur komi á móti af opinberu fé, reynist þess nokkur kostur. Njóti starfsmaður einhverrar blaðaútgáfu utanfararstyrks, skal jafnframt leitað eftir styrk hjá hlutaðeigandi

35 fyrirtæki, eftir því sem eðlilegt og hentugt þykir hverju sinni. Haldi hann auk þess
15. febr. fullu kaupi hjá blaðinu.

Allt að helmingi þess fjár, sem til úthlutunar kemur, má verja til að útvega Blaðamannafélagi Íslands vistlegan samastað og handbókasafn. Sé eigi af löggjafarinnar hálfu séð fyrir afkomu þeirra blaðamanna, sem vegna sjúkdóms eða örorku verða að láta af starfi fyrir aldur fram, má verja þessum hluta sjóðsteknanna til styrktar þeim blaðamönnum, sem svo er ástatt um, eða til ættingja látinna blaðamanna.

Er veittur er utanfararstyrkur, skal að jafnaði leitazt við, að blaðamanni þeim, sem styrksins nýtur, verði gert kleift að dveljast utanlands eigi skemur en þrjá mánuði. Skal hann senda stjórn Blaðamannafélagsins skýrslu um ferð sína og störf og birta ritgerð í ársriti um málefni þau, er hann hefur einkum lagt stund á í ferðinni.

5. gr.

Stjórn og framkvæmdir sjóðsins annast sérstök nefnd, skipuð þremur mönnum, er kosin sé á aðalfundi Blaðamannafélags Íslands til eins árs í senn. Þá skal og kosinn varamaður í nefndina.

Endurskoðendur Blaðamannafélagsins skulu og hafa með höndum endurskoðun sjóðsins. Gjaldkeri nefndarinnar, — en hún skiptir sjálf með sér störfum —, skal annast fjárreiður sjóðsins og reikningshald.

Engin ákvörðun sjóðsnefndar er gild, nema samþykki meiri hluta félagsstjórnar komi til á formlegum fundi.

6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Þó má einnig verja fénu til hagkvæmra verðbréfakaupa, sem tryggð séu með ábyrgð ríkissjóðs eða bæjar- og sveitarfélaga, þannig að jafngilda þyki ábyrgð ríkissjóðs.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

36 **REGLUGERÐ**
20. febr.

um jarðræktarsamþykktir.

I. KAFLI

Markmið samþykktar og verkefni.

1. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja samþykkt um, að sambandið taki að sér ákveðnar ræktunarframkvæmdir á sambandssvæðinu.

Jarðræktarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um, hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðar- 36
vinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2. 20. febr.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo að þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI
Undirbúningur að stofnun jarðræktarsamþykkta.

2. gr.

Nú ákveður aðalfundur búnaðarsambands að komą á jarðræktarsamþykkt fyrir sambandssvæðið, og skal þá stjórn sambandsins semja frumvarp að jarðræktarsamþykkt á grundvelli laganna og þessarar reglugerðar. Frumvarpið skal senda formönnum allra hreppabúnaðarfélaga innan sambandsins. Jafnframt sé þeim tilkynnt, að frumvarpið verði tekið til fullnaðarafgreiðslu á næsta aðalfundi sambandsins.

3. gr.

Formönnum hreppabúnaðarfélaga ber að boða til almenns fundar í félagi sínu. Í fundarboði skal tekið fram, að frumvarp til ræktunarsamþykktar verði til umræðu og afgreiðslu. Skal til fundarins boðað með nægilegum fyrirvara og félagsmönnum gefinn kostur á að kynna sér samþykktina. Skal tilkynna í fundarboði, hvar samþykkt liggi frammi til sýnis fyrir félagsmenn.

4. gr.

Fundur telst lögmætur, ef fullnægt er ákvæðum gildandi laga hlutaðeigandi félags um lögmæti aðalfundar. Þar skal samþykktin borin undir atkvæði mættra félagsmanna, og samþykki meiri hluta þeirra hana í öllum aðalatriðum, er ákveðin þátttaka hlutaðeigandi hreppabúnaðarfélags í ræktunarsamtökunum. Gildir ákvörðun fundarins sem umboð fyrir fulltrúa þess á aðalfundi búnaðarsambandsins til lokaákvarðana og atkvæðagreiðslu um stofnun ræktunarsamþykktar.

5. gr.

Þegar frumvarp að samþykkt hefur fengið áðurgreindan undirbúning samkvæmt 2.—4. grein þessarar reglugerðar og hlotið samþykki meiri hluta hreppabúnaðarfélaga á sambandssvæðinu, skal það lagt fyrir aðalfund sambandsins.

Samþykki löglegur aðalfundur frumvarp að samþykkt með að minnsta kosti ⅔ atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda samþykktina Búnaðarfélagi Íslands, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.

6. gr.

Nú eru komnar fram kröfur frá einu eða fleiri hreppabúnaðarfélögum um skiptingu búnaðarsambandsins í samþykktarsvæði og liðinn er sá frestur, er um getur í 3. gr. laganna, 1. mgr., og skal þá stjórn búnaðarsambandsins gera tillögu um slíka skiptingu.

Skal skiptingu þannig hagað, að tekið sé sem bezt tillit til aðstöðu hreppabúnaðarfélaganna til notkunar á sameiginlegum vélakosti og til félagslegs samstarfs um framkvæmdir þær, er vinna á, en stefnt skal að því, sé þess kostur, að sýslufélög geti orðið samþykktaraðili fyrir sig eða tvö eða fleiri hreppabúnaðarfélög óskipt. Jafnframt skal þess gætt, að ekkert byggðarlag á sambandssvæðinu verði útilokað frá þátttöku í ræktunarsamþykkt. Þó er heimilt, þar sem vænta má, að frambúðaraðstaða til samgangna og milliflutnings véla hindri sameiginlega notkun fleiri hreppabúnaðarfélaga á þeim, að eitt hreppsbúnaðarfélag sé samþykktarsvæði,

36 enda séu nægileg verkefni að dómi Búnaðarfélags Íslands fyrir eina vélasamstæðu
20. febr. um langt árabil og tryggt þyki, að vélarnar verði starfræktar að fullu.

7. gr.

Nú hefur sambandsstjórn gert tillögur um skiptingu búnaðarsambands í ræktunarsambönd, og skal hún þá leita um þær álits og tillagna Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi hreppabúnaðarfélaga. Ber formönnum hreppabúnaðarfélaga að hafa þá meðferð um afgreiðslu málsins, sem ákveðin er í 3. og 4. gr. þessarar reglugerðar, enda ber stjórn búnaðarsambandsins að láta fylgja umsagnarbeiðninni frumdrætti að samþykkt fyrir hvert ræktunarsamband

Nú telur Búnaðarfélag Íslands, að skiptin brjóti í bága við ákvæði laganna og reglugerðar þessarar, og skal þá synja um staðfestingu á þeim, þar til er bót hefur verið á því ráðin.

8. gr.

Að fengnum samþykktum hreppabúnaðarfélaganna og umsögn Búnaðarfélags Íslands skulu tillögur um skiptin og frumdrættir að samþykkt fyrir hvert ræktunarsamband lögð fyrir aðalfund búnaðarsambandsins, sem tekur ákvörðun um skiptinguna.

9. gr.

Að fengnum þeim undirbúningi, er um getur í 7. og 8. gr. þessarar reglugerðar getur hvert ræktunarsamband innan þess búnaðarsambands, er skiptin ná til, sett sér ræktunarsamþykkt að eigin frumkvæði.

Skal það gert á sameiginlegum almennum fundi hlutaðeigandi hreppabúnaðarfélaga eða á fulltrúafundi, og skulu fulltrúar kosnir í hlutföllum við tölu félagsmanna í hverju hreppsbúnaðarfélagi.

Samþykki löglega boðaður almennur félagsfundur eða fulltrúafundur frumvarp með að minnsta kosti ⅗ atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn ræktunarsambandsins senda samþykktina Búnaðarfélagi Íslands, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.

III. KAFLI

Framkvæmdastjórn og verksvið hennar.

10. gr.

Í samþykktum skal kveða á um, hvernig framkvæmdastjórn sé skipuð, um lengd kjörtímabils og verkaskiptingu stjórnarnefndarmanna, enn fremur um valdsvið félagsfunda og framkvæmdastjórnar.

11. gr.

Framkvæmdastjórn búnaðarsambands eða ræktunarsambands skal annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

12. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

13. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu og ákveður, á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

14. gr. 36

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni 20. febr.
að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún falið honum framkvæmdastjórn daglegs reksturs og umsjón með verkstjórn vinnuflokka, með erindisbréfi.

15. gr.

Allir samningar, er framkvæmdastjórn gerir fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þess eða ályktunum aðalfunda sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

IV. KAFLI
Undirbúningur framkvæmda og vélakaup.

16. gr.

Stjórnir búnaðarsambanda annast með aðstoð Búnaðarfélags Íslands eftirgreindar mælingar og athuganir:

1. Stærð túna og sé jafnframt gerð athugun um ræktunarástand þeirra og áætlun gerð um endurbætur á ræktun þeirra, ef ástæða þykir til.
2. Stærð túnþýfis að flatarmáli á hverri jörð, sbr. bráðabirgðaákvæði jarðræktarlaga, nr. 54 frá 4. júlí 1942. Kostnaðaráætlun sé gerð um sléttun á því túnþýfi, sem telst sléttunarhæft tilkostnaðar vegna, eftir þeim reglum, er um það gilda, samkvæmt jarðræktarlögunum.
3. Skilyrði til nýræktar á hverri jörð, sem áformað er, að aukin sé túnrækt á. Skal fara fram val á ræktunarlandi og stærð þess ákveðin með tilliti til ræktunarþarfa og búrekstursaðstöðu. Skal jafnan miða við, að sú ræktunaraukning verði gerð, að allra heyja verði aflað á vélfæru, ræktuðu landi, sbr. þó ákvæði 4. liðs. Uppdrættir og ræktunaráætlanir taka til, hvernig framræslu skuli hagað, og ákveði í höfuðdráttum önnur einstök atriði, er að framkvæmdum ræktunar lúta.
4. Rannsókn á skilyrðum til að gera engi véltæk eða auka þau og áætlanir gerðar um framkvæmdir, svo og framræslu þeirra, sé hennar þörf. Þessar framkvæmdir koma þó því aðeins til greina, að ótvíræður hagnaður sé af framkvæmdinni samanborið við túnrækt, samkv. 3. lið.
5. Hvort einhverjar jarðir og þá hverjar, falli undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning.

17. gr.

Ræktunarframkvæmdir, sem gerðar eru samkvæmt lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð þessari, skulu framkvæmdar eftir fyrirsögn trúnaðarmanns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Nú hefur stjórn búnaðarsambands eða ræktunarsambands ráðið sér framkvæmdastjóra, sérfróðan um ræktunarmál, og getur þá stjórn Búnaðarfélags Íslands falið honum að einhverju eða öllu leyti undirbúning ræktunarframkvæmda í samráði við jarðræktarráðunaut félagsins.

Ef jarðeigandi eða ábúandi, sé jörðin í leiguábúð, vill ekki hlíta ákvörðunum trúnaðarmanns, getur hann skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um tilhögun verksins.

18. gr.

Nú er jörð í leiguábúð og eigandi jarðar er ekki í hreppabúnaðarfélagi, er að samþykkt stendur, og skal honum þá tilkynnt, ef leiguliði vill gera meiri háttar

36 20. febr. jarðabætur á jörð hans, sbr. ákvæði 41. gr. VII. kafla ábúðarlaga, nr. 87 frá 19. júní 1933. Vilji jarðareigandi ekki kosta umbótina, er heimilt að vinna hana fyrir leiguliða og á kostnað hans, og fer þá um rétt leiguliða gagnvart jarðareiganda samkvæmt ákvæðum ábúðarlaga.

19. gr.

Nú hefur ræktunarsamþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá verkfæranefnd ríkisins vera stjórn búnaðarsambandsins eða framkvæmdastjórn ræktunarsambandsins til aðstoðar og leiðbeiningar um kaup og val nauðsynlegra jarðvinnsluvéla og verkfæra vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda.

Skylt er stjórnum búnaðarsambanda og framkvæmdastjórnum ræktunarsambanda að láta verkfæranefnd í té eftirgreindar upplýsingar:

1. Skýrslu um stærð túnþýfis eftir þeim mælingum, er fyrir liggja frá trúnaðarmönnum Búnaðarfélags Íslands.
2. Áætlað flatarmál þess lands, er nýrækta þarf, til að alls meðalheyfengs hverrar jarðar, er ræktunarsamþykkt nær til, geti orðið aflað á vélfæru, ræktuðu landi.
3. Lausleg áætlun um, hve mikið af nýræktarlandi, samkvæmt lið 2, þurfi að ræsa fram.

Að fengnum þessum gögnum ákveður verkfæranefnd í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hver vélakostur sé nauðsynlegur til framkvæmdanna og hve margar vélar af hverri tegund skuli njóta styrks úr framkvæmdasjóði ríkisins á hverju samþykktarsvæði, miðað við eðlilega þörf búnaðarsambands eða ræktunarsambands, stærð þess, vélakost og vinnuafköst.

20. gr.

Verja skal úr framkvæmdasjóði ríkisins allt að þremur milljónum króna til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er verkfæranefnd ríkisins telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt reglugerð þessari. Styrkur þessi greiðist jafnóðum og vélarnar eru keyptar, enda liggi fyrir ákvarðanir verkfæranefndar og stjórnar Búnaðarfélags Íslands um vélaþörf hlutaðeigandi aðila, sbr. 19. gr., síðustu mgr. Enn fremur upplýsingar nefndarinnar um, að fyrir hendi sé aðstaða til þess að fullnægja ákvæðum 24. gr. um geymslu véla og verkfæra, sem keypt eru.

Styrkur veitist aðeins á nýjar, vandaðar vélar og tæki, er keypt hafa verið eftir að lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum öðluðust gildi.

21. gr.

Nú hefur búnaðarsamband eða ræktunarsamband gert innkaup á vélum, áður en lokið er undirbúningi samkvæmt ákvæðum 19. gr., en vélarnar fullnægja ákvæðum 20. gr., og er þá heimilt að greiða styrk til þeirra, ef fyrir liggur yfirlýsing verkfæranefndar og stjórnar Búnaðarfélags Íslands um, að vélar þessar fullnægi skilyrðum laganna fyrir styrkveitingu.

22. gr.

Framkvæmdastjórn búnaðarsambands eða ræktunarsambands ber að taka þá greiðslu fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkvæmt reglugerð þessari, að hún nægi fyrir öllum venjulegum reksturskostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri jafnóðum og þau verða ónothæf.

Verkfæranefnd ríkisins ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði. Gjald þetta ákveðst sem jafnt árgjald, skipt á það árabil, er telst hæfilegur endingartími vélanna, að dómi verkfæranefndar.

Verkfæranefnd ákveður fjárhæð fyrningargjaldsins, og skal það miðast við, að hægt sé að endurnýja vélar og verkfæri að öllu leyti að fyrningartímabili loknu.

Nú eru vélar ekki notaðar einhvern tíma, og ber þá hlutaðeigandi búnaðarsam- 36
bandi eða ræktunarsambandi að greiða fyrningargjaldið fyrir þann tíma. 20. febr.

23. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok hvers reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess.

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum verkfæranefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum.

Stjórnir búnaðarsambanda og ræktunarsambanda tilkynna verkfæranefnd, þegar endurnýja þarf vélar eða verkfæri, og skal þá verkfæranefnd láta fara fram skoðun á þeim.

Eftir skoðun ákveður verkfæranefnd, hver áhöld skuli keypt til endurnýjunar, og tilkynnir það stjórn Búnaðarfélags Íslands, ásamt tillögum sínum um, hvað skuli greiðast úr fyrningarsjóði til kaupanna. Þegar vélar og verkfæri hafa verið keypt, ávísar stjórn Búnaðarfélags Íslands fé því, er hún ákveður, að fyrningarsjóður leggi fram til kaupanna.

24. gr.

Verkfæranefnd ríkisins skal hafa eftirlit með vélum þeim og verkfærum, sem keypt eru og notuð samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, viðgerð þeirra og viðhaldi, svo og ef þess er óskað, öðrum vélknúnum tækjum, sem notuð eru í sambandi við jarðræktarframkvæmdir í sveitum. Skal hún hafa í þjónustu sinni nægilega marga vélfróða menn til að annast eftirlit þetta.

Skylt er framkvæmdastjórnum að sjá um, að vélar og verkfæri séu geymd þannig, þegar þau eru ekki í notkun, að geymsla valdi ekki skemmdum á þeim.

Þeim ber að hlíta ákvörðunum verkfæranefndar ríkisins um viðhald vélanna, hirðing þeirra og geymslu. Vanræki búnaðarsamband eða ræktunarfélag viðhald véla þessara að dómi verkfæranefndar eða neiti að hlíta fyrirmælum hennar þar að lútandi, skal það varða sektum eða endurgreiðslu styrksins, sé um miklar sakir að ræða.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

25. gr.

Hvert ræktunarsamband myndar stofnsjóð til vélakaupa.

Til stofnfjár má telja:

1. Óafturkræf framlög búnaðarsambands og hreppabúnaðarfélaga, er nemi minnst ¼ hluta heildarstofnfjár, sem aflað er samkvæmt lið 1—4.
2. Óafturkræf frjáls framlög frá einstaklingum eða öðrum aðilum.
3. Sameiginlegt stofnfjárlán, sem tryggt er með sameiginlegri ábyrgð búnaðarsambandsins eða ræktunarsambandsins. Stofnfjárlán skulu endurgreidd innan 5 ára.
4. Styrkur úr framkvæmdasjóði ríkisins til vélakaupa rennur í stofnsjóð jafnóðum og hann greiðist. Til árlegra tekna stofnsjóðs má telja:
   a. Tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 37. gr.
   b. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

26. gr.

Stofnfjárframlag búnaðarsambandsins og hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til sambandsstjórnar, þá er samþykkt þess hefur öðlazt gildi.

Framlag hvers hreppsbúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða. Þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

36 20. febr.

27. gr.

Komi í ljós síðar að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til búnaðarsambandsstjórnar, er tilkynni það hreppabúnaðarfélögum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund búnaðarsambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

Þegar um ræktunarsambönd er að ræða, sem ná yfir minna svæði en hlutaðeigandi búnaðarsamband, skal framkvæmdastjórn senda tillögur sínar um stofnfjáraukningu til hreppabúnaðarfélaga á svæðinu, og ber þeim að leggja tillögurnar fyrir almennan fund í félögunum til samþykktar. Að fenginni meirihlutasamþykkt í hlutaðeigandi búnaðarfélögum skal tillagan borin upp á aðalfundi ræktunarsambandsins, og verði hún samþykkt þar með meira en ⅗ atkvæða, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

28. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka rekstrslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

29. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ¾ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum væntanlegum jarðabótastyrk, þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

30. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint, hverjar jarðabætur óskað er, að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands eða ræktunarsambands, eigi síðar en 1. febr. ár hvert.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppsbúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

31. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 30. gr., ber framkvæmdastjórn, í samráði við stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands eða ræktunarsamband, að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

32. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra.

2. Að túnasléttun sé, að öðru jöfnu, látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum. 36 20. febr.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

VII. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

33. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupendum, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningum þeim, er um getur í 13. gr. þessarar reglugerðar. Heimilt er stjórn sambands að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðaruppgjör sé byggt á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

34. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er starfar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er búnaðarsambands- eða ræktunarsambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

35. gr.

Aðalfundur búnaðarsambands eða ræktunarsambands getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 1. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

36. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn, í samráði við stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands eða ræktunarsambands, á þeim tímum sem ekki er unnt að vinna að skurðgreftri, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þótt þau falli ekki undir ákvæði 1. gr., ef sýnt þykir, að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarsambandið eða ræktunarsambandið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur svo við þessi störf, að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

37. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 36. gr., skal leggjast í stofnsjóð og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 25. gr.

36
20. febr.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

38. gr.

Búnaðarfélag Íslands og verkfæranefnd ríkisins skulu halda námsskeið fyrir þá menn, er eiga að vinna með vélknúnum jarðvinnslutækjum, sem keypt eru og rekin samkvæmt reglugerð þessari, enda hafa þeir menn einir rétt til að vinna sem aðalvélamenn með tækjum þessum, sem eru viðurkenndir til þess hæfir af verkfæranefnd ríkisins.

Kostnaður, sem leiðir af þessu, svo og eftirliti því, sem um ræðir í 24. gr., greiðist úr ríkissjóði.

39. gr.

Nú hefur jarðræktarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt fyrirmælum hennar, og skal þá Búnaðarfélag Íslands senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi eða ræktunarsambandi jarðræktarstyrk allra aðila á samþykktarsvæðinu óskertan til afgreiðslu og úthlutunar að frádregnu fyrningargjaldi samkvæmt 22. gr., nema sambandsstjórnin geri aðrar ráðstafanir.

40. gr.

Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsamband eða ræktunarsamband samkvæmt lögunum og reglugerð þessari, eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, næst á eftir lánum þeim, er á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst, og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum og fylgifjárkröfu, ef um óðalsjarðir er að ræða.

Skuldir þessar má taka lögtaki.

IX. KAFLI
Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

41. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands eða ræktunarsambands, er sendir þær til allra búnaðarfélaga, er að samþykkt standa, til umsagnar. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund hlutaðeigandi sambands. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $^3/_5$ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

42. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur hlutaðeigandi sambands samþykki það með að minnsta kosti $^3/_5$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

43. gr.

Brot gegn lögunum og reglugerð þessari varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 36 20. febr.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. febrúar 1946.

Pétur Magnússon.

Árni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar, prestshjóna að Desjarmýri og Hjaltastað", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. febr. 1946. 37 20. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar, prestshjóna að Desjarmýri og Hjaltastað.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af börnum nefndra hjóna, árið 1945, en þá og árið 1944, var aldarfæðingarárstíð þeirra (sbr. Aldarminning og niðjatal, Rvík 1945).

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00.

2. gr.

Sjóðurinn vex af vöxtum stofnfjárins og minningargjöfum eða öðrum gjöfum, sem honum kunna að berast.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins, svo og tekjur hans aðrar, skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild.

4. gr.

Af vaxtatekjum sjóðsins má verja allt að $^{4}/_{5}$, samkvæmt því, er segir um tilgang hans í næstu grein. Aðrar tekjur hans leggjast við höfuðstólinn. Þó má veita styrki af stofnfjárgjöfum, eftir fyrirmælum þeirra, er slíkar gjafir kynnu að gefa.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki stúlkum eða piltum, búsettum í Norður-Múlasýslu, stúlkum til húsmæðranáms, piltum til búfræðilegs náms, jafnt innanlands sem í öðrum löndum. Að öðru jöfnu skulu umsækjendur úr stórum systkinahópi sitja fyrir styrkveitingum.

6. gr.

Námsstyrkir skulu vera minnst 500 kr. Má tvöfalda upphæðina eða ítreka styrkveitingu til sama styrkþega, ef það að áliti stjórnar sjóðsins þykir hlýða. Það af vaxtatekjum sjóðsins, lausum til úthlutunar, sem um fram kynni að verða 500 kr., eða 1000 kr., þau ár, sem styrk er úthlutað, leggst við höfuðstólinn.

37 20. febr.

7. gr.

Þegar skilyrði eru til að veita styrk úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum reglugerðar, skal reikningshaldari auglýsa styrkinn til umsóknar að tilgreindum skilyrðum fyrir úthlutun hans samkvæmt ákvæðum 5. gr.

Nú berst engin umsókn, eða sýslunefnd þykir ekki ástæða til að veita styrk, og geymist úthlutunarféð þá frá ári til árs.

8. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu og umráðum sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Ákvörðun um styrkveitingu skal taka á lögmætum sýslufundi. Oddviti sýslunefndar er reikningshaldari sjóðsins.

9. gr.

Styrkveitinga sé getið í sýslufundagerðum sem annarra ályktana nefndarinnar. Þar skal og birta, um leið og sýslunefnd tekur við umráðum og vörzlu sjóðsins, reglugerð hans, svo og skal birta reikning hans þau árin, sem styrkir eru veittir.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

38 21. febr

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, nr. 74 7. des. 1923.

Réttindi þau og gjaldfrestur fyrir einkaleyfishafa, sem um getur í auglýsingu nr. 4 4. janúar 1944, skulu haldast til 1. október 1946.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, til að öðlast þegar gildi og birtast öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

39 22. febr.

AUGLÝSING

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 13 3. febrúar 1939.

Aftan við 2. gr. fiskveiðasamþykktarinnar bætist:
Róðrartími sá, sem um getur í grein þessari, miðist við íslenzkan meðaltíma.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1946.

Áki Jakobsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kálfatjarnarkirkju", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. febrúar 1946. **40** 26. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kálfatjarnarkirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kálfatjarnarkirkju, og er stofnaður af fyrrverandi sóknarbörnum Kálfatjarnarsóknar og afkomendum þeirra í tilefni af 50 ára vígsluafmæli kirkjunnar. Er sjóðurinn nú við stofnun hans (í október 1945) kr. 8052.00, auk vaxta.

2. gr.

Af stofnfé sjóðsins skal leggja 2000 kr. í Söfnunarsjóð Íslands með þeim skilmálum, að helmingur árlegra vaxta sé útborgaður árlega, en hinn helmingurinn leggist jafnan við höfuðstól. Að öðru leyti skal ávaxta fé sjóðsins í Landsbanka Íslands, að svo miklu leyti sem það verður ekki notað samkvæmt 4. gr.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarprestur Kálfatjarnarsóknar, formaður sóknarnefndar í sömu sókn, og ein kona kosin til sex ára í senn á safnaðarfundi Kálfatjarnarsóknar. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum.

4. gr.

Sjóðstjórnin ráðstafar handbæru fé sjóðsins á hvern þann hátt, sem henni þykir við eiga til þess að prýða kirkjuna að innan og styrkja kirkjusönginn. Skal fjárveiting úr sjóðnum jafnan vera sjálfstæð og óháð öðrum gjöfum til kirkjunnar.

5. gr.

Sjóðurinn tekur á móti minningargjöfum og áheitum á hverjum tíma, og skal helmingur þeirra gjafa jafnan lagður til viðbótar þeim hluta sjóðsins, er ávaxtast í Söfunarsjóði Íslands. Að öðru leyti vísast til 4. gr. Skal sjóðstjórnin hafa sérstaka minningagjafabók, þar sem skráð skulu helztu æviatriði þeirra, sem minnst er með gjöfum til hans.

6. gr.

Stjórn sjóðsins semur árlega reikning sjóðsins og skal hann lagður fyrir safnaðarfund, ásamt reikningi kirkjunnar.

Reykjavík, í október 1945.

F. h. gefendanna

Egill Hallgrímsson.

41 27. febr. **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Ljósasjóð Soffíu Gestsdóttur frá Staðarfelli“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. febr. 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ljósasjóð Soffíu Gestsdóttur frá Staðarfelli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ljósasjóður Soffíu Gestsdóttur frá Staðarfelli, og er stofnaður á dánardegi hennar, 3. janúar 1946, af eftirlifandi manni hennar, Magnúsi Friðrikssyni, og dætrum þeirra hjóna, Björgu Magnúsdóttur og Þuríði Magnúsdóttur, til minningar um eiginkonu og látna móður.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur, sem lagðar eru þá samstundis inn á bók nr. 2224 við Sparisjóð Stykkishólms.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að raflýsa nú þegar Staðarfellskirkju, svo vel að sæmilega þyki, prýða hana að innan með því að setja giltar stjörnur í hvelfingu kirkjunnar. Það af sjóðnum, sem afgangs verður þá búið er að raflýsa kirkjuna, ávaxtast í Sparisjóði Stykkishólms eða annarri tryggri lánsstofnun landsins. Þann hluta höfuðstólsins, sem afgangs verður þá kirkjan er að fullu raflýst, má aldrei skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Vextir af þeim hluta höfuðstólsins, sem eftir verður þá búið er að raflýsa kirkjuna og prýða samkv. 3. gr., svo og minningargjafir, hvers konar áheit og aðrar gjafir, sem sjóðnum kann að áskotnast. Enn fremur ágóði af skemmtunum, er kunna að verða haldnar til fjáröflunar sjóðnum.

5. gr.

Vexti af höfuðstól sjóðsins má aðeins nota til að prýða Staðarfellskirkju. Þó má aldrei nota meira en $^3/_5$ vaxtanna fyrr en sjóðurinn hefur aftur náð sinni upprunalegu upphæð, kr. 5000.00. En eftir það má nota $^4/_5$ vaxtanna, þó aðeins til að endurbæta rafljós kirkjunnar eða til að prýða hana á annan hátt. Þau árin, sem ekki þarf að nota vexti sjóðsins, leggjast þeir við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Staðarfellssóknar, sem líka er formaður nefndarinnar, formaður sóknarnefndar og einn maður, sem kosinn er á safnaðarfundi sóknarinnar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningurinn lagður fram á hverju ári á almennum safnaðarfundi, og endurskoðaður af þar til kjörnum mönnum. Ber svo að láta reikninginn fylgja kirkjureikning Staðarfellskirkju til héraðsprófasts, sem leggur hann fyrir úrskurð héraðsfundar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Stykkishólmi, 3. janúar 1946.

Magnús Friðriksson. Björg Magnúsdóttir. Þuríður Magnúsdóttir.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1946.

Lög um lestagjald af skipum, undirskrifuð af forsetanum 2. apríl 1946, nr. 10.

Lög um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 11.

Raforkulög, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 12.

Lög um lántökuheimild til handa síldarverksmiðjum ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 13.

Lög um embættisbústaði héraðsdómara, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 14.

Lög um breyting á lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 15.

Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum 10. apríl 1946, nr. 16.

Fjáraukalög fyrir árið 1942, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 17.

Lög um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 18.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til simaframkvæmda, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 19.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 20.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1942, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 21.

Lög um skólakerfi og fræðsluskyldu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 22.

Lög um dósentsembætti í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu í heimspekideild Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 23. apríl 1946, nr. 23.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 24.

Lög um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 25.

Lög um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 27.

Lög um virkjun Sogsins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 28.

Lög um hafnargerðir og lendingarbætur, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 29.

23. dag aprílmánaðar 1946. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

42 8. marz **Bréf félagsmálaráðuneytisins** til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, **um, að Svarfaðardalshreppur og Dalvíkurhreppur verði tvær dómþinghár og manntalsþinghár.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 21. f. m., og ósk hreppsnefnda Svarfaðardals- og Dalvíkurhreppa, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að hvor hreppur um sig verði sérstök dómþinghá og manntalsþinghá, með þingstað á Grund fyrir Svarfaðardalshrepp, en á Dalvík fyrir Dalvíkurhrepp.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið og til frekari birtingar.

43 13. marz **Bréf félagsmálaráðuneytisins** til sýslumannsins í Árnessýslu, **um skiptingu Ölfushrepps í tvö sveitarfélög.**

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Ölfushrepps og meðmælum sýslunefndar Árnessýslu um skiptingu Ölfushrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Ölfushreppi í Árnessýslu skal skipt í tvö sveitarfélög, er nefnist Ölfushreppur og Hveragerðishreppur. Hveragerðishreppur nær yfir allt land jarðarinnar Vorsabæjar vestan Varmár og land Öxnalækjar vestan Suðurlandsbrautar (Krísuvíkurvegar). Einnig leggist til Hveragerðishrepps íþróttasvæði austan Varmár, sem er auk eignarlands héraðssundlaugarinnar að Laugaskarði spilda úr landi Reykja, næst austan við land Sundlaugarinnar, er takmarkast að sunnan af Varmá, að austan af línu úr Varmá dreginni til norðurs samsíða langveggjum sundþróarinnar og í 50 — fimmtíu — metra fjarlægð frá eystri barmi hennar. 30 — þrjátíu — metrum norðar en lína framlengd úr norðurgafli sundþróarinnar sker fyrrgreinda línu úr Varmá skal merkjalínan brotna lítið eitt til vesturs og liggja til norðurs jafnlangt og land sundlaugarinnar nær nú í punkt, sem er 30 — þrjátíu — metrum austar en norðausturhorn eignarlands sundlaugarinnar. Að norðan takmarkast íþróttasvæðið af línu dreginni gegnum þrjá steinsteypta hliðstólpa til vesturs til skurðar við Varmá, en til austurs til skurðar við fyrstgreinda línu úr Varmá, en sá skurðpunktur sé 30 — þrjátíu — metrum austan við skurðpunkt laugarlækjarins (austurtakmarka landareignar sundlaugarinnar) og línunnar úr hliðstólpunum.
2. Eignum, skuldum og ábyrgðum Ölfushrepps skal skipt þannig, að $\frac{5}{8}$ falli til hins nýja Ölfushrepps, en $\frac{3}{8}$ til Hveragerðishrepps.
3. Barnaskólaeignin og þinghússeignin í Hveragerði verði sameign beggja hreppanna að jöfnu við skiptin, þannig, að Hveragerðishreppur kaupir $\frac{1}{8}$ í báðum eignunum, og miðast verð þeirra beggja við bókfært kostnaðarverð þeirra (að frádregnum ríkisstyrk) við reikningslok ársins 1945. Ölfushreppur skal eiga kost á að kaupa hluta Hveragerðishrepps í bifreið hreppsins og bílskúr við bókfærðu verði á sama tíma.
4. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg og einnig þeirra, sem kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Ölfushrepp. Hreppsnefnd hvors hrepps annist um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega, sem

heima eiga innan hvors hrepps fyrir sig. Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiði hvor hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu eigna og skulda. Um hver áramót skulu hreppsnefndir beggja hreppanna leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega. **43** 13. marz

Sá hreppanna, sem ekki hefur greitt til sameiginlegra styrkþega hlutfallslega upphæð sína af sameiginlegum framfærslukostnaði, skal þá greiða hinum hreppnum það, sem til vantar í hlutfallslega þátttöku í sameiginlegum framfærslukostnaði, sem er fyrir Ölfushrepp 5/8 og fyrir Hveragerðishrepp 3/8. Greiðslur elli- og örorkulauna skulu ekki teljast til sameiginlegs framfærslukostnaðar.

5. Hreppsnefndarmenn skul vera 5 í hvorum hreppi.
6. Bækur og skjöl, sem hreppsfélagið á nú, verði eign hins nýja Ölfushrepps, en hreppsnefnd Hveragerðishrepps hafi aðgang að þeim eftir þörfum.
7. Stjórn fjallskilamála beggja hreppanna verði sameiginleg og í höndum hreppsnefndar Ölfushrepps með samkomulagi við hreppsnefnd Hveragerðishrepps um þau atriði, sem þann hrepp varða. Ágreining hreppanna um fjallskilamál úrskurðar sýslunefnd.
8. Skipting hreppsins miðast við 1. janúar 1946. Framkvæmd skipta á eignum, skuldum og sveitarþyngslum annast hreppsnefndir hinna nýju hreppa. Verði ágreiningur út af skiptunum, skal úr honum skorið af sýslunefnd Árnessýslu.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Ölfushreppi, sem dómþinghá né manntalsþinghá.

REGLUGERÐ

44 12. marz

um breyting á reglugerð nr. 131 4. des. 1936, um verkun og útflutning á skreið.

1. gr.

Reglugerðin heitir: Reglugerð um verkun, mat og útflutning á skreið.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Laun skreiðarmatsstjóra greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra ákveður starfssvið hans með erindisbréfi.

3. gr.

Fyrsta málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Lögreglustjóri skipar matsmenn eftir tillögum skreiðarmatsstjóra á þeim stöðum, þar sem skreiðarmatsstjóri telur þess þörf. Skulu þeir valdir meðal löggiltra fiskimatsmanna, þar sem því verður við komið.

4. gr.

6. gr. orðist þannig:

Ekki má flytja út skreið nema fullþurr sé og að öllu öðru leyti útflutningshæf að dómi matsmanna.

5. gr.

Til viðbótar 11. gr. komi:

Hús þau, sem ætluð eru til geymslu á skreið eða byggð kunna að verða til þess, skulu tekin gild til þess af skreiðarmatsstjóra og enn fremur skal leita álits hans

44 12. marz um hjallastæði, uppsetningu hjalla og um vafaatriði varðandi verkun og geymslu skreiðar.

6. gr.

13. gr. orðist svo:

Skreiðarmatsstjóri skal sjá um að matsmenn séu ávallt til eftirlits við pökkun og útskipun á skreið, að svo miklu leyti sem hann kemst ekki yfir það sjálfur. Farmrúm það, er skreiðin á að flytjast í, skal einnig athugað af skreiðarmatsstjóra eða matsmanni og það vera tryggt, að skreiðinni stafi engin hætta af vörum, sem þar eru, raka né öðru utan að komandi.

Reynist eitthvað athugavert, skal úr því bætt, ella skal stöðva útflutninginn.

Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1946.

Áki Jakobsson.

Vigfús Einarsson.

45 11. marz

REGLUGERÐ

um vinnutíma starfsmanna ríkis og ríkisfyrirtækja.

1. gr.

Vikulegur vinnutími starfsfólks hjá ríki og ríkisstofnunum skal vera, sem hér segir:

I. Í skrifstofum, teiknistofum, við rannsóknarstörf, söfnin og önnur hliðstæð störf 35½ klst.

Daglegur starfstími skal vera frá kl. 9—12 og kl. 13—17, með ½ klst. kaffihlé eða frá kl. 13—16½ ef kaffihléi er sleppt. Á laugardögum er vinnutími aðeins til kl. 12. Afgreiðslu og viðtalstími skal ekki vera undir 4 klst á dag (2 klst. á laugardögum), yfirleitt á tímanum frá kl. 10—12 og kl. 13½—15½.

II. Við önnur innistörf en þau, sem talin eru undir I. tölulið, svo sem birgðavörzlu, verkstæðisvinnu, vöruafgreiðslu og framleiðslu hjá ríkiseinkasölu, skal vinnutíminn vera 45 klst. á viku.

Daglegur vinnutími skal vera á tímanum frá kl. 8—12 og frá kl. 13—18 alla virka daga, nema laugardaga frá kl. 8—12 með tveim 15 mínútna kaffihléum á staðnum, á laugardögum einar 15 mínútur.

III. Vinnutími loftskeytamanna og veðurfræðinga skal vera 36 klst. á viku.

IV. Vinnutími lögregluþjóna, tollvarða, verkstjóra við útivinnu, ráðsmanna, ráðskvenna og hjúkrunarkvenna skal vera 48 klst. á viku.

2. gr.

Vinnutími annarra starfsmanna skal vera hinn sami og verið hefur, þar til öðru vísi kann að verða ákveðið.

3. gr.

Þeir starfsmenn, sem vinna vaktir á sunnudögum eiga rétt á hvíldardegi í sömu viku til jafnlengdar og aukafrídaga skulu þeir, sem vinna í vöktum fá bætta með jafnmörgum orlofsdögum.

Þar sem vaktavinna er unnin skal helgidagavarðskrá samin fyrir eigi skemmri tíma en einn mánuð í senn og helgidagavinna skiptast sem jafnast niður á starfsmenn. 45 11. marz

4. gr.

Skylt er starfsmönnum að mæta stundvíslega til starfa, hvort heldur að morgni eða eftir hlé og skulu skrifstofustjórar og aðrir yfirmenn starfanna fylgjast með því. Sérhver starfsmaður er skyldur til að vinna án endurgjalds eftirvinnu, er svarar að minnsta kosti til þess tíma er hann hefur vanrækt starfið og yfirvinna verður því aðeins greidd að hlutaðeigandi starfsmaður hafi áður skilað fullum vinnustundafjölda á mánuði hverjum samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar.

Nú sýnir starfsmaður ítrekaða óstundvísi og vanrækslu í starfi sínu og lætur ekki skipast við áminningar yfirmanna sinna og varðar það brottvikning úr starfinu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef miklar sakir eru.

5. gr.

Ef óhjákvæmileg nauðsyn krefur skal starfsmönnum skylt að vinna eftirvinnu, gegn yfirvinnugreiðslu. Á yfirvinnu aðra en þá, sem um getur í 4. gr. skal greitt 50%—100% álag, sem ákveðið skal með hliðsjón af fastalaunum starfsmannsins, miðað við 1800 klst. árlegan vinnutíma.

Yfirvinnutaxtar skulu vera sem hér segir:

a) Starfsmenn skv. XIII.—XV. launaflokkum. Yfirvinnukaup miðast við hámarkslaun XIV. flokks kr. 5400.00 á ári, kr. 3.00 á klst. auk álags og verðlagsuppbótar.
b) Starfsmenn skv. X.—XII. launaflokkum. Yfirvinnukaup miðast við hámark XI. launaflokks kr. 7200.00 á ári, kr. 4.00 á klst. auk álags og verðlagsuppbótar.
c) Starfsmenn VII.—IX. launaflokka. Yfirvinnukaupið miðast við hámark VIII. flokks kr. 9000.00 á ári, kr. 5.00 auk álags og verðlagsuppbótar.

Álag verður sem hér segir:

I. Á eftirvinnu (allt að 4 klst. á dag)
   A) — a-flokkur 50%.
   B) — b- og c-flokkur 40%.
II. Á nætur- og helgidagavinnu 100%.
   Næturvinna telst frá kl. 21—8, en helgidagavinna frá kl. 17 á laugardögum.

Yfirvinna skal greidd í einu lagi eftir á fyrir hvern mánuð.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum reglum um yfirvinnu og yfirvinnukaup, þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur og skal leita þar um tillagna BSRB.

6. gr.

Öll vafa- og ágreiningsatriði um framkvæmd reglugerðar þessarar skal leggja undir úrskurð nefndar þeirrar, sem skipuð er samkvæmt 37. gr. launalaganna.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins nr. 60 1945 og kemur til framkvæmda nú þegar.

Fjármálaráðuneytið, 11. marz 1946.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

46
13. marz

REGLUGERÐ

fyrir læknisvitjanasjóð Ögurhéraðs í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Ögurhéraðs í Norður-Ísafjarðarsýslu. Er starfssvið hans fimm hreppar nefnds héraðs, Súðavíkur-, Ögur-, Reykjarfjarðar-, Nauteyrar- og Snæfjallahreppar. Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja íbúa nefndra hreppa til læknisvitjana eða auðvelda þeim læknissóknina á annan hátt, svo og að létta héraðsbúum aðrar sjúkdómsbyrðar og hlynna að heilbrigðismálum héraðsins yfirleitt.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru: Sýslumaðurinn í Norður-Ísafjarðarsýslu og tveir menn, kosnir á sameiginlegum fundi oddvita þeirra hreppa, er að sjóðnum standa. Sýslumaður er formaður sjóðstjórnarinnar og er reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tillag ríkisins, er nemur árlega 2 — tveim — krónum á hvern íbúa þeirra hreppa, er að sjóðnum standa.
2. Tillag hreppanna, er nemur 1 — einni — krónu á hvern íbúa áðurnefndra hreppa
3. Áheit og gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast.
4. Læknisvitjanastyrkir, sem veittir kunna að verða.

5. gr.

Að liðnu hverju almanaksári og eigi síðar en fyrir lok janúarmánaðar næsta ár skulu allir reikningar yfir kostnað þann, er sjóðnum er ætlað að taka þátt í, vera komnir til formanns sjóðstjórnarinnar, og skal þá sjóðstjórnin úthluta styrkjum úr sjóðnum.

6. gr.

Tillagi ríkissjóðs samkv. 1. tölulið 4. greinar ásamt tilskildu þriðjungs framlagi á móti, svo og læknisvitjanastyrkjum, sem veittir kunna að verða á fjárlögum til héraðsins samkv. 4. lið 4. gr., má aðeins verja til styrktar héraðsbúum vegna kostnaðar af læknisvitjunum.

Héraðsbúar njóta að jafnaði læknisvitjanastyrks úr sjóðnum í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum. Þó geta þeir eigi vænzt slíkra styrkja úr sjóðnum, sem ekki hafa orðið fyrir minnst kr. 30.00 kostnaði á árinu.

Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir um styrki, sem lengst og erfiðast eiga til læknis að sækja.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta, eftir því sem við verður komið, og á tryggan hátt, en gæta skal þess jafnan, að sá hluti þess, sem verja ber til læknisvitjanastyrkja, sé jafnan handbær, ef til þess þarf að taka.

8. gr. 46
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar sjóðsins endurskoð- 13. marz
aðir af endurskoðanda sýslusjóðsreikninga Norður-Ísafjarðarsýslu árlega. Skal landlækni sent eitt eintak reikninga sjóðsins, áður en tillag ríkisins til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

9. gr.
Sjóðstjórnin skal haga þannig starfsemi sjóðsins, að þeir héraðsbúar, sem eru í sjúkrasamlagi, verði að öðru jöfnu eigi verr settir að því, er tekur til aðstoðar sjóðsins, en aðrir héraðsbúar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 13. marz 1946.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ 47
13. marz

fyrir læknisvitjanasjóð Hálshrepps í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.
Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Hálshrepps í Akureyrar- og Höfðahverfislæknishéruðum og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.
Markmið sjóðsins er að styrkja íbúa Hálshrepps til læknisvitjana eða auðvelda þeim læknissóknina á annan hátt og hlynna að heilbrigðismálum hreppsins.

3. gr.
Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórinn í Hálshreppi og tveir menn aðrir, kosnir af hreppsnefnd. Hreppstjórinn er formaður sjóðstjórnarinnar og jafnframt reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

4. gr.
Tekjur sjóðsins eru:
1. Tillag ríkissjóðs, er nemur á ári 2 krónum á hvern íbúa Hálshrepps.
2. Tillag hreppsins, er nemur á ári 1 krónu á hvern hreppsbúa.
3. Áheit og aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast.
4. Læknisvitjanastyrkur, sem veittur kann að verða.

5. gr.
Að liðnu hverju almanaksári og fyrir lok janúarmánaðar næsta ár úthlutar sjóðstjórnin styrkjum úr sjóðnum að fengnum umsóknum þeirra, er styrks æskja. Umsækjendur senda umsóknir sínar ásamt skilríkjum til formanns sjóðstjórnarinnar.

6. gr.
Tillagi ríkissjóðs samkv. 1. tölulið 4. gr. ásamt tilskildu þriðjungsframlagi á móti, svo og læknisvitjanastyrk samkv. 4. lið 4. gr., má aðeins verja til styrktar hreppsbúum vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Hreppsbúar njóta að jafnaði læknis-

47 13. marz

vitjanastyrkja úr sjóðnum í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum á árinu. Þó geta þeir ekki vænzt slíkra styrkja, sem ekki hafa orðið fyrir meiri kostnaði en svo, að hann teljist þeim ekki tilfinnanlegur, miðað við efnahag þeirra og ástæður. Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir um styrki, sem lengst og erfiðast eiga til læknis að sækja.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta, eftir því sem við verður komið án þess að stofna því í hættu, og þannig, að sá hluti þess, er verja ber til læknisvitjanastyrkja, sé jafnan handbær, er til þess þarf að taka.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikning fyrir hvert liðið ár skal senda landlækni, áður en tillag ríkisins til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

8. gr.

Sjóðstjórnin skal haga þannig starfsemi sjóðsins, að þeir hreppsbúar, sem eru í sjúkrasamlagi, verði að öðru jöfnu eigi verr settir að því, er tekur til aðstoðar sjóðsins, en aðrir hreppsbúar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 13. marz 1946.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

48 13. marz

REGLUGERÐ

fyrir læknisvitjanasjóð Skútustaðahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Skútustaðahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu í Breiðumýrarlæknishéraði og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja til læknisvitjana íbúa Skútustaðahrepps eða auðvelda þeim læknissóknina á annan hátt, svo og að létta hreppsbúum aðrar sjúkdómsbyrðar og hlynna að heilbrigðismálum hreppsins yfirleitt.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórinn í Skútustaðahreppi og tveir menn aðrir, kosnir af hreppsnefnd. Hreppstjórinn er formaður sjóðstjórnarinnar og jafnframt reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tillag ríkissjóðs, er nemur á ári 2 kr. á hvern íbúa Skútustaðahrepps.
2. Tillag hreppsins, er nemur á ári 1 kr. á hvern hreppsbúa.
3. Áheit og gjafir, er sjóðnum kann að áskotnast.
4. Læknisvitjanastyrkir, sem veittir kunna að verða.

5. gr. 48

Að liðnu hverju almanaksári og fyrir lok janúarmánaðar næsta ár úthlutar 13. marz
sjóðstjórnin styrkjum úr sjóðnum að fengnum umsóknum þeirra, er styrks æskja. Umsækjendur senda umsóknir sínar ásamt skilríkjum til formanns sjóðstjórnarinnar.

6. gr.

Tillagi ríkissjóðs samkv. 1. tölulið 4. gr. ásamt tilskildu þriðjungsframlagi á móti, svo og læknisvitjanastyrk hreppsins samkv. 4. lið 4. gr., má aðeins verja til styrktar hreppsbúum vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Hreppsbúar njóta að jafnaði læknisvitjanastyrkja úr sjóðnum í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum á árinu. Þó geta þeir ekki vænzt slíkra styrkja, sem hafa ekki orðið fyrir meiri kostnaði en svo, að hann telst þeim ekki tilfinnanlegur, miðað við efnahag þeirra og ástæður. Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir um styrki, sem lengst og erfiðast eiga til læknis að sækja.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta, eftir því sem við verður komið án þess að stofna því í hættu, og þannig, að sá hluti þess, er verja ber til læknisvitjanastyrkja, sé jafnan handbær, er til þess þarf að taka.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikning fyrir hvert liðið ár skal senda landlækni, áður en tillag ríkisins til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

8. gr.

Sjóðstjórnin skal haga þannig starfsemi sjóðsins, að þeir hreppsbúar, sem eru í sjúkrasamlagi, verði að öðru jöfnu eigi verr settir að því, er tekur til aðstoðar sjóðsins, en aðrir hreppsbúar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 13. marz 1946.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING 49

18. marz

um staðfesting menntamálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Kaldrananeshreppi.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76/1933, um breyting á lögum nr. 43/1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.

1. gr.

Í umdæmi skóla- og barnaverndarnefndar Kaldrananeshrepps er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það eða láta í té á nokkurn annan hátt eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

49 18. marz

2. gr.

Enn fremur er bannað að selja, afhenda eða gefa börnum og unglingum innan 21 árs aldurs áfenga drykki eða halda þeim á nokkurn hátt að þeim eða geyma þá eða skilja þá eftir, þar sem þau geta náð til þeirra.

3. gr.

Barnaverndarnefnd getur bannað sölu á sælgætisvörum eða ákveðnum tegundum sælgætis, sem eru að hennar dómi skaðlegar eða óhollar börnum og unglingum.

4. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki sækja skemmtanir, sem eingöngu eru dansleikir, og ekki dvelja á almennum skemmtunum, meðan skóli starfar, lengur en til kl. 11 að kvöldi, og aðra tíma aldrei lengur en til miðnættis. Undanþágur frá þessu getur þó skólanefnd veitt, ef hún sér ástæðu til.

5. gr.

Börn á skólaskyldualdri og yngri í þorpinu Drangsnesi, mega ekki vera lengur úti en til kl. 8 e. h. á tímabilinu frá 1. okt. til sumarmála, nema þá í för með fullorðnum eða í sendiferðum, enda brjóti þetta ákvæði ekki gegn 4. gr.

6. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglingum er ætlaður aðgangur að, má halda nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá að því athuguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

7. gr.

Börn innan 14 ára aldurs, sem vinna að staðaldri, mega ekki vinna lengur en 8 klst. í sólarhring, og sé um hlaupavinnu að ræða, ekki lengur en 12 klst. í sólarhring á tímabilinu frá 15. apríl til 15. september, en skólabörn skulu ekki vinna meðan skóli starfar.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

9. gr.

Reglugerð þessi sé fjölrituð eða prentuð og send á öll heimili í Kaldrananeshreppi og höfð til sýnis á öllum sölustöðum, símstöðvum og opinberum skemmtistöðum hreppsins.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.
Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytinu, 18. marz 1946.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

50
19. marz

fyrir læknisvitjanasjóð Hofshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Hofshrepps í Hafnarlæknishéraði og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja íbúa Hofshrepps til læknisvitjana eða auðvelda þeim læknissóknina á annan hátt, svo og að létta hreppsbúum aðrar sjúkdómsbyrðar og hlynna að heilbrigðismálum hreppsins yfirleitt.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórinn í Hofshreppi og tveir menn aðrir, kosnir af hreppsnefnd. Hreppstjórinn er formaður sjóðstjórnarinnar og jafnframt reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tillag ríkissjóðs, er nemur á ári 2 kr. á hvern íbúa Hofshrepps.
2. Tillag hreppsins, er nemur á ári 1 kr. á hvern hreppsbúa.
3. Læknisvitjanastyrkir, sem veittir kunna að verða.
4. Áheit og aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast.

5. gr.

Að liðnu hverju almanaksári og fyrir lok janúarmánaðar næsta ár úthlutar sjóðstjórnin styrkjum úr sjóðnum að fengnum umsóknum þeirra, er styrks æskja. Umsækjendur senda umsóknir sínar ásamt skilríkjum til formanns sjóðstjórnarinnar.

6. gr.

Tillagi ríkissjóðs samkvæmt 1. tölul. 4. gr. ásamt tilskildu þriðjungsframlagi á móti, svo og læknisvitjanastyrk hreppsins samkvæmt 3. lið 4. gr., má aðeins verja til styrktar hreppsbúum vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Hreppsbúar njóta að jafnaði læknisvitjanastyrkja úr sjóðnum í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum á árinu. Þó geta þeir ekki vænzt slíkra styrkja, sem ekki hafa orðið fyrir meiri kostnaði en svo, að hann telst þeim ekki tilfinnanlegur miðað við efnahag þeirra og ástæður.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta, eftir því sem við verður komið án þess að stofna því í hættu, og þannig, að sá hluti þess, er verja ber til læknisvitjanastyrkja, sé jafnan handbær, er til þess þarf að taka.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga fyrir hvert liðið ár skal senda landlækni, áður en tillag ríkisins til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

8. gr.

Ef sjúkrasamlag verður stofnað í hreppnum, semur stjórn sjúkrasamlagsins við sjóðstjórnina um, að sjóðurinn hagi þannig starfsemi sinni, að samlagsmenn verði að öðru jöfnu eigi miður settir að því, er tekur til aðstoðar sjóðsins, en aðrir hreppsbúar.

50 19. marz

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 19. marz 1946.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

51 20. marz

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

Búnaðarsambands Skagfirðinga.

Búnaðarsamband Skagfirðinga gerir á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945, svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir öll hreppabúnaðarfélög innan Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Búnaðarsambandið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, að vinna með vélum, eftir því sem við verður komið, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði 6. kafla jarðræktarlaganna, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til ræktunar, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um, hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo að þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn búnaðarsambandsins annast um framkvæmd samþykktarinnar.

4. gr.

Stjórn sambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum til framræslu og jarðvinnslu, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

5. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

6. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á sambandssvæðinu og ákveður, á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

7. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún falið honum framkvæmdastjórn og daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka með erindisbréfi.

8. gr.

Allir samningar, er stjórnin eða framkvæmdastjóri í umboði hennar gera fyrir hönd sambandsins samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þau borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint, hverjar jarðabætur óskað er, að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til búnaðarsambandsstjórnar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppsbúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

10. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 9. gr., ber stjórn búnaðarsambandsins í samráði við framkvæmdastjóra að semja starfs- og reksturs áætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan búnaðarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, en sé þess þó gætt að hlaupa sem minnst yfir óunnin svæði.
2. Að túnasléttun að öðru jöfnu sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi

51 20. marz

verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

12. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 6. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn sambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðaruppgjör sé byggt á þeim tilkostnaði, eins og hann verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

13. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, geymsla þeirra, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er búnaðarsambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

14. gr.

Aðalfundur búnaðarsambandsins getur heimilað stjórn þess að láta ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda liggi fyrir kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

15. gr.

Heimilt er sambandsstjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að framræslu eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó að þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef sýnt þykir, að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarsambandið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

16. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun eða þeim verkum, sem um getur í 15. gr., skal leggjast í stofnsjóð samþykktarsvæðisins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 17. gr.

V. KAFLI
Fjáröflun og tryggingar.

17. gr.

Búnaðarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 250 þúsund.

Stofnfjár sjóðsins skal aflað þannig:

1. Helmingur stofnfjárins er framlag Framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.
2. Hinn hluti stofnfjárins skal lagður fram af búnaðarsambandinu og hreppabúnaðarfélögum þeim, er að samþykkt þessari standa, þannig, að búnaðarsam-

bandið leggur fram helming framlagsins, en hreppabúnaðarfélögin hinn helming fjárins. 51 20. marz

Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 16. greinar.

18. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til sambandsstjórnar, þá er samþykkt þessi hefur öðlast gildi, þannig:

45 þúsund kr. greiðist fyrir árslok 1945, nema stjórn sambandsins heimili annan gjalddaga. Eftirstöðvarnar greiðist samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

Framlag hreppabúnaðarfélaga skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða. Þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

19. gr.

Komi í ljós síðar að áliti búnaðarsambandsstjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu og tilkynna það hreppabúnaðarfélögum með hæfilegum fyrirvara, áður en fulltrúar eru komnir á aðalfund búnaðarsambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins ákveður stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

20. gr.

Heimilt er sambandsstjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

21. gr.

Áður en verk er hafið, er samþykktaraðilum skylt að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ¾ af áætluðu kostnaðarverði þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, að frádregnum jarðræktarstyrk.

Eftirstöðvarnar greiðist með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksár, og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram, áður en aðalfundur búnaðarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi sambandsins. Þar gefur sambandsstjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

51
20. marz

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum eða sambandsstjórn, skulu sendar til allra aðila, er að samþykktinni standa samkvæmt 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan ásamt umsögn búnaðarfélaganna lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Verði jarðræktarsamþykkt þessi numin úr gildi, ganga eignir stofnsjóðs óskiptar til Búnaðarsambands Skagfirðinga.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1945 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. marz 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

52
22. marz

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Húnavatnssýslu.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið er Austur-Húnavatnssýsla.

2. gr.

Búnaðarsambandið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari eftirgreind verkefni á samþykktarsvæðinu að undanskildum þeim jörðum, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 frá 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, engjaræktar og beitiræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir er mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um, hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum á samþykktarsvæðinu. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo að þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu landsins, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Húnavatnssýslu hefur alla umsjón og framkvæmdir þessa máls.

4. gr.

Stjórn sambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

5. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, í samráði við verkfæranefnd ríkisins.

6. gr.

Stjórnin sér um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu og ákveður í samráði við stjórnir hreppabúnaðarfélaganna, á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru unnin.

7. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka með erindisbréfi.

8. gr.

Allir samningar, er stjórnin gerir fyrir hönd sambandsins samkvæmt samþykktum þess eða ályktunum aðalfundar, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina. Stjórnin ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, að skrá verkbeiðnir félagsmanna fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Skal þar tilgreint, hverjar

52 jarðbætur óskað er, að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum
22. marz þessum ber að skila til sambandsstjórnarinnar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.
Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári, sbr. 21. gr.

10. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 9. gr., ber stjórn sambandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan stjórnarinnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir fund búnaðarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í tilflutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun að öðru jöfnu sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna túna-, garða- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnslu, svo að því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

12. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 6. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórninni að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðaruppgjör sé byggt á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

13. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur tryggingar- og fyrningargjalds af þeim. Kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslukostnaður, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er sambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers ár.

14. gr.

Aðalfundur búnaðarsambandsins getur heimilað stjórninni að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

15. gr.

Heimilt er stjórninni á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgreftri, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir

búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó að þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef sýnt þykir, að það sé hagkvæmt fyrir sambandið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila. 52 22. marz

16. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 15. gr., skal leggjast í stofnsjóð samþykktarsvæðisins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 17. gr.

V. KAFLI
Fjáröflun og tryggingar.

17. gr.

Búnaðarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa.

Stofnfjárhæð hans er kr. 200000.00.

Til stofnsjóðs telst:

1. Óafturkræf framlög búnaðarsambandsins og hreppa-búnaðarfélaganna, er nemi minnst kr. 50000.00.
2. Óafturkræf framlög frá einstaklingum eða öðrum aðilum.
3. Stofnlán tryggt með ábyrgð búnaðarsambandsins og endurgreiðist innan fimm ára.
4. Styrkur úr framkvæmdasjóði ríkisins til vélakaupa og áhalda.

Til árlegra tekna sjóðsins telst:

1) Tekjur þær, sem inn koma samkvæmt 13. og 16. gr.
2) Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

18. gr.

Stofnfjárframlag greiðist inn í stofnsjóð, þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

19. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti stjórnarinnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukninguna og tilkynna það hreppabúnaðarfélögunum þrem mánuðum fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Skal tillagan lögð fyrir félagsfund.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa samþykkir stofnfjáraukningu á aðalfundi búnaðarsambandsins, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin, og leggur þá búnaðarsambandið fram $\frac{3}{5}$ stofnfjáraukningarinnar, en búnaðarfélögin sameiginlega $\frac{2}{5}$.

Framlag hvers búnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða. Þó skal hver verðeining í ræktunarlóðum aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

20. gr.

Heimilt er stjórninni að taka rekstrslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaganna.

21. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til stjórnarinnar $\frac{3}{4}$ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum áætluðum jarðabótastyrk, þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið.

Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið, og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram, áður en aðalfundur búnaðarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur stjórnarinnar.

23. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir, kjörnir af aðalfundi sambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu stjórnarinnar í hvívetna.

24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi sambandsins. Þar gefur stjórnin skýrslu um starfsemi, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breytingu samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, sem fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, skulu sendar búnaðarfélögunum til umsagnar. Þær skulu síðan ásamt umsögnum búnaðarfélaganna lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um það, að tilgangi samþykktarinnar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ fulltrúa, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1945 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. marz 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

SAMÞYKKT

53
23. marz

um forkaupsrétt og forleigurétt Eskifjarðarhrepps á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Eskifjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á eftirgreindum eignum í hreppnum:

Bjarki með útihúsum, Bryggjuhús, Bræðsluhús, Dalshús, Fiskiskúr, Framkaupstaður með gripahúsum, Framkaupstaðartún, Framkaupstaður, 3 sjóhús og bryggja, Framnes með lóð, Friðþjófshús, Hlíðarendi II. með 3 sjóhúsum, Mjóeyri með útihúsum, Randófshús með bryggju, Sjóhús (Svanshús) með bryggju, Timburgeymsla S. J., Útkaupstaður, íbúðarhús, bryggja, verzlunarhús, gamla búð, bryggjuhús, þvottahús, fjós og tún, Vélaverkstæði og bátaslippur, Sjóhús og bryggja Arnþórs Jensen.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. marz 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Jarðræktarsjóð Dalasýslu", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. marz 1946. 54
25. marz

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jarðræktarsjóð Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Jarðræktarsjóður Dalasýslu.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 23. des. 1944, með gjöf að upphæð kr. 30000.00, sem þau hjónin Þorsteinn sýslumaður Þorsteinsson og Áslaug Lárusdóttir, Búðardal, gáfu á sextugsafmæli Þorsteins sýslumanns.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipar sýslunefnd (héraðsstjórn) Dalasýslu og skal sýslumaðurinn í Dalasýslu vera féhirðir sjóðsins. Sýslunefndin úrskurðar þau mál, er sjóðinn varða, veitir styrki úr honum og ákveður upphæð þeirra. Þó áskilja gefendur sér rétt til, meðan þau lifa, bæði eða annað hvort, að veita alla styrki úr sjóðnum, en leita þó áður umsagnar sýslunefndar um styrkveitingu hverja.

54 4. gr.
25. marz Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja Dalamenn til hvers konar framkvæmda, er að gagni megi koma til eflingar jarðrækt innan sýslunnar, svo sem verkfærakaupa og girðinga, með verðlaunagreiðslu fyrir jarðræktarframkvæmdir, en þó einkum til þess, að bændur geri hentug skýli (geymsluskúra) yfir búvélar sínar og verkfæri.

5. gr.
Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal stíla til oddvita sýslunefndar Dalasýslu, og skal að jafnaði fylgja vottorð trúnaðarmanns búnaðarfélagsskapar á því svæði, er umsækjandi býr, um framkvæmd þá, er styrkbeiðnin er stíluð fyrir, og lýsing hennar. Þeir einir njóta styrks úr sjóðnum, sem búsettir eru í Dalasýslu og vinna framkvæmdirnar innan sýslunnar.

6. gr.
Eignir sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Dalasýslu, Söfnunarsjóði Íslands eða bönkum landsins, kaupa ríkistryggð verðbréf, eða lána gegn fyrsta veðrétti í fasteign, þó aldrei hærra en svo, að veðið sjálft sé jafnan örugg trygging fyrir tvöfaldri lánsupphæðinni.

Aldrei má skerða höfuðstól sjóðsins og að jafnaði skal leggja að minnsta kosti einn fjórða hluta vaxtanna við höfuðstólinn. Þó hafa gefendur sjóðsins rétt til að veita styrk úr sjóðnum, er nemi öllum vöxtum hans.

7. gr.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal féhirðir leggja fram á aðalfundi sýslunefndar Dalasýslu reikning sjóðsins yfir þá liðið ár, endurskoðaðan af manni þeim, er sýslunefnd velur til þess starfa. Endurskoðandi skal kosinn til fjögurra ára í senn.

8. gr.
Skipulagsskrá þessi öðlast gildi 23. desember 1945.

9. gr.
Leita skal forsetastaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

55 **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð um Magnús Stefán-
25. marz son skáld (Örn Arnarson)", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. marz 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Magnús Stefánsson skáld (Örn Arnarson).

1. gr.
Sjóður þessi er stofnaður til minningar um Magnús Stefánsson skáld (Örn Arnarson), á ártíð hans 12. desember 1944, og samkvæmt samþykkt á skiptafundi í dánarbúi hans 7. desember 1943.

Er stofnfé sjóðsins allar eftirlátnar eignir dánarbús Magnúsar Stefánssonar, þar með talinn eignarréttur að ritum hans, auk gjafa, er sjóðnum hafa borizt.

2. gr. 55

Tilgangur sjóðsins er, að fé hans verði varið til þess að koma upp bókasafni 22. jan.
við væntanlegt hvíldarheimili fyrir aldraða sjómenn. Má strax og hvíldarheimilið er komið á stofn, verja allt að ⅘ af því, er sjóðurinn þá kann að eiga, til bókakaupa í þessu skyni. Síðan má árlega verja tekjum sjóðsins til bókasafnsins, þó svo, að helmingur vaxta leggist jafnan við höfuðstól, þar til að hann er orðinn 50 þús. kr.

3. gr.

Sjóðnum skal aflað tekna eftir því, sem við verður komið og stjórn sjóðsins telur heppilegast, meðal annars með því að gefa út rit skáldsins og er heimilt að lána fé úr sjóðnum í því skyni.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera sú sama og stjórn hvíldarheimilisins og hefur hún að öðru leyti en því, er skipulagsskráin greinir, óbundnar hendur um stjórn og meðferð sjóðsins. Halda skal gerðabók um allar styrkveitingar og aðra meðferð sjóðsins.

Fyrir sjóðinn skal gera árleg reikningsskil, sem endurskoðast af endurskoðendum hvíldarheimilisins og skulu reikningar síðan birtir opinberlega.

5. gr.

Fé sjóðsins skal geymt í sparisjóðsbók í Landsbankanum eða í ríkisskuldabréfum, eftir því sem við verður komið.

6. gr.

Verði af einhverjum ástæðum ekki hægt eða þurfi ekki með þeirra ráðstafana, sem er tilgangur sjóðsins, skal honum varið samkvæmt tillögum stjórnar Sjómannafélags Reykjavíkur, til hagsbóta fyrir íslenzka sjómannastétt.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

GJALDSKRÁ 56

30. marz

um greiðslu fyrir aukaverk sóknarpresta.

1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkazt hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

a.	Fyrir skráningu nafns barna í ministerialbók (skírn)	kr.	5.00
b.	— fermingu ásamt undirbúningi	—	20.00
c.	— hjónavígslu	—	15.00
d.	— greftrun (líksöngseyrir)	—	10.00
e.	— endurskoðun kirkjureiknings	—	2.00
f.	— vottorð, sem prestur gefur í embættisnafni	—	1.00

Á upphæðir þessar skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar.

56 30. marz

Þó skulu vottorð, er prestur gefur vegna meðlagsgreiðslu barna, fjárhagsvottorð fátækra manna, svo og vottorð samkvæmt beiðni sveitarstjórna eða annarra stjórnarvalda, veitt ókeypis.

3. gr.

Nú flytur prestur ræðu við jarðarför eða hjónavígslu, og ber honum þá sérstök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeiganda, eins og tíðkazt hefur.

4. gr.

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

5. gr.

Skylt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, er hans er vitjað til aukaverka, og greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

6. gr.

Um fararbeina handa presti, er á yfir sjó að sækja til aukaverka, svo og þegar hans er vitjað til sjúkra, fer eftir tilskipun frá 27. janúar 1847.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 36 frá 1931, og gildir frá 1. apríl 1946 til 31. des. 1955, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 30. marz 1946.

Emil Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

57 12. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík, nr. 59 30. maí 1921.

1. gr.

Öll hafnargjöld samkvæmt reglugerð nr. 59 30. maí 1921, um hafnargjöld í Reykjavík, skulu hækka um 100%, nema hafnsögugjöld, þau skulu hækka um 200%.

2. gr.

Í stað orðanna „10 aura“ í 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar komi: eina krónu.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 169 13. ágúst 1943.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

GJALDSKRÁ

58
4. apríl

Rafveitu Keflavíkur.

I. Raforka.

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.-mæli, kr. 1.25 hver kwst. Við þessu gjaldi skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvenna kwst.-mæla, annan til ljósa, hinn til heimilisvéla og tækja. Um ljósamælinn reiknast verðið samkv. stafl. A, á hinn mælinn kr. 0.35 hver kwst.
2. Um einn kwst.-mæli, kr. 0.30 hver kwst., og auk þess fastagjald kr. 2.50 á mánuði af hverju íbúðarherbergi heimilisins og eldhúsi.

   Herbergi, sem er minna en 5 m² skal telja sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélarekstrar, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli, kr. 0.70 hver kwst.
2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað er yfir 15 kw., kr. 0.15 hver kwst., enda áskilur rafveitan sér rétt til að rjúfa strauminn allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kveldi, á tímum mesta álags.

D. Götu- og hafnarlýsing.

Um kwst.-mæli, kr. 0.70 hver kwst.

II. Mælaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkv. eftirfarandi skrá:

1.	Af	einfasa	kwst.-mælum	að	30	amp	kr. 1.50 á mán.
2.	—	þrífasa	—	—	— 50	—	— 3.00 — —
3.	—	—	—	—	— 200	—	— 7.00 — —
4.	—	—	—	—	yfir 200	—	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 20% af mælitækisverðinu. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. Heimtaugargjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðist við brunabótamat á húsinu og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

1. flokkur:

Af húsum þeim, sem greitt hafa tengigjöld til Rafveitu Keflavíkur fyrir 31. júlí 1945, en fengið hafa heimtaug endurbyggða, vegna straum- og spennubreytingarinnar, skal greiða aukatengigjald eins og hér segir:

	Brunabótamat		Aukatengigjald
Frá	0— 5 000.00	.....	kr. 100.00
—	5 000.00—10 000.00	.....	— 140.00
—	10 000.00—20 000.00	.....	— 160.00
—	20 000.00 og yfir	.....	— 180.00

58 4. apríl Þar, sem af einhverjum ástæðum þarf að breyta loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, greiði húseigandi 50% meira fyrir jarðlínuna en loftlínuna samkvæmt ofangreindum taxta, þó því aðeins að vírgildleiki fari ekki fram úr 3×25 qmm. Sé gildleikinn meiri, eða heimtaugin lengri en 15 m, greiðist það með kostnaðarverði, sem fram yfir er.

2. flokkur:

Af hverju húsi, sem ekki hefur verið greitt tengigjald af fyrir 31. júlí 1945 skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Brunabótamat		Jarðlína	Loftlína
Frá	0—10 000.00 ..... kr.	380.00	kr. 210.00
—	10 000.00—15 000.00 ..... —	510.00	— 280.00
—	15 000.00—20 000.00 ..... —	600.00	— 360.00
—	20 000.00—25 000.00 ..... —	700.00	— 450.00
—	25 000.00—30 000.00 ..... —	780.00	— 530.00
—	30 000.00—40 000.00 ..... —	880.00	— 600.00
—	40 000.00—50 000.00 ..... —	980.00	— 640.00
—	50 000.00—60 000.00 ..... —	1 060.00	— 680.00
—	60 000.00—70 000.00 ..... —	1 100.00	— 700.00
—	70 000.00—80 000.00 ..... —	1 140.00	— 730 00
—	80 000.00—90 000.00 ..... —	1 170.00	— 760.00
—	90 000.00 og yfir ..... —	1 200.00	— 800.00

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m, og gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. Ýmis gjöld.

1. Opnunargjöld:

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 4 krónur.

2. Sekt fyrir óleyfileg vör:

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 4 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Gjaldskrá þessa skal endurskoða fyrir 15. sept. 1946 og fá staðfesta að nýju. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá rafveitunnar nr. 76 frá 28. júní 1934 og auglýsing um breyting á henni nr. 93 10. maí 1943.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1946.

Forsetabréf um þinglausnir og þingrof, undirskrifað af forsetanum 29. apríl 1946, nr. 30.

Forsetabréf um almennar kosningar til Alþingis, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 31.

Lög um Austurveg, undirskrifuð af forsetanum 23. apríl 1946, nr. 32.

Lög um tunnusmiði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 33.

Lög um fræðslu barna, undirskrifuð af forsetanum 29. apríl 1946, nr. 34.

Lög um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 35.

Lög um byggingu gistihúss í Reykjavík, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 36.

Lög um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 37.

Lög um breyting á lögum nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 38.

Lög um breytingar á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands, og lögum nr. 107 30. des. 1943, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 39.

Lög um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 40.

Lög um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 41.

Lög um nýbyggingar í Höfðakaupstað, undirskrifuð af forsetanum 7. maí 1946, nr. 42.

Lög um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 43.

Lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 44.

Lög um beitumál, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 45.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 46.

Lög um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 47.

Lög um gagnfræðanám, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 48.

Lög um húsmæðrafræðslu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 49.

Lög um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 50.

Lög um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 51.

Lög um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 52.

Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 53.

Lög um breyting á lögum nr. 48 23. febr. 1945, um skipakaup ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 54.

Lög um breytingar á lögum nr. 12 9. jan. 1935 og nr. 40 27. júní 1941, um iðnlánasjóð, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 55.

7. dag maímánaðar 1946. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 56.

Lög um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 57.

Lög um menntaskóla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 58.

Lög um sérstakar fyrningarafskriftir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 59.

59
12. apríl

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu, um skiptingu Nesjahrepps í tvö sveitarfélög.

Samkvæmt samþykkt hreppsnefndar Nesjahrepps og meðmælum sýslunefndar Austur-Skaftafellssýlu um skiptingu Nesjahrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu skal skipt í tvö hreppsfélög er nefnast Nesjahreppur og Hafnarhreppur. Hafnarhreppur nær yfir allt kauptúnið Höfn í Hornafirði ásamt öllu Hafnarneslandi og eyjar þær, er þeirri jörð fylgja. Landamerki jarðarinnar Hafnarness, eins og þau hafa verið, eru hreppamörk Hafnarhrepps.
2. Framfærsluþegar eru engir við skiptin, en framfærslu styrkþega er síðar kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Nesjahrepp, skulu hrepparnir bera sameiginlega, þannig, að Nesjahreppur greiði ⅓ en Hafnarhreppur ⅔ hluta framfærslunnar.
3. Elli- og örorkustyrkþegar tilheyri hinum nýju hreppum eftir því sem þeir eiga lögheimili þegar skiptin fara fram.
4. Um skiptingu eigna fer sem hér segir:
   a. Í hluta Hafnarhrepps koma þessar eignir:
      1. Hafnarsjóður Hafnarkauptúns ásamt hafnarmannvirkjum sveitarfélagsins á Höfn, enda tekur Hafnarhreppur að sér allar skuldbindingar, sem á Nesjahreppi hafa hvílt vegna hafnarinnar.
      2. Ræktunarland Nesjahrepps í Hafnarkauptúni.
      3. Barnaskólahúsið á Höfn í Hornafirði.
      4. Verðbréf að upphæð kr. 480.00.
   b. Í hluta Nesjahrepps komi:
      1. Hluti sveitarfélagsins í jörðinni Setberg í Nesjum.
      2. Þinghús hreppsins við Laxá.
      3. Eldtryggur skjalaskápur.
      4. Skólahúsbyggingarsjóður Nesjahrepps kr. 39000.00, og greiðir Hafnarhreppur í sjóðinn það er til kann að vanta að þessi upphæð sé í sjóðnum þegar skiptin fara fram.
   c. Bókasafn Nesjahrepps skiptist til helminga milli hreppanna.
   d. Sameign hreppanna skal vera fyrst um sinn:
      1. Raforkusjóður.
      2. Rörsteypumót.

      Raforkusjóðnum skal skipta ef önnur hvor hreppsnefndin krefst þess og skal honum þá skipt þannig, að í hlut Nesjahrepps komi ⅓ hluti sjóðsins en í hlut Hafnarhrepps ⅔ hlutar. Á sama hátt getur Hafnarhreppur leyst til sín hluta Nesjahrepps (⅓) í rörsteypumótunum, ef önnur hvor hreppsnefndin æskir þess, og verði þær ekki á eitt sáttar um verðið skulu óvilhallir menn meta þau til verðs.

e. Útistandandi skuldir og eftirstöðvar er skipti fara fram skiptast þannig, að í hlut Nesjahrepps kemur ⅓ en í hlut Hafnarhrepps ⅔ hlutar. 59 12. apríl
f. Ellistyrktarsjóði Nesjahrepps skal skipt að jöfnu milli hreppanna.
5. Bækur og skjöl, sem sveitarfélagið á nú, skal vera eign Nesjahrepps, en hreppsnefnd Hafnarhrepps skal eiga aðgang að þeim þegar hún þarfnast.
6. Hreppsnefndarmenn skulu vera 5 í hvorum hreppi.
7. Um fjallskil og annað fer að lögum og reglum þeim, er hrepparnir setja sér.
8. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. janúar 1946 og skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa framkvæma skiptinguna. Verði ágreiningur út af skiptunum skal úr honum skorið af sýslunefnd.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er engin breyting gerð á hinum forna Nesjahreppi, sem dómþing né manntalsþinghá.

SAMÞYKKT 60 10. apríl

fyrir Framræslu- og áveitufélag Framengja í Mývatnssveit.

1. gr.

Félagið heitir Framræslu- og áveitufélag Framengja í Mývatnssveit. Heimili þess og varnarþing er Skútustaðahreppur í Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Félagið nær yfir eftirtaldar jarðir í Skútustaðahreppi: Litlaströnd, Álftagerði I—IV, Skútustaði I—III, Gautlönd I—II og Arnarvatn I—III. Enn fremur svonefnt Sveinsstrandarengi, sem ekki er sérstakt ábýli.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:
1. að annast framkvæmd og rekstur áveitu og framræslu á engjalöndum þeirra jarða, sem taldar eru í 2. gr.;
2. að koma í veg fyrir vatnságang og landspjöll af völdum Krákár;
3. að útvega og reka meðan á framkvæmdum stendur skurðgröfu frá ríkinu, samkvæmt ákvæðum laga nr. 54 frá 4. júlí 1942, V. kafli, 35. gr., og lögum nr. 38 frá 7. apríl 1943 um breyting á þeim;
4. að útvega fé sem styrk og lán til að koma nauðsynlegum mannvirkjum í þessu sambandi í framkvæmd.

4. gr.

Félaginu stjórnar þriggja manna nefnd, kjörin af aðalfundi til þriggja ára í senn. Gengur einn maður úr félagsstjórninni á hverju ári, tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri ár hvert. Varamenn í félagsstjórn skulu kosnir eftir sömu reglum. Þá kýs og aðalfundur tvo endurskoðendur félagsreikninganna til tveggja ára í senn, og ganga þeir úr sitt árið hver, í fyrsta sinn eftir hlutkesti.

5. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til allra funda í félaginu og stýrir þeim. Hann sér um bókun allra fundargerða og ákvarðana, sem félagið varðar. Hann varðveitir og öll skilríki, sem félagsskapinn snerta. Gjaldkerinn hefur á hendi reikningsfærslu félagsins og annast allar innheimtur og greiðslur

60 eftir ávísun formanns. Stjórnarnefndin hefur á hendi alla framkvæmd og rekstur
10. apríl fyrirtækisins, eftir ákvörðun aðalfundar. Hún sér um, að árlega sé framkvæmt nauðsynlegt mat á mannvirkjum þeim, sem félagið lætur gera, eða einstakir menn hafa framkvæmt á jörðum sínum í þágu áveitunnar.

Heimilt er félagsstjórn að ráða eftirlitsmann til eins árs í senn. Getur hún falið honum eftirlit með mannvirkjum félagsins og viðhaldi þeirra, og sjái hann þá einnig um skiptingu áveituvatns og rekstur áveitunnar, ella telst það til stjórnarstarfa eftir nánari ákvörðunum aðalfundar.

Í nóvembermánuði ár hvert jafnar stjórnarnefnd niður öllum kostnaði, samkvæmt ákvæðum 8. gr.

Þóknun fyrir störf sín fær stjórnarnefnd eftir reikningi, sem aðalfundur úrskurðar.

6. gr.

Félagsfundi skal boða með nægum fyrirvara og tilkynna fundarverkefni í boðinu. Aðalfund skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert, og er hann því aðeins lögmætur, að þar komi fram ¾ hlutar atkvæða allra lögbundinna félagsmanna, og sé þá eitt atkvæði fyrir hvert ábýli, samkvæmt 2. gr., og auk þess eitt atkvæði fyrir það sérstaka engjasvæði, sem greinin nefnir. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum. Nú mæta ekki svo margir félagsmenn, að aðalfundur sé lögmætur, og skal þá stjórn félagsins innan hálfs mánaðar boða til aðalfundar að nýju, og er sá fundur lögmætur án tillits til þess, hversu margir félagsmenn mæta þar. Á aðalfundi leggur stjórnin fram reikninga félagsins fyrir umliðið starfsár. — Einnig leggur hún þar fram starfsáætlun fyrir næsta ár, ásamt kostnaðaráætlunum um framkvæmdir. Aukafundir skulu haldnir, þegar félagsstjórn eða helmingur félagsmanna telur þess þörf, og hafi sent beiðni um það til félagsstjórnar.

7. gr.

Á kostnað félagsins skal gera alla framræslu- og áveituskurði ásamt nauðsynlegum stíflum í þá og flóðhliðum. Enn fremur skal gera á kostnað félagsins flóðgarða og önnur þau mannvirki, sem nauðsynleg kunna að vera til vatnsstöðu og farvegsbreytinga vegna upptöku vatns til áveitu, eða til varnar gegn landspjöllum. Tilhögun mannvirkja og framkvæmdum skal haga samkvæmt áætlunum og uppdráttum gerðum af Búnaðarfélagi Íslands og þeim viðaukum og breytingum, sem það síðar kann að gera, enda verði þær samþykktar af aðalfundi eða lögmætum félagsfundi áður en verkið er hafið.

8. gr.

Öllum árlegum kostnaði við framkvæmdir þær, sem 7. gr. tiltekur, svo sem afborgunum og vaxtagreiðslum af stofnkostnaði, viðhalds- og endurnýjunarkostnaði mannvirkja, stjórnar- og eftirlitskostnaði m. m., skiptir félagsstjórnin í nóvembermánuði ár hvert á allar jarðir, sem framræslan og áveitan nær til. Niðurjöfnunina skal yfirleitt miða við flatarmálsstærð þess lands, sem hags nýtur af verkinu, en til þess að hæfilegt tillit sé hægt til þess að taka, ef einhverjar af jörðunum hafi sérstöðu gagnvart afnotum verksins, skal félagsstjórn, með samþykki aðalfundar, gera eða láta gera hagnaðarmat á engjalöndum viðkomandi jarða, þegar framkvæmdum við fyrirhugaða áveitu og framræslukerfi er lokið. — Því mati má, innan þriggja mánaða, vísa til yfirmats þriggja óvilhallra manna, dómkvaddra. Um skipun slíks yfirmats og kostnað, sem af því leiðir, fer eftir sömu reglum og lög um landsskipti tiltaka.

Gjaldskrá, er ákveður grundvöll að skiptingu framangreinds kostnaðar, skal senda landbúnaðarráðherra til staðfestingar.

9. gr.

Stofnun félagsins, verkefni þess, heimili og varnarþing, svo og hverjir séu í félagsstjórn, og ef breytingar verða á henni, og enn fremur hverjir fari með prókúruumboð fyrir félagið, skal birta í Lögbirtingablaðinu. 10. apríl

10. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til að taka lán handa félaginu til þeirra framkvæmda, er það hefur á höndum, eftir nánari ákvörðun aðalfundar, að setja til tryggingar lánsfénu og endurábyrgð þeirri, sem þurfa kynni vegna lántöku, veðrétt í jarðeignum þeim, sem nefndar eru í 2. gr. Stjórnin sér um skilvísa greiðslu afborgana og vaxta af lánum þeim, sem félagið þarf að taka.

Niðurjöfnuð árgjöld á félagsmenn hafa lögtaksrétt.

11. gr.

Rísi ágreiningur í félagsmálum innan félags, skal úr honum skorið með gerðardómi. Gerðardómur skal skipaður þrem mönnum. Skulu aðilar tilnefna sinn manninn hvor, en aðalmaður sé skipaður af Búnaðarfélagi Íslands.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 100—1000 krónum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

13. gr.

Samþykkt þessari má breyta á lögmætum aðalfundi, ef ⅔ allra félagsmanna samþykkja breytinguna, og öðlast hún gildi, þegar staðfesting stjórnarráðs Íslands kemur til.

14. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði náð þeim tilgangi, sem félagið hefur sett sér, eða þeir örðugleikar reynast, að ókleift þyki að halda félagsskapnum áfram, enda sé það samþykkt á lögmætum aðalfundi og ⅘ greiddra atkvæða sé með því, og samþykki stjórnarráðs fáist um félagsslit.

15. gr.

Skylt er að gera endurskoðun á samþykkt þessari, þegar verklegar framkvæmdir hefjast samkvæmt henni.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, jarðræktarlögum nr. 54 frá 4. júlí 1942 og lögum nr. 38 frá 7. apríl 1943, um breyting á þeim, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. apríl 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

61
15. apríl

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár skiptist í tvö fjallskilafélög þannig: Á milli Jökulsár og Hafralónsár sé eitt fjallskilafélag og annað fjallskilafélag sé austan Hafralónsár að takmörkum Norður-Múlasýslu. Hvort fjallskilafélag skiptist í deildir eftir hreppum. Hreppum má og skipta í deildir, ef viðkomandi hreppsnefnd telur þess þörf og sýslunefnd samþykkir.

2. gr.

Sýslunefnd hefur yfirstjórn allra fjallskilamála samkv. gildandi sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefnd annast stjórn og framkvæmd þeirra hver í sínum hreppi.

3. gr.

Hver hreppsnefnd skal skipa einn mann til að hafa á hendi stjórn og umsjón fjallskilamála hreppsins og nefnist hann fjallskilastjóri.

4. gr.

Hver hreppsnefnd, eða fjallskilastjóri fyrir hennar hönd, haldi sérstaka fjallskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndar. Í þá bók skal skrá allt, er viðkemur fjallskilamálum hreppsins. Fjallskilastjóri skal hafa þóknun fyrir störf sín eftir ákvörðun hreppsnefndar.

5. gr.

Hver hreppur skal hafa sérstakan fjallskilasjóð og renna í hann allar tekjur og úr honum greiðast öll gjöld, er af fjallskilum stafa.

Hreppsnefndaroddvitar annast reikningsfærslu fjallskilasjóðs, innheimtur og gjöld. — Reikningar sjóðanna skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum til endurskoðunar og úrskurðar.

II. KAFLI

Um afrétti, heimalönd og upprekstur.

6. gr.

Allt land skiptist í afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem að fornu hafa verið. Sýslunefnd getur þó tekið upp nýja afrétti eftir tillögum hreppsnefndar og með samþykki landeiganda.

7. gr.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá um landamerki afréttarlanda hreppsins og skal hún innfærð í fjallskilabókina.

Skrár þessar skulu sendar sýslunefnd og sér hún um að þær séu innfærðar í afréttabók, er tilgreinir gangnasvæðin innan fjallskilaumdæmisins.

8. gr.

Hreppsnefndir gangast fyrir því hver í sínum hreppi að gerð sé sveitarsamþykkt um hvort nota skuli heimalönd til upprekstur fyrir sauðfé. Skal í þeirri samþykkt skýrt tekið fram hver þau heimalönd séu og tala þess fjár, sem í þau má

reka. Enginn má leyfa öðrum upprekstur í heimaland sitt nema það sé heimilað í gildandi sveitarsamþykkt, samþykktri af sýslunefnd. 61 15. apríl

Heimalönd þau, sem heimilt er að nota til upprekstur, skal skoða sem afrétt, að því er göngur snertir, enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigandanda sjálfum.

Nú rekur maður fé sitt í annars manns heimaland í heimildarleysi og skal þá eigandi eða umráðamaður landsins tafarlaust tilkynna það fjallskilastjóra, er sér um samdægurs að féð sé rekið til afréttar á kostnað fjáreiganda. — Verði ágreiningur milli fjallskilastjóra og fjáreiganda um gjald fyrir slíkan rekstur, má vísa ágreiningnum til sýslunefndar til úrskurðar.

9. gr.

Allt sauðfé nema kvíaær, sem nytkaðar eru, skal reka á afrétt svo tímanlega að vori, sem árferði og aðrar kringumstæður leyfa.

Reka skal á miðjan afrétt, nema heiðareigandi eða hreppsnefnd hafi leyft annað.

10. gr.

Skylt er hreppsnefnd, ef hlutaðeigendur krefjast, að gera samþykkt um, hve margt sauðfé má reka á hvern afrétt, sem heyrir undir hennar stjórn. Sé eigandi afréttar óánægður með ákvörðun hreppsnefndar, getur hann skotið máli sínu til sýslunefndar til fullnaðarúrskurðar.

11. gr.

Nú eiga tveir menn eða fleiri afrétt saman og skiptist þá afréttartollur milli þeirra eftir tiltölu hvers í afrétt, þótt einn leyfi upprekstur frekar en aðrir.

12. gr.

Heimilt er umráðamanni lands, sem verður fyrir ágangi af afréttarfé að sumrinu, að gera umkvörtun um það til viðkomandi fjallskilastjóra. Sjái fjallskilastjóri að umkvörtunin sé á rökum byggð, skal hann láta reka fénaðinn á afrétt ekki síðar en tveimur sólarhringum eftir að umkvörtunin var gerð, nema öðruvísi umsemjist við þann, er fyrir átroðningi varð. Kostnaður við slíka rekstra greiðist úr fjallskilasjóði.

Enginn má reka fénað þann, er úr afrétt gengur að sumrinu, til sveitar eða á nágranna.

III. KAFLI

Um fjárréttir.

13. gr.

Fjárréttir skiptast í aðalréttir og aukaréttir. Ákveður sýslunefnd eftir tillögum hreppsnefnda hverjar séu aðalréttir, en hreppsnefndir ákveða hverjar séu aukaréttir. Aðalréttir eru: í Fjallahreppi Grundarhólsrétt, í Öxarfjarðarhreppi Tungurétt, í Presthólahreppi Katastaðarétt og Blikalónsrétt, í Svalbarðshreppi Garðsrétt og Laxárdalsrétt og í Sauðaneshreppi Hallgilsstaðarétt. Hreppsnefnd semur við landeiganda aðalréttar um þóknun fyrir átroðning er af réttum stafar.

Skrá um allar fjárréttir í hreppnum semur hreppsnefnd. Skal þar tekið fram hvaða afrétti og heimalönd skal ganga til hverrar réttar. Skrá þessa skal færa í fjallskilabók hreppsins.

14. gr.

Skylt er hverjum hreppi að viðhalda aðalréttum og byggja að nýju þegar þörf krefur. Kostnaður við byggingu og viðhald aðalrétta — almennings og dilka —

61 greiðist úr fjallskilasjóði. Fjallskilastjóri hefur umsjón með byggingu og viðhaldi
15. apríl aðalrétta.

Kostnaður af byggingu og viðhaldi aukarétta greiðist að ⅔ úr fjallskilasjóði og að ⅓ af þeim fjáreigendum, sem mest not hafa af réttinni.

Landeigandi aukarétta skal hafa umsjón með byggingu og viðhaldi réttanna.

15. gr.

Við hverja aðalrétt skal vera ómerkingadilkur, svo og dilkur fyrir sjúkt fé. Einnig skal hreppsnefnd sjá um að við hverja aðalrétt séu nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum hreppum. Auk þess skal við hverja aðalrétt vera nægilega víðlent, fjárheld geymsluplass, svo hægt sé að geyma þar réttarsafnið yfir nótt.

16. gr.

Þar, sem afréttir eru víðlendir og hreppsbúum þykir þörf á, skal byggja gangnamannakofa á hentugum stöðum, svo gangnamenn geti notið þar skjóls fyrir sig og hesta sína þegar þörf krefur. Fjallskilastjóri sér um byggingu og viðhald gangnakofa. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði.

IV. KAFLI

Um vorsmölun.

17. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorin eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

18. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að fyrirskipa göngur á afrétti sem ekki er gengin með heimalandi í vorsmölun á þeim tíma, er búast má við að vorhret séu um garð gengin og ær orðnar rýjandi. Þegar fé er rekið í aðhald á afrétti og rúið þar, er hreppsnefnd heimilt að reikna gjald fyrir rúning fjár og mörkun lamba, enda sé ull af hinu rúna fé flutt til byggða og eiganda gert aðvart.

Kostnaður við vorgöngur greiðist úr fjallskilasjóði, enda renni þangað tekjur af mörkun og rúningi.

V. KAFLI

Um haustgöngur og réttun.

19. gr.

Hver fjáreigandi, sem á sauðfé á afrétt, er skyldur að gera fjallskil á þann hátt og á þeim tíma er hreppsnefnd ákveður.

Þeir fjáreigendur, sem hafa einhvern hluta fjár síns í fjárheldum girðingum yfir sumarið, skulu aðeins greiða hálfan fjallskilakostnað af þeim fénaði, móts við aðra fjáreigendur hreppsins. En þeir sem reka fé sitt á annarra hreppa afrétti greiði ¾ fjallskilakostnaðar.

Skyldur er hver bóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimamenn sína og aðra er hjá honum eiga fjallskyldan fénað, gegn endurgjaldi frá hlutaðeigandi fjáreiganda.

20. gr.

Skylt er hverjum fjáreiganda að gefa hreppsnefnd skýrslu um fjártölu á afrétt á þeim tíma er hún ákveður. Hreppsnefnd er skylt að semja skýrslu um fjártölu þeirra hreppsbúa, er rekið hafa fé á utansveitarafrétti og senda hlutaðeigandi hreppsnefnd eigi síðar en mánuði fyrir fyrstu göngur.

Hreppsnefnd skal jafna öllum fjallskilakostnaði á fjártölu hreppsbúa og ann- 61
arra þeirra, er afrétt hreppsins nota, með ákveðinni auratölu á kind og nefnist sú 15. apríl
fjársöfnun fjallskilasjóður. Úr þeim sjóði skal greiða gangnakostnað og annað, er fjallskil varða, sbr. 14.—16. gr.

21. gr.

Hreppsnefnd skal skipta afrétti þeim, sem hún á yfir að ráða, í leitarsvæði og kveða á um hve marga menn þurfi í hverja leit, og svo til annarra fjárrétta, sem sækja þarf fé að. Skrá um þetta skal færa í fjallskilabók hreppsins.

22. gr.

Þar, sem utansveitarfé gengur árlega á afrétti einnar sveitar, án þess að þangað sé rekið, skal sú eða þær sveitir, sem féð eiga, leggja til fjallskila að einhverju leyti þar, sem féð gengur, sé þess krafizt. Komi hreppsnefndir sér ekki saman um kostnað af þessu, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar sýslunefndar.

23. gr.

Hverjum fjáreiganda er skylt að inna af hendi þau fjallskil, sem á hann hafa verið lögð, á þeim tíma og með þeim hætti, sem hreppsnefnd hefur ákveðið. En heimilt er honum að bera upp við hreppsnefndina aðfinningar um hvernig fjallskilum er jafnað á hann og aðra. Náist ekki samkomulag milli hreppsnefndar og fjáreiganda, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar sýslunefndar.

Enginn sá, sem fjallskil eru lögð á, getur komizt hjá að inna þau af hendi þótt hann hafi kært yfir þeim og lagt það mál til úrskurðar.

24. gr.

Nú vanrækir fjáreigandi að framkvæma þau gangnaskil, sem honum hafa verið gerð eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar sektum. Rétt er gangnaforingja eða fjallskilastjóra að fá mann til að gera gangnaskil í stað þess er gangnarof gerði, á hans kostnað. Auk þess greiði hann sekt til fjallskilasjóðs, er göngunum nemur.

25. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, sem gangnaforingi og minnst helmingur gangnamanna tekur gildan. Nú hefur fjáreigandi engan hæfan gangnamann og getur ekki útvegað hann, skal hann þá tilkynna það fjallskilastjóra skriflega minnst 6 dögum áður en gangnaskilin eiga að framkvæmast, en fjallskilastjóri útvegar mann og annað, sem með þarf — hest, fæði o. s. frv. — og borgar þá fjáreigandi sektalaust allan þann kostnað, sem af fjallskilunum leiðir, án tillits til mats á þeim.

26. gr.

Hreppsnefnd skipar einn kunnugan og gætinn mann sem gangnaforingja fyrir hvert leitarsvæði. Gangnaforingi skipar fyrir um tilhögun gangna og hefur alla stjórn á þeim. Hann sér um, að safnið sé rekið með reglu og gætni, og kveður menn til að gæta þess, þar til það er komið í rétt eða nátthaga.

Hver gangnamaður er skyldur til að hlýða sínum gangnaforingja. Öll óhlýðni við skipunum hans varða sektum.

27. gr.

Gangnaforingi skal annast um að farið sé svo vel með féð sem unnt er. Nú koma fyrir kindur, sem ekki er unnt að koma lifandi til réttar og ekki er þreytu um að kenna, skal þá slátra þeim, taka úr þeim innyfli, en flytja að öðru leyti til byggða, ef þess er kostur.

61 Fjallskilastjóra skal tilkynnt, ef gangnamenn hafa orðið að skilja eftir þreyttar
15. apríl kindur og ógangfærar, svo og kindur sem lógað hefur verið í göngunum, en ekki hægt að flytja til byggða, og skal hann í samráði við eiganda eða eigendur ráðstafa þeim svo fljótt sem unnt er. Fjallskilasjóður greiðir kostnað sem af því leiðir að ⅓.

28. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbréfi (gangnaseðli), er berist sem þingboð um hreppinn hæfilegum tíma áður en fjallskil byrja, hvað hver fjáreigandi á að leggja til fjallskila á því hausti. Þar skal tekið fram: Fjártala á afrétt, kostnaður á kind, hverjir séu gangnaforingjar, hvenær rétta skal á aðalréttum, hver sé réttarstjóri og annað það, er fjáreigendur og gangnamenn varðar.

29. gr.

Það skal vera aðalregla að gera þrenn fjallskil hvert haust, þó er hreppsnefnd heimilt að fyrirskipa fjórðu göngur, ef fjallskilastjóri eða 10 bændur óska þess skriflega.

Nú kemur óveður þegar gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar, svo þær verða að litlu eða engu gagni, er þá undir hlutaðeigandi hreppsnefnd komið hvort hún telur að nokkrar göngur hafi verið gerðar.

30. gr.

Fjallskilum skal haga þannig, að réttardagar fyrstu fjallskila sé 21. september,
— — annarra — — 28. september,
— — þriðju — — 5. október.

Heimilt er þó hreppsnefndum á fjallskilasvæðinu, með samþykki sýslumanns, að breyta um réttardaga ef nauðsyn krefur.

31. gr.

Við hverja aðalrétt skal hreppsnefnd skipa duglegan réttarstjóra. Skal réttarstjóri kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Hann skipar fyrir um hvernig drætti skal hagað og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega alla óreglu, er veldur töfum við dráttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum sem fyrir gangnarof.

32. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar og grunsamlegar kindur úr safninu eða réttinni strax og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um að ómörkuð lömb séu hirt á réttinni og dregin í dilk, svo fjáreigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau.

Enginn má helga sér marklausa kind eftir fjárbragði og enginn má taka ómarkað lamb af réttinni, nema með samþykki réttarstjóra.

Réttarstjóri skal að loknum drætti afhenda hreppstjóra eða umboðsmanni hans alla ómerkinga og aðrar kindur, sem ekki finnast eigendur að, svo og sjúkt fé og það fé, sem samkvæmt fyrirmælum sauðfjársjúkdómanefndar ekki má reka heim til sín.

33. gr.

Réttarstjóri skal skipa markglöggan og áreiðanlegan mann til að rannsaka fé utansveitarmanna, áður en það er rekið af réttinni, til að koma í veg fyrir misdrátt.

VI. KAFLI
Um hreinsun heimalanda.

34. gr.

Þar, sem ekki hagar svo til að gangnamenn hljóta að ganga heimalönd um leið og fjallskil eru gerð, skal hver bóndi skyldur að hreinsa heimalönd sín um leið og fjallskil eru gerð. Hreppsnefnd skipar fyrir um rekstur þess fjár til rétta, sem kemur fyrir í heimalöndum eða sér um réttun þess sé það réttað í aukaréttum.

Heimilt er hreppsnefnd að skipa fyrir um hreinsun heimalanda á hausti, eftir að fjallskilum er lokið, ef henni þykir nauðsyn til bera.

35. gr.

Nú liggja lönd beggja eða fleiri hreppa saman og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir þá gera samþykkt um hvernig hreinsun skal haga á því svæði, er lönd hreppanna ná saman. Sama gildir um smölun til rúnings.

Óhlýðni gegn skipun hreppsnefnda um hreinsun heimalanda varðar sektum.

36. gr.

Hreppsnefnd skal setja ákveðnar reglur um rekstur þess fjár, sem ganga á í bæjarrekstrum milli gangna og eftir að fjallskilum er lokið. Skal þess jafnan gætt að féð sé rekið beztu og beinustu leið.

Hreppsnefndir skulu gera samþykktir um hvernig rekstrum skal haga milli hreppa eftir að fjallskilum er lokið.

37. gr.

Ávallt skal rétta fyrr á heimaréttum og aukaréttum en aðalrétt. Skal allt úrtíningsfé, vafafé og ómerkingar, er lambsmæður ekki hafa helgað sér þar, rekið til aðalréttar og dregið þar upp.

VII. KAFLI
Um óskilafé.

38. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fé og fé með mörkum, sem eigi verður úr lesið eða finnst í markaskrám, svo og ómerkingar, sem lambsmæður ekki hafa helgað sér á heimaréttum eða aukaréttum, skal rekið til aðalrétta í öllum göngum. Skal réttarstjóri sjá um að slíkt fé sé dregið í dilka sér og fjáreigendum leyft að leiða ær til ómerkinga til að reyna að sanna eignarrétt sinn á þeim. Fjárbragð eitt má aldrei skera úr um eignarrétt. Ómerkingar þeir, sem engin ær helgar sér í lok hverrar réttar, er eign viðkomandi hrepps.

39. gr.

Allar aðrar óskilakindur, sem ekki tekst að finna eigendur að, svo og það óskilafé, er fyrir kann að koma á hausti eða vetri eftir að fjallskilum er lokið, skal afhent hreppstjóra, en hann sér um að því sé komið í verð, eftir því sem unnt er. Að loknum haustgöngum og smölunum skulu hreppstjórar senda skýrslu um hið selda eða lógaða fé í alla hreppa fjallskilaumdæmisins, svo mönnum gefist kostur á að reyna að sanna eignarrétt sinn á hinu selda fé.

40. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á sauðfé, skal viðkomandi hafa lögheimili og auglýst mark.

Gefi tveir eða fleiri sig fram sem eigendur að sama marki, er hreppstjóra eigi

61 skylt að svara andvirði hinnar seldu kindar, fyrr en einn hefur formlega sannað
15. apríl eignarrétt sinn.

41. gr.

Nú kemur fyrir kind með marki ákveðins manns, en hann telur sig ekki eiganda. Skal þá fara með kindina sem óskilafé.

42. gr.

Fyrir lok janúar næsta ár skulu hreppstjórar senda manni, sem sýslunefnd hefur til þess kjörið, greinilegar lýsingar af öllum þeim óskilafénaði, sem seldur hefur verið eða lógað. Skal hann taka lýsingar þessar á skrá og láta birta þær í Lögbirtingablaðinu.

43. gr.

Af andvirði óskilafjár, sem fargað er, má greiða:

1. Gæzlukostnað.
2. Sölukostnað.
3. Auglýsingakostnað.
4. Fundarlaun.

Að öðru leyti greiðist andvirði óskilafjár til eiganda, ef hann innan ágústloka næsta á eftir, hefur sannað eignarrétt sinn. Annars fellur andvirðið til viðkomandi sveitarsjóðs.

VIII. KAFLI

Um eftirleitir.

44. gr.

Þegar fyrirskipuðum fjallskilum er að fullu lokið, skal fjallskilastjóri leyfa eftirleitir á afréttum, annaðhvort fyrir umsamda borgun úr fjallskilasjóði eða á kostnað leitarmanna sjálfra. Fjallskilastjóri skal auglýsa á hausthreppaskilaþingi hvað af afréttum hreppsins er gefið upp til eftirleita. Séu nærheiðar ekki gefnar upp til eftirleita, skal fjallskilastjóri semja við heiðaeigendur að þeir hreinsi nærheiðar, þar sem fé þeirra gengur, fyrir 12. nóvember haust hvert.

45. gr.

Nú finnur maður óheimt fé í eftirleit, án þess að samið hafi verið um borgun fyrir ferðina, og ber honum þá borgun fyrir það, þannig:

Fyrir lamb	kr.	5.00
— veturgamla kind	—	7.00
— dilká með dilk	—	10.00
— dilká með 2 dilkum	—	13.00
— mylka á	—	6.00
— gelda á	—	8.00
— sauð	—	9.00
— hrút eldri en veturgamlan	—	12.00

Á ofanritaðar upphæðir greiðist verðlagsuppbót, eins og hún er á hverjum tíma.

Borgun fyrir óheimt fé greiðist úr fjallskilasjóði. Fyrir óheimt fé, sem finnst í heimalöndum eða við smölun fjár þótt í afrétt sé, eftir að fjallskilum er lokið, er eigi skylt að greiða fundarlaun.

Nú finnst fé í eftirleit, og skal það tilkynnt fjallskilastjóra, en hann gerir ráðstafanir til að hið fundna fé komist til réttra eigenda.

Oddviti hreppsnefndar greiðir eftirleitarlaun, eftir ávísun frá fjallskilastjóra.

46. gr. 61

Hver fjáreigandi skal auðkenna fé sitt, jafnóðum og það heimtist, með glöggu merki og í síðasta lagi úr þriðju göngum. Vanræki einhver að auðkenna fé sitt þannig, á hann sjálfur að borga eftirleitarlaun, en ekki fjallskilasjóður. 15. apríl

Fyrir heimt fé, sem finnst í eftirleit, ber eiganda að greiða kr. 3.00 fyrir hverja kind, auk verðlagsuppbótar.

IX. KAFLI
Um fjármörk.

47. gr.

Fjármörk eru: eyrnamörk, brennimörk og hornamörk. Eyrnamörk skulu vera á öllu fé, en hornamörk og eigin brennimörk því aðeins, að eigendur vilji. Ekki mega menn eiga námerkt frekar en þörf krefur og hefur markadómsmaður rétt til að kveða á um hversu námerkt má vera. Þess skal sérstaklega gætt, að enginn fjáreigandi í Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár noti fjármark, sem til er í Norður-Múlasýslu norðan Jökulsár á Brú.

48. gr.

Nú tekur maður upp mark eða flytur inn í sveit með mark, sem er náið öðrum í sama fjallskilafélagi, og er hann þá skyldur að breyta markinu, ef markadómsmaður krefst þess.

Fleiri en tvö undirben má aldrei hafa sama megin á eyra.

Erfðamörk eru rétthærri en önnur mörk, þó jafngömul sé.

49. gr.

Það skal vera aðalregla, að hver fjáreigandi hafi aðeins eitt fjármark.

Nú telur fjáreigandi sig þurfa að eiga tvö fjármörk, og má þá markadómsmaður leyfa það, ef honum þykir ástæða til. En hver fjáreigandi, sem á tvö fjármörk, skal gjalda tvöfalt fyrir skrásetningu eða prentun síðara marksins.

50. gr.

Allir fjáreigendur skulu hafa hreppsbrennimark á fé sínu, eftir því sem sýslunefnd segir fyrir um og lætur hún prenta þau í markaskrá sýslunnar. Skal hver fjáreigandi hafa brennimerkt hverja hornótta kind, áður en henni er sleppt, eftir hinn fyrsta vetur, sem hún er fóðruð, með brennimarki þess hrepps, sem hann er búsettur í. Það varðar sektum, ef út af er brugðið, og renna þær í fjallskilasjóð.

Hreppabrennimörk eru þessi:

Í Sauðaneshreppi	L 1
Í Svalbarðshreppi	S 2
Í Presthólahreppi	P 3
Í Öxarfjarðarhreppi	Ö 4
Í Fjallahreppi	F 5
Í Raufarhafnarhreppi	R 6

51. gr.

Nú kemur fyrir í réttum eða við sundurdrátt kind, sem er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal þá sá talinn eigandi sem brennimarkið eða hornamarkið á. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess sem hornamarkið á. Þó skal hann ef krafizt er gera grein fyrir hvernig hann hefur eignazt kindina.

61
15. apríl

52. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir fjallskilafélagið 10. hvert ár og oftar, ef markadómsmaður telur þess þörf. Hver markeigandi skal koma marki sínu í skrána og greiða fyrir það gjald, sem sýslunefnd hefur ákveðið. Hvert heimili, sem á eitt eða fleiri mörk í skránni, skal fá eitt eintak af henni, og skal það fylgja jörðinni eða býlinu þegar ábúendaskipti verða. Einnig skal sýslunefnd sjá um að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis til allra hreppa utan fjallskilafélagsins, er búast má við að fé gangi saman úr.

53. gr.

Hreppsnefndir skulu hver í sínum hreppi, samkvæmt fyrirmælum sýslunefndar eða markadómsmanns, safna mörkum í hreppnum og innheimta gjöld fyrir þau.

Mörkum hvers hrepps sé safnað í heild eftir stafrófsröð og séu merki sett við nýupptekin mörk. Handritið skal síðan liggja frammi í 14 daga samkvæmt áður birtri auglýsingu hreppsbúum til sýnis. Að því búnu sé markadómsmanni sýslunnar send þessi skrá úr hverjum hreppi ásamt gjöldunum.

54. gr.

Þegar markadómsmaður hefur fengið markaskýrslur allra hreppa, ber hann þær saman sín á milli og þær allar saman við gildandi markaskrár innan sýslu og utan þar sem búast má við fjársamgöngum.

Heimilt er markadómsmanni að fella niður nýupptekin mörk, sem eru of lík eldri mörkum, en tilkynna skal hann það hlutaðeigendum og benda þeim á önnur mörk eða breytingar á marki, er komið gæti í staðinn.

Verði tillögum hans eigi mótmælt innan mánaðar frá því hann sendi þær frá sér, skulu þau mörk gilda til skrásetningar.

Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir og kröfur markeigenda, geti þær samrýmst ákvæðum þessarar reglugerðar.

55. gr.

Sýslunefnd felur markadómsmanni að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka. Sýslunefnd ákveður honum þóknun fyrir starf sitt.

Markadómsmaður sér um útgáfu markaskrár. Hann gerir sér far um að koma á samræmi og festu á nöfn marka og að sammerkingar eigi sér ekki stað. Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð.

56. gr.

Vilji einhver taka upp mark milli þess sem markaskrá er samin, ber honum fyrst að fá til þess leyfi markadómsmanns. Síðan skal hann auglýsa það í Lögbirtingablaðinu og jafnframt tilkynna það öllum hreppstjórum í fjallskilaumdæminu. Hreppstjórar sjá um að markið sé fest inn í markaskrá þá, sem höfð er við sundurdrátt í aðalrétt, hver í sinni sveit. Þeir fjáreigendur, sem inn í sýsluna flytja, fara eins að til að fá lögheimild fyrir marki sínu innan fjallskilaumdæmisins.

X. KAFLI

Almenn ákvæði.

57. gr.

Sýslunefnd sér um að fjallskilareglugerð þessi sé sérprentuð og innheft með markaskránni.

58. gr. 61

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um fjallskil í Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár frá 1. jan. 1922, svo og þær breytingar, er síðan hafa verið gerðar og prentaðar eru í sýslufundargerðum. 15. apríl

59. gr.

Með brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast gildi 1. maí 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. apríl 1946.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T.", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. apríl 1946. **62** 16. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T.

1. gr.

Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T. er sjálfstæð stofnun, sem lýtur þeim reglum um hlutverk og skipulag, er skipulagsskrá þessi hefur að geyma.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er, og skal jafnan vera, að sjá góðtemplarastúkunum í Reykjavík fyrir samkomustað og heimili, er jafnframt sé miðstöð góðtemplarastarfseminnar í Reykjavík og á Íslandi, svo og miðstöð annarrar bindindisstarfsemi og baráttu gegn áfengisnautn í landinu, eftir því sem með þarf og við verður komið á hverjum tíma.

3. gr.

Til stofnunarinnar eru í upphafi lagðar þessar eignir:

a. Lóðin nr. 11 við Fríkirkjuveg í Reykjavík með húsum, innanstokksmunum, skrautgarði og girðingum, sem á henni eru, eins og þessi eign var afhent góðtemplararreglunni í Reykjavík með samningi, dags. 1. nóvember 1941.
b. Hússjóður góðtemplara í Reykjavík.
c. Húsbyggingarsjóður Þingstúku Reykjavíkur.
d. Réttindi seljanda samkvæmt kaupsamningi gerðum 2.—13. júlí 1935, milli níu góðtemplarastúkna í Reykjavík annars vegar og ríkisstjórnar Íslands hins vegar, eins og þau réttindi eru nú.

62 16. apríl

e. Réttindi þau, sem góðtemplarareglunni í Reykjavík eru veitt með samþykkt bæjarráðs Reykjavíkur 8. október 1937.

4. gr.

Tekjuafgangur, sem verður af starfsemi stofnunarinnar, rennur til hennar sjálfrar, svo og aðrar tekjur, er henni kunna síðar að áskotnazt, hvort heldur er af opinberu fé eða frá einstaklingum, félögum eða stofnunum.

5. gr.

Stofnuninni ber að svara til:

a. Veðskuldbindinga þeirra, sem nú hvíla á fasteigninni nr. 11 við Fríkirkjuveg.
b. Skuldbindingum seljanda samkvæmt ofannefndum kaupsamningi frá 2.—13. júlí 1935, sbr. bréf fjármálaráðuneytisins 26. sept. 1941, að því leyti, sem þeim skuldbindingum eigi þegar er lokið.

6. gr.

Fé stofnunarinnar má aðeins nota samkvæmt hlutverki hennar, samkv. 2. gr., og má aldrei binda eignir hennar veðböndum eða öðrum höftum, sem óviðkomandi eru tilgangi hennar. Eigi má selja fasteignir stofnunarinnar, binda þær veðböndum, né kaupa slíkar eignir, er leggjast til stofnunarinnar, nema meirihluti húsráðsmanna samþykki á tveim fundum í röð. Kaup og sala fasteigna skal þó háð samþykki stórtemplars.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar er í höndum sjö manna húsráðs. Kýs framkvæmdanefnd stórstúkunnar einn þeirra og er hann formaður ráðsins. Þingstúka Reykjavíkur kýs hina 6. Kjörtími formanns er eitt ár, frá 1. marz að telja, aðrir húsráðsmenn skulu kosnir til tveggja ára. Fyrsta árið (1947) ganga 3 þeirra úr ráðinu eftir hlutkesti, en síðan eftir kjöraldri. Kosning þeirra skal fara fram á aðalfundi Þingstúku Reykjavíkur í marzmánuði, þegar hinir nýkjörnu fulltrúar frá undirstúkunum hafa tekið þar sæti. Kosningunni skal hagað eftir sömu reglum og kosningu annarra fulltrúa og embættismanna þingstúkunnar.

Húsráðsmenn skulu allir vera góðir og gildir félagar í góðtemplarareglunni, og hafa verið það eigi skemur en tvö ár samfleytt.

Nú verður sæti húsráðsmanns autt vegna þess, að hann segir sig úr húsráðinu eða flyzt úr Reykjavík eða hann deyr eða fer úr góðtemplarareglunni, og skal þá sá aðili, framkvæmdanefnd stórstúkunnar eða Þingstúka Reykjavíkur, sem kaus hann til starfsins, kjósa mann í hans stað og gildir sú kosning það, sem eftir var af kjörtíma hans.

Framkvæmdanefnd Þingstúku Reykjavíkur setur húsráði starfsreglur í samræmi við skipulagsskrá þessa.

8. gr.

Húsráð kýs ritara og gjaldkera, og ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar og annað starfsfólk, sem með þarf, að svo miklu leyti, sem það ekki hefur falið framkvæmdastjóra ráðningu þess. Allir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera góðtemplarar.

9. gr.

Húsráðið fer að öllu leyti með fjármál stofnunarinnar og sér um framkvæmdir allar í málefnum hennar í samræmi við þessa skipulagsskrá. Það skal sjá um viðhald á eignum stofnunarinnar og góða umgengni um þær og gæta þess, að eignirnar séu hagnýttar og með þær farið í samræmi við tilgang stofnunarinnar og þannig, að góðtemplarareglunni sé samboðið.

62
16. apríl

10. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Húsráðið skal árlega gera reikning yfir tekjur stofnunarinnar og gjöld, svo og yfir efnahag hennar í árslok. Reikningarnr skulu fullgerðir eigi síðar en 1. febrúar, og skulu þá afhentir þingtemplar. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, kosnum af Þingstúku Reykjavíkur samtímis húsráðsmönnum, og auk þess af tveimur endurskoðendum, öðrum tilnefndum af dómsmálaráðuneytinu og hinum af borgarstjóranum í Reykjavík. Afrit af reikningunum skal framkvæmdanefnd þingstúkunnar síðan senda stúkum þeim, er fulltrúa eiga í þingstúkunni, svo og framkvæmdanefnd stórstúkunnar, þegar þingstúkan hefur úrskurðað þá.

11. gr.

Húsráðsmenn bera persónulega ábyrgð — einn fyrir alla og allir fyrir einn —, á allri peningaeign stofnunarinnar. Reiðufé stofnunarinnar skal ávallt ávaxtað í banka eða annarri peningastofnun með ríkisábyrgð á innstæðum.

12. gr.

Framkvæmdastjóri skal sjá um daglegan rekstur stofnunarinnar. Húsráð setur honum erindisbréf, þar sem nánar skal kveðið á um skyldur hans.

13. gr.

Húsráð getur sett reglur um meðferð og not tiltekinna eigna stofnunarinnar, svo sem fasteigna hennar. Í reglum þessum skal það tekið fram, að engar samkomur megi líða í húsum stofnunarinnar, þar sem áfengi er haft um hönd.

14. gr.

Fari svo að góðtemplararegla á Íslandi hætti að starfa um lengri eða skemmri tíma, skal ríkisstjórnin, í samráði við umboðsmann hástúku I. O. G. T. á Íslandi, hafa með höndum stjórn stofnunarinnar og annast rekstur hennar í þágu bindindisstarfseminnar í landinu, en jafnskjótt og góðtemplararegla hefur aftur starfsemi sína hér á landi, skal ríkisstjórnin afhenda henni stofnunina aftur, til umráða og meðferðar samkvæmt skipulagsskrá þessari.

15. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema samkvæmt tillögu meiri hluta húsráðs, er hljóti samþykki Þingstúku Reykjavíkur á tveimur fulltrúafundum hennar í röð og sé þess getið í fundarboðunum, að slíkar breytingatillögur verði þar til afgreiðslu, enda samþykki og stórtemplar breytinguna og ríkisvaldið staðfesti hana samkvæmt þeim reglum, sem um slíka staðfestingu gilda á hverjum tíma.

16. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin skipulagsskrá fyrir Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T., samþykkt í húsráði 1. marz 1942, staðfest af stórtemplar 3. marz 1942 og staðfest af ríkisstjóra 7. marz 1942.

17. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Samþykkt í húsráði 27. marz 1946.

Felix Guðmundsson, formaður. **Sigurður Guðmundsson,** ritari.

Veiti hér með samþykki mitt.

Reykjavík, 29. marz 1946.

Kristinn Stefánsson, stórtemplar.

63 17. apríl **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þórleifar Kristínar Sigurðardóttur ljósmóður", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. apríl 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þórleifar Kristínar Sigurðardóttur ljósmóður.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þórleifar Kristínar Sigurðardóttur ljósmóður, og er stofnaður til minningar um hana, en hún var fædd 13. jan. 1875 að Svelgsá í Helgafellssveit, en andaðist 6. jan. 1945, þá búsett á Kongsbakka í sömu sveit, og hafði þá verið ljósmóðir í Helgafellssveit í 43 ár.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4705.00, sem safnað var fyrir forgöngu undirritaðra kvenna, með frjálsum framlögum frá íbúum Helgafellssveitar til minningar um hina látnu konu. Tekjur sjóðsins eru, auk árlegra vaxta af höfuðstól, annað fé, sem sjóðnum kann að hlotnast með áheitum, gjöfum, dánarminningum eða á annan hátt.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styrkja fátækar sængurkonur, einkum þær, sem að dómi sjóðstjórnar hafa við sérstaka erfiðleika að búa.
2. Að styrkja fátæka sjúklinga, jafnt karla sem konur, og skuli þá, að öðru jöfnu, ganga fyrir þeir sjúklingar, sem ekki njóta styrks annars staðar frá.
3. Komi fyrir alvarlegt slys, vegna eldsvoða, drukknunar í sjó eða vötnum eða af öðrum ástæðum, má veita styrk þeim sem um sárast eiga að binda vegna slíkra atburða, ef sjóðurinn er þess megnugur án þess að skerða höfuðstól hans. Starfssvið sjóðsins er Helgafellssveit eins og hún er nú eða kann að vera á hverjum tíma.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 3 mönnum. Hreppstjórinn í Helgafellssveit er sjálfkjörinn og er hann formaður stjórnarinnar. Hann hefur á hendi reikningshald sjóðsins. Meðstjórnendur eru 2 konur í Helgafellssveit, sem eftirlifandi eiginmaður Þórleifar, Þorsteinn Jónasson, tilnefnir til 5 ára í senn, á meðan hans nýtur við. Eftir það skulu þær kosnar af atkvæðisbærum konum sveitarinnar á almennum fundi kvenna, sem boðað hefur verið til í því skyni af formanni sjóðstjórnarinnar.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða í annarri tryggri peningastofnun að almanna dómi, sem ekki gefur lægri peningavexti. Ber stjórnin sameiginlega ábyrgð á því, að þessum ákvæðum sé fylgt.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Alla vexti og annað fé, sem sjóðnum kann að tilfalla, skal árlega leggja við höfuðstól, þar til hann er orðinn að fjárhæð kr. 25000.00. Eftir það má úthluta ½ vöxtum árlega samkvæmt 3. gr., en ½ vextir leggjast jafnan við höfuðstól.

Það skal vera aðalregla, að styrkur til hvers styrkþega standi á heilum tug króna, og leggst þá afgangur, ef einhver er, við höfuðstól. Komi fyrir ár, sem ekki þyki ástæða til að úthluta styrk, fellur það fé, sem úthluta bar, einnig til höfuðstóls. 63 17. apríl

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir lok maímánaðar ár hvert, skal stjórn sjóðsins hafa lokið við að semja reikning hans fyrir umliðið ár. Skal hann endurskoðaður af 2 hæfum og valinkunnum mönnum, sem hreppsnefnd tilnefnir til 5 ára í senn, og síðan birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók. Ber að skrá í hana eignir sjóðsins og ársreikninga, fundargerðir og annað sjóðnum viðkomandi. Einnig skal innfæra í gerðabókina skipulagsskrá þessa.

9. gr.

Skipulagsskrá þessa má endurskoða og breyta, þegar sjóðurinn hefur náð 100 þúsund króna höfuðstól, ef sýnt þykir að hann sé fær um að auka starfssvið sitt. Má þá ætla honum að styrkja einhver þau menningarmál, sem á þeim tíma eru álitin horfa til mestra heilla fyrir sveitarfélagið, að beztu manna yfirsýn.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Svelgsá, 3. apríl 1945.

Guðrún Jónsdóttir. **Ingibjörg Björnsdóttir.** **Petrína Halldórsdóttir.**
Soffía Guðmundsdóttir. **Sigurborg Magnúsdóttir.** **Árþóra Friðriksdóttir.**

HAFNARREGLUGERÐ

64
24. apríl

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Ísafjarðarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá hinum svonefndu Innribásum á Kirkjubólshlíð í svokallaðan Urtustein á Eyrarhlíð. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram firðinum.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru framkvæmd.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld og ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þétta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með hans leyfi.

9. gr.

Ekki má kasta útbyrðis fiskúrgangi, seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Í lögsagnarumdæmi Ísafjarðar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki við höfnina, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

64
24. apríl

IV. KAFLI
Um hafnsögu.

10. gr.

Ekkert skip, sem er stærra en 30 smálestir brúttó, má sigla inn eða út úr innri höfninni, leggja að eða frá bryggju, eða flytja sig til á innri höfninni, nema undir stjórn hafnsögumanns. Undanþegin eru öll fiskiskip, er heima eiga á Ísafirði eða stunda þaðan veiðar, svo og bátur sá sem heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp með styrk úr ríkissjóði. Hafnsögumanni er heimilt að banna allar samgöngur við skip, áður en hann hefur lokið starfi sínu um borð.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða er til að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að um borð í skipinu sé fylgt reglum þeim, sem settar eru í lögum gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

11. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Ísafjarðar og ber að nota hafnsögumann, skal, er það kemur inn á línu, er hugsast dregin úr Arnardal í Velli, gefa merki um, að það óski hafnsömumanns, og skal hafnsögumaður þá fara út í skipið svo fljótt sem unnt er.

Hafnsögumaður má ekki yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyrri en það er lagst við festar á höfninni, enda ber skipinu að sjá honum fyrir fæði meðan hann dvelur um borð.

12. gr.

Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar. Hafnarsjóður leggur til hafnsögubát og önnur nauðsynleg tæki, svo og aðstoðarmann, ef þörf er á.

V. KAFLI
Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

13. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmanna hafnarinnar um hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjum að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmönnum hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi úr höfninni og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

14. gr.

Í sérhverju skipi (að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus í lægi í höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

15. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða festarstólpana. Festum skal þannig komið fyrir að þær hindri sem minnst umferð

64 á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé
24. apríl úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

16. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

17. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

VI. KAFLI

Um notkun bryggja og bólvirkja.

18. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip að öðru jöfnu, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarstjóri vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, áliti hann það nauðsynlegt veðurs vegna.

19. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, er nær liggja.

20. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarstjóri vísar til.

21. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

22. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðv-

um, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hann krefst þess. 64 24. apríl

VII. KAFLI
Um notkun bátahafnarinnar.

23. gr.

Bátahöfnin á Ísafirði er fyrst og fremst ætluð til afnota fyrir innanbæjarskip og báta, sem fiskveiðar stunda á Ísafirði og leggja þar upp afla sinn, eða eru í stöðugum flutningum milli Ísafjarðar og annarra hafna. Þar næst fyrir innanbæjarskip og báta, sem fiskveiðar stunda og leita þar hafnar eða hafa þar viðdvöl, þótt þau leggi upp afla sinn annars staðar um stundarsakir eða að staðaldri. Þar næst fyrir utanbæjarskip og báta, sem gerð eru út frá Ísafirði og leggja þar upp afla sinn. Þar næst fyrir önnur skip, eftir því sem rúm leyfir.

Verði meiri aðsókn fiskiskipa að notkun bátahafnarinnar en rúm leyfir að við verði komið, fer um rétt skipa og báta til afnota af henni í þeirri röð, sem að framan greinir.

Þó er öllum skipum og bátum heimilt að leita skjóls í bátahöfninni í óveðrum, eftir því sem rúm frekast leyfir.

24. gr.

Hafnargjaldkeri og hafnarvörður skulu halda skrá í fjórum flokkum yfir þau fiskiskip og báta, sem sérstakan rétt hafa til afnota af bátahöfninni samkvæmt framansögðu og skal auka við skrána, eða fella úr henni, jafnóðum og tilefni gefst til. Hafnarstjóri og hafnarnefnd skera úr ágreiningi.

25. gr.

Verði hlé á veiðum einstakra fiskiskipa og báta svo vikum skiptir, vegna bilana, viðgerða eða af öðrum ástæðum, er eigendum skylt að taka þau úr bátahöfninni til geymslu annars staðar meðan á hléinu stendur, ef hafnarvörður óskar þess.

26. gr.

Önnur afnot af bátahöfninni en þau, er fiskveiðar varða, svo sem ferming og afferming vara, viðlega vegna viðgerða, geymsla skipa, sem ekki eru í notkun um stundarsakir eða til langframa o. s. frv., eru því aðeins heimil, að til komi leyfi hafnarvarðar hverju sinni. Öll slík leyfi gilda aðeins til bráðabirgða, eða þar til hafnarvörður ákveður annað.

27. gr.

Við alla notkun bátahafnarinnar eru notendur skyldir að hlýða fyrirmælum hafnarstjóra eða trúnaðarmanns hans, svo sem um legu skipa og báta, tilfærslu þeirra í höfninni og brottflutning úr henni, svo og hvar afli þeirra, veiðarfæri og annað er lagt á land, enn fremur um geymslu á afla, veiðarfærum og öðru á landi hafnarinnar o. s. frv.

Notendum er einnig skylt að gæta alls þrifnaðar við notkun bátahafnarinnar, og ber þeim að flytja burtu allan fiskúrgang og önnur óhreinindi, er berast kunna á land hafnarinnar af þeirra völdum.

Um vanrækslu á síðastnefndu atriði gilda ákvæði 21. greinar. Á sama hátt gilda um alla notkun bátahafnarinnar öll önnur ákvæði þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.

64 24. apríl

VIII. KAFLI
Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

28. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp, ef það sekkur eða láta sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrirkomið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af hvað leka snertir þó það sé mannlaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu á því, á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum þegar hafnarstjóri krefst þess.

29. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagafæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, er lagt er í lægi í höfninni.

IX. KAFLI
Um hafnargjöld á Ísafirði.

1. Lestargjald.

30. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og önnur vélskip, ferjur og hvers konar fleytur, stærri en 12 smálestir brúttó, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

31. gr.

a. Skip, 12 smálesta brúttó og stærri, sem eru eign búsettra manna á Ísafirði og skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári, 2 krónur fyrir hverja brúttó smálest.

Fari þessi skip millilandaferðir, verða þau gjaldskyld undir c-lið greinarinnar og má þá endurgreiða nefnt gjald hlutfallslega fyrir þann tíma, sem millilandaferðin tekur eða ferðirnar, ef þeim er haldið áfram óslitið. Tímann skal reikna frá þeim degi, er skip lætur úr höfn og til þess dags, er það kemur aftur úr ferðinni, — eða úr síðustu ferðinni, ef farnar eru fleiri en ein og óslitið.

b. Önnur innlend fiskiskip, 12—50 brúttó smálestir, greiða 60 aura fyrir hverja brúttó smálest, í hvert skipti er þau koma til hafnar, en eigi skulu þau þó greiða lestargfjald þetta oftar en tvisvar í sama mánuði, þótt þau komi oftar til hafnar.

c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma (nema þau sem undanþegin eru lestargjaldi), skulu greiða 60 aura lestargjald fyrir hverja nettó smálest í hvert

skipti er þau koma til hafnar. Strandferðaskip ríkissjóðs greiði þó aðeins 40 aura lestargjald. 64 24. apríl

d. Ef skip, sem siglir eftir fyrir fram auglýstri áætlun, kemur aftur áður en liðnir eru 7 dagar frá því að það hafnaði sig síðast í höfninni, greiðir það eigi lestargjald í það skipti.

e. Hafi skip, gjaldskylt samkvæmt c-lið, legið á höfninni í 14 daga, skal það greiða hálft lestargjaldið að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi, né heldur sá tími, er skip liggja í höfn vegna þess að hafís lokar henni.

f. Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, skip, sem sanna fyrir sjórétti að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjóskemmda og skip, sem eingöngu leita hafnar vegna veikinda.

2. Ljósgjald.

32. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí og lestargjald greiða, skulu greiða ljósgjald þannig:

a. Skip, sem um getur í 31. gr. a., greiði 20 krónur á ári fyrir fyrstu 30 smálestir brúttó og 50 aura á hverja brúttó smálest þar fram yfir.

b. Skip, sem um getur í 31. gr. b., greiði í ljósgjald í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, en þó eigi oftar en tvisvar í mánuði: 5 krónur fyrir fyrstu 20 smálestir brúttó og 10 aura fyrir hverja brúttó smálest þar fram yfir.

c. Öll önnur skip greiða 10 aura fyrir hverja nettó smálest, þó aldrei meira en 30 krónur í hvert skipti.

3. Bryggjugjald og bólvirkjagjald.

33. gr.

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju hvar sem er í höfninni eða að skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

a. Bátar og skip, 12 smálestir að stærð og þar yfir, sem eru eign búsettra manna á Ísafirði og skrásett þar, greiði 4 krónur af hverri brúttó smálest á ári.

Fari þau skip í millilandasiglingar, greiði þau auk þess bryggjugjald eins og aðkomuskip, meðan á þeim siglingum stendur, reiknað frá þeim degi, er undirbúningur slíkra siglinga hefst.

b. Öll aðkomuskip greiði 16 aura af hverri nettó smálest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring. Minnsta gjald skal þó vera 10 krónur í hvert sinn.

Liggi þau skip utan á öðru skipi greiði þau hálft gjald. Sama máli gegnir, ef þau liggja við bryggjur eða birgðaskip, sem eru eign einstakra manna eða fyrirtækja. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, sem fiskveiðar stunda og gerð eru út frá Ísafirði.

Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur eða farþega og taka gjald fyrir.

c. Fyrir sérstaka notkun á bryggjum, bólvirkjum og uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökun, fiskverkun, síldarsöltun o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja við viðkomandi aðila.

4. Bátahafnargjald.

34. gr.

Sérstakt árlegt gjald skal greiða fyrir notkun bátahafnarinnar. Árgjaldið greiða öll þau skip, sem skrásett eru á Ísafirði og fiskveiðar stunda og auk þeirra þau skip önnur, sem unnt er að veita afnotarétt að bátahöfninni, samkvæmt VII. kafla og sem tekin hafa verið á skrá þá, er um getur í 24. gr. Skip þau, sem ekki hafa verið tekin á nefnda skrá, en nota bátahöfnina, greiða samkvæmt c-lið þessarar greinar. Greiðslur þessar skulu vera þannig:

a. Skip skrásett á Ísafirði greiði 5 krónur af hverri brúttó smálest árlega, en minnst 25 krónur.

   Fari þau skip í millilandasiglingar, má endurgreiða bátahafnargjaldið hlutfallslega fyrir þann tíma, sem þau greiða sama bryggjugjald og aðkomuskip (sjá 33. gr.).

b. Skip skrásett utan Ísafjarðar greiði 10 krónur af hverri brúttó smálest árlega, en minnst 50 krónur.

c. Skip, sem ekki hafa verið tekin á skrá þá, sem um getur í 24. gr., skulu, hvort sem þau eru skrásett á Ísafirði eða eigi, greiða fyrir afnot bátahafnarinnar, í hvert skipti sem þau leita þar skjóls, afgreiðslu eða dvalar, sama gjald og krafizt er af utanbæjarskipum fyrir afnot af bryggjum og bólvirkjum.

Gjöld þessi innheimtast á sama hátt og önnur hafnargjöld og renna í hafnarsjóð.

35. gr.

Gjaldskyld til bátahafnarinnar eru öll þau skip, sem tekin hafa verið á skrá þá er um getur í 24. og 34. gr. Að öðru leyti telst það gjaldskyld notkun bátahafnarinnar, að bátar eða skip leggist við landfestar í höfninni, eða utan á önnur skip, leggi þar upp afla sinn eða flutning, eða taki um borð flutning, veiðarfæri, olíu, beitu o. s. frv. Bátar er nota höfnina hafa leyfi til að hafa flutning sinn eða annað það, er þeim tilheyrir, liggjandi á landi hafnarinnar allt að einum sólarhring, án þess að greiða sérstakt gjald fyrir, þó því aðeins, að hafnarstjóri eða trúnaðarmaður hans telji það eigi til ógreiða fyrir aðra notkun hafnarinnar og banni það þess vegna. Um gjald fyrir notkun bólvirkja og uppfyllingar bátahafnarinnar gildir að öðru leyti sama og um aðrar bryggjur og bólvirki hafnarinnar.

5. Hafnsögugjald.

36. gr.

Öll skip, sem eru að stærð 30 smálestir brúttó eða meira, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á árinu, er þau koma á höfnina og leggjast við festar innan takmarka Ísafjarðarhafnar.

Undanþegin hafnsögugjaldi eru þó öll herskip og varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skemmtiskip og fiskiskip, nema þau noti hafnsögumann.

Komi skip oftar á sama ári og fari ekki nema á ytri höfnina, skal það eigi greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann. Innri höfnin er Pollurinn og Sundin innan við Kaldáreyri.

37. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá af nettó smálest:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar 20 aurar á hverja nettó smálest skipsins, þó aldrei minna en 60 krónur.

b. Fyrir leiðsögn frá höfninni hálft gjald, þó aldrei minna en 30 krónur.

c. Fyrir færslu skipa um höfnina greiðist 60 krónur í hvert skipti. Allt hafnsögugjald rennur í hafnarsjóð. 64 24. apríl

6. Vörugjald.

38. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

39. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert vörugjald.

40. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Innlend nýmjólk og rjómi, sem flytzt til hafnarinnar.
d. Afli skipa, lagður á land þegar skip kemur úr veiðiför.
e. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
f. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi eða í herskip.

41. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikninga vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

42. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiðast eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

43. gr.

V ö r u g j a l d s s k r á :

A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:

Blý, brýni, eldfastur leir og steinn, fiskbein, gaddavír, hverfisteinar, járn, járn og stál, járnkeðjur, járnpípur, kaðlar, kítti, kol, koparvír, krít, leir, litarvörur þungar, miðstöðvarvörur, múrsteinn, ofnar, prentsverta, salt,

64 24. apríl

sement, sódi, stál, stálvír, steyptar járnvörur, steypujárn, vélar, vélahlutar, vikur og vikursteinn, þakjárn, þakpappi, þakplötur.

2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
   Áburðarolía, baðlyf, benzín, bækur, feiti, fernisolía, fiskilínur, grænsápa, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur allskonar, leður, linoleum, pappír, pokar, pokastrigi, rúðugler, saumur, segldúkur, seglgarn, steinolía, tjara, togleður, tvistur, vaxdúkur, vírnet, þvottaefni, þvottasápa.
3. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:
   Ávextir nýir, brauðvörur, jurtafeiti, kaffi, kakaó, mjólkurduft, leirvörur, palmín, smjör, smjörlíki, smjörlíkisolíur, sykur, te.
4. flokkur. Gjald 120 aurar fyrir hver 100 kg:
   Ávextir þurrkaðir og niðursoðnir, eldspýtur, glervörur, glysvarningur, leðurvörur, leikföng, léttar vörur, lyf, lyfjavörur, meðalalýsi, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnvörur, skófatnaður, súkkulaði, sælgætisvörur, tóbak, tóbaksvörur, vefnaðarvörur, vindlar, vindlingar.
5. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
   Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet:
   Timbur, tunnuefni og þess háttar vörur.
   Tómar tunnur 25—50 aurar eftir stærð (síldartn., olíufötur).
7. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hvert teningsfet:
   Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, skilvindur, stundaklukkur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

B. Brottfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:
   Fiskur, ísvarinn, hraðfrystur, nýr: slægður og óslægður, saltur: óverkaður og verkaður, þurr, harðfiskur, fiskimjöl, lýsi, gærur, gærur saltaðar í búntum eða pökkum, ís, síld.
2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
   Garnir, hrogn, kjöt (alls konar), mör, tólg.
3. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
   Dúnn, fiður, fuglar, rjúpur, skinn hert, sundmagi, ull, ullarvörur.
4. flokkur. Gjald 120 aurar fyrir hver 100 kg:
   Aðrar afurðir.
5. flokkur. Gjald 5 krónur fyrir stykkið:
   Hestar og nautgripir.
6. flokkur. Gjald 1 króna fyrir stykkið:
   Sauðfé.

Þótt vörur, flokkaðar undir brottfluttar vörur, flytjist til staðarins eða vörur, flokkaðar undir aðfluttar vörur, flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið.

Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli, ákveður hafnarstjóri eða hafnarnefnd.

Lægsta vörugjald í öllum flokkum er 1 króna.

7. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

44. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 15 aura af hverri smálest af nettóstærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 10 krónur um sólarhringinn.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem eiga heima á Ísafirði.

45. gr. 64

Fyrir geymsluskip, sem lögð eru í lægi á höfninni samkvæmt 28. gr., greiði eigandi árgjald 50 aura af brúttósmálest. 24. apríl

46. gr.

Fyrir uppsátur skipa og báta greiðist árgjald, miðað við brúttóstærð sem hér segir: Allt að 5 smálestum 10 krónur, 6—12 smálesta 25 krónur, 13—50 smálesta 50 krónur, stærri skipa 100 krónur.

47. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 10 aura fyrir hvern fermetra lands, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burt innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim. Gjald fyrir mikið vörumagn fer eftir samkomulagi.

48. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

49. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert sinn.

50. gr.

Utanbæjarbátar — minni en 12 smálestir brúttó — greiða sem hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald 10 krónur í hvert skipti sem þeir koma til hafnar eða 50 krónur í eitt skipti fyrir öll á ári.

Bátar, sem eiga heima á Ísafirði, greiða 30 kr. árlegt gjald.

Undanþegnir þessu gjaldi eru bátar, sem aðeins eru hafðir í ferðir til heimilisþarfa.

X. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

51. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

52. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds, bryggjugjalds, vitagjalds, fjörugjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, sem skipum ber að greiða.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

53. gr.

Gjald fyrir vörur, sem getur um í 47. gr. greiðir eigandi eða umboðsmaður hans hér, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Leigu samkvæmt 48. gr. greiðir samningsaðili. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í

64 höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga,
24. apríl þegar vörurnar eru komnar í skip.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

54. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

55. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðast af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fara fram af fjórum óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

56. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

57. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

58. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 14. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

59. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri refsing liggi við, samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Ísafjarðar.

60. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt hafnarlögum fyrir Ísafjörð nr. 34 19. júní 1922 og samkvæmt lögum um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað nr. 88 3. maí 1935, til þess

að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 64 24. apríl

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 22 1. apríl 1936, og síðari breytingar á henni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigurðar á Núpi og Sæmundar í Stóru-Mörk", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. maí 1946. 65 2. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurðar á Núpi og Sæmundar í Stóru-Mörk.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöfum frá búandi fólki í Vestur-Eyjafjallahreppi á sjötugsafmæli þeirra Sigurðar bónda Ólafssonar á Núpi og Sæmundar hreppstjóra Einarssonar í Stóru-Mörk í virðingar- og þakklætisskyni fyrir langt og heillarikt starf þeirra í þágu Vestur-Eyfellinga.

2. gr.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 1000.00. Skal hann ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og má aldrei skerða höfuðstól hans.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 Vestur-Eyfellingar: sóknarpresturinn, hreppstjóri og oddviti. Náist eigi að skipa stjórnina að fullu með þessum hætti skal hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps kjósa mann eða menn til viðbótar, þannig að full tala fáist, og er slíkt kjör til þriggja ára í senn. Stjórn sjóðsins skal hafa á hendi reikningsskil hans, ákveður hver eða hverjir skuli styrk hljóta og hvernig upphæð skiptist, ef um fleiri en einn ræðir.

4. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru kr. 200.00 skulu til útborgunar falla ¾ hlutar ársvaxtanna, en ¼ hluti þeirra skal ætíð lagður við höfuðstól.

5. gr.

Vöxtum þeim, er samkvæmt 4. gr. árlega falla til útborgunar skal varið til að styrkja fátæka og efnilega unga menn í Vestur-Eyjafjallahreppi, sem nám stunda í búfræðum eða sjómannafræðum.

6. gr.

Komi ár, sem engir eru fyrir, er styrk hljóta, skal leggja alla ársvextina við höfuðstólinn það ár.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á þessari skipulagsskrá.

Jón M. Guðjónsson, prestur, Holti.

Kristján Ólafsson, oddviti, Seljalandi.

66 2. maí **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar á Lágafelli", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. maí 1946. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar á Lágafelli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar á Lágafelli. Hann er stofnaður til minningar um Guðrúnu Sveinsdóttur, húsfreyju að Lágafelli í Austur-Landeyjahreppi, f. 14. marz 1873, d. 18. sept. 1945, af sveitungum hennar og vinum við jarðarför hennar hinn 29. sept. 1945.

Stofnfé sjóðsins er 4500 — fjögur þúsund og fimm hundruð — krónur.

2. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum, er leggjast skulu við höfuðstól hans.

Gefa skal út minningarspjöld og halda sérstaka árstíðarskrá yfir nöfn þeirra manna, er minningargjafir eru gefnar um.

3. gr.

Ekki má veita fé úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans nemur kr. 10000.00.

Eftir það skal jafnan leggja við höfuðstól hálfa vexti, en hálfum ársvöxtum skal verja til styrktar samkvæmt 5. gr.

Er sjóðurinn nemur kr. 50000.00 má veita úr honum allt að ¾ hlutum ársvaxta.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtast í Söfnunarsjóði.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja bágstadda í Austur-Landeyjahreppi.

Veita skal styrk úr sjóðnum án umsóknar og án tillits til þess hvort sá er þiggur nýtur opinberrar framfærslu eða ekki.

Styrkur skal jafnan veittur á jólaföstu ár hvert.

6. gr.

Fjárveitingar úr sjóðnum skal annast nefnd, sem skipuð sé sóknarpresti og tveim konum kjörnum af kvenfélagi hreppsins. Nú er kvenfélag ekki starfandi í hreppnum og skal þá hreppsnefnd kjósa þær. Nefndin kýs sér formann.

Nefnd þessi skal jafnframt annast fjársöfnun til sjóðsins og sjá um eflingu hans.

Nefndin haldi gerðabók um störf sín. Í hana skal færa skipulagsskrá þessa.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera undir yfirumsjón sýslunefndar Rangárvallasýslu, er sér um ávöxtun hans og fjárreiður og birtir reikninga hans.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

67
2. maí

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 97 19. júní 1944.

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar skulu falla niður orðin „nema föstudaga, þá skal lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis".

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkv. lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Bergsveinsdóttur", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. maí 1946.

68
7. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Bergsveinsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Bergsveinsdóttur.

2. gr.

Sjóður þessi, að upphæð kr. 18000.00, er gefinn Kvenskátafélagi Reykjavíkur við fráfall Guðrúnar að tilhlutun eiginmanns og foreldra hennar.

3. gr.

Tilgangurinn með sjóðstofnuninni er að gefa innbú í stofu fyrir kvenskáta í væntanlegri skátahöll.

4. gr.

Stofan beri nafn Guðrúnar. Skal hún búin góðum, íslenzkum húsmunum ásamt hljóðfæri o. fl., sem til gagns má verða fyrir skátastúlkur. Húsmunir séu teiknaðir og smíðaðir af vandvirkum iðnaðarmönnum.

68 7. maí

5. gr.

Stofan verði notuð til fundarhalda fyrir kvenskáta, svo og fyrir vinnustofu, og er það von gefenda, að hún geti í framtíðinni orðið þeirra annað heimili.

6. gr.

Ekki má greiða fé úr minningarsjóðnum, fyrr en hann er kr. 50000.00, og ekki hærri upphæð en svo, að inneign sé aldrei minni en kr. 10000.00.

7. gr.

Eftir því sem fé er fyrir hendi í sjóðnum, skal því varið til fræðslu fyrir skátastúlkur, aðallega með fyrirlestrum hæfra manna í uppeldisfræði og öðru, er verða má til menntunar eldri sem yngri skátastúlkna.

8. gr.

Afla skal fjár í sjóðinn með minningagjöfum, og hafa minningaspjöld verið gefin út í því skyni. Einnig skal leita leyfis um einn fjáröflunardag á ári.

9. gr.

Fé sjóðsins ávaxtast í Landsbanka Íslands.

10. gr.

Stjórn sjóðsins sé skipuð: þrem (3) skátaforingjum úr Kvenskátafélagi Reykjavíkur og einum (1) kosnum af gefendum sjóðsins, fimmtu konuna kjósa þær sameiginlega.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

69 13. apríl

GJALDSKRÁ

um greiðslur fyrir röntgenskoðun og röntgenmyndir, sbr. 5. tölulið 33. gr. laga nr. 104 30. des. 1943.

Höfuðkúpa	kr. 45.00—65.00
Beinhol andlits og annarra höfuðbeina	— 45.00
Klettbein	— 40.00—65.00
Nef	— 10.00—20.00
Tönn	— 10.00
Tennur allar	— 25.00—45.00
Öxl	— 30.00—40.00
Olnbogi	— 25.00—30.00
Úlnliður	— 20.00—30.00
Hönd	— 25.00—30.00
Fingur	— 15.00—20.00
Rif	— 40.00—55.00
Viðbein	— 25.00—35.00
Hryggur allur	— 55.00—85.00
Brjóstliðir	— 45.00
Lendaliðir	— 45.00
Lendar og spjaldhryggur	— 55.00

Hálsliðir	kr. 35.00—45.00	69
Grind	— 45.00—55.00	13. apríl
Spjaldbein	— 40.00—45.00	
Lær	— 40.00—45.00	
Hné	— 35.00—40.00	
Fótleggur	— 40.00	
Öklaliður	— 30.00—35.00	
Rist og tær	— 25.00—35.00	
Tær	— 20.00—25.00	
Gallblaðra	— 45.00—65.00	
Þvagfæri	— 45.00	
Nýrnaskálarit (pyelografi) + kontrastefni	— 65.00—75.00	
Eggrásarrit	— 95.00	
Brjósthol	— 35.00	
Hjarta, mæling	— 45.00—60.00	
Vélindi	— 55.00—60.00	
Magi & skeifugörn	— 75.00	
Þarmar: tæming (passage)	— 55.00—75.00	
Ristill: fylling (clysma)	— 75.00—85.00	
Fóstur	— 45.00—55.00	
Sniðmyndir (planigrafi) af brjóstholi	— 55.00—75.00	
Meginæð kviðarhols	— 40.00	
Æðarit	— 75.00	
Röntgenljósmynd af lungum (fotoröntgen)	— 15.00	
Kvartsljós	— 5.00	
Kolbogaljós	— 8.00	
Röntgengeisl (therapie)	— 8.00— 9.00	

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 13. apríl 1946.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

SAMÞYKKT

fyrir Landþurrkunarfélag Lýtingsstaðahrepps í Skagafirði.

70
27. apríl

1. gr.

Félagið heitir Landþurrkunarfélag Lýtingsstaðahrepps.
Heimili þess og varnarþing er Lýtingsstaðahreppur.

2. gr.

Félagssvæðið nær yfir eftirtaldar jarðir í Lýtingsstaðahreppi: Hafgrímsstaðir, Brúnastaðir, Þorsteinsstaðir, Árnes, Lýtingsstaðir, Efrakot, Sveinsstaðir, Hóll, Breið, Breiðagerði, Tunguháls, Kolgröf, Álfgeirsvellir, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Brekkukot, Hvíteyrar, Nautabú, Gilhagi, Svartárdalur, Villinganes, Litlidalur, Litladalskot, Héraðsdalur, Stapi, Vindheimar, Steinsstaðir, Daufá, Starrastaðir, Mælifellsá, Krithóll, Reykir.

Nú óska eigendur annarra jarða að fá framkvæmda landþurrkun vegna túnræktar eða áveitu og geta þeir gengið í félagið með því að undirrita samþykkt þessa enda komi samþykki lögmæts félagsfundar til fyrir upptöku nýrra félagsmanna.

70 27. apríl

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að annast framræslu vegna túnræktar og beitiræktar á jörðum félagsmanna.
2. Að annast framkvæmd landþurrkunar og áveitu á engjalöndum félagsmanna.
3. Að vinna að því, að hindra landspjöll af völdum landbrots og vatnságangs á þær jarðir, er fyrir slíku geta orðið á félagssvæðinu.
4. Að útvega og starfrækja skurðgröfu frá ríkinu meðan á framkvæmdum stendur samkvæmt ákvæðum jarðræktarlaga nr. 54 frá 4. júlí 1942 og lögum nr. 38 frá 7. apríl 1943 um breyting á þeim (35. gr. jarðræktarlaganna).
5. Að útvega nauðsynlegt fé sem styrk og lán til að koma nauðsynlegum mannvirkjum í þessu sambandi í framkvæmd.

4. gr.

Félaginu stjórnar þriggja manna nefnd, kjörin á aðalfundi til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn árlega. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

5. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald félagsins og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns. Stjórnarnefnd annast alla framkvæmd fyrirtækisins og starfrækslu þess milli aðalfunda. Hún sér um, að árlega sé framkvæmt viðhald á mannvirkjum þeim, er félagið lætur gera, eða félagsmenn sjálfir hafa gert á einstökum jörðum í sambandi við hinar félagsbundnu framkvæmdir. Heimilt er félagsstjórn að ráða eftirlitsmann til eins árs í senn. Hefur hann þá eftirlit með mannvirkjum félagsins og viðhaldi þeirra og sér um skiptingu vatnsins til áveitu, þar sem um sameiginlega áveitu er að ræða.

Í nóvember ár hvert jafnar stjórnin niður öllum kostnaði samkvæmt ákvæðum 8. greinar.

Greiðslu fyrir störf sín fær stjórnin samkvæmt reikningi, sem aðalfundur samþykkir.

6. gr.

Aðalfund heldur félagið fyrir febrúarlok ár hvert og skal hann boðaður skriflega með hálfs mánaðar fyrirvara. Fundurinn er því aðeins lögmætur að mættir séu ⅘ allra félagsmanna og sé þá talið eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi. Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar. Þar er kosin stjórn, einn varamaður og tveir endurskoðendur. Aðalfundur tekur ákvarðanir um lántökur til félagsins, er þeirra vegna þarf að veðbinda jarðir á félagssvæðinu.

Meðan framkvæmdir standa yfir skal lögð fyrir aðalfund tillaga um hver hluti verksins skuli unninn það ár, ásamt áætlun um kostnað og hvernig aflað verður fjár til að standast þær greiðslur. Aukafund skal halda þegar félagsstjórn eða meira en helmingur félagsmanna telja þess þörf og skulu þá félagsmenn senda um það skriflega beiðni til stjórnarinnar.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við framkvæmdir þær, er í 3. og 5. gr. er getið, svo sem afborgunum, vaxtagreiðslum af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði, endurnýjun mannvirkja, kostnaði við eftirlit og stjórn, skiptir stjórnin í nóvembermánuði ár hvert á allar þær jarðir, er framkvæmdirnar ná til.

8. gr. 70

Þar, sem um sameiginlegt skurðakerfi til landþurrkunar eða vatnsupptöku er að ræða, skal flatarmálsstærð þess lands, er hags nýtur af verkinu, lögð til grundvallar við skiptingu kostnaðarins. Hæfilegt tillit skal þó tekið til þess, er einhverjar af jörðunum hafa sérstöðu gagnvart afnotum verksins og fer um það eftir hagnaðarmati, er framkvæmt skal þá verkinu er lokið af þrem dómkvöddum mönnum. Gjaldskrá, er ákveður grundvöll að skiptingu framangreinds kostnaðar, skal send landbúnaðarráðherra til staðfestingar. Sé framkvæmdin takmörkuð við einstaka jörð skal stjórnin hafa sérreikning yfir þann kostnað allan, er greiðist af landeiganda ásamt þeim hluta af stjórnarkostnaðinum, er honum að réttu ber að greiða. 27. apríl

9. gr.

Stofnun félagsins, verkefni þess, heimili þess og varnarþing, hverjir eru í stjórn þess og ef breyting verður á stjórninni, ásamt því, hverjir fari með prókúruumboð þess, skal birt í Lögbirtingablaðinu.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til þess að taka lán handa félaginu til framkvæmda þeirra, er það hefur með höndum (samanber þó ákvæði 6. gr. þessara samþykkta og lög nr. 54 frá 4. júlí 1942 og lög nr. 38 frá 7. apríl 1943, 36. gr. jarðræktarlaganna), og setja til tryggingar lánsfénu eða endurábyrgð þeirri, er þurfa kann, vegna lánsins, veðrétt í býlum þeim, sem talin eru í 2. gr., samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Stjórnin sér um greiðslur þeirra lána, er félagið tekur. Niðurjöfnuð gjöld hafa lögtaksrétt.

11. gr.

Rísi ágreiningur í félagsmálum innan félags eða utan skal úr honum skorið með gerðardómi. Skal dómurinn skipaður þremur mönnum. Sakaraðilar tilnefna sinn manninn hver, en oddamaður sé skipaður af Búnaðarfélagi Íslands.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari sé farið sem almenn lögreglumál og geta þau varðað sektum frá 50 til 500 krónum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum. Sektir renna í félagssjóð.

13. gr.

Samþykkt þessari má breyta á lögmætum aðalfundi ef ⅔ allra félagsmanna samþykkja breytinguna, enda komi staðfesting stjórnarráðs til.

14. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að það sé samþykkt á lögmætum aðalfundi og ⅘ greiddra atkvæða séu með því og samþykki stjórnarráðsins fáist um félagsslit

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 frá 20. júní 1923, jarðræktarlögum, nr. 54 frá 4. júlí 1942, og lögum nr. 38 frá 7. apríl 1943, um breyting á þeim, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. apríl 1946.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

71
30. marz

REGLUGERÐ

um hollustuhætti í mjólkurbúðum í Reykjavík.

1. gr.

Mjólk má ekki selja nema úr búðum, sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi. Þó má leyfa sölu á mjólk beint frá framleiðendum til neytenda. Einnig er heimil mjólkursala á matsölu- og veitingahúsum til neyzlu þar. Ekki má selja mjólk á götum úti, nema með sérstöku leyfi heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Húsakynni skulu vera björt og rúmgóð með góðri loftræstingu, sköl og hrein, varin rottum og flugum, ryki og sterku sólskini, enda viti gluggar ekki í suðurátt.

Gólf skulu vatnsheld og auðvelt að halda þeim hreinum. Veggir skulu lagðir flísum og nái flísarnar að minnsta kosti 1.60 m frá gólfi. Loft skulu olíumáluð hvít, svo og veggir fyrir ofan flísar.

Hundar, kettir eða önnur húsdýr mega ekki koma inn í húsakynnin.

Inngangur skal vera í búðina beint af götu og ekkert samband má vera milli hennar og íbúðarherbergja.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd getur krafizt sérstaks kæliútbúnaðar, ef hún telur ástæðu til.

Vatnsleiðsla skal vera í húsakynnunum og greiður aðgangur að salerni og þvottaskál, enda skal starfsfólkið jafnan þvo hendur sínar, er það hefur notað salerni.

Vatn það, sem notað er til kælingar eða þvotta skal fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru til drykkjarvatns.

Ef heilbrigðisnefnd mælir svo fyrir skal flutningur á mjólk og mjólkurafurðum frá dreifingar- og gerilsneyðingarstöð, svo og öðru því, sem selt kann að vera í mjólkurbúðum, eiga sér stað í lokuðum, yfirbyggðum ökutækjum og umbúnaður þeirra á þann veg, að unnt sé að gæta fyllsta þrifnaðar.

4. gr.

Afgreiðsluborðin skulu lögð gleri eða öðru því efni, er heilbrigðisnefnd telur jafngilda til hreinlætis. Ekki má geyma mjólk eða aðrar vörur á afgreiðsluborðum. Hillur og skápar skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum og verja þau ryki.

5. gr.

Í mjólkurbúðum má aðeins selja gerilsneydda mjólk, og eingöngu í lokuðum flöskum fylltum á gerilsneyðingarstöðinni, ef heilbrigðisnefnd mælir svo fyrir.

Þó getur heilbrigðisnefnd leyft sölu á ógerilsneyddri mjólk í einstökum mjólkurbúðum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og þá eftir alveg sérstökum fyrirmælum.

6. gr.

Ef leyfð er sala á mjólk eða rjóma í lausu máli, getur heilbrigðisnefnd krafizt að mjólkin og rjóminn sé geymdur í lokuðu íláti með krana af þeirri gerð, sem heilbrigðisnefnd tekur gilda. Skal það ekki opnað nema til hreinsunar og fyllingar. Í ílátum þessum skal vera útbúnaður til þess að hræra í mjólkinni, áður en rennt er úr krananum, svo ekki setjist rjómi ofan á í geymslukerinu.

Mælitækin skulu geymast í lokuðum skáp og þannig útbúin, að hendur mælendanna snerti þau aldrei að innanverðu. Skulu þau vera til skipta, svo hægt sé að hreinsa þau öðru hverju og skal það gert úr sjóðandi vatni. 71 30. marz

7. gr.

Í mjólkurbúðum má aðeins selja mjólk og mjólkurafurðir, þar með talið smjör, ostur og skyr. Ekki mega kaupendur neyta varanna í búðinni.

Forðast skal þó mjólkurvörur, sem megn lykt er af, svo sem sumar ostategundir.

Heilbrigðisnefnd getur þó rýmkað þessi ákvæði við þær búðir, sem eingöngu selja mjólk í lokuðum flöskum.

8. gr.

Enginn má starfa í mjólkurbúð, nema hann hafi læknisvottorð sem sanni, að hann sé ekki haldinn næmum eða óþrifalegum sjúkdómi. Skal vottorð þetta ekki eldra en mánaðargamalt, þegar hann tekur til starfa, og ber að endurnýja það á ársfresti.

Starfsfólk í mjólkurbúðum, sem hefur kvef, hálsbólgu eða sótthita, skal þegar í stað hætta vinnu í búðinni og á þá þangað ekki afturkvæmt fyrr en það leggur fram læknisvottorð um að af því stafi engin smitunarhætta. Sama gildir og ef það þjáist af niðurgangi, þó að honum fylgi ekki sótthiti.

9. gr.

Starfsfólk í mjólkurbúðum skal við vinnu sína vera í hvítri hreinni yfirhöfn með hvíta húfu á höfði, er hylji hárið að fullu.

Hrein handklæði og sápa skal jafnan vera hjá þvottaskálunum.

10. gr.

Peninga má ekki leggja á þann hluta afgreiðsluborða, sem umbúðarlausar matvörur eru afgreiddar á, né láta þá snerta umbúðarlausar matvörur.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, til þess að öðlast þegar gildi sem breyting á heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur nr. 3 frá 30. jan. 1905.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 30. marz 1946.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar. 72 27. apríl

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð Siglufjarðar af öllum fasteignum á löggiltri verzlunarlóð Siglufjarðar, svo sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

2. gr.

a. Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum, túnum og görðum 0,4%.
b. Af íbúðarhúsum, sem í er verzlun, skrifstofur, vinnustofur, verkstæði o. fl. þess háttar, enn fremur af öllum fasteignum Síldarverksmiðja ríkisins 0,7%.
c. Af óbyggðum lóðum 2%.

72 d. Af síldarsöltunarstöðvum, frystihúsum, verksmiðjum og öllum öðrum húseign-
27. apríl um en þeim, sem um ræðir í a-, b- og c-lið, með lóð 1%.

3. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. des. 1937, og lögum nr. 46 11. júní 1938.

4. gr.

Fasteignaskatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt.

5. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, og falla dráttarvextir á samkv. lögum nr. 69 1937. Skatt þennan má taka lögtaki. Skatturinn hefur lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og gengur á undan öllum samningsbundnum veðum í 2 ár frá gjalddaga að telja.

6. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar frá 20. apríl 1938 og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð frá 28. febr. 1940.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 69 31. des. 1937, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1946.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

73 **AUGLÝSING**

16. apríl **um breyting á hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskauptún, nr. 23 1. apríl 1936, sbr. auglýsingu nr. 157 22. sept. 1942, um breyting á sömu reglugerð.**

Hafnar-, vöru- og ljósagjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu frá 1. maí n. k. innheimtast með 100% viðauka.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 24 12. febr. 1940, um hafnargerð í Stykkishólmi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um skiptingu Sauðaneshrepps í tvö sveitarfélög.

74
20. júní

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Sauðaneshrepps og meðmælum sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu, um skiptingu Sauðaneshrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir um sem hér segir:

1. Sauðaneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu skal skipt í tvö hreppsfélög, er nefnast Sauðaneshreppur og Þórshafnarhreppur. Þórshafnarhreppur nær yfir Þórshafnarkauptún ásamt öllu landi jarðarinnar Syðra-Lón og sneið af Sauðaneslandi, sem ákveðst þannig: Frá þeim stað, er landamerki Syðra-Lóns og Staðarsels mætast, fylgja hreppamörkin landamerkjum Staðarsels að Gunnlaugsá. Þaðan bein lína norður Sauðanesháls á hól þann, er bæjarrúst Sauðaneskots stendur undir. Þaðan bein lína í suðurenda Máfavatns og þaðan enn bein lína beint í vestur til sjávar á Háubökkum.
2. Eignum og skuldum Sauðaneshrepps, er til skipta geta komið, skal skipta milli hreppanna þannig, að ⅓ hluti falli til Sauðaneshrepps en ⅔ hlutar til Þórshafnarhrepps. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar, sem á þeim hvíla áfram sameiginlega, bera þeir eftir sama hlutfalli.
3. Framfærsla núverandi styrkþega sé sameiginleg svo og þeirra, sem kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Sauðaneshrepp. Hreppsnefnd hvors hrepps annast um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega þar sem þeir eiga heimili eða dvelja. Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiðir hvor hreppur um sig eftir því hlutfalli, sem skiptitala hreppanna ákveður.
4. Elli og örorkulaun, svo og tillag núverandi Sauðaneshrepps til Sjúkrasamlags Sauðaneshrepps, skal allt vera sameiginlegt til ársloka 1946, og greiðir hvor hreppur sinn hluta samkvæmt skiptitölu hreppanna.
5. Um skiptingu fasteigna fer sem hér segir:
   a. Þórshafnarhreppur tekur við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum hafnarsjóðs Þórshafnar, en Sauðaneshreppur ber að sínum hluta áfram ábyrgð á þeim skuldbindingum, sem hvíla á höfninni þegar skiptin fara fram.
   b. Vatnsveita Þórshafnar verður eign Þórshafnarhrepps, enda tekur sá hreppur að sér allar skuldir og skuldbindingar vegna vatnsveitunnar.
   c. Hluti hins forna Sauðaneshrepps í sjúkraskýli og læknisbústað á Þórshöfn verður áfram sameign hreppanna, og ber hvor hreppurinn um sig tilkostnað og skuldbindingar vegna læknisbústaðarins og sjúkraskýlisins í sömu hlutföllum og skiptitala hreppsins ákveður. Hrepparnir tilnefna sinn manninn hvor í nefnd þá, sem stjórnar þessum málum.
   d. Þórshafnarhreppur verður eigandi sundlaugarinnar á Þórshöfn og annast einn rekstur hennar eftirleiðis, en Sauðaneshreppur greiðir að sínum hluta skuldir þær, er hvíla á sundlauginni þegar skiptin fara fram.
   e. Barnaskólahúsið á Þórshöfn, ásamt áhöldum og kennslutækjum er því fylgja, skal vera eign Þórshafnarhrepps og leysir hann til sín hluta Sauðaneshrepps í þeirri eign með tuttugu og þrjú þúsund krónum.
6. Sjóði fóðurbirgðafélagsins skal skipt milli hreppanna þannig, að Sauðaneshreppur fái ⅔ hluta en Þórshafnarhreppur ⅓ hluta af eignum hans.

17

28. dag júnímánaðar 1946. Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

74 20. júní

7. Hreppsnefndarmenn skulu vera 5 í hvorum hreppi.
8. Bækur og skjöl, sem hreppsfélagið á nú, verða eign hins nýja Sauðaneshrepps, en hreppsnefnd Þórshafnarhrepps skal hafa aðgang að þeim eftir þörfum.
9. Fjallskil og grenjavinnsla á afréttum skal vera sameiginlegt þar til hreppsnefndirnar ákveða annað með samþykki sýslunefndar. Með þau mál skal fara þriggja manna nefnd og kýs hreppsnefnd Sauðaneshrepps 2 menn í nefndina, en hreppsnefnd Þórshafnar einn.
10. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. janúar 1946. Framkvæmd skipta á eignum, skuldum og skuldbindingum annast hreppsnefndir hinna nýju hreppa.

Reksturskostnað Sauðaneshrepps hins forna fram til 1. júlí 1946 greiðir hinn nýi Sauðaneshreppur að ⅓ hluta, en Þórshafnarhreppur að ⅔ hlutum.

Verði ágreiningur út af skiptunum, skal úr honum skorið af sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Sauðaneshreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

75 11. marz

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu	um skrásetningu hlutafélags	115 kr.
2.	— —	um skrásetningu firma, sem einn er eigandi að	25 —
3.	— —	um skrásetningu firma, sem einn er eigandi að, ef jafnframt er veitt prókúruumboð	30 —
4.	— —	um skrásetningu firma, sem tveir eru eigendur að	30 —
5.	— —	um skrásetningu firma, sem tveir eru eigendur að, ef jafnframt er veitt prókúruumboð	35 —
6.	— —	um skrásetningu firma, sem þrír eða fleiri eru eigendur að	50 —
7.	— —	um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	25 —
8.	— —	um breytingu á hlutafélögum og firmum (breyt. á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	40 —
9.	— —	um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	15 —
10.	—	uppboðsauglýsingu	90 —
11.	—	fjármark	20 —
12.	—	auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	5 —
13.	—	innköllun	90 —

Gjaldskylt efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með fimm krónum fyrir hvern dálksentímetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. apríl 1946, og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing frá 26. febr. 1945, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. marz 1946.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

76
19. marz

um breyting á reglugerð frá 10. okt. f. á., um niðurgreiðslu úr ríkissjóði á kjötverði.

1. gr.

3. gr. orðist á þessa leið:

Skattanefndir og skattstjórar skulu fyrir 1. apríl næstkomandi semja skrá í tvíriti um alla þá, sem rétt hafa til niðurgreiðslu samkvæmt framansögðu. Skal skráin bera með sér, hve marga þeir hafa á framfæri. Skráin skal miðuð við skattframtöl fyrir 1945 og skattskrár gerðar 1946.

Skráin skal lögð fram á sama tíma og skattskrár og skulu gilda sömu reglur um kærur og úrskurð á þeim sem um skattkærur.

Þegar skráin hefur legið frammi hinn lögboðna tíma, skal senda annað eintakið til yfirskattanefndar, en hitt skal afhenda hreppstjóra eða lögreglustjóra, í Reykjavík tollstjóra.

Yfirskattanefnd getur bætt á skrá þeim, sem hvergi eru á skattskrá, en hafa að öðru leyti rétt til niðurgreiðslu, ef þeir sækja um það til hennar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. marz 1946.

Pétur Magnússon.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

77
3. apríl

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtun á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtunar á erlendu smjöri, sem þegar hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir ½ kg af smjöri fyrir tímabilið 1. apríl til 15. maí. Gildir innkaupaheimild þessi fyrir erlent smjör og íslenzkt smjör, sem greitt verður niður; að öðru leyti gilda um hana allar sömu reglur og aðrar innkaupsheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

Innkaupaheimildin fellur úr gildi 15. maí næstkomandi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. apríl 1946.

Pétur Magnússon.

Jón Guðmundsson.

78
12. maí

REGLUGERÐ

um varnir gegn útbreiðslu garnaveiki í nautgripum og af völdum þeirra.

I. KAFLI

Um bann gegn flutningi gripa.

1. gr.

Bannað er að flytja nautgripi út af svæðum, þar sem vitað er um garnaveiki í sauðfé eða nautgripum, inn á svæði, þar sem ekki er vitað um veikina. Garnaveikisvæði teljast í þessu sambandi sem hér segir:

a) Frá sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu vestur og norður að Hvalfjarðargirðingu.
b) Frá Blöndu norðan Vatnsskarðsgirðingar austur að varnargirðingunum í Eyjafjarðarsýslu.
c) Frá Jökulsá á Fjöllum austur um land að Lónsheiði.

Út af þessum svæðum eru allir flutningar á nautgripum bannaðir. Inn á svæðin má hins vegar flytja nautgripi.

2. gr.

Innbyrðis á ofantöldum svæðum er bannað að flytja nautgripi milli sveita eða yfir varðlínur, nema leyfi komi til. Innsveitis er bannað að flytja nautgripi frá bæjum, þar sem vitað er um garnaveiki, til þeirra bæja, sem lausir eru við veikina, nema leyfi komi til.

II. KAFLI

Um skýrslusöfnun og framkvæmdir.

3. gr.

Safna skal, svo fljótt sem kostur er á, skýrslum um flutninga á nautgripum milli sveita og héraða undanfarin 10 ár.

4. gr.

Hefja skal rannsóknir með húðprófun og blóðrannsókn á nautgripum og sauðfé, fyrst og fremst þar sem flutningar hafa átt sér stað af garnaveikissvæðum inn á ósýkt svæði og að öðru leyti eftir því sem ástæða þykir til og við verður komið.

5. gr.

Heimilt er að ráða til þessara starfa sérfróða menn að því leyti sem nauðsynlegt verður talið.

6. gr.

Kostnað við framkvæmdir, svo sem förgun einstakra nautgripa, rannsóknir og fleira í þessu sambandi, skal greiða úr ríkissjóði með sérstöku fjárframlagi.

7. gr.

Framkvæmdir samkvæmt reglugerð þessari skulu vera í höndum sauðfjársjúkdómanefndar. Annast hún þær í samráði við landbúnaðarráðherra og eftir fyrirmælum hans, í samræmi við ákvæði í gildandi lögum og reglugerðum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. maí 1946.

Pétur Magnússon.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

79
15. maí

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtun á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtunar á erlendu smjöri, sem áður hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir ½ kílógrammi af smjöri fyrir tímabilið 16. maí til 30. júní 1946, og eiga við um hana allar sömu reglur og aðrar innkaupaheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

Innkaupaheimildin fellur úr gildi 30. júní n. k.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 15. maí 1946.

Pétur Magnússon.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

80
17. maí

um breytingu á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um ferjur, nr. 2 4. janúar 1923.

18. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Upphæð ferjutolls skal vera:

Á Holtastöðum:

a.	Fyrir mann	kr. 2.00
b.	Fyrir mann á helgum dögum	— 3.00
c.	Fyrir hestburð	— 1.00
d.	Fyrir sauðkind	— 0.25

Á Eyjólfsstöðum:

a.	Fyrir mann	kr. 1.50
b.	Fyrir mann á helgum dögum	— 2.00
c.	Fyrir hestburð	— 0.50
d.	Fyrir sauðkind	— 0.25

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, sbr. 31. gr. vegalaga, nr. 101 19. júní 1933, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. maí 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

81
20. maí

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT
fyrir Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

Búnaðarsamband Borgarfjarðar gerir á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI
Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktin nær yfir búnaðarsambandssvæðið.

2. gr.

Búnaðarsambandið tekur að sér, sem ræktunarsamband, á þann hátt sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI
Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Búnaðarsambandið velur þriggja manna framkvæmdastjórn til að annast framkvæmdir samkvæmt samþykkt þessari. Skal hún kjörin á aðalfundi sambandsins til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn árlega. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurðar- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr.

8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna. 81 20. maí

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því er með þarf til rekstrar og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga, við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn; getur hún falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka, með erindisbréfi.

9. gr.

Allir samningar er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin er að samþykkt standa, án þess það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til búnaðarsambandsstjórnar eigi síðar en 1. febr. ár hvert.

Skýrslunni fylgi, frá verkkaupendum, greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppsbúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber stjórn búnaðarsambandsins, í samráði við framkvæmdastjórn ræktunarsambandsins, að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan búnaðarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í tilflutningi véla og verkfæra.

81 20. maí

2. Að túnasléttun að öðru jöfnu sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framfærsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn sambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðaruppgjör sé byggt á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutning þeirra á milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er búnaðarsambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun er nemi allt að 5% af heildarrekstrarkostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur búnaðarsambands getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarsambandið, enda sé tryggt að vélakostur sé ekki fastur við þessi störf, svo það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstrarafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI
Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Búnaðarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 600 000 — sex hundruð þúsund krónur —.

Stofnfjár sjóðsins skal aflað þannig: 81

1. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. 20. maí
2. Hinn hluti stofnfjárins skal lagður fram af búnaðarsambandinu og hreppabúnaðarfélögum þeim, er að samþykkt þessari standa. Í þeim hlutföllum, að búnaðarsambandið leggur fram ⅗ hluta en hreppabúnaðarfélögin sameiginlega ⅖ hluta fjárins.

Auk þess leggist í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.

19. gr.

Stofnfjárframlag búnaðarsambandsins og hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til sambandsstjórnar, þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

Framlag hvers hreppsbúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða. Þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til búnaðarsambandsstjórnar, er tilkynni það hreppabúnaðarfélögum, áður en fulltrúar eru komnir á aðalfund búnaðarsambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ¾ af kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningsskil og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur búnaðarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi sambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

81
20. maí

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar stjórn búnaðarsambandsins, er sendir þær til allra aðila, er að samþykkt standa samkvæmt 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögnum búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. maí 1946.

Pétur Magnússon.

Árni G. Eylands.

82
21. maí

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Húnavatnssýslu.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið er Austur-Húnavatnssýsla.

2. gr.

Markmið samþykktarinnar er að hraða húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum á samþykktarsvæðinu og stuðla að því að byggingar verði vandaðar, hagkvæmar, smekklegar og ódýrar. Búnaðarsambandið tekur því að sér á þann hátt er fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni eftir því sem ástæður leyfa:

1. Byggingu íbúðarhúsa.
2. — peningshúsa.

3. Byggingu heyhlaða.
4. — geymsluhúsa.
5. — súrheystófta.
6. — safnþróa, þvaggryfja og haughúsa.

Byggingar samkvæmt 1.—4. lið skulu afhendast fokheldar, nema öðruvísi sé um samið, en mannvirkjum samkvæmt 5. og 6. lið skal skila fullgerðum.

II. KAFLI

Stjórn og tilhögun framkvæmda.

3. gr.

Stjórn búnaðarsambandsins hefur alla umsjón og framkvæmdir þessara mála með aðstoð Teiknistofu landbúnaðarins. Stjórnin annast kaup á nauðsynlegum vélum og áhöldum í samráði við forstöðumann teiknistofunnar.

4. gr.

Stjórnin ræður verkstjóra vinnuflokka og aðra starfsmenn, ákveður launakjör þeirra og hefur eftirlit með störfum þeirra.

Verkstjórar og vinnuflokkar skulu ráðnir í samráði við forstöðumann teiknistofunnar og hefur hann einnig eftirlit með störfum þeirra.

Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Getur stjórnin þá falið framkvæmdastjóranum daglegan rekstur og umsjón með verkstjóra vinnuflokks eða vinnuflokka fyrir sína hönd og skal það þá gert með erindisbréfi.

5. gr.

Stjórnin gerir eða samþykkir alla verktökusamninga fyrir hönd sambandsins samkvæmt samþykkt þessari eða ályktunum aðalfundar sambandsins og eru þeir skuldbindandi fyrir félagsheildina. Stjórnin ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

6. gr.

Stjórnin getur tekið að sér útvegun efnis til bygginganna, ef þess er óskað af kostnaðarmanni eða aðalfundur sambandsins hefur ákveðið það. Greiðist þá 1% af andvirði efnisins í framkvæmdasjóð samþykktarsvæðisins, sbr. 16. gr.

7. gr.

Stjórn sambandsins eða framkvæmdastjóra þess er skylt að sjá um, að nothæft byggingarefni sé ávallt fyrir hendi, er vinna hefst, þannig að tryggt sé eftir því sem unnt er, að byggingarframkvæmd tefjist ekki vegna efnisskorts.

8. gr.

Fulltrúi stjórnarinnar, fulltrúi viðkomandi sveitarstjórnar ásamt fulltrúa Teiknistofu landbúnaðarins, skulu athuga og gera tillögur um, hvar og hvernig húsum verði bezt fyrir komið, þar sem óskað er aðstoðar sambandsins um húsagerð eða annað, er að húsagerð lýtur. Þessir menn skulu leita álits kostnaðarmanns eða leiguliða, ef um erfðaábúð er að ræða, og taka í tillögum sínum tillit til óska þeirra, eftir því sem fært þykir. Nú er kostnaðarmaður byggingar ekki ánægður með tillögur þessara manna, getur hann þá skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, er fellir um þær fullnaðarúrskurð.

Byggingar, sem reistar eru samkvæmt þessari samþykkt, skulu gerðar eftir teikningum eða fyrirsögn teiknistofunnar.

82 21. maí Kostnaður við þessar athuganir og nauðsynlega uppdrætti greiðist af Teiknistofu landbúnaðarins, þó greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður fulltrúa hreppsins, en þóknun til fulltrúa sambandsins greiðist úr framkvæmdasjóði.

9. gr.

Til byggingarkostnaðar telst allt, sem greitt er vegna hverrar byggingar. Sameiginlegum kostnaði fleiri bygginga skal skipt eftir reglum, er stjórnin setur, í samráði við forstöðumann teiknistofunnar. Til slíks kostnaðar telst meðal annars:

1. Viðhalds- og fyrningargjald af veggjamótum, vélum og verkfærum.
2. Flutningur milli vinnustaða.
3. Verkstjórnar- og stjórnarkostnaður.
4. ½% af framkvæmdakostnaði (öðrum en efniskostnaði).

10. gr.

Stjórninni er heimilt að taka rekstrarlán með tryggingu í framkvæmdasjóði og í tekjum eða kröfum, er stafa frá framkvæmdum sambandsins samkvæmt þessari samþykkt. Slíkar skuldakröfur eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, næst eftir þeim lánum, er á jörðinni hvíldu er framkvæmd sú hófst, er krafan stafar frá, og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum og fylgifjárkröfu, ef um óðalsjarðir er að ræða. Skuldakröfur þessar má taka lögtaki.

11. gr.

Styrkir, sem greiddir eru af opinberu fé til bygginga, sem reistar eru samkvæmt þessari samþykkt, greiðast óskertir að frádregnu fyrningargjaldi samkvæmt 9. gr. til stjórnar sambandsins, nema hún leggi annað fyrir.

12. gr.

Stjórninni ber að tryggja sér fulla greiðslu fyrir framkvæmdir sem sambandið tekur að sér, hjá kostnaðarmanni, áður en vinna hefst, sbr. 10. og 11. gr.

13. gr.

Nú hefur Nýbýlasjóður heitið styrk til húsagerðar, er sambandið annast um samkvæmt þessari samþykkt, og á þá sambandið kröfu til þess, að sjóðurinn greiði styrkinn, þegar verið er hafið af vinnuflokkum þess, þó ekki hærri fjárhæð en sem svarar vinnulaunum við að gera húsið fokhelt.

14. gr.

Stofnfé framkvæmdasjóðs skal fengið með framlögum frá hlutaðeigandi sveitarsjóðum.

Stofnfjárupphæðina, eins og hún er ákveðin í 16. gr., skal greiða af hreppnum, að hálfu í hlutfalli við landverð hreppanna og að hálfu í hlutfalli við skattskyldar tekjur og eignir innan hreppanna samanlagðar.

Ákvæði þetta gildir því aðeins gagnvart hlutaðeigandi hreppssjóði að viðkomandi hreppsnefnd hafi samþykkt framlagið.

Nú neitar hreppsnefnd að greiða áskilið framlag. Starfa þá þessi samtök ekki í þeim hreppi, nema aðrir aðilar hafi greitt gjald þetta.

III. KAFLI

Framkvæmdasjóður og starfsemi hans.

15. gr.

Búnaðarsambandið stofnar sjóð, er kallast Framkvæmdasjóður Búnaðarsambands Húnavatnssýslu, til stuðnings starfsemi samkvæmt þessari samþykkt og er óheimilt að verja fé úr þessum sjóði til nokkurs annars. — Til þess að greiðsla úr

þessum sjóði sé heimil, þarf hún að vera samþykkt á aðalfundi eftir tillögu stjórnarinnar. 82 21. maí

16. gr.

Stofnfé framkvæmdasjóðs er kr. 20000.00, er greiðast skal í sjóðinn strax og samþykkt þessi hefur verið staðfest, sbr. 14. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Styrkir til áhaldakaupa samkvæmt gildandi lögum.
2. 1% af byggingarefni, sem keypt er inn fyrir hönd sambandsins.
3. ½% af öðrum byggingarkostnaði, er stafar af framkvæmdum undir verkstjórn starfsmanna sambandsins.
4. Óvæntar tekjur.

IV. KAFLI

Samning árlegrar starfsáætlunar.

17. gr.

Stjórnir búnaðarfélaganna skulu árlega semja skrá um verkbeiðnir félagsmanna sinna. Skal tekið fram sem greinilegast hvaða byggingarframkvæmdir um er að ræða og hve stórar. Skýrslum þessum ber að skila til stjórnar sambandsins fyrir 20. október ár hvert eða fyrr, ef stjórnin telur það nauðsynlegt.

18. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 17. gr., ber stjórn sambandsins að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir næsta starfstímabil eða starfsár. Rísi ágreiningur innan sambandsstjórnarinnar um ákveðin atriði starfsáætlunarinnar, ber að leggja þau fyrir fund búnaðarsambandsins til úrskurðar.

19. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess gætt:

1. Að jarðir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar, sitji fyrir eftir því sem unnt er. Og að því athuguðu að það valdi ekki óhæfilegum aukakostnaði í tilflutningi véla og verkfæra.
2. Að byggingarframkvæmdir, sem gera skal á árinu, séu sem bezt skipulagðar hvað alla framkvæmd snertir.
3. Að allt byggingarefni sé sem vandaðast eftir öllum aðstæðum.
4. Að öll vinna sé vel af hendi leyst og vönduð eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

20. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur búnaðarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur stjórnarinnar.

21. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu stjórnarinnar í hvívetna.

22. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi sambandsins. Þar gefur stjórnin skýrslu um starfsemi, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

82 21. maí

VI. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

23. gr.

Tillögur, sem fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, skulu sendar búnaðarfélögum til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

24. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

25. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 100—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

26. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra, en endurskoða skal samþykktina, þegar komin er út staðfest reglugerð samkvæmt lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Húsagerðarsamþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. maí 1946.

Pétur Magnússon.

Árni G. Eylands.

83 23. maí

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

I. Raforka.

Rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps selur raforku á orkuveitusvæði sínu í Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhreppi á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld um kwst.-mæli á kr. 1.00 hver kwst.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um tvenna kwst.-mæla, annan til ljósa, en hinn til heimilisvéla, suðu og hitunar.

Um ljósamælinn kr. 1.00, en um hinn mælinn kr. 0.18 hver kwst.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er seld til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á kr. 0.70 hver kwst. til smáiðnaðar.
2. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, skal orkan seld á kr. 0.18 hver kwst., enda hafi rafveitan rétt til að rjúfa strauminn, þegar álag rafveitunnar er of mikið að dómi rafveitustjóra.

D. Hitun.

Þar, sem orkan er notuð til hitunar, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins á því tímabili, sem rafmagnsupphitun er notuð, má selja raforku með eftirfarandi skilyrðum:

a. Öll tæki skulu vera fast tengd, og gerð hitalagna og hitatækja háð samþykki rafveitustjóra.
b. Klukkurofar séu fyrir hitalögninni, og greiðist leiga fyrir hann, eftir reglum, sem gilda fyrir leigumæla. Má þó veita undanþágu frá þessu, ef rafveitustjóri telur þörf á.
c. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn af hitakerfinu þegar það telst nauðsynlegt, að dómi rafveitustjóra.
   Sé liðum a. og b. fullnægt, má selja raforkuna um kwst.-mæli á kr. 0.10 hver kwst.
d. Yfir mánuðina maí, júní, júlí, ágúst og september má veita 30% afslátt, ef um næturhitun er að ræða.

E. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.

Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.

F. Hafnar- og götulýsing.

Orku til hafnar- og götulýsingar selur rafveitan um kwst.-mæli á kr. 0.40 hver kwst.

II. Mælaleiga.

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi skrá:

Einfasa mælar upp að 5 amp.	kr. 12.00
Einfasa mælar 10—20 amp.	— 24.00
Einfasa mælar 30—50 amp.	— 36.00
Þrífasa mælar 30 amp. og minni	— 48.00
Þrífasa mælar stærri en 30 amp.	— 60.00
Lausar skiptiklukkur	— 12.00

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í töflunni, skal leigan vera sem næst 20% af mælisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt mánaðarlega með 1/12 af ársleigu, og skal partur úr mánuði reiknaður sem heill mánuður.

III. Heimtaugagjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

	Brunabótamat	Heimtaugagjald Jarðlína	Loftlína
1.	kr. 0— 5000.00	kr. 300.00	kr. 170.00
2.	— 5000— 10000.00	— 380.00	— 230.00
3.	— 10000— 12500.00	— 450.00	— 280.00
4.	— 12500— 15000.00	— 510.00	— 330.00
5.	— 15000— 17500.00	— 560.00	— 370.00
6.	— 17500— 20000.00	— 600.00	— 420.00
7.	— 20000— 25000.00	— 700.00	— 510.00
8.	— 25000— 30000.00	— 780.00	— 600.00
9.	— 30000— 40000.00	— 880.00	— 650.00
10.	— 40000— 50000.00	— 980.00	— 700.00
11.	— 50000— 60000.00	— 1060.00	— 750.00
12.	— 60000— 70000.00	— 1100.00	— 790.00
13.	— 70000— 80000.00	— 1140.00	— 830.00
14.	— 80000— 90000.00	— 1170.00	— 870.00
15.	— 90000—100000.00	— 1200.00	— 900.00
16.	— 100000—125000.00	— 1250.00	— 950.00
17.	— 125000—150000.00	— 1300.00	— 1000.00
18.	— 150000—200000.00	— 1400.00	— 1050.00
19. ... Yfir	— 200000.00	— 1500.00	— 1100.00

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og gildleiki hvers vírs meiri en 70 qmm, skal húseigandi kosta það, sem þar er framyfir. Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal húseigandi greiða allan kostnað við seinni heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugagjald fellur í gjalddaga þegar lokið er lagningu heimtaugar.

IV. Ýmis gjöld og ákvæði.

1. Opnunargjald.

Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og opnunargjald að upphæð 5 kr. á skrifstofu rafveitunnar.

2. Sektir fyrir óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 5.00 á skrifstofu rafveitunnar.

3. Ákvæði vegna vatnsskorts.

Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn, með samþykki ráðuneytisins, gert bráðabirgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

4. Heimild rafveitustjórnar til breytinga á gjöldum.

Rafveitustjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar og hreppsnefnd Eyrarhrepps hafa samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár rafveitunnar. **83** 23. maí

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil og fleira, nr. 98 frá 15. júlí 1941. **84** 7. maí

Við 2. gr. 1. málsgr. greinarinnar orðist svo:
Þessi eru upprekstrarfélög í Austur-Húnavatnssýslu:
1. Upprekstrarfélag Skagahrepps.
2. Upprekstrarfélag Höfðahrepps.
3. Upprekstrarfélag Vindhælis- og Engihlíðarhrepps.
4. Upprekstrarfélag Bólstaðarhlíðarhrepps.
5. Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar.
6. Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahrepps.

Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Skilaréttir eru:
1. Hofsrétt.
2. Spákonufellsrétt.
3. Skrapatungurétt.
4. Mjóadalsrétt.
5. Stafnsrétt.
6. Auðkúlurétt.
7. Vatnsdalsrétt.

Aukaréttir eru:
1. Tjarnarrétt.
2. Vindhælisrétt.
3. Kirkjuskarðsrétt.
4. Beinakeldurétt.
5. Hagarétt.
6. Þórormstungurétt.

Ákvæði til bráðabirgða:
Höfðahreppi heimilast að nota Landsendarétt sem skilarétt, þar til Spákonufellsrétt er byggð.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 frá 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. maí 1946.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

85
24. maí

REGLUGERÐ

um launakjör á símstöðvum og póstafgreiðslum.

1. gr.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, og 8. gr. laga nr. 8 9. jan. 1935, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um launakjör á símstöðvum og póstafgreiðslum.

2. gr.

Starfsmenn við póstafgreiðslustörf á Akureyri, Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum njóta sömu launakjara og starfsmenn póststofunnar í Reykjavík. Póst- og símamálastjórnin ákveður starfsmannafjölda á ofangreindum stöðvum og flokkun þeirra samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Árslaun síma- og póstafgreiðslumanna á eftirtöldum stöðvum séu sem hér segir:

Kr. 7800.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Akranesi, Blönduósi, Borgarnesi, Eskifirði, Keflavík, Neskaupstað, Selfossi og Stykkishólmi.

Kr. 7200.00: Póstafgreiðslumenn: Hafnarfirði, Húsavík, Sauðárkróki og Vestmannaeyjum.

Kr. 6000.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Bíldudal, Bolungavík, Brúarlandi, Búðardal, Dalvík, Djúpuvík, Egilsstöðum, Eyrarbakka, Fáskrúðsfirði, Gerðum, Grindavík, Hjalteyri, Hrísey, Hveragerði, Hvolsvelli, Ólafsfirði, Raufarhöfn, Sandgerði, Skagaströnd, Stokkseyri, Suðureyri, Vopnafirði, Þingeyri og Þórshöfn.
Símstjórar: Flateyri, Hólmavík, Húsavík, Hvammstanga, Ólafsvík, Patreksfirði, Sauðárkróki og Vík í Mýrdal.
Póstafgreiðslumaður Patreksfirði.

Launin eru miðuð við það, að hlutaðeigandi símstjórar og póstafgreiðslumenn vinni fyrir stofnunina fullkomið eins manns verk. Geti þeir það eigi sjálfir af einhverjum ástæðum, ber þeim að greiða af eigin launum því aðstoðarfólki, sem þeir taka þess vegna. Eigi skal þeim heldur greitt fyrir aðstoð vegna starfa, sem greitt er fyrir sérstaklega, svo sem innheimtustarfa o. fl. Ef greiðsla fyrir störf vegna orlofslaganna fer yfir kr. 1000.00 á ári, greiðist það, sem umfram er, stofnuninni.

4. gr.

Síma- og póstafgreiðslumenn á eftirtöldum stöðvum hafa árslaun að meðtalinni aðstoð sem hér segir:

Kr. 5400.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Hofsósi, Kirkjubæjarklaustri, Kópaskeri, Laugarvatni og Sandi.

Kr. 4800.00: Símstjórinn Krossum í Eyjafirði.
Póstafgreiðslumaðurinn Hvammstanga.

Kr. 4200.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Borgarfirði, Grafarnesi og Súðavík.
Póstafgreiðslumenn: Flateyri, Hólmavík, Ólafsvík og Reyðarfirði.

Kr. 3600.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Breiðdalsvík, Drangsnesi, Eiðum, Króksfjarðarnesi og Stöðvarfirði.
Símstjórar: Breiðumýri og Djúpavogi.

Kr. 3000.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Flatey á Breiðafirði, Fosshóli, Reykholti, Skógum í Fnjóskadal og Svignaskarði.
Símstjórinn Skútustöðum.
Póstafgreiðslumenn: Einarsstöðum, Stað í Hrútafirði og Vík í Mýrdal.

Kr. 2400.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Grenivík, Grenjaðarstað, Höfnum, Svalbarðseyri, Torfastöðum og Varmahlíð í Skagafirði. Símstjórinn í Haganesvík. 85 24. maí

Kr. 2100.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Ás í Vatnsdal, Bólstaðarhlíð og Minniborg. Símstjórinn í Ásgarði í Grímsnesi.

Kr. 1800.00: Póstafgreiðslumenn í Djúpavogi og Haganesvík.
Síma- og póstafgreiðslumenn: Arnarstapa á Mýrum, Arngerðareyri, Ásgarði í Dölum, Síðumúla og Staðarfelli.
Símstjórar: Mælifelli, Varmahlíð undir Eyjafjöllum og Þingvöllum.

Kr. 1200.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Ásum í Gnúpverjahreppi og Hallormsstað.
Póstafgreiðslumenn í Bakkafirði og Mjóafirði.

5. gr.

Þeir símstjórar og póstafgreiðslumenn, sem laun taka samkvæmt 3. gr. í þessari reglugerð, svo og fastráðnar símastúlkur, hafa sömu réttindi og skyldur sem aðrir starfsmenn pósts og síma. Til forstöðumanna annarra símstöðva og póstafgreiðslna skal greiða orlofsfé sérstaklega, en greiðsla fyrir aðstoð vegna forfalla telst innifalin í launanum. Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur símstöðva og póstafgreiðslna.

6. gr.

Á póstafgreiðslum og símstöðvum, þar sem eru ein eða fleiri starfstúlkur auk forstöðumanns, skulu þær ráðnar af póst- og símamálastjórninni að fengnum tillögum forstöðumanns, og ákveður póst- og símamálastjórnin fjölda þeirra á hverjum stað.

Byrjunarlaun þessara stúlkna skulu vera kr. 3000.00 á ári og hækka um kr. 300.00 á ári í 4 ár upp í kr. 4200.00. Þó skulu þær stúlkur, er nú taka laun samkvæmt reglugerð frá 4. sept. 1945, ekki lækka í launum.

7. gr.

Húsaleigu, ljós, hita og ræstingu vegna reksturs póstafgreiðslna og 1. fl. B og 2. fl. símstöðva greiðir stofnunin, og skal yfirskattanefnd í hverju héraði meta greiðslur þessar. Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar. Á þeim stöðvum, þar sem símstjórar og póstafgreiðslumenn hafa húsnæði til íbúðar í húseignum pósts og síma, skal það metið af yfirskattanefnd og dregið frá launum þeirra mánaðarlega. Ljós og hita greiði þeir hlutfallslega við póst og síma.

8. gr.

Þriðja hvert ár skal endurskoða reglugerð þessa. Ef veruleg breyting verður á afgreiðslu eða rekstrarskilyrðum símstöðvar eða póstafgreiðslu á milli þess, sem endurskoðun fer fram, skal henni að nýju skipað í launaflokk. Endurskoðun reglugerðar þessarar skal framkvæmd af þriggja manna nefnd, er ráðherra skipar, og sé einn þeirra tilnefndur af BSRB. Við aukaendurskoðun samkv. 2. mgr. greinar þessarar skal kveðja til þann fulltrúa endurskoðunarnefndar, sem BSRB hefur tilnefnt.

Á símstöðvum á gisti- og veitingastöðum beri þeir að verulegu leyti kostnað við símaafgreiðslu vegna gesta sinna.

9. gr.

Þóknun fyrir rekstur 3. flokks símstöðva sé sem hér segir:

1. Föst ársþóknun, er nemi:
   a. Til stöðva, sem hafa 0— 400 útf. afgr. ..... kr. 120.00
   b. — — — — 401—1000 — — ..... — 240.00
   c. — — — — 1001—1800 — — ..... — 360.00
   d. — — — — yfir 1800 — — ..... — 480.00

   miðað við afgreiðslufjölda næstliðins árs.

85 24. maí

2. 35 aura fyrir hvert útfarið viðtalsbil í símtölum og hvert útfarið símskeyti (önnur en þjónustu- og veðurskeyti).
3. Fyrir hvern símnotanda kr. 12.00 á ári.

10. gr.

Á launagreiðslur samkvæmt reglugerð þessari greiðist verðlagsuppbót, eins og hún er á hverjum tíma samkvæmt útreikningi kauplagsnefndar.

11. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. apríl 1946, og fellur þá úr gildi reglugerð um sama efni frá 4. sept. 1945.

Samgöngumálaráðherrann, 24. maí 1946.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hlíðdal.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „barnaheimili templara", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. maí 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

86 25. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimili templara.

1. gr.

Barnaheimili templara er stofnað af Umdæmisstúkunni nr. 1 í góðtemplarareglunni á Íslandi, samkvæmt fundarsamþykkt á haustþingi hennar 16. nóvember 1941 og afsalsbréfi, dags. 24. marz 1942.

2. gr.

Barnaheimilið er sjálfseignarstofnun.

3. gr.

Stofnuninni eru í upphafi lagðar þessar eignir:

a. Jörðin Kumbaravogur í Stokkseyrarhreppi með húsum öllum og öðrum mannvirkjum á jörðinni, svo og rekahlunnindum og öðru því, sem henni fylgir og fylgja ber, eins og umdæmisstúkan hefur eignazt hana samkvæmt afsali, með áhvílandi lánum.
b. 1200 króna gjöf Húsfélags bindindismanna.
c. 2850 króna gjöf frá góðtemplarastúkum í Reykjavík.
d. Framlag styrktarfélaga og aðrar gjafir frá góðtemplurum 2880 kr.

Þá er og gert ráð fyrir, að stofnuninni muni áskotnast árlega fé frá styrktarfélögum og eftir sérstaklega ákveðnum fjáröflunarleiðum, sem stjórn stofnunarinnar eða umdæmisstúkan annast.

Nú, þegar þessi nýja skipulagsskrá er samin, er kostnaðarverð Kumbaravogs, með nýbyggingum og öðrum mannvirkjum, rúmar 140 þúsund krónur, en áhvílandi skuldir 20 þúsund krónur.

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að reka barnaheimili. Stjórn stofnunarinnar ákveður töku barna á heimilið í samráði við lækni, sem hún kveður sér til aðstoðar.

86
25. maí

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 5 menn, sem framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 kýs til 5 ára í senn í marzmánuði ár hvert, í fyrsta sinn þegar skipulagsskrá þessi hefur verið staðfest. Fyrstu 4 árin gengur einn maður árlega úr stjórninni eftir hlutkesti, en síðan einn maður árlega eftir starfsaldri.

Nú verður sæti stjórnarnefndarmanns laust áður en starfstími hans er útrunninn, og kýs þá framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar annan í staðinn til þess að vera í stjórninni þann tíma, sem eftir var af kjörtíma hins.

Stjórnarnefndarmenn skulu vera góðtemplarar.

6. gr.

Stjórnin annast allan rekstur stofnunarinnar með þeirri verkaskiptingu, sem í 7. gr. segir. Hún heldur aðalfund sinn í febrúarmánuði ár hvert. Þegar eftir aðalfund sendir stjórnin framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 starfsskýrslu ásamt reikningum stofnunarinnar fyrir síðasta starfsár, en framkvæmdanefndin kýs þá mann í stjórnina samkvæmt 5. gr. Þegar stjórnarformanni hefur borizt tilkynning um kosninguna, boðar hann hina nýju stjórn á fund og gengst þar fyrir kosningu formanns, ritara og gjaldkera.

7. gr.

Formaður er framkvæmdastjóri stofnunarinnar. Hann boðar til funda, í samráði við ritara, stjórnar þeim og sér um að ályktanir stjórnarfunda séu framkvæmdar. Hann getur, þegar þörf krefur, kvatt aðra stjórnarnefndarmenn sér til aðstoðar, eða ráðið sérstaka menn til þess að annast ákveðin verk. Formaður leggur fram á aðalfundi ritaða skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári.

Ritari heldur nákvæma bók yfir allt það, sem gerist á stjórnarfundum, svo og um annað það utan funda, sem máli getur skipt. Hann annast allar bréfaskriftir, heldur öllum bréfum, skjölum og skilríkjum saman og varðveitir, og skilar því síðan að starfstíma loknum í hendur eftirmanni sínum.

Í forföllum formanns gegnir ritari störfum hans.

Gjaldkeri hefur með höndum fjárreiður stofnunarinnar. Hann má ekki greiða fé úr sjóði hennar, nema því aðeins að formaður hafi samþykkt greiðsluna, og geyma skal hann sjóðinn í banka með ríkisábyrgð. Gjaldkeri heldur nákvæma bók yfir tekjur og gjöld stofnunarinnar, og fyrir janúarmánaðarlok skilar hann endurskoðendum í hendur reikningum fyrir liðið starfsár. Á aðalfundi leggur gjaldkeri reikningana fyrir stjórnina til úrskurðar, ásamt athugasemdum endurskoðenda.

Gjaldkeri fær sér tvo ábyrgðarmenn, sem framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar samþykkir.

8. gr.

Endurskoðun reikninga stofnunarinnar fer fram í febrúarmánuði ár hvert. Endurskoðendur séu tveir og skulu þeir kosnir á haustþingi umdæmisstúkunnar. Þó getur haustþingið ákveðið, að endurskoðunin skuli falin löggiltum endurskoðanda. Slík fundarsamþykkt gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

9. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Reikninga stofnunarinnar skal senda skrifstofu stórstúkunnar. Skulu þeir birtir á stórstúkuþingi.

11. gr.

Stjórnin setur reglur um starfstilhögun stofnunarinnar, svo og um nytjun jarðar. Þyki stjórninni ástæður þannig, að rétt sé um tíma að fela opinberri stofnun allan

86 25. maí rekstur barnaheimilisins, eftir þar um gerðum samningi, er stjórninni það heimilt, enda samþykki framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 slíka ráðstöfun.

12. gr.

Nú verður ekki lengur þörf á að reka heimilið, sbr. 4. gr., eða rekstur stofnunarinnar leggst niður af einhverjum ástæðum öðrum, svo sem ef Umdæmisstúkan nr. 1 eða önnur deild góðtemplararareglunnar telur sér ekki fært að reka stofnunina áfram, eða ef góðtemplararareglan á Íslandi hættir að starfa, og skal þá ríkisstjórnin ráðstafa eigninni og sjá um að hún, eða andvirði hennar umfram skuldir, verði notað til mannúðarstarfsemi eða í þágu uppeldismála í núverandi þinghá Umdæmisstúkunnar nr. 1, eftir því sem bezt hentar á hverjum tíma.

13. gr.

Skipulagsskrá þessari getur framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar breytt, enda séu ⅔ hennar með breytingunni og stórtemplar samþykki. Þá þarf og staðfestingu ríkisvaldsins til þess að breyting öðlist gildi.

14. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi numin skipulagsskrá fyrir sumarheimili templara nr. 178 9. júlí 1942 (Stj.tíð. 1942, bls. 257—259).

15. gr.

Að fengnu samþykki stórtemplars skal leita staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á fundi framkvæmdanefndar Umdæmisstúkunnar nr. 1

19. maí 1946.

Jón Gunnlaugsson, umdæmistemplar. **Þorsteinn Sveinsson,** umdæmisritari.

Veiti hér með samþykki mitt.

Reykjavík, 23. maí 1946.

Kristinn Stefánsson,
stórtemplar.

87 27. maí **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá „Sængurkvennasjóðs Saurbæjarhjónanna", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. maí 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Sængurkvennasjóðs Saurbæjarhjónanna.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður eftir hugmynd Eyjólfs Runólfssonar, bónda í Saurbæ á Kjalarnesi og konu hans, Vilhelmínu Eyjólfsdóttur, sem bæði eru látin, og til minningar um þau, af syni þeirra, Ólafi Eyjólfssyni, bónda í Saurbæ, og konu hans, Guðlaugu Jónsdóttur.

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 1280.00, sem Eyjólfur og Vilhelmína höfðu lagt til hliðar í þessu skyni. Við þetta bætist framlag Ólafs Eyjólfssonar og Gauðlaugar Jónsdóttur, að upphæð kr. 600.00, samtals kr. 1880.00. 87 27. maí

Fé þetta skal ávaxtað í Söfnunarsjóði Íslands og skal vöxtum sjóðsins varið samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Þegar vextir sjóðsins nema fullum kr. 100.00 skal ¾ hlutum þeirra verja til styrktar eða glaðnings fátækum sængurkonum í Kjalarneshreppi eða Kjósarhreppi samkvæmt tillögu viðkomandi ljósmæðra. ¼ hluta vaxtanna svo og allar gjafir eða annað, sem sjóðnum kann að áskotnazt, skal leggja við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarpresturinn í Reynivallaprestakalli, oddviti Kjalarneshrepps og oddviti Kjósarhrepps. Ákveða þeir styrkveitingar úr sjóðnum og semja árlega reikninga fyrir hann.

Heimilt er að láta styrkveitingu falla niður eitt ár eða lengur, og skal þá geyma það fé, sem þannig sparast, til úthlutunar síðar, eftir ákvörðun sjóðstjórnar samkvæmt 2. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir með hreppsreikningum Kjalarneshrepps, og getur stjórn sjóðsins birt þá í Lögbirtingablaðinu eftir því, sem ástæða þykir til.

4. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulagsskrá þessa, styrkveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar hag hans og rekstur.

5. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Gjört að Saurbæ á Kjalarnesi, 2. janúar 1946.

Ólafur Eyjólfsson. **Guðlaug Jónsdóttir.**

SAMÞYKKT

88 31. maí

um stjórn bæjarmálefna í Akureyrarkaupstað.

Um stjórn bæjarmálefna.

1. gr.

Bæjarstjórn kaupstaðarins er skipuð 11 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka ákvarðanir á bæjarstjórnarfundum um þau málefni bæjarins, er til bæjarstjórnar koma.

Bæjarstjóra er rétt og skylt að sitja fund bæjarstjórnar. Hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki á hann þar atkvæði, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

2. gr.

Störf bæjarstjórnar eru þessi:

1. Hún fer með fjármál bæjarins. Hún kveður því á um lántökur handa bænum og gerir samninga um þau efni, gerir áætlanir um tekjur hans og gjöld hvert almanaksár, og úrskurðar reikninga hans.

88 31. maí

Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.

2. Setur reglur um stjórn bæjarmála, þar á meðal um meðferð á eignum bæjarins samkvæmt gildandi réttarreglum.
3. Kýs nefndir, bæjarráð, bæjarstjóra og endurskoðendur reikninga bæjarins, ákveður laun þeirra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
4. Fer með önnur þau mál, er til hennar koma að tilhlutun stjórnarvalda, nefnda eða bæjarráðs, og kemur fram fyrir bæjarins hönd um samninga og fyrirsvar bæjarins að öðru leyti, nema öðrum sé það falið.
5. Bæjarstjórn getur tekið til meðferðar hvert það málefni, sem bæinn varðar og réttilega er undir hann borið.

Bæjarfulltrúum er heimilt að sjá bækur og skjöl bæjarins.

3. gr.

I. Þessar fastanefndir skal bæjarstjórn kjósa með hlutfallskosningu, að því leyti sem þess er kostur, til eins árs í senn á fyrsta fundi sínum í febrúar:

Brunamálanefnd.
Byggingarnefnd.
Hafnarnefnd.
Framfærslunefnd.
Rafveitustjórn.

II. Enn fremur kýs bæjarstjórn:

Stjórn Sjúkrahúss Akureyrar.
Stjórnarnefnd Caroline Rest.
Barnaverndarnefnd.
Stjórn sjúkrasamlagsins, 4 menn og 4 til vara til 4 ára.
Bókasafnsnefnd, 3 menn til 4 ára.
Í stjórn Sparisjóðs Akureyrar 2 menn og 2 til vara.
Í stjórn Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar, 2 menn og 2 til vara.
Í íþróttahúsnefnd, 4 menn til 4 ára.
Í fræðsluráð, 4 menn til 4 ára.
Í húsmæðraskólanefnd, 2 menn til 4 ára.
Í skólanefnd gagnfræðaskólans, 4 menn til 4 ára.
Í sóttvarnarnefnd 1 mann.
Í heilbrigðisnefnd 1 mann.
Í verðlagsskrárnefnd 1 mann, til að semja verðlagsskrá.
Kjörstjórnir samkvæmt fyrirmælum kosningalaga.

Alla þá menn, sem kjósa skal samkvæmt þessari grein, má endurkjósa.

4. gr.

Bæjarstjórn getur skipað fulltrúa í sérstakar nefndir (lausanefndir) til þess að íhuga og undirbúa einstök mál. Svo getur bæjarstjórn falið bæjarstjóra og bæjarráði eða einstökum bæjarfulltrúum athugun og undirbúning einstakra málefna.

Rétt er bæjarstjórn að taka til umræðu og ályktunar málefni, þótt nefnd, bæjarstjóri eða bæjarráð hafi það til meðferðar, eftir þeim reglum, sem í fundarsköpum bæjarstjórnar segir.

5. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd, forfallast eða getur ekki gegnt störfum sakir fjarvistar eða hans missir alveg við, þá tekur sæti hans varamaður samkvæmt þar um settum reglum.

6. gr. 88

Bæjarstjóra er rétt og skylt að sækja fundi fastanefnda þeirra, er hann á sæti 31. maí
í. Hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi, enda láti lög ekki öðruvísi um mælt.

Rétt er að kjósa bæjarstjóra formann nefnda þeirra, sem í þessari grein segir.

7. gr.

Brunamálanefnd skipa 4 menn ásamt slökkviliðsstjóra eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri. Tvo nefndarmanna má kjósa utan bæjarstjórnar. Nefndin skal hafa eftirlit með brunamálum bæjarins og slökkviliði og gæta þess að þar um settum reglum sé fylgt.

8. gr.

Bygginganefnd skipa bæjarstjóri, sem er formaður hennar gildandi lögum samkvæmt, og 4 menn aðrir. Skulu 2 þeirra vera bæjarfulltrúar, en 2 utan bæjarstjórnar. Byggingafulltrúa er skylt að sitja fundi bygginganefndar.

Bygginganefnd annast byggingamálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum laga og samþykkt um þau mál.

9. gr.

Hafnarnefnd skipa bæjarstjóri, sem er formaður hennar lögum samkvæmt, tveir bæjarfulltrúar og tveir menn utan bæjarstjórnar.

Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmd hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni samkvæmt fyrirmælum þeim, sem um þau mál gilda.

10. gr.

Framfærslunefnd skipa 5 menn, er bæjarstjórn kýs; jafnmargir skulu kosnir til vara. Hún hefur á hendi stjórn framfærslumála samkvæmt gildandi lögum þar um.

Formanni barnaverndarnefndar er heimilt að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn, samkvæmt lögum um barnavernd.

11. gr.

Rafveitustjórn er skipuð 5 mönnum. Hún hefur á hendi stjórn Laxárvirkjunarinnar og Rafveitu Akureyrar samkvæmt gildandi reglugerð þar um.

12. gr.

Stjórn Sjúkrasjóðs Akureyrar skipa 3 menn, kosnir af bæjarstjórn til 4 ára. Bæjarstjórn kýs einnig varamenn til sama tíma.

Sjúkrahússtjórnin hefur á hendi stjórn sjúkrahússins og sér um rekstur þess eftir þar um settum reglum.

13. gr.

Stjórnarnefnd Caroline-Rest er skipuð 3 mönnum, er bæjarstjórnin kýs, og hefur nefndin umsjón og eftirlit með stofnuninni samkvæmt gjafabréfi George H. F. Schraders, dags. 23. marz 1915. Bæjarstjórn Akureyrar er yfirstjórn Caroline-Rest.

14. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs. Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami sem bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs einnig 2 varamenn. Nefndin hefur á hendi eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs og vanþroska eða veikra unglinga, sbr. lög um barnavernd.

15. gr.

Íþróttahúsnefnd er skipuð 5 mönnum. Bæjarstjórn kýs 4 nefndarmanna, en íþróttaráð Akureyrar hinn fimmta. Kjörtími nefndarinnar er hinn sami sem bæjarstjórnar. Varamenn séu kosnir jafnmargir af sömu aðilum.

88 31. maí Íþróttahúsnefnd hefur á hendi stjórn og umsjón með íþróttahúsi bæjarins eftir þar um settum reglum.

16. gr.

Fræðsluráð er skipað 5 mönnum, sem kosnir eru til 4 ára. Bæjarstjórn kýs 4 þeirra. Meðan kaupstaðurinn er aðeins eitt skólahverfi, skipar fræðslumálastjórnin formann ráðsins, en ef bærinn skiptist í 2 eða fleiri skólahverfi, verður bæjarstjóri sjálfkjörinn formaður ráðsins. Varamenn skulu kosnir á sama hátt til jafnlangs tíma.

Fræðsluráð hefur umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum bæjarins og sérstaklega með kennslu í barnaskólum og öllu, sem þá varðar.

17. gr.

Húsmæðraskólanefnd skipa 5 menn, sem kosnir eru til 4 ára. Bæjarstjórn kýs 2 menn í nefndina, Húsmæðraskólafélag Akureyrar 2, en kennslumálaráðherra skipar formann hennar.

Nefndin hefur á hendi stjórn húsmæðraskólans samkvæmt lögum þar um.

18. gr.

Sóttvarnarnefnd er skipuð bæjarfógeta, sem er formaður hennar, héraðslækni og einum bæjarfulltrúa. Hún annast um sóttvarnir samkvæmt ákvæðum þar að lútandi laga og reglugerða.

19. gr.

Heilbrigðisnefnd er skipuð bæjarfógeta, sem er formaður hennar, héraðslækni og einum bæjarfulltrúa.

Hún skal sjá um, að heilbrigðissamþykkt bæjarins sé fylgt.

20. gr.

Bæjarráð skipa 4 bæjarfulltrúar, kosnir til eins árs í senn með hlutfallskosningu. Bæjarstjórn kýs 4 varamenn úr sínum hóp með sama hætti sem aðalmenn. Ef bæjarráðsmaður forfallast, eða hans missir við, tekur sæti hans varamaður á sama lista sem aðalmaður. Sé bæði aðalmaður og varamaður forfallaðir, geta flokkarnir látið varafulltrúa sína mæta í stað þeirra. Bæjarstjórn getur með einfaldri samþykkt ákveðið að bæjarráð skuli skipað 5 fulltrúum og 5 til vara.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði. Má kjósa hann formann þess, enda hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt því aðeins að hann sé jafnframt bæjarfulltrúi og kosinn í bæjarráð. Bæjarráð kýs sér formann og skrifara. Sá er réttkjörinn, sem fær meiri hluta atkvæða. Ef tveir fá jöfn atkvæði, ræður hlutkesti.

Bæjarráð skal halda fundi að minnsta kosti einu sinni í viku, og jafnan þar að auki, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs, ef hann er annar en bæjarstjóri, eða að minnsta kosti 2 bæjarráðsmenn óska þess. Fundur er lögmætur ef meir en helmingur bæjarráðs sækir hann.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum bæjarráðs.

Bæjarráðsmenn fá þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

21. gr.

Bæjarráð hefur á hendi eftirlit með fjármálum bæjarsjóðs, undirbýr fjárhagsáætlun og ákveður bókhaldsfyrirkomulag. Það hefur á hendi ásamt bæjarstjóra umsjón með skipulagsmálum, vegagerðarframkvæmdum, endurbótum og hirðingu á vegum, holræsum, rennum og götulýsingu. Það hefur og ásamt bæjarstjóra umsjón með vatnsveitu og vatnsbólum bæjarins, svo og fasteignum bæjarins, og öðr-

um þeim eignum hans, sem ekki eru í umsjón annarra nefnda samkvæmt samþykkt þessari eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar. 88 31. maí

22. gr.

Starfsmenn bæjarins eru þessir:

Bæjarstjóri, fulltrúi bæjarstjóra, bæjargjaldkeri, bæjarverkfræðingur, byggingafulltrúi, heilbrigðisfulltrúi, framfærslufulltrúi, slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, rafveitustjóri, hafnarvörður og aðrir fastráðnir menn, sem föst mánaðarlaun taka úr bæjarsjóði eða frá stofnunum bæjarins. Um launakjör starfsmanna bæjarins og eftirlaun fer eftir reglum, sem bæjarstjórnin setur.

23. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda, sem ráða málum til úrslita, nema þær séu öðrum faldar. Hann veitir forstöðu fjármálum bæjarins, ávísar útgjöldum bæjarsjóðs, hefur á hendi umsjón með stjórn á innheimtu bæjartekna og umsjón sérstakra sjóða í vörzlum bæjarins, hann sér um að gerðir séu reikningar hans og skýrslur um eignir og skuldir, hefur umsjá með stjórn bæjargjaldkera á bæjarsjóði og innheimtu tekna bæjarins og stofnana hans. Hann annast bréfagerðir bæjarstjórnar og nefnda og hefur eftirlit með starfsmönnum bæjarins og störfum þeirra. Í forföllum bæjarstjóra gegnir fulltrúi hans störfum hans, nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Bæjarstjóri skal sjá um að árlega sé samin tæmandi skrá yfir lausar eignir bæjarins, svo sem verkfæri, vélar, áhöld, efni og annað þess háttar, er beri með sér hvað keypt hefur verið á árinu, hvað notað og hvað hefur farið forgörðum.

24. gr.

Fulltrúi bæjarstjóra er skrifstofustjóri á bæjarskrifstofunum og annast daglega afgreiðslu fyrir hönd bæjarstjóra, eftir því, sem það verður honum falið, svo sem umsjón með innheimtu bæjartekna og með sjóðum þeim, sem eru í vörzlum bæjarins. Ef hann er lögfræðingur, skal hann flytja mál bæjarins fyrir undirrétti, nema öðruvísi sé ákveðið.

25. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir fyrir maílok. Skulu endurskoðendur bæjarins síðan innan 4 vikna hafa lokið endurskoðun sinni á reikningunum. Bæjarráð gerir svo með ráði endurskoðenda tillögur um reikningana fyrir lok ágústmánaðar og skulu þeir síðan lagðir til úrskurðar fyrir bæjarstjórn. Reikninginn skal síðan prenta.

26. gr.

Um skipun niðurjöfnunarnefndar, álagning bæjargjalda, gjalddaga og ábyrgð á greiðslu þeirra fer að lögum. Ef bæjargjöld eru ekki greidd á gjalddaga, ber að innheimta þau svo fljótt sem kostur er, og með lögtaki, ef á þarf að halda.

27. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Akureyrarkaupstað 11. febrúar 1920.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1946.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

89 31. maí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 132 28. desember 1936, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

1. gr.

4. gr. 2. málsgrein orðist svo: Fyrir skírteini þetta greiðist 10 kr. til lögreglustjóra.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1946.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt löögum nr. 23 16. júní 1941. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 31. maí 1946.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

90 4. júní

AUGLÝSING

um undanþágu frá aðflutningsgjöldum.

Ráðuneytið hefur með heimild í ákvæðum h-liðs 3. gr. tollskrárlaganna ákveðið að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum:

1. Efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur. Skilyrði undanþágunnar er, að efnið sé óunnið og viðtakandi efnisins reki tunnugerð hér á landi og að við tollmeðferð liggi fyrir yfirlýsing frá honum um það, að efnið verði aðeins notað í tunnur til umbúða um innlendar framleiðsluvörur.
2. Hampgarn til veiðarfæragerðar, en skilyrði undanþágunnar er, að viðtakandi reki veiðarfæragerð og við tollmeðferð liggi fyrir yfirlýsing frá honum um það, að vörurnar verði aðeins notaðar til veiðafæragerðar í veiðafæragerð hans. Framangreind undanþága gildir frá 1. janúar 1944.

Fjármálaráðuneytið, 4. júní 1946.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

91 5. júní

REGLUGERÐ

um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 41 frá 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um starfsemi deildarinnar.

I. KAFLI

Um lánveitingar gegn fyrsta veðrétti í skipum, iðjufyrirtækjum og öðrum eignum í sambandi við sjávarútveg, svo og gegn 1. veðrétti í öðrum fyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins, skv. 1. mgr. 3. gr. laganna.

1. gr.

Sá, sem sækir um lán úr stofnlánadeildinni, skal láta fylgja umsókn sinni:

a. Yfirlýsingu frá Nýbyggingarráði um að framkvæmdir þær, sem um er að ræða, séu liðir í heildaráætlun þess um þjóðarbúskap Íslendinga.

b. Úrskurð frá Nýbyggingarráði um hve mikill erlendur gjaldeyrir hafi farið til framkvæmdanna og hve miklu innlendi kostnaðurinn við þær hafi numið, ásamt sundurliðun kostnaðar, hvers um sig, á einstaka liði. 91 5. júní

Þegar sótt er um bráðabirgðalán, skal lögð fram ýtarleg sundurliðuð áætlun frá lánbeiðanda, ásamt umsögn Nýbyggingarráðs um þessa skiptingu kostnaðarins við framkvæmdir þær, sem um er að ræða.

2. gr.

Lán úr stofnlánadeildinni eru tvenns konar:

A-lán, er eingöngu má verja til greiðslu á atvinnutækjum smíðuðum erlendis og til kaupa erlendis á efni og vélum til skipasmíða eða annarra framkvæmda innanlands.

B-lán, er verja má til innlendra framkvæmda að því leyti, sem þær krefjast ekki erlends gjaldeyris.

Á skuldabréf lánþega skal skráð hve mikill hluti lánsins er veittur sem A-lán og hve mikill hundraðshluti afborgana skoðist sem afborgun á A-láninu, en að öðru leyti skal fara með lánið sem væri það eitt.

3. gr.

Stofnlánadeildin veitir aðeins lán til framkvæmda sem gerðar hafa verið eftir 1. janúar 1944.

Lán til skipa- og bátakaupa, hvort heldur er um að ræða nýsmíði innanlands eða kaup á nýjum og notuðum skipum erlendis frá, skulu sitja fyrir öðrum lánveitingum. Lán út á aðrar eignir skulu því aðeins veitt að svo miklu leyti sem framkvæmdastjórn Landsbankans telur, að fé verði fyrir hendi til þeirra lánveitinga, eftir að fullnægt hefur verið fyrirsjáanlegri lánsþörf vegna nýöflunar fiskiskipa samkvæmt heildaráætlun Nýbyggingarráðs.

Forgangsrétt til lána út á aðrar eignir en fiskiskip skulu hafa félög útvegsmanna og fiskimanna, sem stofnuð eru til að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félög, sem meginþorri útvegsmanna á hverjum stað eru þátttakendur í, í þeim tilgangi, er um getur í 2. málslið 1. málsgr. 3. gr. laganna, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna.

Nýbyggingarráð gefur framkvæmdastjórn Landsbankans áætlun um væntanlega lánsþörf til framkvæmda, sem eru liðir í heildaráætlun þess, fyrir eitt ár í senn, í fyrsta skipti fyrir árið 1946, er stofnlánadeildin tekur til starfa, en síðan einum mánuði fyrir hver áramót.

4. gr.

Um lán út á skip gilda þessar reglur:

1. Lán skulu einungis veitt út á skip, sem skrásett eru á Íslandi og ætluð til fiskveiða eða annarra veiða.
2. Lánbeiðandi skal leggja fram eignar- og veðbókarvottorð, skipasmíðaskírteini og teikningu af skipinu.
3. Sé skipið smíðað erlendis skal leggja fram vottorð skipaskoðunarstjóra ríkisins um, að skipið fullnægi ákvæðum gildandi laga um eftirlit með skipum, hvað styrkleika og útbúnað snertir.
4. Lánbeiðandi skal leggja fram skoðunar- og matsgerð framkvæmda af matsmönnum deildarinnar.
5. Sérhvert skip, sem láns nýtur úr stofnlánadeildinni, skal vátryggt almennri vátryggingu, en að auki getur framkvæmdastjórnin krafizt þess, að skip sé tryggt sérstakri vátryggingu, eins og t. d. gegn stríðsáhættu á styrjaldartímum.

91 5. gr.

5. júní Þegar sótt er um lán út á aðrar eignir en skip, skal lánbeiðandi leggja fram:

1. Eignar- og veðbókarvottorð, lóðarsamning eða skilríki fyrir lóð fyrirtækisins, svo og teikningu af fyrirtækinu.
2. Skoðunar- og matsgerð, framkvæmda af matsmönnum deildarinnar.
3. Skýrslu um stofnkostnað fyrirtækisins.
4. Áætlun um ársrekstur fyrirtækisins og afkomu, miðað við meðalár og allar aðstæður á staðnum.
5. Vátryggingarskírteini eða óyggjandi vottorð um vátryggingu.

6. gr.

Eignir þær, sem stofnlánadeildin tekur að veði, skulu metnar af tveim óvilhöllum þar til hæfum mönnum, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir. Stofnlánadeildin leggur til eyðublöð í þessu skyni, en lánbeiðandi greiðir matsmönnum þóknun fyrir starf þeirra.

Matið skal byggt á kostnaðarverði eignar, nema það sé óeðlilega hátt að dómi matsmanna. Skulu þeir þá ákveða matsupphæðina samkvæmt því, sem telja má að samsvari eðlilegum kostnaði við öflun eignarinnar.

Við mat á skipum, sem ekki eru nýbyggð, skal reikna með því, að þau fyrnist að fullu á 20 árum.

Matsupphæðin er ekki bindandi fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórnin getur hvenær sem er á lánstímanum heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað. Enn fremur skal framkvæmdastjórninni heimilt að láta fara fram endurmat á eign á kostnað lánþega, ef hún telur hættu á, að stofnlánadeildin verði fyrir tapi vegna rýrnunar á verðgildi eignar. Við slíkt endurmat skal ekki tekið tillit til rýrnunar, sem stafar af verðlagsbreytingum.

II. KAFLI

Um bráðabirgðalán úr stofnlánadeildinni.

7. gr.

Lánbeiðandi, sem vill sækja um, að notuð verði gagnvart honum heimild 10. gr. laganna til að veita bráðabirgðalán meðan stendur á byggingu skips eða mannvirkja, skal leggja fram:

1. Efnahagsreikning sinn, ásamt áætlun um rekstur þess skips eða þeirra mannvirkja, sem hann á í byggingu.
2. Samning við verktaka þá, sem kunna að hafa tekið að sér smíði skipsins eða mannvirkjanna.
3. Teikningu af því skipi eða þeim mannvirkjum, sem eru í byggingu.
4. Skilríki fyrir því, að nægilegt fé verði fyrir hendi til að greiða skipið eða mannvirkin að fullu, að því leyti sem væntanlegt lán frá stofnlánadeildinni ekki hrekkur til.
5. Vátryggingarskírteini eða óyggjandi vottorð um vátryggingu.
6. Yfirlýsingu og úrskurð frá Nýbyggingarráði samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Bráðabirgðalán séu veitt með þeim hætti, að stofnlánadeildin kaupir skuldabréf eða víxla af lánbeiðanda, og séu lánin tryggð með 1. veðrétti í skipi eða mannvirkjum, með fylgifé og öðru tilheyrandi, þar með töldum vátryggingarfjárhæðum.

Gjalddögum bráðabirgðalánanna skal hagað eftir því, sem hentast þykir í sam- 91
bandi við fullnaðarsmíði skips eða mannvirkja. 5. júní

9. gr.

Stofnlánadeildin fær fé til bráðabirgðalánanna með lántökum frá seðlabankanum og með útgáfu vaxtabréfa, og skal það vera í sömu hlutföllum og Nýbyggingarráð áætlar fyrir fram að bráðabirgðalán skiptist á A-lán og B-lán þegar þar að kemur.

III. KAFLI
Lánskjör stofnlánadeildarinnar.

10. gr.

Út á ný skip má lána allt að ⅔ og út á aðrar eignir allt að ⅗ af matsverði þeirra, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Þó má lána allt að ¾ út á ný skip og ⅔ út á aðrar eignir, ef bæjar- eða sveitarfélög eru lántakandi eða ganga í ábyrgð fyrir skilvísri greiðslu afborgana og vaxta þar til lánið er greitt niður um helming.

Enn fremur má lána félögum þeim, sem um ræðir í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar, allt að ⅔ út á framkvæmdir þær, sem um ræðir í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar í hvert skipti.

Ef lántakandi á fé í Nýbyggingarsjóði, þá skal við ákvörðun lánsupphæðar samkvæmt 1.—4. mgr. þessarar greinar miða við matsverð að frádreginni eign lántakanda í Nýbyggingarsjóði. Hafi lántakandi sannanlega gert ráðstafanir til kaupa á fleiri en einu framleiðslutæki, má þó skipta nýbyggingarsjóði hans til kaupa á þessum framleiðslutækjum, enda takist þau í notkun innan tveggja ára frá því að sótt er um lánið.

Eigi má lána einum aðila meira en 4 milljónir króna af fé deildarinnar. Þetta ákvæði nær þó eigi til bæjarfélaga og hreppsfélaga né þeirra félaga útvegsmanna, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.

11. gr.

Lengsti lánstími er 20 ár fyrir ný skip, en annars 15 ár. Sé lánstími 10 ár eða lengri, skal haga afborgunum lána þannig, að helmingur lánsins eða því sem næst sé endurgreiddur, þegar liðnir eru ⅖ af lánstímanum. Félagi, sem fengið hefur lán úr stofnlánadeildinni og nýtur hlunninda vegna framlags í varasjóð, samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, skal skylt að verja 50% af því fé, er það leggur í varasjóð til aukalegra afborgana af lánum úr stofnlánadeildinni, enda falla þá niður ákvæði 14. gr. b. í sömu lögum um framlag í Nýbyggingarsjóð.

12. gr.

Ráðherra sá, sem fer með bankamál, ákveður vexti af stofnlánum, en þeir skulu þó ekki vera hærri en 2½%. Vextirnir greiðast fyrir fram fyrir eitt ár í senn eða hluta úr ári miðað við gjalddaga.

Vextir af bráðabirgðalánum skulu vera þeir sömu sem af öðrum lánum, og greiðast þeir einnig fyrir fram.

91 13. gr.

5. júní Skuldunautar stofnlánadeildarinnar skulu 1.—14. nóv. ár hvert greiða vexti og afborganir af stofnlánum. Skuldunautur, sem eigi hefur innan 15. nóv. greitt tilskilin gjöld, skal greiða ½% í dráttarvexti af hinni vangoldnu upphæð fyrir hvern hálfan mánuð eða brot úr hálfum mánuði, sem greiðsla dregst, reiknað frá 1. nóv.

Dráttarvextir af bráðabirgðalánum skulu vera hinir sömu sem af öðrum lánum.

IV. KAFLI

Um vaxtabréfaútgáfu stofnlánadeildarinnar.

14. gr.

Stofnlánadeildin skal afla fjár til B-lána og til bráðabirgðalána, sbr. 9. gr. reglugerðar þessarar, með útgáfu vaxtabréfa, að svo miklu leyti sem skylduinnlán eigenda nýbyggingarsjóða í deildinni og annað handbært fé hennar, nægja ekki til þessara útlána.

15. gr.

Vaxtabréfin, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs, skulu gefin út í flokkum, og skal upphæð bréfa í hverjum þeirra ákveðin af framkvæmdastjórninni, með samþykki fjármálaráðherra.

16. gr.

Framkvæmdastjórnin ákveður fjárhæð, vexti og aðra skilmála vaxtabréfa hvers flokks, með samþykki fjármálaráðherra.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Reikningar stofnlánadeildarinnar, eins og þeir hafa verið samþykktir af Landsbankanefnd, skulu lagðir fyrir ráðherra þann, sem fer með bankamál, til úrskurðar, enda hafi hann áður lagt samþykki sitt á vaxtagreiðslu stofnlánadeildar til seðlabankans. Ríkissjóður endurgreiðir síðan Landsbankanum greiðsluhalla þann, sem orðið hefur á starfrækslu stofnlánadeildarinnar á undangengnu reikningsári.

18. gr.

Útgerðarfélög og útgerðarmenn, sem eiga fé í nýbyggingarsjóði, sbr. lög nr. 20, 1942, skulu leggja fé þetta á vaxtalausan innlánsreikning í stofnlánadeildinni innan 12 mánaða frá gildistöku laganna um stofnlánadeildina, og skal féð geymt þar, unz því er ráðstafað í samræmi við ákvæði gildandi laga.

19. gr.

Einstaklingar og sameignarfélög, er lán hafa fengið úr stofnlánadeildinni, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum þær fjárupphæðir, er þau verja til aukalegra afborgana af lánum hjá deildinni, þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur 20% af hreinum tekjum þeirra af útgerð á árinu, enda falla þá niður ákvæði 14. gr. í lögum nr. 20 20. maí 1942, um framlög í nýbyggingarsjóð.

20. gr.

Skylt er lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt vátryggðar, að vel nægi fyrir áhvílandi lánum, og tekur veðréttur stofnlánadeildarinnar jafnan einnig til vátryggingarfjárins.

Ef til útborgunar vátryggingarfjár kemur, getur stofnlánadeildin krafizt, að henni sé greidd beint upphæð, sem svarar áhvílandi láni eða lánum í deildinni. 91 5. júní

21. gr.

Öllum skuldunautum stofnlánadeildarinnar er skylt:

a. Að láta stofnlánadeildinni og reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.
b. Að bjóða hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélagi forkaupsrétt eða ráðstöfun á forkaupsrétti að þeim eignum, sem lán hvílir á í stofnlánadeildinni, ef til sölu kemur, og eigandi sjálfur hefur ekki innansveitarkaupanda að.

22. gr.

Ef veðsettu skipi er ekki haldið út til fiskveiða eða fiskflutninga 6 mánuði ár hvert, eða fyrirtæki hættir störfum eða breytir svo rekstri sínum, að það fullnægir ekki ákvæðum 3. gr. laga um stofnlánadeildina, skal framkvæmdastjórninni heimilt að segja öllu láninu upp til greiðslu með 14 daga fyrirvara.

23. gr.

Þegar lán er gjaldfallið, hefur stofnlánadeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun 18. febr. 1847, 10. gr.

Stofnlánadeildin þarf ekki að láta neinn mæta fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur unnt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti.

Sé skip eða fasteign seld á uppboði ber uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett stofnlánadeildinni, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stofnlánadeildinni gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn mæta við uppboðið.

24. gr.

Þeim einstaklingum og félögum, er gefið hefur verið vilyrði fyrir styrktarlánum úr styrktar- og lánasjóði fiskiskipa, skal gefinn kostur á að njóta hlunninda laganna, gegn því að afsala sér rétti sínum til styrktarlánanna, eða að njóta þeirra og þá um leið vaxta þeirra og lánakjara, er gildandi voru hjá fiskveiðasjóði Íslands fyrir gildistöku laganna.

25. gr.

Skuldunautar stofnlánadeildarinnar eru skyldir til að fullnægja öllum kvöðum og skuldbindingum, sem á þá eru lagðar í lögum um stofnlánadeildina og reglugerð þessari, með öllum þeim breytingum, sem kunna að verða gerðar á þeim ákvæðum, sem nú eru í gildi.

26. gr.

Stofnlánadeildin er undanþegin opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem deildin veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum.

Eignar- og veðbókarvottorð ber að láta deildinni í té án endurgjalds.

Endurprentað blað.

91 5. júní

27. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum á henni skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 5. júní 1946.

Pétur Magnússon.

Jón Guðmundsson.

92 12. júní

AUGLÝSING

um fyrirmynd að samþykktum fyrir byggingarsamvinnufélög.

Samkvæmt II. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið gert fyrirmynd að samþykktum fyrir byggingarsamvinnufélög, sem prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júní 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT

fyrir Byggingarsamvinnufélag .....

I. KAFLI

Nafn, heimili og markmið félagsins.

1. gr.

Félagið heitir Byggingarsamvinnufélag .....

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er .....

3. gr.

Tilgangur félagsins er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína í samræmi við ákvæði laga um byggingarsamvinnufélög, að safna eignarframlögum félagsmanna og að reka lánastarfsemi.

II. KAFLI

Fjárhagsgrundvöllur félagsins.

4. gr.

Félaginu skal aflað fjár:

1. með inngöngueyri í félagið, sem er kr. ..... og rennur í varasjóð félagsins;
2. með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð.

Stofnsjóðseign hvers félagsmanns gangi upp í byggingarkostnað húss þess eða íbúðar, sem félagið ákveður að reisa fyrir hann. Félagið getur þá fyrst afhent félagsmanni íbúð hans, er stofnsjóðseign nemur þeirri upphæð, sem byggingarkostnaðurinn er hærri en lán þau, sem félagið fær til byggingarinnar með ríkisábyrgð. 92 12. júní

Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands.

Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félagsmaður fátækrastyrksþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

3. með lánum, er félagið tekur með ábyrgð ríkissjóðs;
4. með rekstrarsjóðsgjaldi. Til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins skal hver félagsmaður, sem íbúð fær, greiða í árgjald til félagsins kr. ....., í fyrsta sinn, er hann skrifar sig fyrir íbúð.

Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur félagsmanna.

5. gr.

Félagsmenn geta þeir einir orðið, sem uppfylla þessi skilyrði:

a. eru fjárráða;
b. eru heimilisfastir innan þess svæðis, sem félagið nær yfir.

6. gr.

Félagsmenn bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á sameiginlegum lánum í sínum lánaflokki.

7. gr.

Nafnaskrá yfir alla félagsmenn skal jafnan vera til hjá stjórn félagsins. Hver félagsmaður skal fá skírteini, er sýni að hann sé löglegur félagsmaður. Við inngöngu í félagið skal hver félagsmaður skrifa undir skuldbindingu um, að hann sé háður samþykktum félagsins, eins og þær eru eða verða á hverjum tíma.

8. gr.

Félagið veitir félagsmönnum lán til þess að koma upp byggingum eða íbúðum til eigin afnota, eftir þeim fyrirmyndum og á þeim stöðum, sem félagsstjórn og félagsmálaráðuneytið hefur samþykkt, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnlánasjóðstillag, sem um ræðir í 4. gr. 2.

Bygging húsanna annast félagið að öllu leyti, nema stjórn félagsins ákveði annað, sbr. 2. mgr. c-liðs 18. gr. laga nr. 44 23. apríl 1946.

Félagið veitir lán til félagsmanna, eins og heimilað er í lögum um byggingarsamvinnufélög á hverjum tíma, gegn veði í húsum þeirra og lóðarréttindum, og með sömu kjörum og félagið sjálft nýtur á lánum þeim, sem það tekur í því skyni.

Árgjald, vexti og afborganir, af lánum þessum ásamt kostnaði greiði félagsmenn með ½ hluta fyrir fram í byrjun hvers mánaðar til gjaldkera félagsins eða á þann hátt, sem aðalfundur eða stjórn félagsins ákveður.

92 12. júní

9. gr.

Réttur félagsmanna til þess, að félagið reisi hús eða íbúð handa þeim og veiti þeim lán, skal vera þannig, að stofnendur hafi forgangsrétt fyrir þeim, er síðar ganga í félagið. Síðan skulu félagsmenn hafa aðgang í þeirri röð, sem þeir innritast í félagið.

Þeir félagsmenn, sem ekki eru íbúðareigendur, skulu þó hafa forgangsrétt fyrir þeim, sem eiga hús eða íbúð fyrir á félagssvæðinu, sem að áliti stjórnar félagsins fullnægir íbúðarþörf þeirra.

10. gr.

Félagsmaður, sem fengið hefur íbúð að tilhlutun félagsins, má ekki selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkvæmt mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

11. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 10. gr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, nema því aðeins, að hann sanni, að þegar kaupin fóru fram, hafi honum verið ókunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

12. gr.

Nú neytir stjórnin eigi forkaupsréttar og er eiganda þá heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, en kaupandi verður að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlýta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir félagsmenn.

13. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir félagsmanna fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbótum, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir hærri upphæð.

14. gr.

Félagið kýs á aðalfundi ár hvert 2 menn til þess, ásamt stjórninni að líta eftir hvernig húsum félagsmanna er haldið við.

Vanræki félagsmaður að viðhalda húsi sínu eða íbúð, getur félagsstjórn látið framkvæma viðhald á kostnað eiganda, húss eða íbúðar.

15. gr.

Inntökubeiðnir og úrsagnir úr félaginu skulu vera skriflegar og sendar félagsstjórn. Við brottför úr félaginu er ekki unnt að gera neitt tilkall til sjóða félagsins, annarra en stofnsjóðs.

16. gr. 92

Félagsmaður getur sætt brottrekstri úr félaginu fyrir þessar sakir: 12. júní

a. ef hann verður ber að því að spilla áliti félagsins eða vekja tortryggni hjá félagsmönnum;
b. ef hann sýnir félaginu ítrekuð vanskil.

Nú ályktar stjórnin að félagsmaður sé rækur úr félaginu. Skal hún þá tilkynna honum það skriflega. Sætti hlutaðeigandi sig ekki við úrskurð stjórnarinnar, getur hann skotið máli sínu til næsta félagsfundar.

IV. KAFLI

Félagsstjórn og fundir.

17. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í félagsmálum og gerir þær ákvarðanir um starfsemi félagsins, sem þörf er á. Hann skal haldinn fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Aukafundi getur félagsstjórnin boðað til, þegar henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef ¼ hluti félagsmanna óskar þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefur stjórn félagsins ekki boðað til fundar innan 14 daga eftir að henni barst krafan, og geta þá hlutaðeigandi félagsmenn sjálfir kvatt til fundar. Fundir eru lögmætir, er meir en þriðjungur félagsmanna sækir þá. Verði fundur ekki lögmætur sökum þess, að nógu margir félagsmenn hafa ekki sótt fundinn, skal boða til nýs fundar innan viku, og er sá fundur lögmætur með þeim, sem mæta.

Til allra funda skal boða skriflega eða með auglýsingu með minnst þriggja daga fyrirvara. Fundarefni skal tilgreint í fundarboði.

Úrslitum mála á fundum ræður einfaldur meiri hluti, en þó þarf ⅔ atkvæða til þess að samþykkja lántökur. Fundargerðir skulu ritaðar í fundarbók, sem lesin sé upp og borin undir atkvæði í fundarlok og síðan staðfest með undirskrift fundarstjóra og ritara.

18. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum, formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi og einnig 3 menn til vara. Stjórnarnefndarmenn skulu kosnir skriflega, ef fleiri eru í kjöri samkvæmt tilnefningu en kjósa á. Kjörtími stjórnar er 3 ár, þó svo, að úr stjórn þeirri, sem fyrst er kosin eftir samþykkt þessari, skal einn maður ganga úr eftir eitt ár og tveir eftir tvö ár, og skal hlutkesti ráða. Endurkjósa má í stjórn svo oft sem vill. Engan má kjósa í stjórn, nema hann sé félagsmaður. Allir félagsmenn eru skyldir að taka við kosningu eitt kjörtímabil. Þeir einir eru réttkjörnir í stjórn, sem við kosningu fá fullan helming greiddra atkvæða.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Er stjórnarfundur lögmætur ef minnst 3 stjórnendur eru á fundi. Úrslitum ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. Allar fundarályktanir stjórnarinnar skulu færðar í gerðabók, og rita viðstaddir stjórnendur undir þær. Stjórnin boðar til félagsfunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir, og annast störf milli funda. Leggur fyrir aðalfund til úrskurðar reikninga félagsins fyrir næsta ár á undan, er hún sér um að séu endurskoðaðir í tæka tíð, enda fylgi tillögur endurskoðanda og athugasemdir, ef einhverjar eru. Stjórnin hefur eftirlit með öllum framkvæmdum félagsins og hefur á hendi eða sér um eftirlit á húsum þeim, sem félagið hefur byggt og selt félagsmönnum, innheimtir félagsgjöld, vexti og afborganir og sér um greiðslu á gjöldum þess. Stjórnin gætir í öllu hagsmuna félagsins og getur leitað aðstoðar landslaga og réttar í málefnum þess, ef þörf krefur. Stjórninni er heimilt að ráða

92 framkvæmdastjóra eða ráðsmann til þess að hafa á hendi eitthvað af stjórnar-
12. júní störfum, og launa honum. Einnig er stjórninni heimilt að fela peningastofnun innheimtu afborgana og vaxta. Getur félagsfundur jafnað niður kostnaði við það á félagsmenn þá, sem hús hafa fengið hjá félaginu.

19. gr.

Allir þeir samningar, sem stjórnin gerir fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktum þessum eða fundarályktunum í félaginu, eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan félagsmann. Stjórnendur 3 saman skuldbinda félagið. Stjórnin ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi.

20. gr.

Aðalfundur kýs endurskoðanda og annan til vara. Skulu þeir vera félagsmenn. Kjörtímabil þeirra er tvö ár. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda. Skylt er að senda fjármálaráðuneytinu samrit af aðalreikningi félagsins árlega. Félagsstjórn er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda endurskoðun ásamt hinum stjórnskipaða og félagskjörnu endurskoðendum.

Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum félagsins beri saman við bækur þess, enda eiga þeir hvenær sem er aðgang að öllum bókum þess og skjölum, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Enn fremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta, að félaginu geti stafað hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin svo fljótt, sem þörf krefur. Takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur er haldinn, og skulu reikningarnir lagðir þá fram til úrskurðar.

21. gr.

Laun stjórnar og endurskoðanda, ef einhver eru, skulu ákveðin af aðalfundi og greiðast úr rekstrarsjóði.

V. KAFLI

Félagssjóðir.

22. gr.

Stofnsjóð félagsins skal ávaxta í banka, sem hefur ríkisábyrgð fyrir innstæðufé. Stofnféð verður jafnan að vera óbundið þannig, að unnt sé að greiða félagsmönnum fjáreign sína hvenær sem er.

23. gr.

Varasjóð félagsins, sem myndaður er af inntökugjaldi félagsmanna, er ætlað að vera til styrktar, ef eitthvert óvænt tap hendir félagið. Fé má þó ekki greiða úr sjóðnum, nema eftir tillögu félagsstjórnar í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar. Varasjóður skal geymdur og ávaxtaður í banka, sem hefur ríkisábyrgð fyrir innstæðufé.

VI. KAFLI 92
Ýmis ákvæði. 12. júní

24. gr.

Um skrásetningu félagsins og félagsslit fer eftir lögum um samvinnufélög. Sama er um öll önnur atriði, sem ekki eru tekin fram í samþykkt þessari, en ákvæði eru um í greindum lögum eða lögum um byggingarsamvinnufélög. Skal þá eftir því fara, er þar stendur.

25. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema á aðalfundi, og séu að minnsta kosti ⅔ fundarmanna breytingunni samþykkir.

Þegar leggja á fyrir fund tillögu um breytingar á félagssamþykktum, skal þess jafnan getið í fundarboði. Breytingartillögur þær, sem ekki koma fram fyrr en á fundi, þurfa ⅘ greiddra atkvæða til þess að ná gildi, enda sé meiri hluti félagsstjórnar þeim fylgjandi.

Allar slíkar breytingar eru háðar staðfestingu ráðherra.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ 93
um frjálst mat á ýmsum tegundum salt-, sykur- og kryddsíldar. 13. júní

1. gr.

Síldarútflytjendur, er óska að fá Norðurlandssíld metna til útflutnings af lögskipuðum síldarmatsmönnum samkvæmt þessari reglugerð, skulu senda síldarmatsstjóra skriflega beiðni um það. Skal í beiðninni tekið fram um tunnufjölda af hverri söltunartölu, hvaða tegundir síldar um er að ræða, hvenær matið óskast framkvæmt og hvenær flytja á út síldina.

Matið skal framkvæmt eins fljótt og unnt er og í þeirri röð, er beiðnir berast um það, nema sannað sé að flýta þurfi meira þeirri beiðni er síðar kom.

2. gr.

Matsmenn skulu fyrst og fremst leggja áherzlu á:

a. Að varan sé óskemmd og líti út fyrir að vera haldgóð.
b. Að innihald tunnanna (þungi, þéttpökkun eftir útliti) sé eins og það er sagt vera, enda sé, ef krafizt er eða þurfa þykir, lágmarksþungi merktur á botn hverrar tunnu, sem kemur til mats.
c. Að tunnurnar séu pækilheldar og flutningshæfar.

„Eftirverkaðri" síld má ekki gefa matsvottorð, eða síld, sem umpökkuð hefur verið án vitundar og eftirlits matsmanna eða trúnaðarmanna þeirra.

3. gr.

Þegar mat fer fram, skal síldin vera gegnsöltuð og komin í öruggt ástand, tilbúin til útflutnings í góðum, hreinum tunnum, sem séu merktar eins og við á um hverja vörutegund, eftir nánari fyrirmælum síldarmatsstjóra.

Leggja skal fram til skoðunar og meta sérhverja söltunartölu.

4. gr.

Um þá síld, er stenzt mat samkvæmt þessari reglugerð, skal gefa út matsvottorð undirritað af þeim, er framkvæmdi matið og samþykkt af síldarmatsstjóra. Í vottorðinu skal tekið fram: Vörumerki saltanda, vörutegund, tunnufjöldi, söltunartala, þyngd innihalds eða þéttpökkun og annað, er máli skiptir um ásigkomulag vörunnar.

93 Matsvottorð skal afhenda útflytjanda um leið og útskipun fer fram, eða send-
13. júní ast móttakanda ásamt hinum metnu tunnum.

5. gr.

Ef fullhreinsuð (innyflalaus) síld hefur verið aðgreind undir eftirliti matsmanna eða trúnaðarmanna þeirra og úr henni hafa verið teknar áberandi rýrar, smáar og gallaðar síldar, skulu matsmenn brennimerkja þær tunnur, sem mat standast, með orðunum: ÍSLENZKT SÍLDARMAT, BRANDED IN ICELAND, ISLÄNDSK SILDKONTROLL, eða á öðrum tungumálum orð sömu þýðingar. Sömuleiðis skulu matsmenn brennimerkja tunnur með óaðgreinda fullhreinsaða síld, ef gæði hennar að dómi matsmanna jafnast á við aðgreinda síld. Enn fremur má brennimerkja tunnur, er innihalda flök, sem unnin hafa verið undir eftirliti, sbr. 9. gr.

Ef brennimerkingu verður ekki við komið, skulu matsmenn auðkenna tunnurnar greinilega á annan hátt með áður tilteknum matsmerkjum, t. d. með merkibleki.

Tunnur, sem innihalda síld með innyflum eða aðrar tegundir en að framan er lýst, skal ekki brennimerkja, en á þær tunnur, er standast mat, skulu matsmenn merkja fangamark sitt á neðri botn hverrar tunnu, er þeir hafa skoðað.

6. gr.

Ef óskað er, skal síldarmatsstjóri láta meta og gefa vottorð um, hvort síld fullnægi gerðum samningi milli kaupanda og seljanda, ef í samningnum eru skýr ákvæði um óskemmda vöru, nettó þunga eða pökkunarútlit tunnanna og ásigkomulag umbúða.

Ekki skal brennimerkja þá síld, er metin er samkvæmt þessari grein, nema varan fullnægi þeim kröfum, er gerðar eru að öðru leyti í þessari reglugerð, en auðkenna skal hverja tunnu með matsmerki og geta þess í matsvottorði.

Um síld, sem metin er samkvæmt þessari grein, skal gefa sérstakt matsvottorð, þar sem upp eru talin þau atriði samningsins, er ákveða gildi vörunnar.

7. gr.

Þegar metin er óumpökkuð síld, samkvæmt þessari reglugerð, skal opna og skoða í minnst 15% af fyrstu 100 tn. eða færri í hverri söltunartölu og 10% af því, sem þar er fram yfir, þó aldrei minna en í 3 tunnur. Komi þá engar misfellur í ljós, má það látið nægja. Annars skal opna og skoða í svo margar tunnur, er þurfa þykir. Sama gildir ef skoða skal þéttpökkun tunna. Ef þungi er tiltekinn, skal vega minnst 5%. Vigtun skal haga þannig, að öruggt sé, að lágmarksþungi sé fyrir hendi. Um leið og vegið er, skulu matsmenn prófa gæði (aðgreiningu) síldarinnar eins og þeim þykir þurfa í hinum vegnu tunnum eða fleiri tunnum, ef þeir telja það nauðsynlegt.

Ef síld er umpökkuð undir eftirliti matsmanna, skal vega innihald hverrar tunnu og sömuleiðis flök.

Síld skal vega hreina og afsigna í íláti, sem pækill getur hripað út um botn og hliðar á og draga skal frá hverri heiltunnuvigt 1 kg fyrir pækli.

8. gr.

Ekki má gefa matsvottorð fyrir síld, sem er meira blönduð áberandi rýrum, smáum og gölluðum síldum, en sem nemur samanlagt 20%, þótt hún að öðru leyti sé óskemmd vara, sbr. þó 6. gr., um mat samkvæmt samningi. Ekki heldur fyrir síld, sem aðgreind hefur verið úr tunnu með þrárri síld.

Þar sem minnst er á skemmdir í þessari reglugerð, er átt við þráa síld, súra, sæta, rifna, roðlausa, sjóslegna, síld með mikilli átu eða átutærða og kviðlina síld.

9. gr. 93

Við mat á hinum ýmsu síldartegundum skulu matsmenn gæta eftirfarandi 13. júní
atriða:

a. *Kverkuð saltsíld.* Sé um „stórsorteraða" síld að ræða, skal hún vera jöfn að gæðum og stærðum, minnst 34—35 cm.

Hafi síldin verið „stórsorteruð" fersk, má hún ekki vera meira blönduð áberandi rýrri og gallaðri síld en 5%.

Ef síldin er aðgreind söltuð skal það gert undir eftirliti matsmanna og þá teknar frá allar rýrar og gallaðar síldar.

Kverkuð saltsíld skal vera að öllu óskemmd, útlitsgóð, vel unnin og með útlit fyrir haldgæði, með nokkru óbráðnu salti í hverri tunnu.

Síldarþungi í hverri tunnu skal vera minnst 90 kg hver ½ tn., nema meiri þunga sé sérstaklega óskað og það álitið hættulaust af matsmanni.

b. *Hausuð og slógdregin síld (cut) og hreinsuð síld (split).*

Síldin skal vera með öllu óskemmd, og líta út fyrir að vera haldgóð, vel hreinsuð og vel unnin og snyrtilega lögð í tunnur. Síldinni hafi verið vel vöðlað í salti (ekki roðtærð eða samanlímd) og hæfilega söltuð, með ekki áberandi óbráðnu salti. Hin venjulega vara af þessari tegund skal vera með minnst 23° pækli, en leyfilegt er að gefa matsvottorð fyrir síld með allt niður að 20° pækli, ef síldin er þá örugg. Síld með 20—23° pækli skal merkja á efri botn: LÉTT SÖLTUÐ (MILD CURE), eða með orðum á öðrum tungumálum sömu merkingar.

Sé síldin umpökkuð skal það gert undir eftirliti matsmanns, og skal þá kastað frá áberandi rýrum og gölluðum síldum.

Stykkjatölu skal merkja á botn tunna með umpakkaðri síld, þó svo að leiki á 25 stk., t. d. 375/400, 400/425 o. s. frv. Skal stykkjatalan prófuð í a. m. k. 5% af hverri söltunartölu.

Ef síldarmatsstjóri telur ástæðu til, vegna útlitsbreytingar á síldinni, skal merkja umpakkaða síld með orðinu: UMPÖKKUÐ, REPACKED, eða með orðum á öðrum tungumálum, sömu merkingar.

Lágmarksþyngd þessarar tegundar skal vera 113 kg í ½ tunnu, þó má lágmarksþyngd ½ tn., sem seld er til Norðurlanda, vera 100 kg, en leyfilegt er, sé þess óskað og matsmaður álítur það óhætt, að hafa meira innihald, skal þá merkt eins og við á og geta þess í matsvottorði.

c. *Söltuð síldarflök.* Ef flök hafa verið skorin úr fersksíld, skulu matsmenn skoða flökin áður en þau eru bein- og roðhreinsuð. Þeir skulu skoða í allar tunnur, sem vinna á úr síld þá, sem meta skal, og ekki leyfa að tekið sé til vinnslu annað en með öllu óskemmd síld. Matsmenn skulu annaðhvort sjálfir hafa eftirlit með vinnslu flakanna eða með því að láta trúnaðarmenn sína gæta þess, að einungis sú vara, er þeir hafa samþykkt, sé látin í þær tunnur, er meta á. Matsmenn skulu á sama hátt hafa eftirlit með, að tilskilinn lágmarksþungi sé í hverri tunnu og prófuð stykkjatala í a. m. k. tíundu hverri tunnu (þó minnst 3 tunnur úr hverri söltunartölu) með því að telja hve mörg flök fara í hver 10 kg. Í samræmi við þá útkomu skal merkja stykkjatölu á neðri botn hverrar metinnar tunnu, þó svo, að leiki á 50 eða 100, ef um smáa síld er að ræða, t. d. 1450/1500, 1500/1550, 1800/1900 o. s. frv.

Flökin skulu vera vel unnin úr heilli og óskemmdri síld, snyrtilega lögð og hæfilega söltuð, þó ekki með undir 20° pækli.

Lágmarksinnihald hverrar tunnu skal vera 113 kg hver ½ tn., en leyfilegt er, sé þess óskað og álitið óhætt, að hafa í tunnunni meira og merkja og vötta innihaldið eftir því sem við á.

93 13. júní

Séu flök skorin úr saltsíld skal matsmaður skoða síldina, sem vinna á úr, áður en flakað er og á sama hátt og lýst er um ferskskorin flök, ganga úr skugga um að varan sé góð.

Merkja skal ferskskorin flök á efri botni með orðunum FERSK SKORIN, FRESH CUT eða með orðum á öðrum tungumálum sömu merkingar.

d. *Kryddsíldarflök.* Matsmenn skulu hafa eftirlit með því, að einungis sé unnið úr óskemmdri kryddsíld og skulu haga því eftirliti ásamt vigtun, prófun, stykkjatölu og merkingu eins og lýst er í staflið c.

Lágmarksþyngd í ½ tunnu 113 kg.

e. *Kryddsíld.* Síldin skal bera með sér, að hún sé ferskkrydduð með venjulegri blöndu af kryddi, sykri og salti. Síldin á að vera hausuð og slógdregin, vel hreinsuð og vel unnin á allan hátt.

Lágmarksþyngd í ½ tunnu 113 kg. Þó má lágmarksþyngd í ½ tn., sem seld er til Norðurlanda, vera 95 kg.

f. *Sykursöltuð síld.* Síldin skal vera hausuð og slógdregin og bera með sér að hafa verið söltuð fersk með hinni venjulegu blöndu af sykri og salti, vera vel hreinsuð og snyrtilega unnin að öðru leyti.

Lágmarksþyngd í ½ tunnu 113 kg, nema þess sé óskað og talið óhætt að hafa meira innihald, sbr. stafl. c. Þó má lágmarksþyngd ½ tunnu, sem seld er til Norðurlanda vera 95 kg.

Hafi síld verið seld fyrir fram með tiltekinni meðalvigt eða minni meðalþyngd í tunnu en tilskilið er í staflið a.—f. hér að framan, skal þó heimilt að gefa um hana matsvottorð samkvæmt 6. gr.

Þar sem ekki er sérstaklega tekið fram í þessari grein um skoðun og vigtun, prófun á stykkjatölu, merkingu o. s. frv., skal farið eftir öðrum hliðstæðum fyrirmælum og almennum ákvæðum þessarar reglugerðar.

10. gr.

Eftir að mati er lokið er óleyfilegt að opna hinar metnu tunnur eða flytja þær úr stað, nema með leyfi matsmanns.

Ef fyrirmælum matsmanna um geymslu og hirðingu metinnar síldar, hefur ekki verið fylgt, þá skal ekki gefa út matsvottorð, nema metið sé á ný, en ef ástæða þykir til, skal afmá matsmerki er sett hafa verið á tunnurnar.

Ef útskipun dregst svo að ætla má, að varan hafi breytzt, skulu matsmenn rétt áður en útskipun fer fram, á ný fullvissa sig um, að ástand vörunnar heimili útgáfu matsvottorðs. Þeir skulu einnig hafa eftirlit með útskipun tunnanna og hleðslu þeirra í flutningaskip.

11. gr.

Fyrir mat samkvæmt þessari reglugerð skal greiða tímakaup matsmanna fyrir þann tíma, er þeir vinna að mati í hvert sinn.

Matsgjald skal greitt samkvæmt reikningi, þegar mati er lokið.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1946.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938.

Atvinnumálaráðuneytið, 13. júní 1946.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Landgræðslusjóð", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. júní 1946. **94** 18. júní

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Landgræðslusjóðs.

Samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 13. marz 1945.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Landgræðslusjóður. Hann er stofnaður fyrir atbeina landsnefndar lýðveldiskosninganna og forgöngu Skógræktarfélags Íslands, samtímis atkvæðagreiðslunni 20.—23. maí 1944, til minningar um stofnun lýðveldis á Íslandi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

a. Frjáls framlög, er safnazt hafa ..... kr. 130000.00
b. Eftirstöðvar þess fjár, sem landsnefnd lýðveldiskosninganna barst frá nokkrum stofnunum, til þess að standa straum af kostnaði í sambandi við lýðveldiskosningarnar ..... — 250000.00

3. gr.

Verksvið sjóðsins er hvers konar landgræðsla og gróðurvernd, en aðalhlutverk hans skal þá vera að klæða landið skógi.

4. gr.

Stjórn Landgræðslusjóðs skipa stjórn Skógræktarfélags Íslands, skógræktarstjóri og sandgræðslustjóri. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin leggur starfsskýrslu og ársreikninga sjóðsins fyrir aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af eftirlitsmönnum opinberra sjóða og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með frjálsum samskotum, minningargjöfum, merkjasölu, happdrætti, áheitum eða á annan hátt. Merki sjóðsins er bjarkarlaufin þrjú, sem landsnefnd lýðveldiskosninganna notaði kjördagana og afhenti síðan Skógræktarfélagi Íslands að gjöf.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna deildir innan sjóðsins af gjöfum, sem kunna að vera bundnar því skilyrði gefenda, að þeim sé varið til landgræðslu á ákveðnum svæðum, enda samþykki stjórn sjóðsins skipulagsskrá þeirra.

7. gr.

Fé Landgræðslusjóðs skal ávaxta í útlánum til þeirra framkvæmda, sem um getur í 3. gr., gegn öruggum tryggingum og hóflegum ársvöxtum. Það fé, sem ekki er bundið í útlánum, skal stjórnin ávaxta á annan tryggan hátt.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn ein milljón króna er stjórn hans heimilt að verja allt að ¾ vaxta til þess að veita styrki eða verðlaun fyrir störf, sem eru í samræmi við tilgang sjóðsins.

94 8. gr.
18. júní Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að ⅔ stjórnar sjóðsins sé því samþykk og breytingarnar hljóti auk þess samþykki næsta aðalfundar Skógræktarfélags Íslands með ¾ greiddra atkvæða. Þó má aldrei breyta 3. gr. þessarar skipulagsskrár.

9. gr.
Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

95 **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Elínborgar E. Jó-
18. júní hannesdóttur og Jóhannesar Sveinssonar frá Litla-Hvammi í Miðfirði", stofnaður 19. sept. 1944, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. júní 1946.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elínborgar E. Jóhannesdóttur og Jóhannesar Sveinssonar frá Litla-Hvammi í Miðfirði, stofnaður 19. sept. 1944.

1. gr.
Sjóðurinn er stofnaður af Birni Jóhannessyni, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, til minningar um foreldra hans, þau hjónin Elínborgu E. Jóhannesdóttur og Jóhannes Sveinsson, sem bjuggu um skeið í Litla-Hvammi í Miðfirði, en síðar í Hafnarfirði. Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00.

2. gr.
Sjóðurinn afhendist Skógræktarfélagi Íslands, sem varðveitir hann og ábyrgist. Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur stjórn sjóðsins með höndum.

3. gr.
Markmið sjóðsins er að koma á fót skógrækt á þeim stað í Miðfirði, sem álitinn verður hentugur til slíkrar ræktunar að dómi sjóðstjórnar og skógræktarstjóra.

4. gr.
Til þess að hrinda framkvæmdum af stað er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að helmingi þeirrar upphæðar, er sjóðurinn nemur, þá framkvæmdir hefjast. Hitt, sem eftir er í sjóði, þegar upphaflegu verki er lokið — þ. e. þegar land hefur verið girt og í það sáð og plantað að fullu — skal ávaxtað á tryggan hátt ásamt þeim gjöfum, sem sjóðnum kunna að berast, svo framarlega að þær séu ekki bundnar skilyrðum um að vera notaðar til framkvæmda strax.

5. gr.
Til þess að tryggja starfsemi þá, sem rekin er á vegum sjóðsins eða með aðstoð hans, skal stjórn hans fylgjast með hversu starfinu miðar og bæta úr því, sem ábótavant verður. Til þessa er henni heimilt að nota vexti höfuðstóls eftir þörfum.

6. gr.
Telji stjórn sjóðsins hann hafa fé aflögu til fleiri framkvæmda en þeirra, sem upphaflega var byrjað á, má hefja nýjar framkvæmdir. Skal þá stjórn hans ásamt skógræktarstjóra ákveða hvar og hvernig því starfi skuli hagað.

Verði skógræktarfélag stofnað í Vestur-Húnavatnssýslu getur stjórn sjóðsins falið því framkvæmdir undir eftirliti skógræktarstjóra. Skulu framkvæmdir allar þó ávallt bundnar við Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppa í Vestur-Húnavatnssýslu. 95 18. júní

7. gr.

Reikningar sjóðsins og skýrsla um störf hans skal birt ásamt skýrslum og reikningum Skógræktarfélags Íslands.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REIKNINGAR BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS 96

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 31. des. 1945.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Fasteignaveðslán	kr. 1 957 813.43	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 1 186 751.67	
	c. Sveitarstjórnarlán, sýslu og ríkis	— 39 950.80	
	d. Reikningslán	— 4 048 687.33	
			kr 7 233 203.23
2.	Víxlar		— 27 235 449.92
3.	Verðbréf		— 8 955 674.79
4.	Lán í hlaupareikningi		— 3 288 513.37
5.	Kreppulánasjóður		— 263 167.74
6.	Kreppulánasjóður bæjar og sveitar félaga		— 566 950.86
7.	Ýmsir skuldunautar		— 220 478.10
8.	Innanstokksmunir		— 51 700.00
9.	Fasteignir		— 210 000.00
10.	Innheimtur		— 151 985.27
11.	Innleystir tékkar		— 167 555.87
12.	Tryggingar fyrir ábyrgðum		— 188 100.00
13.	Bankainnstæða og peningar í sjóði		— 14 407 149.03
			Kr. 62 939 928.18

Skuldir:

1.	Innstæðufé í sparisjóði	kr. 38 984 454.00
2.	— á viðtökuskírteinum	— 986 789.88
3.	— í hlaupareikningi	— 14 426 357.64
4.	— í reikningslánum	— 130 159.37
5.	Ræktunarsjóður Íslands	— 1 803 608.20
6.	Viðlagasjóður	— 711 557.15
7.	Byggingarsjóður	— 1 020 746.40
8.	Loðdýralánadeild	— 7 534.62
9.	Smábýladeild	— 276 833.01
10.	Veðdeild	— 412 139.30
11.	Nýbýlasjóður	— 64 100.93
12.	Ýmsir kröfuhafar	— 227 530.00
	Flyt .	kr. 59 051 810.50

96

	Flutt	kr.	59 051 810.50
13. Ábyrgðir		—	188 100.00
14. Ógreitt tap		—	130 000.00
15. Fyrningarsjóður fasteigna		—	340 000.00
16. Varasjóður		—	2 854 929.77
17. Flyzt til næsta árs:			
Fyrir fram greiddir vextir		—	375 087.91
		Kr.	62 939 928.18

Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 1945.

Tekjur:

1. Vextir f. f. á.	kr.	222 665.80
2. Forvextir af víxlum	—	1 375 904.01
3. Aðrir vextir	—	814 703.13
4. Ýmislegar tekjur	—	145 844.33
	Kr.	2 559 117.27

Gjöld:

1. Vextir	kr.	661 877.92
2. Rekstrarkostnaður	—	643 462.99
3. Til fyrningarsjóðs fasteigna	—	300 000.00
4. Afskrifað af fasteignum	—	16 500.00
5. Afskrifað tap	—	4 396.85
6. Lagt til hliðar fyrir væntanlegu tapi	—	47 564.63
7. Til varasjóðs	—	510 226.97
8. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir	—	375 087.91
	Kr.	2 559 117.27

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 31. des. 1945.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Fasteignaveðslán	kr. 1 643 179.43		
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 500 130.00		
c. Sveitarstjórnarlán, sýslu og ríkis	— 39 950.80		
d. Reikningslán	— 3 632 331.83		
		kr.	5 815 592.06
2. Víxlar		—	24 153 202.82
3. Verðbréf		—	8 951 074.79
4. Lán í hlaupareikningi		—	3 288 016.99
5. Kreppulánasjóður		—	263 167.74
6. Kreppulánasjóður bæjar og sveitar félaga		—	566 950.86
7. Ýmsir skuldunautar		—	220 478.10
8. Innanstokksmunir		—	50 000.00
9. Fasteignir		—	150 000.00
10. Innheimtur		—	151 985.27
11. Innleystir tékkar		—	167 555.87
12. Tryggingar fyrir ábyrgðum		—	188 100.00
13. Bankainnstæða og peningar í sjóði		—	14 123 222.20
		Kr.	58 089 346.70

Skuldir: 96

1.	Innstæða í sparisjóði	kr.	35 585 610.95
2.	— á viðtökuskírteinum	—	833 399.14
3.	— í hlaupareikningi	—	13 496 742.76
4.	— í reikningslánum	—	57 216.12
5.	Ræktunarsjóður Íslands	—	1 803 608.20
6.	Byggingarsjóður	—	1 020 746.40
7.	Viðlagasjóður	—	711 557.15
8.	Loðdýralánadeild	—	7 534.62
9.	Smábýladeild	—	276 833.01
10.	Útibú	—	3 762.41
11.	Veðdeild	—	412 139.30
12.	Nýbýlasjóður	—	64 100.93
13.	Ýmsir kröfuhafar	—	205 381.42
14.	Fyrningarsjóður fasteigna	—	300 000.00
15.	Ábyrgðir	—	188 100.00
16.	Ógreitt tap	—	130 000.00
17.	Varasjóður	—	2 684 901.54
18.	Flyzt til næsta árs:		
	Fyrir fram greiddir vextir	—	307 712.75
		Kr.	58 089 346.70

Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 1945.

Tekjur:

1.	Vextir f. f. á.	kr.	173 752.85
2.	Forvextir af víxlum	—	1 132 808.35
3.	Aðrir vextir	—	814 703.13
4.	Ýmislegar tekjur	—	110 035.51
		Kr.	2 231 299.84

Gjöld:

1.	Vextir	kr.	588 188.23
2.	Rekstrarkostnaður	—	549 853.43
3.	Afskrifað tap	—	4 396.85
4.	Lagt til hliðar fyrir væntanlegu tapi	—	47 564.63
5.	Til fyrningarsjóðs fasteigna	—	300 000.00
6.	Til varasjóðs	—	433 583.95
7.	Flyzt til næsta árs:		
	Fyrir fram greiddir vextir	—	307 712.75
		Kr.	2 231 299.84

Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 31. des. 1945.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Fasteignaveðslán	kr.	314 634.00	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	686 621.67	
	c. Reikningslán	—	416 355.50	
				kr. 1 417 611.17
			Flyt	kr. 1 417 611.17

96

	Flutt	kr.	1 417 611.17
2. Víxlar		—	3 082 247.10
3. Lán í hlaupareikningi		—	496.38
4. Innanstokksmunir		—	1 700.00
5. Fasteignir		—	60 000.00
6. Verðbréf		—	4 600.00
7. Bankainnstæða og peningar í sjóði		—	287 689.24
		Kr.	4 854 343.89

Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði	kr.	3 398 843.05	
2. — á viðtökuskírteinum	—	153 390.74	
3. — í hlaupareikningi	—	929 614.88	
4. — í reikningslánum	—	72 943.25	
5. Ýmsir kröfuhafar	—	22 148.58	
6. Fyrningarsjóður fasteigna	—	40 000.00	
7. Varasjóður	—	170 028.23	
8. Flyzt til næsta árs:			
Fyrir fram greiddir vextir	—	67 375.16	
	Kr.	4 854 343.89	

Rekstrarreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 1945.

Tekjur:

1. Vextir f. f. á.	kr.	48 912.95
2. Forvextir	—	243 095.66
3. Ýmislegar tekjur	—	35 808.82
	Kr.	327 817.43

Gjöld:

1. Vextir	kr.	73 689.69
2. Kostnaður	—	93 609.56
3. Afskrifað af fasteignum	—	16 500.00
4. Til varasjóðs	—	76 643.02
5. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir	—	67 375.16
	Kr.	327 817.43

Efnahagsreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 31. des. 1945.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
1. flokkur	kr. 256 287.40		
2. flokkur	— 742 355.11		
		kr.	998 642.51
2. Ógreiddir vextir		—	20 000.00
3. Innstæða í Búnaðarbanka		—	412 139.30
		Kr.	1 430 781.81

Skuldir: 96

Varasjóður		kr. 1 430 781.81
		Kr. 1 430 781.81

Rekstrarreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 1945.

Tekjur:

1. Vextir af lánum		kr. 49 997.78
2. Lántökugjald		— 2 401.00
		Kr. 52 398.78

Gjöld:

1. Kostnaður		kr. 30 000.00
2. Til varasjóðs		— 22 398.78
		Kr. 52 398.78

Varasjóður veðdeildar 31. desember 1945.

Frá fyrra ári		kr. 810 967.09
Inn: Úr Viðlagasjóði		— 597 415.94
Tekjuafgangur		— 22 398.78
		Kr. 1 430 781.81

Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1945.

1. Frá fyrra ári		kr. 3 793 159.89
2. Tekjuafgangur		— 35 978.46
		Kr. 3 829 138.35

Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1945.

1. Frá fyrra ári			kr. 512 811.15
2. Lántökugjald	kr. 1 156.00		
3. Vextir	— 10 307.33		
			— 11 463.33
			Kr. 524 274.48

Efnahagsreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1945.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
4% þjóðjarðasölulán	kr.	38 469.43	
4% jarðabótalán	—	1 510.50	
5% lán 1. flokks	—	598 143.17	
5% lán 3. flokks	—	622 291.48	
5% lán 4. flokks	—	580 395.23	
			kr. 1 840 809.81
		Flyt	kr. 1 840 809.81

96

	Flutt	kr. 1 840 809.81
2. Verðbréf	—	142 876.34
3. Ógreiddir áfallnir vextir	—	43 000.00
4. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	1 803 608.20
		Kr. 3 830 294.35

Skuldir:

1. Höfuðstóll	kr.	3 829 138.35
2. Viðskiptamenn	—	1 156.00
	Kr.	3 830 294.35

Rekstrarreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 1945.

Tekjur:

1. Vextir af lánum	kr.	104 998.41
2. Verðbréfavextir	—	6 544.54
3. Vaxtatillag úr ríkissjóði	—	3 312.00
4. Sölukostnaður bréfa	—	4 624.00
	Kr.	119 478.95

Gjöld:

1. Kostnaður	kr.	50 195.00
2. Vaxtamiðar jarðræktarbréfa	—	18 216.00
3. Hluti af kostnaði við teiknistofu	—	15 000.00
4. Afskrifað tap	—	89.49
5. Lagt við höfuðstól	—	35 978.46
	Kr.	119 478.95

Efnahagsreikningur Byggingarsjóðs 31. desember 1945.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Endurhýsingarlán	kr. 2 184 649.98		
b. Nýbýlalán á ræktuðu landi	— 121 500.71		
c. Nýbýlalán á óræktuðu landi	— 66 380.00		
		kr.	2 372 530.69
2. Verðbréf		—	16 287.02
3. Ýmsir viðskiptamenn		—	291.60
4. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands		—	1 020 746.40
		Kr.	3 409 855.71

Skuldir:

1. Ógreitt tap	kr.	3 887.49
2. Höfuðstóll	—	3 405 968.22
	Kr.	3 409 855.71

Rekstrarreikningur Byggingarsjóðs 1945.

Tekjur:

1. Lántökugjald	kr.	3 117.00
2. Vextir af lánum	—	85 199.98
3. Verðbréfavextir	—	1 023.96
4. Ríkissjóðstillag	—	620 000.00
	Kr.	709 340.94

Gjöld: 96

1. Kostnaður við teiknistofu	kr.	57 228.98
2. Rekstrarkostnaður	—	110 000.00
3. Aukin eign	—	542 111.96
	Kr.	709 340.94

Höfuðstóll Viðlagasjóðs 31. desember 1945.

Frá fyrra ári	kr.	1 862 816.84
Frá dregst: Greitt til Veðdeildar	—	597 415.94
	kr.	1 265 400.90
Tekjuafgangur	—	9 854.10
	Kr.	1 275 255.00

Skipting:

Eign Ræktunarsjóðs Íslands	kr.	1 275 255.00
	Kr.	1 275 255.00

Efnahagsreikningur Viðlagasjóðs 31. desember 1945.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr.	392 815.20
2. Verðbréf	—	170 882.65
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	711 557.15
	Kr.	1 275 255.00

Skuldir:

Höfuðstóll	kr.	1 275 255.00
	Kr.	1 275 255.00

Rekstrarreikningur Viðlagasjóðs 1945.

Tekjur:

1. Innheimtir vextir af lánum	kr.	21 514.27
2. Vextir af verðbréfum	—	10 590.32
	Kr.	32 104.59

Gjöld:

1. Kostnaður	kr.	20 016.25
2. Afskrifað tap	—	2 234.24
3. Lagt við höfuðstól	—	9 854.10
	Kr.	32 104.59

Efnahagsreikningur Loðdýralánadeildar 31. desember 1945.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr.	7 670.00
2. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	7 534.62
	Kr.	15 204.62

96

Skuldir:

Varasjóður	kr.	15 204.62
	Kr.	15 204.62

Rekstrarreikningur Loðdýralánadeildar 1945.

Tekjur:

1. Vextir af lánum	kr.	562.75
2. Tekjuhalli	—	437.25
	Kr.	1 000.00

Gjöld:

Rekstrarkostnaður	kr.	1 000.00
	Kr.	1 000.00

Efnahagsreikningur Smábýladeildar 31. desember 1945.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr.	22 919.52
2. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	276 833.01
	Kr.	299 752.53

Skuldir:

Varasjóður	kr.	299 752.53
	Kr.	299 752.53

Rekstrarreikningur Smábýladeildar 1945.

Tekjur:

1. Lántökugjald	kr.	60.00
2. Vextir af lánum	—	964.73
	Kr.	1 024.73

Gjöld:

1. Rekstrarkostnaður	kr.	1 000.00
2. Til varasjóðs	—	24.73
	Kr.	1 024.73

Reykjavík, 2. janúar 1946.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1945 höfum við yfirfarið og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 5. marz 1946.

Sveinbjörn Högnason. *Pétur Ottesen.*

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 8. marz 1946.

Hermann Jónasson. *Þorst. Þorsteinsson.* *Kristinn E. Andrésson.*

Stofnsjóður Kreppulánasjóðs 31. desember 1945. 96

Frá fyrra ári		kr. 141 448.73
Tillag ríkissjóðs		— 593 444.42
		kr. 734 893.15
Frá dregst: Tap á lánum	kr. 36 800.40	
— — Greiðsla vegna ábyrgðartillags	— 390 464.25	
— — Rekstrarhalli	— 136 391.54	
		— 563 656.19
		Kr. 171 236.96

Reikningur Kreppulánasjóðs um ábyrgðartillag 1945.

Út:	Skuld við Kreppulánasjóð f. f. á.	kr. 373 650.00	
	Vaxtamiðar	— 16 814.25	
Inn:	Kreppulánasjóðsbréf í umferð:		
	Frá fyrra ári	kr. 373 650.00	
	÷ útdregin	— 373 650.00	
	Greiðsla úr Kreppulánasjóði		kr. 390 464.25
		Kr. 390 464.25	Kr. 390 464.25

Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs 31. desember 1945.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum	kr. 78 760.28
2.	Ógreiddir vextir	— 3 200.00
3.	Óhafið ríkissjóðstillag	— 343 444.42
4.	Viðskiptamenn	— 17 000.00
		Kr. 442 404.70

Skuldir:

1.	Skuld við Búnaðarbanka	kr. 263 167.74
2.	Handhafa skuldabréf	— 8 000.00
3.	Stofnsjóður	— 171 236.96
		Kr. 442 404.70

Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs 1945.

Tekjur:

1.	Vextir af lánum	kr. 5 091.07
2.	Rekstrarhalli	— 526 855.79
		Kr. 531 946.86

Gjöld:

1.	Vextir af skuldabréfum í umferð	kr. 57 299.40
2.	Rekstrarkostnaður	— 84 183.21
3.	Ábyrgðartillag	— 390 464.25
		Kr. 531 946.86

Reykjavík, 4. janúar 1946.

KREPPULÁNASJÓÐUR

Hilmar Stefánsson.

96 Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs fyrir árið 1945 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 5. marz 1946.

Sveinbjörn Högnason. *Pétur Ottesen.*

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 8. marz 1946.

Hermann Jónasson. *Þorst. Þorsteinsson.* *Kristinn E. Andrésson.*

Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga 31. desember 1945.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum	kr. 490 132.78
2.	Óinnheimtir vextir	— 17 000.00
3.	Óhafið ríkissjóðstillag	— 59 818.08
		Kr. 566 950.86

Skuldir:

	Skuld við Búnaðarbanka	kr. 566 950.86
		Kr. 566 950.86

Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga 1945.

Tekjur:

1.	Vextir af lánum	kr. 20 842.37
2.	Rekstrarhalli	— 59 818.08
		Kr. 80 660.45

Gjöld:

1.	Vextir af skuldabréfum í umferð	kr. 70 249.85
2.	Rekstrarkostnaður	— 10 410.60
		Kr. 80 660.45

Reykjavík, 5. janúar 1946.

KREPPULÁNASJÓÐUR BŒJAR OG SVEITAR FÉLAGA

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga fyrir árið 1945 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 5. marz 1946.

Sveinbjörn Högnason. *Pétur Ottesen.*

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 8. marz 1946.

Hermann Jónasson. *Þorst. Þorsteinsson.* *Kristinn E. Andrésson.*

Efnahagsreikningur Nýbýlasjóðs 31. desember 1945. 96

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum	kr. 691 218.34
2.	Viðskiptamenn	— 1 085.55
3.	Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 64 100.93
		Kr. 756 404.82

Skuldir:

1.	Útgefin nýbýlabréf í umferð	kr. 485 100.00
2.	Varasjóður	— 271 304.82
		Kr. 756 404.82

Rekstrarreikningur Nýbýlasjóðs 1945.

Tekjur:

1.	Ríkissjóðsstyrkur	kr. 360 000.00
2.	Lántökugjald og teikningar	— 595.00
3.	Vextir af lánum	— 28 756.09
		Kr. 389 351.09

Gjöld:

1.	Styrkveitingar	kr. 133 217.45
2.	Rekstrarkostnaður	— 74 989.74
3.	Þátttaka í kostnaði við teiknistofu	— 10 000.00
4.	Afskrifað af áhöldum	— 1 500.00
5.	Vaxtamiðar	— 24 255.00
6.	Lagt í varasjóð	— 145 388.90
		Kr. 389 351.09

Reykjavík, 4. janúar 1946.

NÝBÝLASJÓÐUR

Steingr. Steinþórsson.

Framanritaða reikninga Nýbýlasjóðs fyrir árið 1945 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 5. marz 1946.

Sveinbjörn Högnason. *Pétur Ottesen.*

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 8. marz 1946.

Hermann Jónasson. *Þorst. Þorsteinsson.* *Kristinn E. Andrésson.*

96 **Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands.**

Yfirlit um tekjur og gjöld sjóðsins frá stofnun, 1. nóv. 1944, til 31. dec. 1945.

Tekjur:

1.	Stofntillag bankans	kr. 116 000.00
2.	Tillög bankans og sjóðfélaga	— 16 993.46
3.	Vaxtatekjur	— 3 190.80
		Kr. 136 184.26

Gjöld:

	Eign í árslok:	
a.	Verðbréfaeign	kr. 141 500.00
b.	Innstæða í sparisjóði Búnaðarbanka Íslands	— 1 684.26
		kr. 143 184.26
	÷ Bráðabirgðalán	— 7 000.00
		Kr. 136 184.26

97 27. júní **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigríðar Jónsdóttur frá Kýrunnarstöðum í Dalasýslu", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. júní 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigríðar Jónsdóttur frá Kýrunnarstöðum í Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigríðar Jónsdóttur frá Kýrunnarstöðum. Hann er stofnaður til minningar um konu undirritaðs, sem lézt 11. janúar árið 1946.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eftirtaldar fjárhæðir:

1. Kr. 2000.00, sem er gjöf frá Guðjóni Ásgeirssyni.
2. Kr. 535.00, sem eru eftirstöðvar fjársöfnunar meðal Hvammssveitinga vegna 70 ára afmælis þann 3. júní 1945, Sigríðar Jónsdóttur og Guðjóns Ásgeirssonar á Kýrunnarstöðum og Guðrúnar Jóhannsdóttur frá Ásgarði. Fjárhæð þessari var þeim falið að ráðstafa.
3. Kr. 500.00, sem er gjöf til sjóðsins frá Guðrúnu Jóhannsdóttur.

Stofnfé sjóðsins nemur því alls kr. 3035.00.

3. gr.

Vöxtum sjóðsins skal varið til að styrkja börn og ungmenni í Hvammshreppi til náms. Að öðru jöfnu skal fremur veita þeim styrk, er skara fram úr í einhverri grein, bóklegri eða verklegri, og hafa lítil fjárráð.

4. gr.

Skólanefnd barnaskólans í Hvammshreppi skal hafa á hendi stjórn sjóðsins. Hún skal sjá um að ávaxta sjóðinn sem bezt á tryggum stað og annast úthlutun

námsstyrkja. Skólastjóri barnaskólans í Hvammshreppi skal hafa tillögurétt um úthlutunina. 97 27. júní

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en stjórn hans ákveður hvenær nota skal vextina til úthlutunar námsstyrkja.

6. gr.

Sérstök minningarspjöld skal gera fyrir þá, er gefa vilja minningargjafir í sjóðinn. Enn fremur skal færa í sérstaka bók nöfn allra þeirra sem minnzt er með minningargjöfum. Sjóðstjórnin ákveður hvar minningarspjöldin skuli vera til sölu.

7. gr.

Sýslunefnd Dalasýslu skal velja mann til að endurskoða árlega reikninga sjóðsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Kýrunnarstöðum, 17. júní 1946.

Guðjón Ásgeirsson.

REGLUGERÐ 98 28. júní

um viðauka við reglugerð nr. 129 9. júlí 1945, um veltuskatt.

1. gr.

Veltuskatt skal reikna af heildarandvirði seldrar vöru eða þjónustu.

Vörur látnar í vöruskiptum til greiðslu skuldar eða til kaupgreiðslu skal meta eftir venjulegu verði slíkra vara á hverjum stað þegar vöruskiptin voru gerð. Sama máli gegnir um vörur, sem verktaki lætur af hendi með verki sínu gegn endurgjaldi, vinnu og aðra þjónustu, sem innt er af hendi án sérstaklega ákveðins kaups.

Svo skal einnig meta vörur, sem eigandi verzlunar tekur út til eigin þarfa.

2. gr.

Undanþegið er veltuskatti:

a. Smásöluvelta á mjólk og mjólkurafurðum.
b. Smásöluvelta á kjöti og kjötafurðum, að því leyti, að innkaupsverðið á kjöti til smásölunnar skal dregið frá smásöluveltunni.
c. Andvirði vara seldra í umboðssölu þegar veltuskattur er lagður á vöruna í heildsölu þeirri, sem varan er seld fyrir í umboðssölunni, enda sé varan þá einnig seld í veltuskattskyldri smásölu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. laga nr. 62 12. marz 1945, um veltuskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 28. júní 1946.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

99
8. júní

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar, nr. 25 12. apríl 1933.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er verði 13. gr. og orðist svo:
Meðan vísitalan er hærri en 130 skal innheimta allar tekjur vatnsveitunnar með dýrtíðarálagi, er nemi 1% fyrir hvert stig, sem vísitalan er yfir 100.
Skatturinn á hverja einstaka húseign má þó ekki fara fram úr 6‰ miðað við fasteignamatsverð hennar.

3. gr.

Með auglýsingu þessari er úr gildi fallin auglýsing nr. 84 12. apríl 1943, um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar, nr. 25 12. apríl 1933.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1946.

Emil Jónsson.

Vigfús Einarsson.

100

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs hjónanna Ingibjargar Ísleifsdóttur og Ólafs Finsen héraðslæknis, Akranesi, fyrir árið 1945.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun: Inneign í Aðaldeild söfnunarsjóðs nr. 589	kr. 5043.42
2.	Vextir 1944, innfærðir á árinu	— 235.65
3.	Gjafir á árinu	— 520.00
		Kr. 5799.07

Gjöld:

1.	Styrkur veittur Guðrúnu Gísladóttur ljósmóður, Akranesi	kr. 320.00
2.	Sjóður í árslok	— 5479.07
		Kr. 5799.07

Akranesi, 23. janúar 1946.

Ólafur Finsen. Árni Árnason. Þuríður Guðnadóttir. Þorsteinn Briem.

SNORRASJÓÐUR 1930 101

Ársreikningur 1945.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, skv. birtum reikningi	kr.	152 253.95
Aukning á árinu skv. neðangreindu	—	1 762.46
	Kr.	154 016.41

Eignum sjóðsins er varið þannig:

Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	kr.	149 500.00
Innstæða í Búnaðarbanka	—	4 516.41
	Kr.	154 016.41

Tekjur:

Vextir af jarðræktarbréfum	kr.	2 090.00
Vextir af skuldabréfum Siglufjarðarkaupstaðar	—	4 400.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	—	72.46
	Kr.	6 562.46

Gjöld:

Styrkur til náms í Noregi:		
Hólmfríður Jónsdóttir, stúdent, til náms í sögu og tungumálum við háskólann í Oslo	kr.	1 600.00
Jón Jónsson, stúdent, til náms í fiskifræði við háskólann í Oslo	—	1 600.00
Ingvar Hallgrímsson, stúdent, til náms í fiskifræði við háskólann í Oslo	—	1 600.00
	Kr.	4 800.00
Lagt við höfuðstól	—	1 762.46
	Kr.	6 562.46

Reykjavík, 24. apríl 1946.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson. **Haukur Þorleifsson.**

REIKNINGUR 102

sjóðsins Heilsulind árið 1945.

Eignir f. f. á.	kr.	18 599.68

Tekjur:

Vextir af veðdeildarbréfum	kr.	730.00
Vextir af sparisjóðsbók við Útvegsbanka	—	41.79
Gjöf frá Sesselju og Bjarna Jónssyni	—	2 000.00
Fært til næsta árs	kr.	21 371.47

102 Eignir 1. jan. 1946:

Veðdeildarbréf 12. flokks	kr.	8 000.00
Skuldabréf Rafmagnsveitu Reykjavíkur	—	3 000.00
— Sogsvirkjunarinnar frá 1943	—	4 000.00
— do. frá 1944	—	1 000.00
— Hitaveitu Reykjavíkur frá 1944	—	5 000.00
Peningar á sparisjóðsbók við Útvegsbanka Íslands	—	371.47
	Kr.	21 371.47

Reykjavík, 20. marz 1946.

Helgi Tómasson. **Þ. Þorkelsson.** **B. Jónsson.**

Við undirritaðir höfum farið yfir eignareikninginn og borið saman við verðbréfaeign og sparisjóðsbók Útvb. nr. 25369 og ekkert fundið við það athugavert.

Reykjavík, 29. marz 1946.

Steingr. Jónsson. *Júl. Sigurjónsson.*

103

REIKNINGUR

fyrir Minnisvarðasjóð Hannesar Hafstein.

Ársreikningur 1945.

Höfuðstóll:

1. Eign frá fyrra ára samkv. birtum reikningi	kr.	479.80
2. Aukning árið 1945, samkv. eftirfarandi reikningi	—	13.58
	Kr.	493.38

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu í Landsbankanum	kr.	13.58
	Kr.	13.58

Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn	kr.	13.58
	Kr.	13.58

Forsætisráðuneytið, 1. apríl 1946.

F. h. r.
e. u.

Birgir Thorlacius.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1946.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landssmiðjuna, undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1946, nr. 60.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 61.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að framlengja fiskveiða- og atvinnuréttindi Dana á Íslandi, undirskrifuð af forsetanum 21. maí 1946, nr. 62.

Bráðabirgðalög um tilraunastöð á Keldum, undirskrifuð af forsetanum 4. júní 1946, nr. 63.

Bráðabirgðalög um lántökuheimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa lýsisherzluverksmiðju, undirskrifuð af forsetanum 12. júní 1946, nr. 64.

Lög um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 12. marz 1946, nr. 65.

Lög um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, undirskrifuð af forsetanum 17. júlí 1946, nr. 66.

Lög um iðnlánasjóð, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 67.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi, undirskrifuð af forsetanum 12. september 1946, nr. 68.

Bráðabirgðalög um breyting og viðauka við lög nr. 65 11. júní 1938, um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 69.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til aukafundar mánudaginn 22. júlí 1946, undirskrifað af forsetanum 17. júlí 1946, nr. 70.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af forsetanum 23. júlí 1946, nr. 71.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag, sem gert var í París, hinn 15. júlí 1946, milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 13. ágúst 1946, nr. 72.

Auglýsing um verzlunarsamning milli Íslands og Sviþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. september 1946, nr. 73.

Tilskipun um breyting á tilskipun nr. 112 20. ágúst 1938, um gerð og afgreiðslu sérlyfja, undirskrifuð af forsetanum 12. september 1946, nr. 74.

Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 30. júní 1942, undirskrifuð af forsetanum 19. september 1946, nr. 75.

Lög um breyting á lögum nr. 119 31. des. 1945, um samkomudag Alþingis 1946, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 76.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda, undirskrifað af forsetanum 14. september 1946, nr. 77.

Auglýsing um niðurfelling samkomulags milli Íslands og Noregs, um innflutning á söltuðu íslenzku kindakjöti til Noregs og um aðstöðu norskra síldveiða við Ísland, undirskrifuð af utanríkisráðherra 21. september 1946, nr. 78.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 9. október 1946, nr. 79.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1946 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1946, undirskrifað af forsetanum sama dag, nr. 80.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landssmiðjuna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 81.

11. dag októbermánaðar 1946. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um lántökuheimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa lýsisherzluverksmiðju, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 82.

Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 83.

Lög um breyting og viðauka við lög nr. 65 11. júní 1938, um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 84.

Lög um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 85.

Lög um rannsóknarstofnun háskólans í búfjármeinafræði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 86.

Auglýsing um niðurfelling herverndarsamningsins við Bandaríki Ameríku frá 1941 o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 11. október 1946, nr. 87.

104 11. júlí

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóðinn „Heimilisprýðin", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júlí 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Heimilisprýðin.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Heimilisprýðin og voru lögð drög að stofnun hans 22. dag maímánaðar árið 1933. Þá var tekið fram: „Þeir, sem vilja minnast einhverrar góðrar konu lífs eða liðinnar, í hvaða stöðu, sem hún er, að votta viðurkenningu og halda minningu hennar á lofti, senda þessum sjóði, er hlotið hefur nafnið Heimilisprýðin allmyndarlega peningaupphæð ásamt mynd af þeirri konu, sem minningin er helguð, nafni hennar, heimili, aldri og stöðu."

2. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð rúmar 17 þúsundir króna.

3. gr.

Varðveizla og stjórn sjóðsins skal vera í höndum stjórnar kvennaheimilisins Hallveigarstaða, eins og hún er skipuð á hverjum tíma. Þó má stjórnin fela öðrum umsjá sjóðsins ef þörf þykir.

4. gr.

Sjóðnum skal varið til að kaupa húsgögn og listræna muni handa Hallveigarstöðum. Þó má lána fé sjóðsins vaxtalaust til sjálfrar húsbyggingarinnar, er endurgreiðist, þegar byggingu er lokið og kaupa þarf muni í húsið.

5. gr.

Nú berst sjóðnum fé eftir að farið er að starfrækja Hallveigarstaði og heimilið er fullgert og búið öllum húsgögnum, er stjórn heimilisins þá heimilt að verja allt að ¼ af árstekjum sjóðsins til endurnýjunar og prýðis heimilinu. Það, sem eftir verður af árstekjum sjóðsins, skal standa og ávaxtast þangað til að hann er orðinn 100 þúsund krónur. Skal sjóðnum þá ráðstafað á eftirfarandi hátt:

a. ¼ hluta vaxta sjóðsins skal varið til að prýða Hallveigarstaði, sbr. 4. gr. fyrri lið.

b. ½ hluta vaxta sjóðsins skal varið til að styrkja ungar efnilegar stúlkur, er óska framhaldsmenntunar í heimilisstörfum eða í listrænum heimilisiðnaði. Nemendur frá vinnuskóla eða námskeiðum stofnunarinnar, skulu hafa forgangsrétt að þessu styrktar- og verðlaunafé Heimilisprýðinnar. **104** 11. júlí

c. ¼ hluti vaxta sjóðsins sé lagður við höfuðstól.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Minningargjafir, áheit, aðrar gjafir, svo og vextir af höfuðstól.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að innfærðar séu í þar til gerða bók, myndir af þeim konum, er minningargjafir eru helgaðar, svo og nöfn þeirra, heimili, aldur og stöðu, sjá 1. gr.

Bók þessi skal liggja til sýnis og hvatningar á völdum stað á kvennaheimilinu.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim og allt annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber einnig að færa sérstaka bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi skal lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð systkinanna Hildigunnar Þorsteinsdóttur og Friðþjófs Þorsteinssonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júlí 1946. **105** 11. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð systkinanna Hildigunnar Þorsteinsdóttur og Friðþjófs Þorsteinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður systkinanna Hildigunnar Þorsteinsdóttur og Friðþjófs Þorsteinssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

a. Kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur —.

b. Ljóslækningatæki.

3. gr.

Minningarsjóðurinn er gjöf til barnaskólans á Dalvík frá Ingibjörgu Baldvinsdóttur og Þorsteini Jónssyni, til minningar um fyrrnefnd börn þeirra, Hildigunni og Friðþjóf.

4. gr.

Alla peningaeign sjóðsins skal geyma og ávaxta í Sparisjóði Svarfaðardalshrepps eða annarri tryggri peningastofnun eða ríkistryggðum bankavaxtabréfum eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar. Ljóslækningatækin skal geyma á þeim stað, er stjórn sjóðsins telur öruggan og hentugan til starfrækslu þeirra.

105 11. júlí

5. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum þeirra manna, sem vilja efla hann og styðja að tilgangi hans. Hann lætur halda ártíðarskrá og tekur við minningargjöfum um látna menn. Skulu helztu æviatriði þeirra vera rituð í ártíðaskrána, ef þess er óskað. Þeir, sem óska að nöfn látinna vina og vandamanna séu innfærð í ártíðaskrá sjóðsins, greiði fyrir það gjald, er þeir ákveða sjálfir, en sjóðurinn gefur út minningarspjöld með nöfnum hinna látnu, er innritunarbeiðendur senda nánustu vandamönnum í stað kransa.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né það, sem við hann er lagt, hvort heldur eru viðlagðir vextir, áheit, gjafir eða annað, unz sjóðurinn er orðinn fullar 20000 — tuttugu þúsund — krónur. Fyrst þá má verja ¾ ársvaxtanna samkvæmt 7. gr.

7. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

I. Að styrkja fátæka, efnilega og námfúsa unglinga, sem stundað hafa barnanám í barnaskóla Dalvíkur, til framhaldsnáms í:
   a. Lærdómsdeildum menntaskólanna, þó ekki fyrr en að afloknu fyrsta árs-prófi með góðri einkunn.
   b. Háskólum, erlendis eða hérlendis, þar með taldir erlendir landbúnaðarháskólar.
   c. Tónlistarskólum, sem veita réttindi til inntöku í tónlistarháskóla.
   d. Iðn- og tæknifræðiskólum erlendis að afloknu góðu prófi í hérlendum skóla þeirrar tegundar, ef til er.

   Styrkurinn skal aðallega veittur þeim, er sakir fátæktar geta ekki lagt út á námsbrautina hjálparlaust og skal styrkþegi njóta styrksins árlega, meðan á námi hans stendur, enda færi hann sönnum á, að hann stundi námið af alúð, sbr. 8. gr.

   Þegar handbært styrktarfé sjóðsins er orðið 2000.00 krónur eða meira á ári, er sjóðstjórninni heimilt að styrkja fleiri en einn nemanda árlega.

II. Að stuðla að bættu heilsufari barna með ljósi og ljóslækningum, fyrst og fremst í barnaskóla Dalvíkur. Til greina getur komið að nota megi tækin handa öðrum börnum og fullorðnu fólki að tilhlutan héraðslæknisins í Svarfdælahéraði. Hreppsnefnd Dalvíkur greiði árlega reksturskostnað ljósatækjanna, enda fái barnaskólabörnin í Dalvík ljósin jafnan ókeypis. Hreppsnefndinni ber og skylda til að endurnýja tækin, þegar þar að kemur.

8. gr.

Skylt er þeim, er námsstyrks kunna að njóta af sjóðnum, að gefa stjórn sjóðsins árlega skýrslu um nám sitt. Skal þar getið vitnisburða þeirra, er hlutaðeigandi fær frá stofnun þeirri, er hann stundar nám við. Ef styrkþegi vanrækir nám sitt eða hættir námi, missir hann rétt til styrksins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skipa:

1. Héraðslæknirinn á Dalvík.
2. Skólastjóri barnaskólans á Dalvík.
3. Sóknarpresturinn.
4. Tveir menn, er hreppsnefnd (bæjarstjórn) Dalvíkur kýs til þriggja ára í senn. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum og vinnur kauplaust.

10. gr. 105

Stjórnin stýrir málum sjóðsins. Hún ákveður hverja hún telur verða þess að hljóta námsstyrk úr sjóðnum. Hún heldur gerðabók, sem í eru ritaðar allar samþykktir stjórnarinnar og framkvæmdir, svo sem úthlutun styrks, kosningar, fundargerðir, ársreikningar sjóðsins og annað, sem snertir starfsemi hans. 11. júlí

11. gr.

Stjórnin skal láta birta ársreikning sjóðsins opinberlega á hverju ári, endurskoðaðan af tveimur mönnum, er hreppsnefnd Dalvíkur kýs til þess til þriggja ára í senn. Þeir vinna kauplaust.

12. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Dalvík, 5. júní 1946.

Ingibjörg Baldvinsdóttir. **Þorsteinn Jónsson.**

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þorbergs Þorleifssonar, alþingismanns frá Hólum", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. júlí 1946. 106 16. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorbergs Þorleifssonar, alþingismanns frá Hólum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorbergs Þorleifssonar frá Hólum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 2000 króna framlagi frá Þorleifi Jónssyni föður hins látna og systkinum Þorbergs sáluga.

3. gr.

Heimilt er að auka sjóðinn með tillögum frá félagsheildum og einstökum mönnum.

4. gr.

Sjóðnum skal varið til að styrkja og efla trjáræktarstöðina í Hólum, sem Ungmennasambandið Úlfljótur hefur stofnað til minningar um Þorberg.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 3000 kr. má verja ¾ vaxtanna til styrktar trjáræktarstöðinni á þann hátt, er stjórn stöðvarinnar ákveður, en ¼ ársvaxta skal ávallt leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Sjóðurinn er geymdur og ávaxtaður í innlánsdeild Kaupfélags Austur-Skaftfellinga á Höfn eða í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, eða í bankavaxtabréfum; þó má lána úr sjóðnum til kaupa á plöntum og fræi til trjáræktarstöðvarinnar með samþykki sjóðstjórnarinnar og gegn tryggingu, eftir samkomulagi við stjórn Úlfljóts.

7. gr.

106 Stjórn sjóðsins skipa: Sá ábúandi á Hólum, sem er nánastur niðji gefandans,
16. júlí Þorleifs Jónssonar. Sé ábúandi Hóla ekki niðji Þorleifs Jónssonar, tilnefnir hreppsnefnd Nesjahrepps einhvern niðja hans, sem heima á í hreppnum, í hans stað. Annar maður valinn af stjórn U. M. S. Úlfljóts og þriðji tilnefndur af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu. Formaður stjórnar er ábúandi Hóla eða sá, sem kemur í hans stað.

8. gr.

Í sambandi við þessa sjóðstofnun láta þeir Þorleifur Jónsson og Hjalti Jónsson, eigendur Hóla, af höndum spildu úr túninu austan fram við Klettinn, svokallaðan Klettapart, um ½ ha, undir trjáræktarstöðina endurgjaldslaust. En Úlfljótur tekst á hendur að girða spilduna, hafa á hendi gróðursetningu og aðra vinnu, viðhald girðinga o. fl., enda geti sýslubúar á sínum tíma fengið úr stöðinni plöntur til gróðursetningar heima við bæi o. s. frv.

9. gr.

Leggist U.M.S. Úlfljótur niður eða hætti störfum, skal stjórn skógræktarfélags sýslunnar, ef það verður til, skipa mann í stjórn sjóðsins í stað Úlfljóts, ella skipar sýslunefndin manninn í stjórnina.

10. gr.

Stjórn sjóðsins semur reikning sjóðsins fyrir hvert almanaksár og skal hann lagður fyrir sýslunefnd til yfirlits og athugunar ár hvert.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í Stjórnartíðindum, eins og reglur mæla fyrir um.

Hólum, 12. ágúst 1944.

Þorleifur Jónsson. Jón Þorleifsson. Haukur Þorleifsson. Páll Þorleifsson.
Þorbjörg Thorlacius. Anna Þorleifsdóttir. Rósa Þorleifsdóttir.

107 **REGLUGERÐ**

7. okt. **um breyting á reglugerð nr. 57 17. apríl 1944, um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.**

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði reglugerðar nr. 57 1944 verði á þessa leið:

Fyrningu á olíu- og benzíngeymum og tilheyrandi stöðvum, er byggðir eru á árunum 1946, 1947 og 1948, skal reikna 10% — tíu af hundraði — á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6/1935, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 7. október 1946.

Pétur Magnússon.

Sigurður Ólason.

AUGLÝSING

108
26. júlí

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

1. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna stjórnarráðsins. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 16. júlí 1946.
2. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Hof. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 16. júlí 1946.
3. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag stýrimanna. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 24. júlí 1946.
4. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Garður. Varnarþing á Akureyri. Staðfest 24. júlí 1946.
5. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag rafvirkja. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 24. júlí 1946.
6. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið í Neskaupstað. Varnarþing í Neskaupstað. Staðfest 24. júlí 1946.
7. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag matsveina og veitingaþjóna. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 24. júlí 1946.
8. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag barnakennara. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 24. júlí 1946.
9. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Háskóla Íslands. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 26. júlí 1946.

Samþykktirnar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1946.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

109
10. sept.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

10. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 6. ágúst 1946.
11. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 22. ágúst 1946.

109 12. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Árroði. Varnarþing í Reykjavík.
10. sept. Staðfest 22. ágúst 1946.
13. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Skjól. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 4. september 1946.
14. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Bjarg. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 10. september 1946.

Samþykktirnar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1946.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.

110 **AUGLÝSING**
16. sept. **um breyting á kærufresti til ríkisskattanefndar.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 16 10. apríl 1946, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanefndar vera til 1. okt. þ. á.

Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1946.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Sigtryggur Klemensson.

111 **GJALDSKRÁ**
30. ágúst **fyrir Landssíma Íslands um flutning veðurathugana og annarra veðurskeyta innanlands.**

1. gr.

Gjald fyrir flutning veðurathugana og annarra veðurskeyta innanlands er hið sama og fyrir venjuleg innanlandsskeyti, og skulu þau þó hafa forgang fyrir öðrum skeytum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjarskipti og gengur í gildi 1. jan. 1947. Falla þá jafnframt úr gildi fyrri ákvæði um flutning slíkra skeyta.

Póst- og símamálaráðherrann, 30. ágúst 1946.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hlíðdal.

AUGLÝSING

112
16. ágúst

um skiptingu landsins í tryggingaumdæmi.

Með bréfi 8. ágúst 1946 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, samkvæmt tillögum tryggingaráðs, að skipting landsins í tryggingaumdæmi, samkv. 11. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar, skuli vera sú, að hvert sýslufélag og hver kaupstaður verði sérstakt tryggingaumdæmi, þar til annað kann að verða ákveðið.

Samkvæmt þessu verða tryggingaumdæmi sem hér segir:

Reykjavík,
Hafnarfjörður,
Gullbringusýsla,
Kjósarsýsla,
Akranes,
Borgarfjarðarsýsla,
Mýrasýsla,
Snæf.- og Hnappadalssýsla,
Dalasýsla,
A.-Barðastrandarsýsla,
V.-Barðastrandarsýsla,
V.-Ísafjarðarsýsla,
Ísafjörður,
Norður-Ísafjarðarsýsla,
Strandasýsla,
V.-Húnavatnssýsla,
A.-Húnavatnssýsla,
Skagafjarðarsýsla,
Siglufjörður,
Ólafsfjörður,
Eyjafjarðarsýsla,
Akureyri,
Suður-Þingeyjarsýsla,
Norður-Þingeyjarsýsla,
Norður-Múlasýsla,
Seyðisfjörður,
Suður-Múlasýsla,
Neskaupstaður,
Austur-Skaftafellssýsla,
Vestur-Skaftafellssýsla,
Rangárvallasýsla,
Vestmannaeyjar,
Árnessýsla.

Um skipun umboðsmanna og skrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins í umdæmunum verður síðar auglýst.

Tryggingastofnun ríkisins, 16. ágúst 1946.

Haraldur Guðmundsson.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

113
19. júlí

fyrir hreppabúnaðarfélögin undir Eyjafjöllum.

Búnaðarfélögin í Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppum í Rangárvallasýslu, gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélög: Búnaðarfélag Merkurbæja og Búnaðarfélag Austur-Eyjafjalla.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undan-

27

113 skildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942,
19. júlí um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

Allar framkvæmdir samkvæmt liðunum 1.—4. skulu gerðar eftir fyrirsögn Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjóra.

3. gr.

Hvort búnaðarfélag kýs árlega 5 menn í fulltrúaráð fyrir ræktunarsambandssvæðið. Fulltrúaráð kýs ræktunarsambandinu þriggja manna framkvæmdastjórn til eins árs í senn. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar, og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val á vélum.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveður á hvaða tíma og í hvaða röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum hinna árlegu aðalfunda sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 1. febr. ár hvert.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppabúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjóra ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan ræktunarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í tilflutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun, að öðru jöfnu, sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga í stærri stíl komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræslu verkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyfengur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

1. Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist á eftirgreindan hátt. Sameiginleg framræsla fleiri jarða greiðist af þeim, er hags njóta af framkvæmdunum, eftir flatarmáli þess lands, er nýtur hags af verkinu.

113 19. júlí

Þó skal tekið til, ef um einhverja sérstöðu er að ræða. Ef ágreiningur verður um þessi atriði, skal úr honum skorið með hagnaðarmati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna.

2. Framkvæmdir á einstökum jörðum skulu greiðast af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, sem fram verður tekið í verktökusamningi.

Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til rekstrarkostnaðar telst: Greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við milliflutninga milli vinnustaða, geymslu og viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslu, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er framkvæmdastjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tíma, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu eða ríkið, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstrarafgangur af áhættuþóknun svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans má vera allt að 100 þúsund krónur.

Tekjur stofnsjóðs eru:

1. Hreppabúnaðarfélögin leggja fram sem óafturkræft framlag 10 þúsund kr. hvort félag á ræktunarsamþykktarsvæðinu.
2. Hinn hluta stofnfjárins tekur ræktunarsambandið að láni, ef með þarf, eða aflar fjárins á annan hátt, með tryggingum í eignum ræktunarsambandsins eða með öðrum þeim tryggingum, er lánstofnun sú, er lánið veitir, tekur gildar.
3. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn kunna að koma samkvæmt ákvæðum 17. og 28. gr. Móti þessu stofnfé kemur framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til ræktunarsambandsstjórnar þá, er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til hreppabúnaðarfélaganna fyrir aðalfund þeirra.

Ef meiri hluti fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandsins, að fengnu meiri hluta samþykki í hreppabúnaðarfélögunum, ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ¾ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa óskað eftir áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðist með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningsskil og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið, og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar. Aðalfund skal halda fyrir marzmánaðarlok ár hvert.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kosnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reikningana sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjóri skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breytingar samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá einstökum hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins.

Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

113 19. júlí

27. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um það, að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. júlí 1946.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

114 19. júlí

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarfélag Ásahrepps, Búnaðarfélag Holtahrepps og Framfarafélag Landmanna í Rangárvallasýslu.

Búnaðarfélag Ásahrepps, Búnaðarfélag Holtahrepps og Framfarafélag Landmanna gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélög: Búnaðarfélag Ásahrepps, Búnaðarfélag Holtahrepps og Framfarafélag Landmanna.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér, á þann hátt sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir til þess að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðar- 114
vinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2. 19. júlí
4. Að framkvæma sléttun engja svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI
Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Á almennum fundi í hreppabúnaðarfélögum skal kjósa einn kjörmann fyrir hverja 10 félagsmenn eða brot, til þess að mæta á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þessir kjörmenn kjósa ræktunarsambandinu þriggja manna framkvæmdastjórn, einn úr hverju hreppabúnaðarfélagi, skal hún kjörin til þriggja ára í senn. Gengur einn maður úr stjórn árlega. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórnin annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurðar- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga, við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn; getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða hinum árlegu aðalfunda þess, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins.

114 19. júlí

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

Skýrslunni fylgi, frá verkkaupendum, greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppsbúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan framkvæmdastjórnarinnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í tilflutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun að öðru jöfnu sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga í stærri stíl komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutning þeirra á milli vinnustaða, geymsla véla, viðhald þeirra, er stafar af eðlilegu sliti, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er framkvæmdastjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun er nemi allt að 5% af heildarrekstrarkostnaði hvers árs. 114 19. júlí

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstrarafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er 100 þúsund krónur.

1. Helming þessarar fjárhæðar er aflað með óafturkræfum framlögum hreppabúnaðarfélaganna, og er skipt að ⅓ á heildarlandverð jarða í hreppnum, er hlut eiga að máli, eftir jarðeignamati 1942, að ⅓ á tölu býla og ⅓ á allar fullorðnar kýr og kvígur bornar fyrir sumardaginn fyrsta 1946.
2. Hinn helming fjárhæðarinnar leggja hreppabúnaðarfélögin fram sem lán og sé fjárhæðinni skipt eftir sömu hlutföllum og óafturkræfa framlagið. Lán þetta endurgreiðist hreppabúnaðarfélögunum í vinnu eða peningum af rekstri vélanna á næstu fimm árum eftir að lánið er tekið, og reiknast 2% ársvextir af lánsfjárhæðinni.
3. Styrkur úr framkvæmdasjóði ríkisins rennur enn fremur í stofnsjóð jafnóðum og hann greiðist.

Í stofnsjóð skal enn fremur leggja:

1. Tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.
2. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til framkvæmdastjórnar þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu og tilkynna það hreppabúnaðarfélögum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund ræktunarsambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandsins ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

114 19. júlí

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ½ af áætluðu kostnaðarverði þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar. Aðalfund skal halda fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir og einn til vara, kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum, skulu sendar stjórn ræktunarsambandsins, er sendir þær til allra aðila, er að samþykkt standa samkvæmt 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögnum búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykkitr í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 114 19. júlí

Landbúnaðarráðuneytið, 19. júlí 1946.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT 115 19. júlí

fyrir Ræktunarfélag Gnúpverjahrepps.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Félagið er stofnað samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Samþykktarsvæðið er Gnúpverjahreppur í Árnessýslu.

2. gr.

Tilgangur ræktunarfélagsins er sá, að efla bændur á samþykktarsvæðinu til hvers konar jarðræktar. Tilgangi sínum vill félagið ná með eftirfarandi aðgerðum:

1. Mæld sé stærð akra og túna á samþykktarsvæðinu og sé þá tilgreind stærð þess hluta túnanna, sem þýfður er.
2. Athuguð séu skilyrði til nýræktar á hverri jörð og framkvæmt val á ræktunarlandi og sé greint á milli þess lands, sem þurrt er, og hins, sem ræsa þarf fram.
3. Mælt sé fyrir og skipulagt framræslukerfi á ræktunarlandi þeirra jarða á samþykktarsvæðinu, þar sem framræslu er þörf og sé framræslukerfi þeirra kortlagt eftir því, sem nauðsynlegt þykir og við verður komið. Athuganir þær og mælingar, sem hér um ræðir, ásamt kortagerð, sé gert af þar til hæfum manni, sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir til starfsins.
4. Ræktunarfélagið tekur að sér, eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, að annast þær ræktunarframkvæmdir, sem tilgreindar eru undir staflið a.—c. hér á eftir, á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, sem falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:
   a. Að ræsa fram land til jarðræktar. Tekur framkvæmdin til fullnaðarframræslu á landinu með opnum skurðum og lokræsum.
   b. Að framkvæma jarðvinnslu á þýfðum túnum jarða á samþykktarsvæðinu.
   c. Að taka að sér hvers konar jarðvinnslu til nýræktar.

II. KAFLI

3. gr.

Ræktunarfélagið kýs sér þriggja manna stjórn og jafnmarga til vara. Skal hún kosin á aðalfundi ræktunarfélagsins til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, en síðan eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Aðalfundur skal einnig kjósa tvo endurskoðendur

115 og varamenn þeirra. Ganga þeir úr sitt árið hvor, fyrst eftir hlutkesti. Sama gildir
19. júlí um kosningu varamanna.

4. gr.

Aðalfund skal halda árlega, eigi síðar en í marzmánuði, og aukafundi þegar stjórnin telur ástæðu til eða ef um það kemur fram krafa undirrituð af a. m. k. ⅓ hluta bænda á samþykktarsvæðinu.

Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktar þessarar, og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns. Fela má formanni að fara með gjaldkerastörf, ef hentara þykir.

5. gr.

Aðalfundur er lögmætur, ef mættur er fullur helmingur félagsmanna. Til aðalfundar skal boða með skriflegu fundarboði með hálfs mánaðar fyrirvara. Liggi fyrir tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, skal þess getið í fundarboði.

Fyrir aðalfund ber að leggja: 1. Endurskoðaða reikninga ræktunarfélagsins. 2. Skýrslu um framkvæmdir s. l. árs. 3. Framkvæmdaráætlun fyrir næsta starfsár.

6. gr.

Stjórn ræktunarfélagsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til þeirra framkvæmda, sem um getur í þessari samþykkt, 2. gr. 4. lið, stafl. a.—c. Skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

7. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er þarf til reksturs og viðhalds á vélum þeim og áhöldum, er keypt verða.

8. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu og ákveða á hvaða tíma og í hvaða röð verkefnin eru tekin fyrir, sem unnið skal að.

9. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún falið honum með erindisbréfi umsjón með daglegum rekstri og verkstjórn vinnuflokka.

10. gr.

Allir samningar, sem stjórnin gerir fyrir hönd ræktunarfélagsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda ræktunarfélagsins, eru skuldbindandi fyrir alla félagsmenn, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarfélagsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

11. gr.

Skylt er stjórn ræktunarfélagsins að skrá verkbeiðnir félagsmanna fyrir febrúarlok ár hvert. Skal þar tilgreint, hvaða jarðabætur óskað er að séu unnar á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslunum fylgi greiðsluskuldbinding frá verkkaup-

endum um það, að þeir takist á hendur ábyrgð á greiðslunni fyrir þau verk, sem unnin verða hjá þeim á því ári. 115 19. júlí

12. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, sem um getur í 11. gr., skal stjórn ræktunarfélagsins semja framkvæmda- og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja settri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

13. gr.

Við undirbúning framkvæmdaráætlunar sé þess gætt:

1. Að jarðir þær, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir um vinnu, eftir því sem unnt er, án þess það valdi óhæfilegum aukakostnaði og tímatöf við tilflutning véla milli vinnustaða.
2. Að jarðvinnsluframkvæmdir hvers bónda séu í sem mestu samræmi við það áburðarmagn, sem hann hefur yfir að ráða.
3. Að túnsléttun sé, að öðru jöfnu, látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
4. Að land það, sem brjóta á til nýræktar, hafi áður verið ræst fram á fullnægjandi hátt, hafi þess verið þörf, að dómi trúnaðarmanna stjórnarinnar.
5. Að framræsla á landi, sem taka á til ræktunar, sitji fyrir framræslu á engjum og beitilandi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvörðun og greiðslu kostnaðar.

14. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, sem um getur í 8. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn ræktunarfélagsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

15. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, geymslu vélanna og viðhald, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, afborganir af lánum, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórn ræktunarfélagsins að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

16. gr.

Aðalfundur ræktunarfélagsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka í ákvæðisvinnu ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, 4. tölulið, staflið a.—c., enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing á því, sem vinna á.

17. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar, áður en verk er hafið, ¾ af áætluðu kostnaðarverði þeirrar vinnu, sem þeir hafa pantað, að frádregnum jarðabótastyrk. Eftirstöðvar greiðast með gjalddaga, sem verktökusamningur ákveður.

115 19. júlí

18. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó að þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarfélagið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

19. gr.

Rekstrarafgangur og áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, sem um getur í 18. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarfélagsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, sem um hann gilda, sbr. 21. gr.

V. KAFLI

Um fjáröflun o. fl.

20. gr.

Ræktunarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er 56000 — fimmtíu og sex þúsund — krónur.

Stofnfjárins sé aflað þannig:

1. ¼ þessarar upphæðar með óafturkræfu framlagi Búnaðarfélags Gnúpverja.
2. ¼ leggur búnaðarfélagið fram sem lán, sem endurgreiðist á 5 árum ásamt 3% af fjárhæðinni.
3. ½ fjárhæðarinnar er styrkur úr Framkvæmdasjóði ríkisins, er rennur í stofnsjóð jafnóðum og hann verður greiddur.

Stofnfjárframlag Búnaðarfélags Gnúpverja greiðist til stjórnar ræktunarfélagsins, þegar samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

21. gr.

Verði afgangur af fé stofnsjóðs þegar vélar þær, sem upphaflega verða keyptar, hafa verið greiddar, geymist sú upphæð þar til ákveðið verður að bæta við hinn upphaflega vélakost, sbr. 23. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er framkvæmdastjórn að nota fé það til reksturs ræktunarfélagsins, á meðan ekki þarf á því að halda til vélakaupa, enda greiðist þá af upphæðinni 3% í ársvexti, sem renna í stofnsjóð, sbr. enn fremur 19. gr. þessarar samþykktar.

22. gr.

Heimilt er stjórn ræktunarfélagsins að taka rekstrslán gegn tryggingu í þeim jarðabótastyrk, sem greiddur verður úr ríkissjóði á umbæturnar, samkv. 2. og 5. kafla jarðræktarlaga.

23. gr.

Komi í ljós síðar að auka þurfi stofnsjóð, að áliti stjórnar ræktunarfélagsins, ber henni að gera um það rökstuddar tillögur og leggja þær fyrir löglega boðaðan fund, þar sem fundarefnis sé getið í fundarboði. Getur sá fundur síðan ákveðið stofnfjáraukningu, er þá verður bindandi fyrir alla aðila ræktunarsamþykktarinnar.

V. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

24. gr.

Reikningsár ræktunarfélagsins er almanaksár. Skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun reikninganna geti farið fram áður en aðalfundur

ræktunarfélagsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfsemi framkvæmdastjórnar í hvívetna. 115 19. júlí

VII. KAFLI
Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, sem fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá einstökum félagsmönnum, skal senda stjórn ræktunarfélagsins. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund félagsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingartillögurnar með a. m. k. 3/5 atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn ræktunarfélagsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi samþykktarinnar verði ekki náð og lögmætur aðalfundur ræktunarfélagsins samþykki það með a. m. k. 3/5 atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Nú er samþykkt úr gildi felld, sbr. 26. gr., og renna þá eignir ræktunarfélagsins til Búnaðarfélags Gnúpverja. Skiptast þær eftir sömu reglum og farið var eftir við framlög til stofnsjóðs ræktunarfélagsins.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. júlí 1946.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

116
19. júlí

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarfélag Hrunamannahrepps.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Félagið er stofnað samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Samþykktarsvæðið er Hrunamannahreppur í Árnessýslu.

2. gr.

Tilgangur ræktunarfélagsins er sá að efla bændur á samþykktarsvæðinu til hvers konar jarðræktar. Tilgangi sínum vill félagið ná með eftirfarandi aðgerðum:

1. Mæld sé stærð akra og túna á samþykktarsvæðinu og sé þá tilgreind stærð þess hluta túnanna, sem þýfður er.
2. Athuguð séu skilyrði til nýræktar á hverri jörð og framkvæmt val á ræktunarlandi, og sé greint á milli þess lands, sem þurrt er, og hins, sem ræsa þarf fram.
3. Mælt sé fyrir og skipulagt framræslukerfi á ræktunarlandi þeirra jarða á samþykktarsvæðinu, þar sem framræslu er þörf, og sé framræslukerfi þeirra kortlagt eftir því, sem nauðsynlegt þykir og við verður komið. Athuganir þær og mælingar, sem hér um ræðir, ásamt kortagerð, sé gert af þar til hæfum manni, sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir til starfsins.
4. Ræktunarfélagið tekur að sér, eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, að annast þær ræktunarframkvæmdir, sem tilgreindar eru undir staflið a.—c. hér á eftir, á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, sem falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning.
   a. Að ræsa fram land til jarðræktar. Tekur framkvæmdin til fullnaðarframræslu á landinu með opnum skurðum og lokræsum.
   b. Að framkvæma jarðvinnslu á þýfðum túnum jarða á samþykktarsvæðinu.
   c. Að taka að sér hvers konar jarðvinnslu til nýræktar.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjóra.

3. gr.

Ræktunarfélagið kýs sér þriggja manna stjórn og jafnmarga til vara. Skal hún kosin á aðalfundi ræktunarfélagsins til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, en síðan eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Aðalfundur skal einnig kjósa tvo endurskoðendur og varamenn þeirra. Ganga þeir úr sitt árið hvor, fyrst eftir hlutkesti. Sama gildir um kosningu varamanna.

4. gr.

Aðalfund skal halda árlega, eigi síðar en í marzmánuði, og aukafundi, þegar stjórnin telur ástæðu til, eða ef um það kemur fram krafa undirrituð af a. m. k. ⅓ hluta bænda á samþykktarsvæðinu.

Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktar þessarar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns. Fela má formanni að fara með gjaldkerastörf, ef hentara þykir.

5. gr.

Aðalfundur er lögmætur, ef mættur er fullur helmingur félagsmanna. Til aðalfundar skal boða með skriflegu fundarboði með hálfs mánaðar fyrirvara. Liggi fyrir tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, skal þess getið í fundarboði. Fyrir aðalfund ber að leggja: 1. Endurskoðaða reikninga ræktunarfélagsins. 2. Skýrslu um framkvæmdir s. l. árs. 3. Framkvæmdaráætlun fyrir næsta starfsár.

6. gr.

Stjórn ræktunarfélagsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til þeirra framkvæmda, sem um getur í þessari samþykkt, 2. gr. 4. lið, staflið a.—c. Skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins, um kaup og val vélanna.

7. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er þarf til reksturs og viðhalds á vélum þeim og áhöldum, er keypt verða.

8. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu og ákveða á hvaða tíma og í hvaða röð verkefni eru tekin fyrir, sem unnið skal að.

9. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið honum umsjón með daglegum rekstri og verkstjórn vinnuflokka.

10. gr.

Allir samningar, sem stjórnin gerir fyrir hönd ræktunarfélagsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda ræktunarfélagsins, eru skuldbindandi fyrir alla félagsmenn, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarfélagsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

11. gr.

Skylt er stjórn ræktunarfélagsins að skrá verkbeiðnir félagsmanna fyrir febrúarlok ár hvert. Skal þar tilgreint, hvaða jarðabætur óskað er, að séu unnar á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslunum fylgi greiðsluskuldbinding frá verkkaupendum um það, að þeir takist á hendur ábyrgð á greiðslunni fyrir þau verk, sem unnin verða hjá þeim á því ári.

12. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, sem um getur í 11. gr., skal stjórn ræktunarfélagsins semja framkvæmda- og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja settri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

13. gr.

Við undirbúning framkvæmdaráætlunar sé þess gætt:

1. Að jarðir þær, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir um vinnu, eftir því sem unnt er, án þess að það valdi óhæfilegum aukakostnaði og tímatöf við tilflutning véla milli vinnustaða.

116 19. júlí

2. Að jarðvinnsluframkvæmdir hvers bónda séu í sem mestu samræmi við það áburðarmagn, sem hann hefur yfir að ráða.
3. Að túnsléttun sé, að öðru jöfnu, látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
4. Að land það, sem brjóta á til nýræktar, hafi áður verið ræst fram á fullnægjandi hátt, hafi þess verið þörf, að dómi trúnaðarmanns stjórnarinnar.
5. Að framræsla á landi, sem taka á til ræktunar, sitji fyrir framræslu á engjum og beitilandi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvörðun og greiðslu kostnaðar.

14. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, sem um getur í 8. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn ræktunarfélagsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

15. gr.

Til rekstrarkostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur rekstrarkostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, geymslu vélanna og viðhald, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, afborganir af lánum, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórn ræktunarfélagsins að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarrekstrarkostnaði hvers árs.

16. gr.

Aðalfundur ræktunarfélagsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka í ákvæðisvinnu ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, 4. tölulið, staflið a.—c., enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing á því, sem vinna á.

17. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdarstjórnar, áður en verk er hafið, ¾ af áætluðu kostnaðarverði þeirrar vinnu, sem þeir hafa pantað, að frádregnum jarðabótastyrk. Eftirstöðvar greiðast með gjalddaga, sem verktökusamningur ákveður.

18. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó að þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarfélagið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

19. gr.

Rekstrarafgangur og áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, sem um getur í 18. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarfélagsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, sem um hann gilda, sbr. 21. gr.

V. KAFLI

Um fjáröflun o. fl.

20. gr.

Ræktunarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er 65 000 — sextíu og fimm þúsund — krónur.

Stofnfjár sé aflað þannig: 116

1. ¼ þessarar upphæðar sé óafturkræft framlag, jafnað niður á jarðarhundruð í Hrunamannahreppi, samtals ..... kr. 16250.00 19. júlí
2. Framlag frá Búnaðarfélagi Hrunamanna ..... — 19750.00
3. Styrkur úr Framkvæmdasjóði ríkisins, skv. lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, áætlað ..... — 29000.00

Samtals kr. 65000.00

Framlag Búnaðarfélags Hrunamanna endurgreiðist á 5 árum ásamt 3% ársvöxtum af upphæðinni.

Hið óafturkræfa framlag, sem jafnað skal á jarðarhundruð, ásamt framlagi Búnaðarfélags Hrunamanna greiðist til stjórnar ræktunarfélagsins, þegar er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

21. gr.

Verði afgangur af fé stofnsjóðs, þegar vélar þær, sem upphaflega verða keyptar, hafa verið greiddar, geymist sú upphæð þar til ákveðið verður að bæta við hinn upphaflega vélakost, sbr. 23. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er framkvæmdastjórn að nota fé það til rekstrar ræktunarfélagsins, á meðan ekki þarf á því að halda til vélakaupa, enda greiðist þá af upphæðinni 3% í ársvexti, sem renna í stofnsjóð, sbr. 19. gr. þessarar samþykktar.

22. gr.

Heimilt er stjórn ræktunarfélagsins að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðabótastyrk, sem greiddur verður úr ríkissjóði á umbæturnar, skv. 2. og 5. kafla jarðræktarlaga.

23. gr.

Komi í ljós síðar, að auka þurfi stofnsjóð, að áliti stjórnar ræktunarfélagsins, ber henni að gera um það rökstuddar tillögur og leggja þær fyrir löglega boðaðan fund, þar sem fundarefnis sé getið í fundarboði. Getur sá fundur síðan ákveðið stofnfjáraukningu, er verður þá bindandi fyrir alla aðila ræktunarsamþykktarinnar.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

24. gr.

Reikningsár ræktunarfélagsins er almanaksár. Skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun reikninganna geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarfélagsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfsemi framkvæmdastjórnar í hvívetna.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, sem fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá einstökum félagsmönnum, skal senda stjórn ræktunarfélagsins. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund félagsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingartillögurnar með a. m. k. ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn ræktunarfélagsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

116 19. júlí

26. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi samþykktarinnar verði ekki náð og lögmætur aðalfundur ræktunarfélagsins samþykki það með a. m. k. ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Nú er samþykkt úr gildi felld, sbr. 26. gr., og renna þá eignir ræktunarfélagsins til Búnaðarfélags Hrunamanna, skiptast eftir sömu reglum og farið var eftir við framlög til stofnsjóðs ræktunarfélagsins.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið samþykkt af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. júlí 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

117 30. júlí

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigurborgar Sigurðardóttur og Þorleifs Jónssonar, Hólum", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. júlí 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigurborgar Sigurðardóttur og Þorleifs Jónssonar, Hólum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Sigurborgar Sigurðardóttur og Þorleifs Jónssonar, Hólum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlög frá sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu, 1500 kr., og frá Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga, 2500 kr., afhent Þorleifi Jónssyni sem heiðursgjöf á áttatíu ára afmæli hans, 21. ágúst 1944, til minningar um þau hjón. Jafnframt var af gefendum ákveðið, að viðtakandi skyldi ráðstafa sjóðnum og ákveða verkefni hans, eftir því sem honum sýndist æskilegast.

3. gr.

Fé þetta, kr. 4000.00, hefur viðtakandi lagt í innlánsdeild Kaupfélags Austur-Skaftfellinga á Höfn.

Viðtakandi, Þorleifur Jónsson, hefur ákveðið starfssvið sjóðsins eins og eftir fylgir: 117 30. júlí

4. gr.

Minningarsjóðnum skal varið til styrktar húsmæðrafræðslu í Austur-Skaftafellssýslu.

5. gr.

Leggja skal alla vextina við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 6000 kr. Má þá verja helming vaxta til húsmæðraskóla í sýslunni eftir því, sem stjórn sjóðsins ákveður.

6. gr.

Eftir því sem sjóðurinn stækkar, má verja meiru af vöxtum hans á þann hátt, er segir í 5. gr. En ætíð skal þó leggja ¼ vaxta við höfuðstólinn.

7. gr.

Tillögum, áheitum og gjöfum er veitt móttaka í sjóðinn, hvort heldur frá félögum eða einstaklingum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Einn maður kosinn af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu, einn kosinn af stjórn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, og hinn þriðji af sambandi kvenfélaga sýslunnar. Til bráðabirgða tilnefnir kvenfélagið Vaka í Nesjum konu í sjóðstjórnina, á meðan umrætt kvenfélagasamband er ekki myndað. Sérhver aðili ofangreindra kýs og einn varamann í stjórn sjóðsins.

9. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Kýs hún sér formann, gjaldkera og ritara. Hún annast um, að sjóðurinn sé ávaxtaður í öruggri lánsstofnun, eða ríkistryggðum skuldabréfum, ef þau gefa hærri vexti. Hún semur reikning sjóðsins ár hvert, og skal hann lagður fyrir sýslunefnd til yfirskoðunar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni.

Hólum á sumardaginn fyrsta 1945.

Þorleifur Jónsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT 118 30. júlí

fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu.

FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kauptúna og sveita.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur,

118 30. júlí

bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa og annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar, sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að aðhafast að óþörfu nokkuð það, sem raskar næturró manna og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að ákveða, að á fjölförnum götum eða vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, megi ekki hafa leiki um hönd, gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem geta hindrað umferðina.

Bannað er að hanga á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar.

7. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

8. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins, er það gefur til þess að halda uppi góðri reglu á almannafæri.

Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

9. gr.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns láta fyrirberast á umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

10. gr. 118

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem eiga ekki brýnt 30. júlí
erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni, frá kl. 20—8 á tímabilinu 1. október til 1. maí, en frá kl. 22—8 á tímabilinu 1. maí til 1. október.

11. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem hætta getur stafað af, má ekki flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

Ekki má skjóta úr byssu, rifli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi eða skipaleiðir að og frá bryggjum, né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágur frá ákvæðum þessum um sprengingar, ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót, og séu leyfin bundin við tiltekin svæði.

12. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, ef þurfa þykir, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

13. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri, má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni, má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

14. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða vegi, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalda. Ef slíkt leyfi er veitt, skal hlutaðeigandi stjórnarvald setja þau skilyrði eða gera þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

15. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það, svo sem þörf gerist innan tiltekins tíma, til þess að afstýra hættu. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

118 30. júlí

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, að hættulaust sé.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt burtu, án þess að annað sé byggt í staðinn, þá er eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

16. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust. Pallar, stoðir og annar útbúnaður við húsasmíði eða aðra mannvirkjagerð, skal vera nægilega traust.

Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

17. gr.

Hvarvetna þar, sem girðingarhlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé að ríðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar meðfram vegum skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

III. KAFLI

Umferð um vegi og götur.

18. gr.

Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir slökkviliði, svo fljótt sem unnt er. Sama gildir um sjúkravagna.

19. gr.

Það er bannað að aka eða ríða móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

20. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og götum, ef slík umferð álízt hættuleg eða er til sérstakra óþæginda fyrir umferð, og svo á vorin á meðan klaka leysir úr jörðu.

21. gr.

Um ljósatíma bifreiða og reiðhjóla fer eftir ákvæðum gildandi bifreiðalaga. Heimilt skal lögreglustjóra að setja um hann nánari ákvæði, ef þurfa þykir.

22. gr.

Bifreiðastjórar bera ábyrgð á, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, eða raski næturró manna.

23. gr.

Ef gangandi eða ríðandi menn eru á leið yfir brú, er bifreið ekur að, skal bifreiðin nema staðar á veginum við brúarendann og bíða þar til mennirnir eru komnir fram hjá eða yfir brúna, enda skulu þeir ekki tefja för sína að óþörfu.

24. gr.

Ef bifreiðastjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur er á vegi þeirra, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og aka varlega þar til hann er kominn fram hjá.

25. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum svo fljótt sem unnt er og svigrúm leyfir.

26. gr.

Sé for eða bleyta á vegi eða götu, sem ekið er um, skal ökumaður haga svo akstrinum, að eigi slettist á vegfarendur.

27. gr.

Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór.

28. gr.

Að öðru leyti fer um umferð eftir gildandi umferðalögum, vegalögum, lögum um bifreiðar og öðrum landslögum.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

29. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu, eins og þau eru nú eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta, svo sem við verður komið, búpenings síns og alifugla, að ekki gangi til skemmda í varplönd, engjar, tún, akra eða matjurtagarða annarra manna. Valdi búpeningur slíku tjóni þann veg, að saknæmt þyki, skal bæta það samkvæmt ákvæðum þeim, er á hverjum tíma gilda um uslagjöld.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur úti um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá nokkurs manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sér.

V. KAFLI

Um friðun og vernd á eignum.

30. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka né á annan hátt spilla húsum, mannvirkjum eða öðrum eignum, hvort heldur þær eru í eigu hins opinbera eða einstakra manna.

31. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða

118 saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem
30. júlí lokað verður, enda eigi þau að vera lokuð.

32. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað um fram það, er lög leyfa, án leyfis landráðanda.

33. gr.

Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

Öllum er skylt að ganga vel og þriflega um áningarstaði sína og tjaldstaði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleyfum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

34. gr.

Bannað er að festa upp auglýsingar á hús eða aðrar eignir án leyfis eiganda eða umráðamanns.

Hreppsnefnd getur ákveðið hvar festa megi upp auglýsingar og skal hún þá útvega í því skyni spjöld eða kassa svo marga, sem þurfa þykir.

35. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

36. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

37. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

38. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

39. gr.

Allir almennir veitingastaðir, knattborðsstofur og aðrir samkomustaðir, skulu vera lokaðir frá klukkan 11½ að kvöldi til klukkan 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Fyrr nefndum tímatakmörkum getur lögreglustjóri breytt í einstökum tilfellum, þegar sérstaklega stendur á.

40. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandi láta gera salerni, vatnssalerni, ef við verður komið, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

41. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veiti slíkt leyfi, þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin hverjum í sínum hreppi, og má taka fram um leið og leyfið er veitt, hvenær samkomunni skuli lokið.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst er samkoma byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir, sem fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er lögreglustjóri eða hreppstjóri tekur gilda, til eftirlits allan samkomutímann.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

42. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni, nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hvað mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri í umboði hans veitir leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

43. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft óheppileg áhrif á þau.

44. gr.

Knattborðstofur (Billiard) eða stofu, þar sem mönnum er seldur aðgangur til að kasta kúlum, teningum eða þess háttar, má ekki starfrækja í sýslunni, nema með leyfi hreppsnefndar.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

45. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt að skolpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi helt þann veg, að runnið geti að þeim.

46. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút, slori, mykju eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust eða í ílátum,

118 sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur. Bannað er að hengja fisk, þorskhausa
30. júlí eða fiskúrgang á girðingar eða hús með fram vegum, svo og að láta fiskúrgang liggja á túnum eða görðum nálægt alfaraleið um maðkatímann. Slor, sem borið er í garða, skal þegar grafið eða herfað niður í moldina.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo að engan ódaun leggi af þeim, og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

47. gr.

Bannað er að hella skolpi, sem fiskur eða annað hefur verið þvegið úr, á götu eða almannafæri, ekki má hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor, gor, mykju og annað því um líkt skal flytja í heldum ílátum, ef farið er um alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, er flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

48. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

49. gr.

Bannað er að hafa hunda með sér að óþörfu á mannamót. Í sambandi við sláturhús skal hafa sérstaka klefa til að geyma hunda í og er öllum eigendum hunda skylt að geyma þá þar meðan þeir dvelja í kaupstaðnum í sláturtíð.

50. gr.

Heilbrigðisnefndir eða hreppsnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Í þeim hreppum, sem heilbrigðissamþykktir hafa verið settar, fer um þetta efni eftir þeim.

ANNAR ÞÁTTUR

Sérákvæði, er taka til Þingeyrar-, Flateyrar- og Suðureyrarkauptúna.

VIII. KAFLI

Umferðarákvæði.

51. gr.

Án leyfis lögreglunnar má enginn setjast að á götu eða almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu.

52. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo að komizt verði hjá slysum og þannig að umferð um götur sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 20 km á klukkustund. Þar, sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér og annars staðar þar, sem hætta er við slysum, má ekki aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað.

53. gr.

Stéttir meðfram götu skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Bannað er að ríða um götur kauptúnanna hraðar en á hægu brokki. Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnsins, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar. 118 30. júlí

Hestar, sem staddir eru í kauptúninu, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

54. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum og komið þeim til varðveizlu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kauptúnunum, né láta þá standa úti í köldu veðri eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveizlu á kostnað umráðamanns eða eiganda.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kauptúnunum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í rétt, hús eða haga eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum lóðum einstakra manna.

IX. KAFLI

Um skepnuhald o. fl.

55. gr.

Hænsni eða aðra alifugla má ekki hafa á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, nema á afgirtu svæði eða í tryggri vörzlu, svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

56. gr.

Það er á ábyrgð eiganda, að sauðfé, geitfé, hænsni eða aðrir gripir þeirra geri engan óskunda eða skaða í kauptúnunum eða grennd þeirra. Lögreglan eða sá, er fyrir ágangi verður, má handsama slíka gripi, en tilkynna skal það hreppstjóra eða lögreglustjóra. Sérstaklega ber að hafa strangt eftirlit með þessu frá 20. maí til 20. september. Á þeim tíma má búpeningur ekki ganga laus í kauptúnunum, nema maður fylgi til að gæta hans eða hann sé í öruggri vörzlu.

57. gr.

Ágangsfénað, sem handsamaður hefur verið, má selja á opinberu uppboði til lúkningar áföllnum kostnaði og skaðabótum, ef eigandi leysir hann ekki út innan sólarhrings frá því honum barst tilkynning um handsömunina.

58. gr.

Verði almennur misbrestur á því, að reglum þessum um vörzlu búfjár sé hlýtt að dómi hreppsnefndar, getur hún sett nánari reglur um vörzluna og gert þær ráðstafanir, sem henni þykir þurfa til þess að varna ágangi. Skulu eigendur fjárins skyldir að hlýða þeim reglum og greiða þann kostnað, sem af ráðstöfunum leiðir samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar.

59. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagabeit í landi hreppanna, bæði hvernig hagabeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana.

Reglur um hagabeitargjöld skulu settar af hreppsnefndum.

118
30. júlí

ÞRIÐJI ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.

X. KAFLI
Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

60. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu.

61. gr.

Hreppstjórar skulu hver í sínum hreppi hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnframt kynna sér málavexti og senda lögreglustjóra skýrslu um málið.

XI. KAFLI
Um hegningarákvæði, kostnað og fleira.

62. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

63. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er hinn seki kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna auk sekta í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

64. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða hlýðir ekki fyrirskipunum lögreglustjóra eða hreppstjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri gerir eða lætur gera til að hindra brot á samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

65. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107, frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. júlí 1946.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Gunnars Hafberg", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. ágúst 1946. **119** 15. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Gunnars Hafberg.

Ungmennadeild Slysavarnafélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Engilbert Hafberg kaupmanni, til minningar um son hans, Gunnar Hafberg, sem fórst af slysi 25. júlí 1943.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að veita unglingum, innan 18 ára aldurs, viðurkenningu fyrir eftirtalin afrek:

a. Að bjarga mannslífi á sjó eða landi.
b. Að sýna sérstakt snarræði og þekkingu við að aftra slysum.
c. Að sýna sérstakan dugnað og þekkingu í því að veita hjálp í viðlögum, ef slys hefur borið að höndum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00, gefnar af Engilbert Hafberg, og kr. 9925.00, gefnar til minningar um Gunnar Hafberg af ýmsum ættingjum og vinum í sambandi við jarðarför hans.

Veita má fé úr sjóðnum þegar hann hefur náð kr. 10000.00 — tíu þúsund krónum —.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Einn fimmti hluti af vöxtum sjóðsins skal árlega lagður við höfuðstól hans, en fjórum fimmtu hlutum þeirra má verja til verðlauna samkv. 2. gr., þegar verðlaunagreiðslur hefjast úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, og sé forseti Slysavarnafélags Íslands ávallt formaður hans, en auk hans skipa stjórnina formaður Ungmennadeildarinnar í Reykjavík og formaður slysavarnadeildarinnar Ingólfur í Reykjavík. Stjórnin skal halda gerðabók og færa í hana fundargerðir og aðrar gerðir sínar, svo sem um veitt verðlaun og fleira.

5. gr.

Umsóknir um verðlaun úr sjóðnum skulu sendar stjórn sjóðsins fyrir lok hvers árs, og skal fylgja þeim skýrsla um hin veittu afrek, viðurkennd af viðkomandi sýslumanni eða lögreglustjóra.

Heimilt er stjórninni, ef henni þykir henta, að geyma þann hluta tekna sjóðsins, að einhverju eða öllu leyti, til úthlutunar næsta ár, ef ekki þykir ástæða til þess að úthluta honum að fullu það ár, sem þá stendur yfir.

6. gr.

Ungmennadeild Slysavarnafélagsins í Reykjavík vinnur að vexti og viðgangi sjóðsins, en auk þess er gjöfum veitt móttaka í sjóðinn.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal stjórn sjóðsins hafa samið reikning hans fyrir liðið ár. Skal hann endurskoðaður

119 15. ágúst af endurskoðendum Slysavarnafélagsins og síðan birtur í Árbók Slysavarnafélags Íslands.

8. gr.

Hætti Ungmennadeild Slysavarnafélagsins að starfa, af einhverjum ástæðum, verður sjóðurinn að öllu leyti á vegum Slysavarnafélagsins, og skal þá sá stjórnarmeðlimur sjóðsins, er vera átti í stjórn fyrir Ungmennadeildina, kosinn af stjórn Slysavarnafélagsins.

120 20. ágúst **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Friðriks Halldórssonar, loftskeytamanns", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. ágúst 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Friðriks Halldórssonar, loftskeytamanns.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Friðrikssjóður, og er stofnaður til minningar um Friðrik Halldórsson, loftskeytamann, ritara í aðalstjórn Slysavarnafélags Íslands, sem lézt 18. nóv. 1944.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4141.00, sem félaginu bárust fyrir seld minningarspjöld við andlát og jarðarför Friðriks heitins.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru, auk vaxta af höfuðstóli og gjafa, sem sjóðnum kunna að berast, árlegt tillag úr félagssjóði, er félagsstjórnin ákveður á hverjum tíma, þar til aðrar tekjur sjóðsins nægja til starfsemi hans. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita sérstök heiðursverðlaun fyrir björgun mannslífa, eða fyrir að sýna sérstakt snarræði og fórnfýsi við björgunartilraunir og slysavarnir á sjó eða landi.

5. gr.

Verðlaunin skulu vera heiðursmerki, sem stjórn Slysavarnafélagsins sæmir þá, er til þess hafa unnið að hennar dómi. Merki þetta skal vera stjarna, er hvílir á björgunarhring úr silfri, og er það þrenns konar, miðað við það afrek, sem unnið hefur verið. Fyrstu verðlaun, stjörnu úr gulli ásamt silkiborða með sömu litaniðurröðun og er á fána Slysavarnafélagsins, skal aðeins veita fyrir framúrskarandi björgunarafrek, enda hafi viðtakandi lagt líf sitt við það í bráða hættu. Önnur verðlaun eru stjarna úr silfri, en þriðju verðlaun stjarna úr bronze.

6. gr.

Stjórn Slysavarnafélags Íslands hefur öll umráð yfir sjóðnum og úrskurðar, hverjum verðlaun skuli veitt. Tillögur um verðlaun úr sjóðnum skulu stílaðar til Slysavarnafélagsins, og skal hverri umsókn fylgja vottorð þriggja valinkunnra manna, er stjórnin metur gilda, um að hlutaðeigandi hafi unnið afrekið, og ná-

kvæm skýrsla sjónarvotta og annarra um tildrög og atburð. Félagsstjórnin skal halda gerðabók um starfsemi sjóðsins, þar sem skráð eru í björgunarafrek og allt það, er varðar afhendingu verðlaunanna og þá er þau hljóta. 120 20. ágúst

7. gr.

Með tekjum sjóðsins skal félagið koma sér upp hæfilegum forða björgunarmerkja, en að því loknu skulu tekjurnar, aðrar en þær, sem fara til viðhalds þess forða, leggjast við höfuðstólinn.

8. gr.

Þegar höfuðstóll er orðinn kr. 20000.00 er heimilt að endurskoða skipulagsskrá þessa og víkka starfssvið sjóðsins, ef ástæða þykir til.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum Slysavarnafélagsins og birtast í Árbók Slysavarnafélags Íslands eins og aðrir reikningar félagsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í Stjórnartíðindunum.

REGLUGERÐ

121 7. sept.

um skömmtun á hjólbörðum og slöngum til bifreiða.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, og lögum nr. 59 7. maí 1940, um breyting á þeim lögum, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmiss konar ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Frá 7. sept. 1946 má enginn selja bifreiðagúmmí (hjólbarða og slöngur), nema þeir, er viðskiptaráð löggildir til þess.

2. gr.

Hver sá, sem hefur bifreiðagúmmí til sölu, er reglugerð þessi öðlast gildi, er skyldur að gefa skömmtunarskrifstofu ríkisins upp birgðir sínar af því eins og þær eru 7. sept. 1946. Birgðaskýrslan skal sundurliðuð eftir tegundum.

3. gr.

Bannað er að selja bifreiðagúmmí, nema kaupandi skili innkaupsleyfi frá bifreiðaeftirlitsmönnum.

Engum verður þó afhent á einu almanaksári meira en hér segir:

Fyrir hverja vörubifreið, sérleyfisbifreið eða leigubifreið til mannflutninga: 4 hjólbarðar og 4 slöngur.

Fyrir hverja einkabifreið: 2 hjólbarðar og 2 slöngur.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins í Reykjavík getur gefið undanþágu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Sá, sem vill fá keypt nýtt bifreiðagúmmí skal snúa sér til bifreiðaeftirlitsmanns í því umdæmi, sem bifreið hans er skrásett í, með beiðni um það. Í beiðninni skal

121 vera drengskaparyfirlýsing um það, að leyfisbeiðandi eigi ekki nægilegt nothæft
7. sept. bifreiðagúmmí, og að hjólbarðar þeir og slöngur, sem endurnýjunar er beiðst á, sé ónothæft. Bifreiðaeftirlitsmaður, eða umboðsmaður hans, skal fullvissa sig um það með skoðun, að rétt sé skýrt frá. Enn fremur skal tekið tillit til fyrri innkaupa bifreiðareiganda.

Bifreiðaeftirlitsmenn skulu neita leyfisbeiðni um ný bifreiðagúmmí á þær bifreiðir, sem þeir telja, að fyrir aldurs sakir eða aðrar, séu svo úr sér gengnar, að þær fullnægi ekki þeim kröfum, sem gerðar eru um ástand bifreiða, eða ef ekki eru uppfyllt þau skilyrði, sem eftirlitsmaður setur um aðgerð á bifreiðinni.

5. gr.

Í innkaupsleyfi skal tilgreina tegund og stærð bifreiðagúmmís, og að því fengnu snýr sérleyfishafi sér til löggilts bifreiðagúmmísala og fær gegn afhendingu leyfisins það bifreiðagúmmí, er leyfið hljóðar um.

6. gr.

Innkaupsleyfi skal miða við ákveðið ökutæki og sé umdæmismerki þess tilgreint í leyfinu. Skömmtunarskrifstofa ríkisins heldur spjaldskrá um öll þau ökutæki, sem fengið hafa bifreiðagúmmí, og skulu þar skráð öll þau gúmmí, sem eigandi ökutækisins fær afhent.

7. gr.

Tollstjórar skulu senda skömmtunarskrifstofu ríkisins skriflega tilkynningu um hverja sendingu af hjólbörðum og slöngum, sem er tollafgreidd. Skal í þeirri tilkynningu greina tegund og magn eftir því sem innkaupsreikningur segir til um.

8. gr.

Allar beiðnir sem teknar eru til greina, skulu bifreiðaeftirlitsmenn senda skömmtunarskrifstofu ríkisins, sem hefur eftirlit með úthlutuninni. Einnig skulu löggiltir gúmmísalar senda skömmtunarskrifstofu ríkisins um hver mánaðamót þau innkaupsleyfi, sem afgreidd hafa verið ásamt skýrslu um birgðir, innkaup og sölu í mánuðinum.

9. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins sér um framkvæmd á reglugerð þessari og getur hún hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið rannsaka birgðir löggiltra gúmmísala af þeim vörum, sem ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar taka til.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10000 krónum, og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Viðskiptamálaráðuneytið, 7. september 1946.

Pétur Magnússon.

Jón Guðmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Ástu M. Bjarnadóttur, húsfreyju, og Jóns Hannessonar, óðalsbónda í Þórormstungu í Vatnsdal", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. september 1946. **122** 13. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Ástu M. Bjarnadóttur, húsfreyju, og Jóns Hannessonar, óðalsbónda í Þórormstungu í Vatnsdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Minningar- og gjafasjóður Þórormstunguhjónanna".

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru hjónin Ásta M. Bjarnadóttir, húsfrú, og Jón Hannesson, óðalsbóndi í Þórormstungu.

Stofnfé hans er kr. 4000.00 — fjögur þúsund krónur —, er gefendurnir hafa afhent Búnaðarfélagi Áshrepps til minningar um fimmtíu ára búskap í Áshreppi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að verðlauna sjálfseignabændur í Áshreppi fyrir byggingu á heyhlöðum úr varanlegu efni á jörðum sínum. Svo og fyrir vegagerð til heyflutnings af túnum og engjum, svo að akfært verði að heyhlöðunum.

4. gr.

Sjóður þessi er óskiptileg eign Búnaðarfélags Áshrepps, og skal hann ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands. Skulu allir vextir leggjast árlega við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn tíu þúsund krónur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af innstæðu, svo og gjafir og áheit þeirra, er vilja styrkja hann.

6. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Áshrepps hefur umsjón með sjóðnum og reikningshald hans, svo og úthlutun verðlauna samkv. 3. gr. Hún skal halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem skráðir eru ársreikningar hans og skýrslur um verðlaunaveitingar og annað það, er sjóðinn varðar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal lagður fram til samþykktar á aðalfundi búnaðarfélagsins árlega, endurskoðaður af endurskoðendum búnaðarfélagsins.

8. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn tíu þúsund krónur má fara að verja ¾ hlutum árlegra vaxta samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

Meðan að ársvextir þeir, er til úthlutunar koma, fara ekki yfir fjögur hundruð krónur, skal þeim ekki skipt meira en milli tveggja sama árið.

Komi það fyrir, að dómi félagsstjórnar, að enginn sé maklegur verðlaunanna eitthvert ár, falla allir ársvextir til sjóðsins.

122 9. gr.

13. sept. Verði sú breyting gerð, að hreppabúnaðarfélög verði lögð niður og nýtt fyrirkomulag þeirra mála lögfest, skal umsjón og ábyrgð á sjóðnum falla undir það fyrirkomulag.

Þó skulu allir stjórnendur sjóðsins ávallt vera bændur innan Áshrepps.

10. gr.

Komi það í ljós að áliti stjórnarinnar, að verkefni sjóðsins sé tæmt samkvæmt 3. gr., er henni heimilt að bera fram breytingar á skipulagsskránni og skal það auglýst til allra félagsmanna með nægum fyrirvara. Þær einar breytingar má gera á skipulagsskránni, er samþykktar eru með ¾ hlutum atkvæða á löglegum aðalfundi félagsins.

Þó skal verkefni sjóðsins ávallt vera að styðja umbætur á sjálfseignarjörðum í Áshreppi.

Aldrei mé skerða höfuðstól sjóðsins.

11. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ásta M. Bjarnadóttir. Jón Hannesson.

123

14. sept.

GJALDSKRÁ

fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði.

1. Lendingar- og hafnargjöld.

Fyrir lendingar á landi skal greiða kr. 6.00 á hvert tonn flugvélarinnar fullhlaðinnar allt að 20 tonnum, en kr. 3.00 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn.

Fyrir lendingar á sjó greiðast ⅔ ofangreindra gjalda.

Minnsta gjald er kr. 10.00.

2. Flugskýlisleiga.

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 36.00 á fermetra. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 5.00 á fermetra á mánuði, en kr. 50.00 á fermetra á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

Vængjahaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
Undir 12 m	kr. 10.00	kr. 100.00
12—15 —	— 25.00	— 200.00
15—18 —	— 40.00	— 300.00
18—21 —	— 55.00	— 400.00
21—24 —	— 70.00	— 500.00
24—27 —	— 80.00	— 600.00
27—30 —	— 90.00	— 700.00
yfir 30 —	— 100.00	— 1000.00

123

14. sept.

3. Stæðis- og festargjöld.

Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst., en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

Vængjahaf flugvélar	Leiga á sólarhring
Undir 12 m	kr. 10.00
12—18 —	— 20.00
18—24 —	— 30.00
24—30 —	— 40.00
yfir 30 —	— 45.00

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem fram yfir er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum. Sjóflugvélar greiði sömu gjöld fyrir að liggja við legufæri sjóflughafnarinnar.

4. Leiga fyrir skemmur og bragga.

Mánaðarleiga kr. 1.75 fyrir fermetra af gólffleti eða sem hér segir:

Stórar vöruskemmur, 300 m²	kr. 500.00 á mánuði.
Stórir braggar, 110 m²	— 190.00 — —
Venjulegir braggar, 55 m²	— 95.00 — —

5. Leiga fyrir steinsteypta fleti.

Ársleiga kr. 2.50 á fermetra.

6. Lóðaleiga.

Ársleiga kr. 2.00—7.00 á fermetra eftir verðmæti lóðarinnar, til hvers hún er notuð og leigutíma.

7. Gjald af flugvélabenzíni.

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvellinum eða frá honum, skal greiða flugvellinum gjald sem hér segir:

Á hvern benzínlítra	kr. 0.09
Á hvert benzín-gallon	— 0.41

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. september 1946.

Áki Jakobsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

124
14. sept.

AUGLÝSING

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1946 til 31. des. 1946.

I. **Reykjavíkurkaupstaður, Akraneskaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Vestmannaeyjakaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaðar:**

Til fulls	4	ára	aldurs	kr.	680.00
— —	7	—	—	—	570.00
— —	15	—	—	—	680.00
— —	16	—	—	—	340.00

II. **Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla, Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Austur-Skaftafellssýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Ólafsfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarkaupstaður og Neskaupstaður.**

Til fulls	4	ára	aldurs	kr.	570.00
— —	7	—	—	—	465.00
— —	15	—	—	—	570.00
— —	16	—	—	—	285.00

Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu eins og hún verður hvern mánuð á tímabilinu 1. ágúst 1946 til 31. des. 1946. Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

Félagsmálaráðuneytið, 14. september 1946.

Finnur Jónsson.

Gunnl. E. Briem.

125
19. sept.

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkaupstaðar.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. Gjald af íbúðarhúsum, verzlunarhúsum o. þ. h.:

a. Af húsum virtum að fasteignamati allt að	kr.	3000.00, 15 ‰
b. Af næstu	—	4000.00, 10 —
c. Af því, sem þar er fram yfir	—	8 —
d. Minnsta gjald sé	—	50.00 á hús.

2. Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við bæjarstjórn. Sömuleiðis fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, sláturhús, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki og til hverrar annarrar slíkrar notkunar. Náist ekki samkomulag um upphæð gjaldsins, er heimilt að innheimta það eftir mæli, sem hér segir:

125
19. sept.

Af fyrstu 500 smál. sé greitt kr. 0.50 af hverri smál.
Af næstu 500 smál. sé greitt — 0.25 af hverri smál.
Af hverri smál. af því, sem þar er fram yfir, greiðist kr. 0.10 af smál.

3. Gjald af búfé:
   a. Af hverjum nautgrip ..... kr. 10.00
   b. Af hverjum hesti ..... — 5.00
   c. Af hverri sauðkind ..... — 0.50
4. Fyrir vatn til fiskþvottar ..... — 0.50 á skippund.
5. Fyrir vatn til síldarsöltunar ..... — 0.15 á tunnu.
6. Fyrir vatn til skipa ..... — 6.00 á smálest.
7. Trillubátar greiði ..... — 10.00 á ári.

Gjalddagi vatnsskattsins sé 1. október ár hvert. Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu skattsins og má taka hann lögtaki. Er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár frá gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 45 10. júní 1938, fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðar, og síðari breytingar á henni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

126
23. sept.

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar frá 14. júní 1930.

5. liður gjaldskrárinnar orðist þannig:
Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 3.00 fyrir hverja smálest vatns, þó eigi minna í hvert skipti en kr. 20.00 fyrir skip minni en 50 smálesta og kr. 40.00 fyrir stærri skip. Bæjarstjórn getur, fyrir eitt ár í senn eða skemmri tíma, gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjöld eða mánaðargjöld af þeim. Þegar vatn er afgreitt í eftirvinnu, næturvinnu eða helgidagavinnu, greiðir kaupandi auk þess afgreiðslumanni vatnsveitunnar laun samkvæmt kauptaxta verkamannafélagsins á staðnum fyrir þann tíma, sem afgreiðslan tekur.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. september 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

127 25. sept. **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Landmannahrepps", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. sept. 1946. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Landmannahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Landmannahrepps og er starfssvið hans einungis Landmannahreppur í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 60000.00 — sextíu þúsund krónur — úr núverandi sveitarsjóði Landmannahrepps. Er það svo tilkomið að hreppnum hlotnaðist kr. 25000.00 á árunum 1914 til 1919 fyrir selt vatnsafl í afrétti (Þjórsá, Tungnaá m. m.) og hefur ávaxtast síðan.

3. gr.

Menningarsjóðurinn ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. ⅔ ársvaxta falla til útborgunar, en ⅓ þeirra leggst við höfuðstólinn unz sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —. Eftir þann tíma getur sjóðstjórnin ákveðið að falli allt að ¾ vaxta til útborgunar, en ¼ þeirra leggst ávallt við höfuðstólinn.

4. gr.

Þeim vöxtum Menningarsjóðs, er falla til útborgunar, er stjórn sjóðsins heimilt að verja til að koma af stað, styrkja eða efla hvers konar andlega eða verklega menningarstarfsemi innan Landmannahrepps. Heimilt er stjórn sjóðsins að draga saman tilfallna vexti um nokkurra ára skeið sé um að ræða fyrirhugaðar stórframkvæmdir í áður nefndu skyni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Kýs hreppsnefnd Landmannahrepps einn að afloknum almennum hreppsnefndarkosningum. Annar skal kosinn af búendum hreppsins á hreppaskilaþingi til 3 ára. Sóknarpresturinn í Landprestakalli er sjálfkjörinn og skal hann einnig vera formaður stjórnarinnar sé hann heimilisfastur í hreppnum, annars kýs stjórnin sér formann til 1 árs í senn. Stjórnin heldur minnst einn fund á ári. Skal hún halda gerðabók þar sem hún gerir grein fyrir hverja starfsemi hún styrkir og hvers vegna. Í bókina ritar hún og reikninga sjóðsins árlega.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár og skulu reikningar hans fylgja sveitarreikningi Landmannahrepps til endurskoðunar.

AUGLÝSING

128
26. sept.

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hríseyjarkauptúns, nr. 88 18. júní 1942.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Í stað orðanna „þeim er vatn nota" komi: sem vatni er veitt að.

2. gr.

4. gr. falli burt, og í staðinn komi ný grein, sem orðast þannig:

Fyrir verksmiðjur, frystihús, sláturhús, saltfiskverkunarhús, baðhús, þvottastöðvar, hreyfivélar, iðnaðarfyrirtæki og til annarrar slíkrar notkunar, er vatnsveitunefnd heimilt að ákveða vatnsskatt með samningi við hlutaðeigendur. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins skal hann innheimtur með mæli. Greiðist þá af ársnotkun 5.00 kr. fyrir hverja 100 hl. upp að 10 þúsund hl, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánara samkomulagi.

Vatnsveitan leggur til mæla, en notendur greiða hæfilega leigu eftir þá.

3. gr.

Aftan við 6. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó verði aldrei greiddur meira en hálfur vatnsskattur af þeim húsum, sem ekkert vatn nota.

4. gr.

7. gr. breytist þannig: Í staðinn fyrir „50%" komi: 100%.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. september 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

129
26. sept.

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitu Hríseyjarkauptúns, nr. 89 18. júní 1942.

1. gr.

15. liður breytist þannig, að í stað „7.20" komi: 10.00.

17. liður falli í burtu, og nýr liður komi, svo hljóðandi:

Fyrir afgisun og útvötnun á tómum tunnum greiðist kr. 0.15 á tunnu.

19. liður breytist þannig, að í staðinn fyrir „kr. 15.00" komi: kr. 30.00 og í staðinn fyrir „kr. 10.00" komi: kr. 20.00.

2. gr.

Nýr liður bætist í gjaldskrána, svo hljóðandi:

Fyrir vatn til þvotta á síldarplani og síldaráhöldum greiðist kr. 0.15 á tunnu.

129 26. sept. Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. september 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

130 27. sept. **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Svöfu Jónasdóttur, Jóhannesar Þorkelssonar og Ásu Jóhannesdóttur frá Fjalli í Aðaldal," útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. september 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Svöfu Jónasdóttur, Jóhannesar Þorkelssonar og Ásu Jóhannesdóttur frá Fjalli í Aðaldal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Svöfu Jónasdóttur, Jóhannesar Þorkelssonar og Ásu Jóhannesdóttur og er hann stofnaður af eftirlifandi börnum þeirra Fjallshjóna, Signýju, Helgu og Þorkeli, og tengdasyni þeirra, Oddi Ólafssyni, til minningar um þau og dóttur þeirra Ásu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 8000 — átta þúsund — krónur, sem lagðar hafa verið í Söfnunarsjóð Íslands til geymslu og ávöxtunar. Sjóðinn má auka með gjöfum og framlögum, en auk þess leggst einn hundraðshluti árlegra vaxta við höfuðstólinn.

3. gr.

Árlegum útborguðum vaxtatekjum sjóðsins skal varið til eflingar skógrækt og íþróttastarfsemi í Aðaldælahreppi, eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnarinnar hverju sinni.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Stofnendur sjóðsins tilnefna einn og sé hann formaður stjórnarinnar. Annar skal kosinn af Skógræktarfélagi Aðaldæla, en hinn þriðji af ungmennafélagi sveitarinnar.

Þegar stofnendur sjóðsins eru frá fallnir, eða óska ekki lengur að nota tilnefningarrétt sinn, skal hreppsnefnd Aðaldælahrepps velja stjórnarformann sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal kosin til þriggja ára í senn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók um, hversu fé sjóðsins er varið hverju sinni, og varðveita eignaskilríki hans og skjöl, er varða hann og starfsemi hans. Árlegan reikning sjóðsins skal sjóðstjórn senda sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu til endurskoðunar og úrskurðar.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

131
9. okt.

um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl., nr. 121 frá 1940.

Upphaf 3. greinar reglugerðarinnar orðist svo:
Allir þeir, sem hafa jörð til ábúðar eða umráða, eru skyldir til að smala heimalönd sín á vorum, eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

Breyting þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. laga nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. október 1946.

Pétur Magnússon.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

132
11. okt.

um breyting á samþykkt um akfæran veg frá Hlíðará fram Svartárdal, austan Svartár, nr. 4 frá 4. jan. 1923.

3. gr. orðist svo:
Þeim huta af kostnaði við vegagerð þessa, sem ekki fæst úr sýsluvegasjóði, skal jafnað þannig niður:

Greiða skal:
1. Af landverði þeirra jarða, sem á samþykktarsvæðinu eru, 1 krónu á hvert gjaldskylt hundrað samkv. fasteignamati.
2. Af hverjum nautgrip 1 krónu.
3. Af hverju hrossi 50 aura.
4. Af hverri sauðkind 10 aura.
5. Hver verkfær maður skal greiða 1 dagsverk.

Lögskipuð hreppadagsverk geta frambúar Svartárdals ætíð krafizt að lögð séu **í hreppavegi.**
Heimilt er aðalfundi að hækka tekjuliðina 1—4 hér að framan um allt að 50%.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38 28. nóvember 1919, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. október 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

133
16. okt.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, nr. 74 7. des. 1923.

Réttindi þau og gjaldfrestur fyrir einkaleyfishafa, sem um getur í auglýsingu nr. 4 4. janúar 1944, skulu haldast til 1. janúar 1947.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, til að öðlast þegar gildi og birtast öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

134
17. okt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Hjúkrunarsjóð Hornafjarðar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. október 1946.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjúkrunarsjóð Hornafjarðar.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Hjúkrunarsjóður Hornafjarðar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður fyrri hluta ársins 1946 á Höfn í Hornafirði til minningar um þessar konur:
Rannveigu Guðmundsdóttur ljósmóður, Þórunni Þórðardóttur, Katrínu Pálsdóttur, Guðríði Hreiðarsdóttur, Bergþóru Jónsdóttur, Guðrúnu Í. Guðmundsdóttur.
Stofnendur eru nokkrir ættingjar og vinir þeirra, sem oddviti Hafnarhrepps heldur skrá yfir.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er að upphæð 2000 — tvö þúsund — krónur.

4. gr.

Markmið sjóðsins er fyrst og fremst að stuðla að því, að í þessu læknishéraði verði sem allra fyrst starfandi hjúkrunarkona, og sé heimili hennar á Höfn.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Minningargjafir, er honum kunna að berast, og vextir, einnig ef sjóðnum yrði aflað tekna á annan hátt, t. d. með merkjasölu.

6. gr.

Minningargjafir skal leggja við höfuðstól sjóðsins og má ekki veita styrk úr honum fyrr en hann er orðinn kr. 5000.00. En þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita allt að kr. 1000.00 styrk, eftir því sem fé er fyrir hendi, til hjúkrunarnema, er skuldbindi sig til að starfa á Höfn minnst 5 ár, eða starfandi hjúkrunarkonu, ef um það er að ræða. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

7. gr.

Hætti styrkþegi námi eða starfi ekki tilsettan tíma í héraðinu, án þess að veikindi hamli, skal endurgreiða styrkinn eftir samkomulagi við stjórn sjóðsins. 134 17. okt.

8. gr.

Verði styrkur úr þessum sjóði óþarfur í framtíðinni, þ. e. a. s. að hjúkrunarstarfið verði svo vel launað, að ekki þyki ástæða til þess að styrkja slíkan hjúkrunarnema eða starfandi hjúkrunarkonu, þá ráðstafar stjórn sjóðsins styrktarfénu til hjálpar bágstöddum sjúklingum eða til annarrar líknarstarfsemi.

9. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggum stað, er fullnægi fyrirmælum laga um varðveizlu og ávöxtun opinberra sjóða.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, körlum eða konum sem stofnendur velja meðan þeirra nýtur við. En síðan héraðslæknir í Hornafjarðarhéraði, ljósmóðir á Höfn og einn maður tilnefndur af hreppsnefnd Hafnarhrepps, í sameiningu.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulagsskrána, minningargjafir, styrkveitingar og annað, er varðar hag sjóðsins. Reikning fyrir sjóðinn semur stjórnin árlega og sendir hann hreppsnefnd Hafnarhrepps til endurskoðunar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

AUGLÝSING

135 17. okt.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Krossavíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis, nr. 161 25. sept. 1942.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis kýs þrjá menn í hafnarnefnd til fjögurra ára í senn, og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Einnig skal hreppsnefnd á sama hátt kjósa þrjá varamenn. Hafnarnefnd skal ætíð kjósa, er hreppsnefndarkosningar hafa fram farið.

2. gr.

Gjöld þau, sem um getur í 1. og 2. gr. auglýsingar nr. 71 16. maí 1944, um breyting á hafnarreglugerðinni, skulu framvegis innheimtast með 60% viðauka þar til öðruvísi verður ákveðið.

Reglugerðarbreytingar þessar staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946 til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. október 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

136
19. okt.

REGLUGERÐ

um mjólk og mjólkurvörur.

Skýring hugtaka.

1. gr.

Mjólk er vökvi sá, sem fenginn er úr júgri kýrinnar við reglubundnar mjaltir, og er heil kýrnyt eða kýrnytir eða hluti úr heilli kýrnyt, einni eða fleirum. Kýrnyt er öll sú mjólk, sem við reglubundnar mjaltir næst úr júgri einnar kýr í eitt skipti. Úr mjólkinni hefur ekkert verið tekið og engu í hana bætt.

Nýmjólk er óhituð mjólk, sem í er að minnsta kosti 3,0% af fitu og er að eðlisþyngd að minnsta kosti 1,028, en í mesta lagi 1,034, hvort tveggja miðað við 15° C. Þó má heilbrigðisnefnd á viðkomandi sölustað ákveða hærra fitulágmark.

Broddmjólk er mjólk, sem mjöltuð er fyrstu fimm sólarhringa eftir kálfsburð, enda hlaupi hún við upphitun, án þess að frá henni skiljist til muna mjólkurvatn (serum).

Barnamjólk er nýmjólk, sem framleidd er samkvæmt sérstakri reglugerð um framleiðslu á barnamjólk.

Hituð mjólk:

1. *Flóuð nýmjólk* er nýmjólk, sem hefur verið soðin í eitt eða fleiri skipti.
2. *Gerilsneydd nýmjólk* er nýmjólk, sem að lokinni vandlegri hreinsun hefur að nokkru eða öllu leyti verið sneydd lifandi gerlum með viðeigandi og viðurkenndum gerilsneyðingaraðferðum. Mjólkin er gerilsneydd í síðasta lagi 1½ sólarhring eftir mjaltir, enda hafi henni verið haldið hæfilega kaldri og vel með hana farið. Ráðherra getur þó, að fengnum tillögum landlæknis, veitt stað- og tímabundnar undanþágur frá ákvæði þessu. Þegar að gerilsneyðingu lokinni er mjólkin kæld að minnsta kosti niður í 8° C., en þó ekki niður fyrir 1° C., og um hana búið í tryggum umbúðum.

Viðurkenndar gerilsneyðingaraðferðir eru:

A. *Pasteurs-hitun* í viðurkenndum tækjum:
   a. Hitun upp í minnst 85° C. í eina mínútu í viðeigandi tækjum.
   b. Skyndihitun upp í 72—74° C. í viðeigandi tækjum.
   c. Hitun upp í 62—65° í minnst hálfa klukkustund í viðeigandi tækjum.

B. *Dauðhreinsun:* Hitun, unz dauðir eru hvers konar gerlar og gró.

Tæki þau, sem um getur í 5. málsgrein 2. A. a, b, c þessarar greinar, skulu viðurkennd af lögreglustjóra í samræmi við þær kröfur, sem heilbrigðisstjórnin gerir á hverjum tíma. Tæki til skyndihitunar skal ekki viðurkenna, nema þau hafi sjálfritandi hitamæli.

2. gr.

Mjólkurvörur — aðrar en smjör, mjólkurostur, mysuostur og skyr, sem falla ekki undir reglugerð þessa — eru eftirtaldar vörutegundir:

1. *Súrmjólk* er súr nýmjólk, sem sýrð hefur verið með hreinræktuðum mjólkursýrugerlum.
2. *Jóghúrt* og *kefír* eru gerjuð nýmjólk með sérstökum gerlategundum, sem hreinræktaðir eru til þeirra nota.
3. *Rjómi* er hluti mjólkur, sem unninn er á þann hátt, að mjólk er látin setjast til eða hún skilin í tækjum, sem til þess eru ætluð. Af rjóma eru til tvær tegundir, misjafnar að fitumagni:
   a. *Kaffirjómi* er rjómi, sem í er að minnsta kosti 10% af mjólkurfitu, en þó minna en 20%.

b. *Þeytirjómi* er rjómi, sem í er að minnsta kosti 30% af mjólkurfitu, en þó minna en 35%. 136 19. okt.

4. *Gerilsneyddur rjómi* er rjómi, sem hitaður hefur verið eftir ákvæðum 1. gr. 5. málsgr. 2. A. a.
5. *Undanrenna* er sá hluti mjólkurinnar, sem eftir verður, þegar rjóminn hefur verið skilinn frá henni.
6. *Mysa* er sá hluti mjólkurinnar, sem eftir verður við osta- eða skyrgerð.
7. *Áfir* er sá hluti rjómans, sem eftir verður, þegar úr honum hefur verið strokkað smjör, enda sé mjólkurþurrefnið að minnsta kosti 8%.
8. *Dauðhreinsaður* rjómi (sbr. 1. gr. 5. málsgrein 2. B.). Ílátin, sem rjóminn er geymdur í, eru svo vel lokuð, að gerlar komist ekki í hann á ný.
9. *Þykkt mjólk* er mjólk, sem úr hefur verið soðinn nokkur hluti vatnsins, og stundum bætt í sykri:
   a. *Þykkt mjólk, ósykruð,* sem í er að minnsta kosti 7,0% af fitu og að minnsta kosti 17,5% af fitusnauðu þurrefni mjólkurinnar.
   b. *Þykkt mjólkur, sykruð,* sem í er settur hreinn hvítur neyzlusykur (Saccharose) og í er að minnsta kosti 8,3% af fitu, að minnsta kosti 22% af fitusnauðu þurrefni mjólkurinnar og í mesta lagi 27% af vatni.
10. *Mjólkurduft* (þurrmjólk) er mjólk, sem þurrkuð hefur verið í viðurkenndum tækjum og í er að minnsta kosti 25% af fitu, miðað við þurrefni, og í mesta lagi 6% af vatni.
11. *Undanrennuduft* er undanrenna, sem þurrkuð hefur verið í viðurkenndum tækjum og í er í mesta lagi 6% af vatni.

Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

3. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, er óheimilt að setja mjólk eða mjólkurvörur í umferð eða hafa þær á boðstólum, og gildir einu, þótt þær séu auðkenndar með tilliti til þess:

1. Mjólk úr kúm, sem haldnar eru eða grunur er á, að haldnar séu berklum, miltisbrandi, garnabólgu, legbólgu, júgurbólgu, gin- og klaufaveiki, kálfsburðarsótt eða öðrum sjúkdómum, sem geta spillt mjólkinni eða borizt með henni.
2. Mjólk og mjólkurvörur, sem með hefur verið farið af mönnum, sem haldnir voru næmum sjúkdómum eða hætta var á, að borið gætu með sér sýkla næmra sjúkdóma, þegar þeir unnu að vörunni.
3. Mjólk úr kúm, sem aldar eru á fóðurtegundum, sem spillt geta mjólkinni.
4. Mjólk úr kúm, sem við eru notuð lyf, sem borizt geta í mjólkina og spillt henni.
5. Mjólk úr kúm, sem á hafa verið gerðar þær læknisaðgerðir, er spillt geta mjólkinni.
6. Mjólk og mjólkurvörur, sem í er meira af tini, zinki, antimóni, kadmíum, eir, nikkil, járni, alúmíníum en minnst getur orðið.
7. Mjólk og mjólkurvörur, sem geymdar hafa verið í ílátum eða með þær farið í áhöldum úr eiri eða járni (öðru en ryðfríu stáli), ef þessir málmar eru ekki tinhúðaðir eða tinhúðin til muna götótt. Auk þessa gilda ákvæði 13. greinar í almennum reglum nr. 49 15. júlí 1936, um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.
8. Mjólk og mjólkurvörur, sem í er gröftur, graftarsýklar eða aðrir sýklar hættulegir heilbrigði manna eða dýra.
9. Mjólkurvörur, sem unnar eru úr mjólk, sem fellur undir ákvæði 1.—5. tölul. þessarar greinar.

136 10. Dauðhreinsaður rjómi og þykkt mjólk, ef ílátin bera þess merki, að þau
19. okt. hafi ekki verið nægjanlega vel lokuð, eða innihaldið sé farið að gerjast.
11. Dauðhreinsaður rjómi og þykkt mjólk ósykruð, sem skemmist við þriggja sólarhringa geymslu við 37° C.

Matsreglur.

4. gr.

Mjólk og mjólkurvörur þær, er hér greinir, eru sérstaklega metnar *skemmdar*, og má ekki hafa þær í umferð, þótt þær séu auðkenndar með tilliti til þess:

1. Nýmjólk, sem blönduð er broddmjólk.
2. Mjólk úr kúm, sem eru að verða geldar, enda mjólki þær minna en einn lítra á dag.
3. Mjólk, sem hleypur, þegar hún er flóuð eða blönduð að jöfnum rúmmálum með þynntum vínanda, sem í eru 68% af aethylalkóhóli miðað við rúmmál. Undanskilin þessu ákvæði er broddmjólk.
4. Mjólk og mjólkurvörur, sem af er súrbragð, þó að undanteknum þeim mjólkurvörum, sem að eðli sínu eru venjulega súrar.
5. Mjólk og mjólkurvörur, sem að útliti, lykt eða bragði eða á annan hátt eru orðnar verulega breyttar, svo að þær eru orðnar óhæfar eða miður hæfar til neyzlu.
6. Mjólk og mjólkurvörur, sem að verulegu leyti eru óhreinar.
7. Mjólk og mjólkurvörur, sem í er óvenjulega mikið af annarlegum gerlum.
8. Mjólkurvörur, sem gerðar eru úr skemmdri mjólk.

5. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, sem hér greinir, er mjólk og mjólkurvörur metnar *eftirlíktar* eða *falsaðar*, og má ekki hafa þær í umferð, þótt auðkenndar séu með tilliti til þess:

1. Mjólk og mjólkurvörur, sem ekki hafa verið nægjanlega vel blandaðar saman, áður en af þeim var tekið.
2. Mjólk, sem úr hefur verið tekinn rjómi að öllu eða nokkru leyti, enda sé hún ekki auðkennd sem undanrenna.
3. Mjólk og mjólkurvörur, sem í hefur verið sett vatn, ís eða mjólkurís.
4. Mjólk, sem í hefur verið sett undanrenna.
5. Mjólk og mjólkurvörur, sem í hafa verið látin annarleg efni.
6. Mjólk og mjólkurvörur, sem í hafa verið látin rotvarnarefni eða sýrueyðandi efni.
7. Mjólk og mjólkurvörur, sem í hefur verið látin mjólk annarra dýra eða vörur unnar úr henni.
8. Gerilsneydd mjólk og gerilsneyddur rjómi, sem ekki hefur verið kældur niður fyrir 8° C. þegar eftir gerilsneyðinguna og haldið nægjanlega köldum, þar til hann er afhentur kaupanda.
9. Gerilsneydd mjólk, ef fosfatase-prófun er jákvæð, enda sé beitt viðurkenndri aðferð við prófunina.
10. Gerilsneydd mjólk á flöskum, ef í tveim sýnishornum af fimm eru saurgerlar í 0,1 cm^3, eða eru finnanlegir í 0,01 cm^3.
11. Gerilsneydd mjólk, ef gerlafjöldi hennar er meiri en 100000 í cm^3.
12. Gerilsneydd mjólk, sem unnin er úr eldri mjólk en 1½ sólarhrings gamalli eða úr skemmdri mjólk, sbr. þó undanþáguákvæði í 1. gr. 5. málsgrein.
13. Gerilsneydd mjólk, sem unnin er úr 4. flokks mjólk (sbr. 14. gr.).
14. Mjólk og rjómi, sem gerilsneydd eru samkvæmt 1. gr. 5. málsgr. 2. A. a., ef

Storchs-prófun með aðferð Tillmanns er jákvæð. Sama gildir um flóaða mjólk. 136 19. okt.

15. Dauðhreinsaður rjómi, sem ræktaðir verða úr gerlar.
16. Mjólkurvörur, sem búnar eru til úr eftirlíktri eða falsaðri mjólk.

6. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, telst mjólk og mjólkurvörur, *blekkjandi* vegna villandi *auðkenningar, upplýsinga* eða *umbúnaðs:*

1. Mjólk og mjólkurvörur, sem eru ekki unnar og samsettar samkvæmt skilgreiningu 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar.
2. Mjólk og mjólkurvörur, sem vantar auðkenningu eða eru ekki auðkenndar á viðeigandi hátt.
3. Ef gerilsneydd mjólk eða flóuð mjólk er seld sem nýmjólk.
4. Ef ranglega er bent til sérstaklega vandaðrar framleiðslu eða meðferðar, sérstaklega góðra eiginleika, eða séu mjólkurvörur ranglega taldar nýjar.
5. Mjólk eða mjólkurvörur, sem eru ranglega taldar hafa sérstök hollustuáhrif.

Reglur um vinnslu og meðferð mjólkur og mjólkurvöru.

7. gr.

Auk þeirra ákvæða, sem um getur í almennum reglum nr. 49 15. júlí 1936, um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, eru sett eftirfarandi ákvæði um mjólk og mjólkurvörur.

8. gr.

Heimili, sem framleiða mjólk til sölu, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að ekki séu þar viðvarandi smitandi sjúkdómar, svo sem berklaveiki, holdsveiki, miltisbrandur eða taugaveiki (smitberar).
2. Að skilyrði til þrifnaðar og þrifnaður séu í góðu lagi. Þannig skulu á öllum slíkum heimilum vera vel þrifin salerni, er nothæf séu vetur sem sumar og aðgengileg fyrir allt heimafólk og gesti.

9. gr.

Fjós, þar sem framleidd er mjólk til sölu, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Fjósin skulu vera björt og loftgóð.
2. Flórinn skal vera vatnsheldur.
3. Safnþróm, mykjuhúsum og votheysgryfjum skal vera þannig fyrir komið, að eigi berist óþefur úr þeim inn í fjósið.
4. Fjósin með öllum tilheyrandi útbúnaði skulu vera þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau.
5. Salerni skulu ekki vera í beinu sambandi við fjósin.
6. Í fjósinu skulu vera handhæg og þrifaleg tæki til handþvotta.

10. gr.

Um hirðingu á fjósi og kúm, þar sem mjólk er framleidd til sölu, gildir eftirfarandi:

1. Fjósunum skal haldið vel hreinum og skulu þau kölkuð eigi sjaldnar en einu sinni á ári, þar sem því verður við komið, nema hægt sé að þvo þau.
2. Vatn, sem notað er í fjósum til drykkjar handa kúm eða til þrifa, skal vera hreint og ómengað.

136 19. okt.

3. Fjósin skulu mokuð og sópuð reglulega og kýrnar burstaðar og hreinsaðar.
4. Öll fjósaverk skulu þannig af hendi leyst, að ekki berist í mjólkina beinlínis eða óbeinlínis ryk eða önnur óhreinindi, né óþefur. Sérstaklega ber að gæta þess, að búið sé að ræsta fjósið, bursta kýrnar og gefa þeim eigi síðar en stundarfjórðungi fyrir mjaltir.
5. Í fjósum skal ekki geyma aðra hluti en þá, sem notaðir eru til fjósaverka.
6. Sé í fjósum annar búpeningur en nautgripir, skal halda þeim vel aðskildum. Ekki má hafa í fjósum alifugla né svín.
7. Fjós má ekki nota sem salerni.
8. Við ræstingu kúnna og fjóssins má eigi nota svo lyktarsterk efni, að mjólkin geti mengazt af þeim, t. d. kreólín.
9. Fjósin skulu varin rottum og músum, svo og eftir föngum flugum og öðrum skordýrum.

11. gr.

Um mjaltir á kúm, þar sem mjólk er framleidd til sölu og aðra meðferð mjólkurinnar gildir eftirfarandi:

1. Áður en kýrin er mjólkuð, skal vandlega hreinsa júgrið og í kringum það.
2. Mjaltafólkið skal vera yzt klæða í hreinum mjaltafötum og bert upp að olnboga. Það skal þvo sér vandlega um hendur og handleggi fyrir mjaltir og síðan eins oft og þörf krefur, meðan á mjöltunum stendur.
3. Mjaltafólkið skal þvo sér vandlega um hendur, þegar það hefur notað salerni.
4. Fyrstu bununum úr spenunum má hvorki mjólka saman við mjólkina né niður í básinn og eigi heldur nota þær til að væta með þeim spenana eða hendurnar.
5. Mjólka skal með þurrum höndum ella nota viðurkennd júgursmyrsli.
6. Kýr með þrimla í júgri eða aðra júgursjúkdóma, og kýr, sem ekki mjólka óaðfinnanlegri mjólk, skal mjólka síðast og í sérstakt ílát, og má ekki blanda slíkri mjólk saman við aðra mjólk. Sérstaklega skal gæta þess, hvort mjólkin sé strimluð, vatnsþunn, slímkennd eða með annarlegum lit, lykt eða bragði.
7. Strax eftir að kýrin hefur verið mjólkuð, skal bera mjólkina úr fjósinu. Mjólkin skal kæld eftir föngum, og skulu ílátin ekki vera þéttlokuð, meðan á kælingunni stendur.
8. Vandlega skal forðast, að mjólkin frjósi, áður en hún er send af stað, og eftir því sem við verður komið, meðan á flutningi stendur.
9. Þess skal vandlega gætt, að mjólkin standi ekki í sólskini og sé varin því, meðan á flutningi stendur.
10. Við flutning á mjólk og mjólkurvörum má ekki hafa annan farangur á flutningatækjunum, nema hann sé vel aðskilinn frá mjólkurílátunum. Sérstaklega skal gæta þess, að engar vörur séu settar ofan á mjólkurílátin eða fólk sitji á þeim.

12. gr.

Um húsakynni, þar sem mjólk eða mjólkurvörur aðrar en þær, sem um getur í 2. gr. 8. til 11. tölul. í þessari reglugerð, eru geymdar, hafðar á boðstólum, seldar eða með þær farið á annan hátt, gildir eftirfarandi:

1. Húsakynni skulu vera björt, loftgóð, svöl, hrein og laus við óþef, sem spillt gæti mjólkinni, og skulu þau varin rottum, músum, flugum og öðrum skordýrum, ryki og sterku sólskini.
2. Í þeim skal vera þess konar útbúnaður, að hægt sé að halda mjólkinni vel kaldri, að minnsta kosti fyrir neðan 15° C. Þó getur heilbrigðisnefnd sett hér strangari ákvæði, ef skilyrði eru talin vera fyrir hendi.
3. Gólfið skal vera vatnshelt.
4. Veggirnir skulu vera málaðir með olíumálningu, að minnsta kosti 150 cm frá

gólfi, lagðir flísum eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að þeir þoli 136
þvott og auðvelt sé að hreinsa þá. Aðrir veggir og loft skulu að minnsta kosti 19. okt.
kölkuð og eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

5. Í þessum húsakynnum má ekki hafa hunda, ketti eða önnur húsdýr og eigi heldur hleypa þeim þangað.
6. Í þessum húsakynnum skal vera greiður aðgangur að heitu og köldu vatni (úr leiðslum, ef þess er kostur) og þvottaskál, og skal starfsfólkið hafa hægan aðgang að vel þrifnu salerni (vatnssalerni, þar sem því verður við komið).
7. Starfsfólkið skal þvo sér vandlega um hendur, þegar það hefur notað salerni.
8. Vatn, sem notað er til þvotta og kælingar skal fullnægja fyllstu kröfum, sem gerðar eru til neyzluvatns.

Ákvæði þessarar greinar, önnur en 1., 2. og 5. töluliður, ná þó ekki til húsakynna, sem eingöngu eru notuð til geymslu eða sölu á mjólk eða mjólkurvörum í lokuðum ílátum.

Ákvæði þessarar greinar taka og ekki til veitingastaða né annarra staða, þar sem mjólk og mjólkurvörur eru einungis látnar af hendi til neyzlu á staðnum.

13. gr.

Um útbúnað og tæki, sem snerta mjólk eða mjólkurvörur, gildir eftirfarandi:

1. Til geymslu og flutnings má ekki nota tréílát.
2. Ekki má nota útbúnað og áhöld, sem mengað geta mjólkina með annarlegum efnum, sbr. sérstaklega 3. gr. þessarar reglugerðar.
3. Útbúnaður og áhöld skulu þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau.
4. Útbúnaður og áhöld mega ekki vera verulega döluð eða beigluð.
5. Til lokunar eða þéttunar á ílátum eða tækjum má ekki nota efni, sem sjúga í sig mjólk.
6. Á ílátum, sem mjólk eða mjólkurvörur eru seldar úr, skal vera lok, sem grípur út yfir barmana.
7. Þegar ílát undan mjólk eða mjólkurvörum hafa verið hreinsuð, skal þeim hvolft á þrifalegum stað, svo að þau nái að þorna.
8. Um hreinsun og geymslu mjaltavéla skal farið nákvæmlega eftir þeim fyrirmælum, sem vélunum fylgja.

14. gr.

Um meðferð á mjólk og mjólkurvörum í mjólkurbúum gildir eftirfarandi:

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. 2. málsgr., er mjólkurbúum heimilt að taka á móti mjólk frá framleiðendum þótt í henni sé minni fita en 3,0%, enda sé sú mjólk notuð til vinnslu eða blönduð feitari mjólk, eigi hún að seljast sem nýmjólk eða hituð mjólk.
2. Öll mjólk skal vandlega síuð eða hreinsuð í þar til gerðri skilvindu, áður en hún er gerilsneydd eða tekin til vinnslu.
3. Öll mjólk, sem tekið er á móti, skal flokkuð í 4 flokka eftir litprófun Barthels og Orla-Jensen eigi sjaldnar en einu sinni í viku. Flokkun þessi skal lögð til grundvallar við greiðslu mjólkurinnar til framleiðenda. Skal greiða hæst verð fyrir 1. flokk, en svo stiglækkandi fyrir 2., 3. og 4. flokk.
4. Sé ógerilsneydd mjólk flutt á milli mjólkurbúa, þá skal það mjólkurbú, sem síðast tekur við henni, flokka hana á ný. Þetta gildir þó því aðeins, að mjólkina eigi að selja sem neyzlumjólk.
5. Mjólk, sem vitað er eða grunur er um, að sé í 4. flokki, má ekki selja sem neyzlumjólk.
6. Mjólk, sem ætluð er til sölu, má aðeins gerilsneyða einu sinni.
7. Mjólk og rjóma, að undanteknum dauðhreinsuðum rjóma, skal kæla niður í

136 19. okt.

1—8° C., og skal þeim haldið svo köldum, meðan þau eru geymd í mjólkurbúinu.

8. Mjólkurbú, sem láta af hendi gerilsneydda nýmjólk eða gerilsneyddan rjóma, mega ekki láta af hendi óhitaða mjólk, nema með hana sé farið að öllu leyti í sérstökum tækjum og að öðru leyti þannig, að hin gerilsneydda mjólk eða rjómi mengist ekki af henni.

15. gr.

Um meðferð á mjólk og mjólkurvörum í mjólkurbúðum gildir eftirfarandi:

1. Mjólk og mjólkurvörum skal haldið vel köldum, þar til sala fer fram og að minnsta kosti fyrir neðan 15° C, sbr. þó 12. gr. 2. tölulið.
2. Mjólk, hitaða eða óhitaða, rjóma og aðrar mjólkurvörur, sem ekki þola geymslu, má ekki geyma í mjólkurbúðunum yfir nóttina til að selja þær næsta dag. Ákvæði þessi taka ekki til dauðhreinsaðrar mjólkur eða rjóma.
3. Óhituð mjólk má ekki vera eldri en 18 klst. gömul, þegar hún er látin af hendi til neytenda.
4. Eigi má líða lengri tími en 36 klst., frá því að mjólk er gerilsneydd og þar til hún er afhent neytanda.
5. Heilbrigðisnefnd er heimilt að ákveða, að í mjólkurbúðum skuli mjólk einungis afhent í tilluktum flöskum.
6. Þar sem mæld er út mjólk eða rjómi úr opnum ílátum, skulu mælitækin þannig útbúin, að hendurnar snerti ekki mjólkina eða rjómann, þegar mælt er. Enn fremur skulu mælitækin þannig gerð, að hægt sé að koma þeim fyrir innan í íláti því, sem mjólkin eða rjóminn er geymdur í, þótt lokið sé á ílátinu. Mælitækin má ekki leggja frá sér annars staðar á milli þess, sem þau eru notuð.
7. Ekki má mæla út óhitaða mjólk í búðum, þar sem mæld er út Pasteurs-hituð mjólk eða Pasteurs-hitaður rjómi.
8. Heilbrigðisnefndir gefa út nánari reglur um stærð og merkingu umbúða um mjólk og mjólkurvörur.
9. Afgreiðslufólki í mjólkurbúðum er óheimilt að veita viðtöku tómum flöskum, sem hafa ekki verið vandlega skolaðar, áður en þeim er skilað, eða sýnilega hafa verið notaðar undir óhreinleg, litsterk eða bragðmikil efni.
10. Í mjólkurbúðum má auk mjólkur og mjólkurvöru, þar með talið smjör, skyr og ostar, ekki hafa aðrar vörur á boðstólum en brauð, kökur, smjörlíki, öl, gosdrykki, niðursuðuvörur og egg. Heilbrigðisnefndum er þó heimilt að breyta þessum ákvæðum bæði til takmörkunar og rýmkunar.

16. gr.

Um starfsfólk á mjólkurbúum og í mjólkurbúðum gildir eftirfarandi:

1. Að það sé ekki haldið næmum sjúkdómum, og er því skylt að sýna heilbrigðiseftirlitsmönnum heilbrigðisvottorð, þegar þess er krafizt.
2. Að það sé ekki frá heimilum, þar sem eru næmir sjúkdómar.
3. Að það hafi heilt og ósjúkt hörund og sé hreinlegt í umgengni og klæðaburði.

Almenn ákvæði.

17. gr.

Um framkvæmd eftirlits með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, gildir eftirfarandi:

1. Skipaðir dýralæknar skulu hafa eftirlit með heilbrigði kúa og þrifnaði í fjósum hjá þeim framleiðendum í umdæmi þeirra, sem mjólk selja. Ráðherra getur þó falið öðrum dýralæknum þetta eftirlit á tilteknum svæðum, ef það

þykir betur henta. Skulu dýralæknar framkvæma skoðun hjá hverjum framleiðanda, eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og gefa framleiðandanum skriflegt vottorð, ef þeir telja hann geta fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari. Má enginn framleiða mjólk til sölu, nema hann hafi slíkt vottorð. 136 19. okt.

Þar sem mjólk er seld ógerilsneydd sem neyzlumjólk, getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað, að skoðun fari fram mánaðarlega.

Þyki dýralækni svo áfátt um heilbrigði kúa, umgengni í fjósi eða meðferð mjólkur, að hætta geti stafað af, þá skal hann í samráði við héraðslækni láta stöðva sölu mjólkurinnar. Tilkynningu um þetta skal hann einnig senda hlutaðeigandi mjólkurbússtjóra, ef mjólkin er send í mjólkurbú.

Sé enginn dýralæknir fyrir hendi eða fái hann ekki annað eftirlitinu, framkvæmir héraðslæknir, heilbrigðisfulltrúi eða annar löggiltur fulltrúi fyrir hans hönd þetta eftirlit.

Skýrslur um skoðunina skulu sendar heilbrigðisstjórninni árlega á þar til gerð eyðublöð, er yfirdýralæknir lætur í té.

2. Heilbrigðisnefndir eða héraðslæknar í þeirra umboði skulu hafa á hendi eftirlit með mjólkurbúum og mjólkursölustöðum og þeim vörum, sem þar eru seldar eða meðhöndlaðar og undir þessa reglugerð falla. Héraðslæknar skulu láta taka sýnishorn af þessum vörum, svo oft sem þurfa þykir, og senda þau til rannsóknar á fyrirskipaðan hátt.
3. Ráðherra skipar eftirlitsmann heilbrigðisstjórninni til aðstoðar við framkvæmd eftirlitsins. Ber honum m. a. að ganga eftir því, að skýrslur séu sendar og sýnishorn tekin nægilega oft.
4. Til þess að standast kostnað af rannsóknum og öðrum störfum þeirra manna, er ríkisstjórnin skipar sérstaklega til að annast framkvæmdir eftirlits samkvæmt reglugerð þessari, skal greiða gjald af allri mjólk og rjóma, sem mjólkurbú eða framleiðendur selja til neytenda, kr. 2.00 að viðbættri uppbót skv. verðlagsvísitölu fyrir hverja 1000 lítra. Sama gjald greiðist og af þykktri mjólk og þurrmjólk fyrir hver 1000 kg. Gjald þetta innheimtist með skatttekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum. Auk þess er dýralæknum (eða héraðslæknum) heimilt að taka gjald fyrir hverja skoðun (sbr. 1. tölul.) kr. 1.00 að viðbættri uppbót samkv. verðlagsvísitölu fyrir hverja kú.

Sveitarfélög standast kostnað af eftirliti með mjólk og mjólkurvörum, er þau rækja hvert á sínum stað samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþykkta, að öðru leyti en því, að nauðsynleg rannsókn sýnishorna, sem framkvæmd er á opinberum rannsóknarstofum, greiðist úr ríkissjóði.

Á stöðum, þar sem eru fáir íbúar eða lítil mjólkursala og ekki verður komið við stöðugu eftirliti samkv. reglugerð þessari, er ráðherra heimilt að fella niður eftirlitsgjaldið.

18. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau, fer samkvæmt 11. gr. laga nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

19. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. janúar 1947.

Bráðabirgðaákvæði.

Þar, sem svo til hagar, að af eðlilegum vanbúnaði er ekki unnt að fullnægja einstökum ákvæðum þessarar reglugerðar þegar í stað, er heilbrigðisstjórninni heimilt að veita hlutaðeigendum hæfilegan frest til að koma í verk nauðsynlegum umbótum.

136 19. okt. Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936 og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 19. október 1946.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

137 22. okt.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 163 13. des. 1944.

1. gr.

26. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hafnargjaldskrá:

A. Skip, sem eru eign búsettra manna í Neskaupstað og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 4 krónur af hverri brúttó smálest, þó aldrei minna en 15 krónur. Auk þess greiða þau heimaskip, er stunda millilandasiglingar, 30 aura af nettó smálest í hvert sinn er þau koma á höfnina. Lægsta gjald skal þó vera 10 krónur.

B. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða 20 aura af hverri smálest í hvert sinn er þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn.

C. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 40 aura af hverri smálest.

2. gr.

Stafliður A. og fyrri málsgrein stafliðs B. í 28. gr. orðist svo:

A. Af öllum aðkomuskipum greiðist 20 aurar af hverri nettó smálest fyrir fyrsta sólarhringinn og 15 aurar á smálest fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.

Minnsta gjald skal vera 10 krónur.

B. Bátar og skip, heimilisföst í Neskaupstað, að stærð 10—30 smálestir, skulu greiða 2 krónur af hverri brúttó smálest á ári, en skip yfir 30 smálestir skulu greiða 3 krónur af hverri brúttó smálest.

Minni bátar greiði 10 kr. á ári.

3. gr.

35. gr. orðist svo:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald 35 aurar fyrir hver 100 kg: Kol, salt, sement, kornvörur, sykur, kartöflur, rófur, ís og síld.
2. flokkur. Gjald 45 aurar fyrir hver 100 kg: Saltfiskur og nýr fiskur með haus.
3. flokkur. Gjald 55 aurar fyrir hver 100 kg: Nýr fiskur afhausaður, olíur, járn, lýsi, fiskmjöl og síldarmjöl.
4. flokkur. Gjald 70 aurar fyrir hver 100 kg: Freðfiskur, flatfiskur og fiskflök.
5. flokkur. Gjald 110 aurar fyrir hver 100 kg: Kjöt.
6. flokkur. Gjald 140 aurar fyrir hver 100 kg: Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd.
7. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet af trjávið og öllum öðrum vörum, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.

8. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hvert stykki: Tómar tunnur og aðrar umbúðir. 137
9. flokkur. Gjald 6 krónur fyrir hvern stórgrip. 22. okt.
10. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja sauðkind og minni gripi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. október 1946.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING 138

28. okt.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún, nr. 130 12. júlí 1939.

1. gr.

Í staðinn fyrir „lestargjald 10 aura af hverri nettó smálest" í staflið a. í 14. gr. II. reglugerðarinnar komi: lestargjald 20 aura af hverri nettó smálest.

2. gr.

Fyrri málsgrein stafliðs c. í 14. gr. II. orðist svo:

c. Vörugjald: Af vörum, sem fluttar eru í land á Þórshöfn eða skipað þaðan út, enn fremur vörum, sem fluttar eru milli skipa á höfninni, skal greiða gjald, sem hér segir:

1. Af salti, kolum og sementi 4 krónur af hverri smálest.
2. Af timbri 8 aura af teningsfeti.
3. Af öllum öðrum aðfluttum vörum 6 krónur af hverri smálest.
4. Af útfluttum vörum, saltfiski, saltkjöti, lýsi, síld, görnum, hrognum og endursendum umbúðum 4 krónur af smálest.
5. Af útfluttum ísfiski 3 krónur af smálest.
6. Af öðrum útfluttum vörum 6 krónur af smálest.

3. gr.

Upphaf 17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjöld þau, sem um getur í 14. gr., greiði eigandi eða umboðsmaður hans á Þórshöfn, o. s. frv.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1946.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

139
5. okt.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

15. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Ísafjarðar. Varnarþing á Ísafirði. Staðfest 10. september 1946.
16. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag símamanna. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 5. október 1946.
17. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Siglufjarðar. Varnarþing á Siglufirði. Staðfest 5. október 1946.

Samþykktirnar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 5. október 1946.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

143

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur, ljósmóður, árið 1945.

Tekjur:

1.	Gjafir og áheit samkvæmt lista	kr. 6250.00
2.	Vextir á árinu lagðir við höfuðstól	— 81.83
	Alls	kr. 6331.83

Gjöld:

1.	Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	kr. 6229.23
2.	Keypt viðskiptabók Söfnunarsjóðs	— 1.00
3.	Burðargjald	— 1.60
4.	Í vörzlum reikningshaldara	— 100.00
	Alls	kr. 6331.83

Innri-Kóngsbakka, 1. maí 1946.

Guðbrandur Sigurðsson. Sigurborg Magnúsdóttir. Soffía Guðmundsdóttir.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

140
28. des.

fyrir landssímann.

I. KAFLI
Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í kaupstöðum og kauptúnum utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

A. Stofngjöld.

1.	Fyrir hvert talfæri	kr. 400.00
2.	— aukabjöllu	— 80.00
3.	— tengikvísl	— 100.00

Ofannefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem vegna nýrra staura, nýrra jarðstrengja, nýs skiptiborðs eða rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin í hvert skipti.

Stofngjöldin greiðast fyrir fram og í síðasta lagi um leið og síminn er tengdur í samband.

B. Árlegt afnotagjald.

I. Stöðvar, sem hafa færri en 150 notendur.

1.	Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr. 400.00
2.	— 1 línu með 2 talfærum í sama húsi	— 600.00
3.	— hvert talfæri fram yfir 2 í sama húsi og á sömu línu	— 200.00
4.	— 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum (þegar stutt er á milli, ef leyft verður).	— 700.00
5.	— vanalega aukabjöllu í sambandi við talfæri	— 50.00
6.	— stóra aukabjöllu í sambandi við talfæri	— 80.00
7.	— aukaheyrnartól	— 30.00
8.	— tengikvísl	— 60.00

Heimili póst- og símamálastjórnin að 1. fl. B. stöð sé opin lengur en hinn venjulega rekstrartíma, greiði notendur eða hreppsfélagið helming aukinnar starfsmannaþóknunar fram til kl. 22 og ¾ kostnaðar eftir þann tíma.

	II. Stöðvar, sem hafa 150 notendur eða fleiri.	Stöðin opin kl. 8–21	Stöðin opin kl. 8–24	Allan sólarhringinn
1.	Fyrir 1 línu með 1 talfæri	400.00	450.00	500.00
2.	— 1 línu með 2 talfærum í sama húsi	600.00	660.00	740.00
3.	— hvert talfæri fram yfir 2 í sama húsi	200.00	220.00	240.00
4.	— 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum (þegar stutt er á milli, ef leyft verður).	700.00	770.00	840.00
5.	— aukabjöllur, aukaheyrnartól og tengikvíslar eru gjöldin hin sömu og við stöðvar með færri en 150 notendum. (Sjá B I, 5.—8. lið.)			

Gjöld þau, sem talin eru í 2., 3. og 4. lið undir B I og B II, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

Á 2. og 3. flokks stöðvum, þar sem símanotendafjöldinn er undir 10, færist símaafnotagjaldið ofan í kr. 250.00 á ári fyrir 1 línu með 1 talfæri og kr. 350.00 fyrir 1 línu með 2 talfærum í sama húsi og kr. 500.00 fyrir 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum (ef leyft verður).

34

140 28. des. Ofannefnd gjöld í 1.—4. lið undir B I og B II hækka um 50% hjá alls konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá þeim mönnum, sem að áliti símastjóra nota símann mikið.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

C. Gjald fyrir flutning á talsímatækjum.

1.	Milli húsa, fyrir hvert talfæri (Flutningsgjald borgist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)	kr. 200.00
2.	Innanhúss, milli herbergja	— 90.00
3.	— í sama herbergi	— 60.00
4.	— fyrir aukabjöllu	— 60.00

Ofannefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem vegna nýrra staura, nýrra jarðstrengja, nýs skiptiborðs eða rúmleysis á staurarðöðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram, áður en verkið er hafið.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús, þar sem sími er fyrir, eða taki við síma af öðrum manni án breytinga, skal hann greiða viðtökugjald kr. 200.00.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið í hvert skipti.

E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáhald á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssímastöð, skal greiða tengigjald, kr. 140.00 á ári í kauptúnum og kr. 80.00 í sveitum, þar sem fleiri en einn eru á sömu línu.

F. Leigutími og uppsögn.

1. Engin talsímatæki eru leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að símasambandið er fullgert.
2. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungsmót með 2 mánaða fyrirvara, og skal það gert skriflega.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í Reykjavík og Hafnarfirði.

A. Stofngjöld.

1.	Fyrir 1 línu með 1 síma	kr. 640.00
2.	— 1 aukasíma í sama húsi með snara án bjöllu (ekki hægt að tala á milli)	— 200.00
3.	— 1 aukasíma í sama húsi með snara og bjöllu (ekki hægt að tala á milli)	— 225.00
4.	— 1 aukasíma í sama húsi með bjöllusnara, hægt að tala á milli	— 250.00

5. Fyrir 1 aukasíma í sama húsi með sérstaklega útbúnum símum .. kr. 300.00 **140**
6. — aukabjöllu (þó hærra á rökum stöðum) ..... — 60.00 28. des.
7. — tengil ..... — 100.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki eða aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir.

Framangreind gjöld miðast við síma innan takmarka, sem liggja 1 km eftir aðalsímalínu utan Hringbrautar í Reykjavík, en þó lengist þessi fjarlægð upp í 1,5 km utan Hringbrautar til Skerjafjarðar. Í Hafnarfirði gilda framangreind gjöld innan þéttbyggðra hluta Hafnarfjarðar. Utan þessara takmarka reiknast viðbótarstofngjöld kr. 60.00 fyrir hverja af þrem byrjuðum fyrstu 500 metrunum, en kr. 90.00 fyrir hverja byrjaða 500 metra þar fram yfir, enda reiknast fjarlægðirnar að jafnaði eftir lengd aðalsímalínu. Standi hús meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðalsímalínur liggja, greiðist aukagjald, sem bæjarsímastjóri ákveður í hvert skipti.

Stofngjöldin greiðist fyrir fram, áður en verkið er framkvæmt.

B. Afnotagjöld.

Afnotagjöldin ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau við notkun símans næstsíðasta ársfjórðung á undan.

1. Ársfjórðungsgjöldin eru þessi eftir útförnum samtalafjölda á hverri línu, eins og teljarar í stöðinni sýna:
   a. Fyrir **heimilissíma** kr. 125.00, þar í innifalin 850 samtöl, og 15 aurar fyrir hvert samtal þar fram yfir.
   b. Fyrir **verzlunar- og atvinnusíma** kr. 200.00, þar í innifalin 850 samtöl, og 15 aurar fyrir hvert samtal þar fram yfir.

   Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem bæjarsímastjóri ákveður.

   Framangreind gjöld miðast við síma innan takmarka, sem liggja 1 km eftir aðalsímalínunni utan Hringbrautar í Reykjavík, en þó lengist þessi fjarlægð upp í 1,5 km til Skerjafjarðar. Í Hafnarfirði gilda framangreind gjöld innan þéttbyggðra hluta Hafnarfjarðar. Utan þessara takmarka reiknast fjarlægðargjöld, kr. 10.00 ársfjórðungslega, fyrir hverja af þrem byrjuðum fyrstu 500 metrunum, en kr. 15.00 fyrir hverja byrjaða 500 m þar fram yfir, enda reiknast fjarlægðirnar að jafnaði eftir lengd símalínu.

   Heimilt er bæjarsímastjóranum að synja þeim um síma eða loka símum, sem að hans athugun og dómi hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símastöðvarinnar.

   Sé lína einhvers notanda oft á tali að dómi bæjarsímastjóra, getur bæjarsíminn krafizt þess, að notandinn bæti við sig línu.

   Samtöl milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar (eða Hf. og R.) geta varað allt að 5 mínútum og teljast sem 4 innanbæjarsamtöl.

   Notendur mega ekki selja afnot af símum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá bæjarsímastjóranum.
2. Ársfjórðungsgjald:

Fyrir 1 aukasíma í sama húsi með snara án bjöllu (ekki hægt að tala á milli) ..... kr. 30.00
— 1 aukasíma í sama húsi með snara og bjöllu (ekki hægt að tala á milli) ..... — 35.00
— 1 aukasíma í sama húsi með bjöllusnara, hægt að tala á milli — 45.00

140 28. des.

Fyrir 1 aukasíma í sama húsi með sérstökum símum, hægt að tala á milli ..... kr. 50.00
— 1 tengil ..... — 7.50
— 1 aukabjöllu (þó hærra á rökum stöðum) ..... — 7.50

3. Afnotagjald fyrir þá **notendur, sem hafa miðstöðvarborð,** reiknast ársfjórðungslega þannig:

a. *Línugjald* eftir samtalafjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

b. *Miðstöðvarborðsgjald* fyrir hvert númer í borðinu:
kr. 12.50 fyrir handvirk borð (CB).
— 20.00 fyrir sjálfvirk borð (PBAX).
Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða. Fyrir sérstakar gerðir fer eftir samnnigi í hvert skipti.

c. *Talfæragjald:* kr. 30.00 fyrir hvert talfæri.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa, fyrir hvert talfæri ..... kr. 320.00
(Flutningsgjald borgast að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)
2. Innanhúss, milli herbergja ..... — 90.00
3. — í sama herbergi ..... — 60.00
4. — fyrir aukabjöllu ..... — 60.00

Sé um óvenju kostnaðarsaman innanhússflutning að ræða, eða önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist kostnaðurinn samkvæmt reikningi.

Flutningsgjald miðast við sama svæði og stofngjöldin, enda eru fjarlægðargjöld við flutinng hin sömu og þar segir.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús, þar sem sími er fyrir, eða taki við síma af öðrum manni, skal hann greiða viðtökugjald kr. 320.00.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið í hvert skipti.

E. Leigutími og uppsögn.

1. Engin talsímatæki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs, eftir að símasambandið er fullgert.
2. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungamót með 2 mánaða fyrirvara, og skal það gert skriflega.

III. KAFLI

Notendasímar landssímans í sveitum.

Um notendasíma landssímans í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern síma er kr. 700.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Landssíminn viðheldur og rekur símana, en símanotendur greiði til landssímans árlegt afnotagjald sem hér segir:

Fyrir hvern síma í sambandi við 3. fl. landssímastöð	.....	kr. 140.00	140
— — — - — — 2. fl. —	.....	— 200.00	28. des.
— — — - — — 1. fl. B. —	.....	— 260.00	
— — — - — — 1. fl. A. —	.....	— 300.00	

3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.
4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn beri nokkurn hluta kostnaðarins.
5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka símann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúandaskipti verði.
6. Hið árlega gjald breytist í sama hlutfalli og sambærileg árleg afnotagjöld utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, samkvæmt gjaldskrá þeirri, sem ráðherra setur á hverjum tíma.
7. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
8. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símatækja og starfrækslu notendasíma.
9. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

IV. KAFLI

Loftskeytastöðvar og firðtalstöðvar.

A. Stöðvar í skipum.

1. Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að taka á leigu loftskeytastöð eða talstöð íslenzkt skip, sendi skriflega umsókn um það til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skírteini.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign landssímans, og leigir hann skipseiganda þau til afnota í skipinu. Landssíminn annast uppsetningu tækjanna, sem skipseigandi greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki kaupa rafgeyma, rafhlöður og hleðsluspjöld fyrir stöðina og kosta lögn frá rafgeymum til hleðsluspjalda.
3. Leigutaka ber að sjá um, að enginn starfræki stöðina nema sá, sem hefur fengið skírteini frá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum að gæta slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón skipstjóra, sem líti eftir, að stöðin sé vel með farin og geymd.
4. Bæði stöðvarverði og skipstjóra er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana úr skipinu.
5. Landssíminn annast viðhald vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar og lampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhirðu þeirra meðan þau eru í vörzlu hans.

140 28. des.

6. Leigutaki er skyldur að hafa tækin að fullu vátryggð á sinn kostnað gegn hvers konar tjóni, og ber honum að greiða landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins.
7. Leigutaki er skyldur að koma tækjunum til skoðunar til eftirlitsmanna landssímans í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á ári, eða annars staðar, ef það verður að samkomulagi. Gjaldið fyrir hina árlegu stöðvarskoðun er innifalið í leiguupphæðinni.
8. Leigutaki skal greiða stofngjald fyrir stöðina áður en uppsetningu er lokið svo og leigu til næsta gjalddaga. Leiga fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, og reiknast brot úr ári sem heilt ár. Leiga fyrir loftskeytastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta eða minni, en 3 ár fyrir stærri stöðvar.
9. Stofngjöld, leigur og vátryggingarupphæðir fyrir helztu gerðir radiotækja eru sem hér segir:

Gerð B. Loftskeytasendir (250 watt, 600 m svið og stuttbylgjusvið), ásamt viðtæki 4 lampa (15—20000 m).

Stofngjald	kr.	1000.00
Ársfjórðungsgjald	—	350.00
Vátryggingarupphæð	—	12000.00

Gerð C. Loftskeytasendir (150 watt, 600 m svið).

Stofngjald	kr.	600.00
Ársfjórðungsgjald	—	250.00
Vátryggingarupphæð	—	8000.00

Gerð D. Loftskeytasendir (400 watt, 600 m svið).

Stofngjald	kr.	1000.00
Ársfjórðungsgjald	—	350.00
Vátryggingarupphæð	—	12000.00

Gerð E. Talsendir (15 watt, 182 m sviðið).

Stofngjald	kr.	400.00
Ársleiga	—	600.00
Vátryggingarupphæð	—	4500.00

Gerð F. Talsendir (10 watt, 6 fastar bylgjur á 182 m sviðinu).

Stofngjald	kr.	240.00
Ársleiga	—	480.00
Vátryggingarupphæð	—	3600.00

Gerð G-12. Talsendir (4 watt, 2 fastar bylgjur á 182 m sviðinu).

Stofngjald	kr.	100.00
Ársleiga	—	340.00
Vátryggingarupphæð	—	2500.00

Gerð GV. Talsendir (10 watt, 3 fastar bylgjur á 182 m sviðinu).

Stofngjald	kr.	200.00
Ársleiga	—	360.00
Vátryggingarupphæð	—	3000.00

Gerð M. Loftskeyta- og talsendir (60/25 watt, 600 m og 182 m sviðið).

Stofngjald	kr.	600.00
Ársleiga	—	720.00
Vátryggingarupphæð	—	6000.00

140
28. des.

Gerð VE. Viðtæki fyrir tal og loftskeyti.
Stofngjald ..... kr. 200.00
Ársleiga ..... — 240.00
Vátryggingarupphæð ..... — 2400.00
Gerð VF. Viðtæki til að tengja við talsendi gerð F eða GV.
Stofngjald ..... kr. 160.00
Ársleiga ..... — 160.00
Vátryggingarupphæð ..... — 1400.00
Gerð VEM-1. Miðunarbúnaður (með inni-ramma).
Ársleiga ..... kr. 120.00
Vátryggingarupphæð ..... — 800.00
Gerð VEM-2. Miðunarbúnaður (með úti-ramma).
Stofngjald ..... kr. 200.00
Ársleiga ..... — 300.00
Vátryggingarupphæð ..... — 2000.00
Gerð VFF. Formagnari fyrir miðunarbúnað.
Ársleiga ..... kr. 80.00
Vátryggingarupphæð ..... — 600.00

Stofngjöld, leigur, vátryggingargjöld o. þvl. fyrir aðrar gerðir radiotækja ákveður póst- og símamálastjórnin í hvert skipti.

10. Stöðvar þær og tæki, er landssíminn lætur á leigu, eru að sjálfsögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, er gilda um slíkar stöðvar og rekstur þeirra á hverjum tíma, og getur landssíminn afturkallað leyfisbréf stöðvar, lokað henni og tekið úr skipinu, ef settar reglur eru ekki haldnar.

B. Firðtalstöðvar, sem landssíminn lætur á leigu til afskekktra bæja, þar sem símar ná ekki til.

1. Sá, sem óskar að taka á leigu firðtalstöð til afnota á afskekktum bæ, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar og tilgreini þar nauðsyn þess og aðrar aðstæður.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem leigð eru á hverjum tíma. Leigutaki kostar uppsetningu tækjanna samkvæmt fyrirsögn landssímans, svo og uppsetningu loftnets og jarðsambands. Enn fremur skal leigutaki sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, og kosti rafhlöður, rafgeyma og hleðsluútbúnað þeirra.
3. Leigutaka eða þeim, sem á að starfrækja stöðina, er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu eftir fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru eða settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað starfræksluleyfi stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana burtu.
4. Leigutaka ber að sjá um, að vel sé með stöðina farið og henni sé haldið þurri og hreinni.
5. Landssíminn ber kostnað af viðgerðarvinnu og efni til stöðvarinnar vegna eðlilegs slits, að undanskildu viðhaldi loftnets, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar og viðtökulampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans, svo og ferðalagi viðgerðarmanns, ef viðgerðar er þörf.

140 28. des.

6. Leigutaki er skyldur að hafa tækin að fullu vátryggð á sinn kostnað gegn hvers konar tjóni, og ber honum að greiða landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins.
7. Firðtalstöð leigutaka skal afgreiða einungis við þá eða þær talstöðvar landssímans, sem póst- og símamálastjórnin ákveður, og á þeim tímum, sem póst- og símamálastjórnin tiltekur, og má ekki, — nema um neyðarráðstöfun sé að ræða —, hafa viðskipti við aðrar stöðvar, hvort heldur fastastöðvar eða farstöðvar.
8. Fyrir hvert 3 mínútna viðtalsbil eða hvert 10 orða talskeyti, önnur en þjónustuskeyti og veðurskeyti, milli stöðvar leigutaka og þeirrar stöðvar landssímans, sem afgreitt er við, er gjaldið 3 krónur, en 30 aurar fyrir hvert orð þar fram yfir, og skiptist til helminga milli leigutaka og landssímans, en auk þess greiðist venjulegt skeytagjald til landssímans, ef skeytið á að ganga lengra en til þeirrar landssímastöðvar, sem stöð leigutaka afgreiðir við. Af skeytum, sem tekið er við frá öðrum stöðvum landssímans, má ekkert gjald taka.
9. Ársleigan greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir 1. apríl ár hvert. Minnsti leigutími er 2 ár.
10. Stofngjald, leiga og vátryggingarupphæð fyrir hinar ýmsu gerðir tækja er hið sama og fyrir sams konar tæki samkvæmt A. 9. lið þessa kafla.

V. KAFLI
Símtalagjöld.

A. Símtalagjöld innanlands

haldast til bráðabirgða óbreytt og eru sem hér segir fyrir hvert 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

1. *Venjuleg símtöl:*

Um	0— 10	km	línulengd	kr. 1.05
—	10— 25	—	—	— 1.50
—	25—100	—	—	— 3.00
—	100—225	—	—	— 3.75
—	225—350	—	—	— 5.25
—	350—475	—	—	— 6.00
	Yfir 475	—	—	— 7.50

2. *Hraðsímtöl:* 3-falt venjulegt símtalagjald.
3. *Forgangshraðsímtöl:* 10-falt venjulegt símtalagjald.
4. *Kvaðning:* kr.1.00.
5. *Boðsending:* kr. 2.50 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símastöðinni. Boðsendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.

B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

C. Radíó-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenzkar strandarstöðvar er samanlagt:

a. Venjulegt símtalagjald milli símtalsbeiðanda og strandarstöðvarinnar.
b. Strandargjald kr. 6.00 fyrir viðtalsbilið.

c. Skipsgjald. Engin önnur íslenzk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er kr. 2.00 fyrir viðtalsbilið. Erlend skip taka yfirleitt 2.50—6.00 gullfranka fyrir viðtalsbilið. 140 28. des.

VI. KAFLI
Símskeytagjöld.

A. Gjald fyrir innanlandsskeyti,

önnur en heillaskeyti, helzt til bráðabirgða óbreytt, og er sem hér segir:

1. *Venjuleg símskeyti:* 30 au. fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 3.00.
2. *Innanbæjarskeyti:* 15 au. fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 1.50.
3. *Blaðaskeyti:* 7½ eyr. fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 1.50.
4. *Hraðskeyti:* Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 6.00.
5. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
6. *Heillaskeyti:* Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist aukagjald fyrir skrauteyðublaðið, kr. 2.50—10.00, eftir gerð eyðublaðsins.
   Jóla- og nýársskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 7.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 5.00.
7. *Samúðarskeyti:* Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landspítalasjóðs.
8. *Loftskeyti og talskeyti:* Gjald fyrir loftskeyti og talskeyti um íslenzkar strandarstöðvar er samanlagt:
   a. Venjulegt innanlands símskeytagjald.
   b. Strandargjald, 60 aurar fyrir orðið.
   c. Skipsgjald. Engin önnur íslenzk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er 20 aurar fyrir orðið. Erlend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.

   Fyrir loftskeyti er ekkert ákveðið lágmarksgjald.
9. *Afhending símskeytis í talsíma* til eða frá talsímanotanda kostar kr. 1.50 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
10. *Afturköllun á símskeyti* kostar 75 aura, ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
11. *Sendiferðir með símskeyti.* Símskeyti eru send ókeypis allt að einum kílómetra frá símastöð. Ef símskeyti eiga að sendast lengra, skal greiða kr. 2.50 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilet burðargjald, er ákveðið verður í hvert skipti.
12. *Fyrirframgreitt svar (RP).* Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
13. *Margar nafnkveðjur (TM).* Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift, fram yfir þá fyrstu, er kr. 3.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 1.50 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símstöðvar.
14. *Samanburður til tryggingar gegn missimun (TC).* Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
15. *Viðtökuskírteini símleiðis (PC).* Gjaldið er sama og fyrir 6 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskírteini, sem sendast á í pósti (PCP), er gjaldið sama og póstburðargjald undir einfalt bréf.

140 B. Símskeytagjöld til útlanda

28. des. ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

VII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ¼ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl, kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.
   Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).
2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símgjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

VIII. KAFLI

Önnur tæki og línur.

A. Fjarritvélasambönd.

I. Stofngjald.

1.	1 samband (2 fjarritvélar og lína á milli)	kr. 2000.00
2.	1 aukafjarritvél í sama húsi	— 1000.00
3.	1 — í öðru húsi og lína þangað (ef leyft verður)	— 1500.00

II. Árlegt afnotagjald.

1.	1 samband (2 fjarritvélar og lína á milli)	kr. 5000.00
2.	1 aukafjarritvél í sama húsi	— 2400.00
3.	1 — í öðru húsi og lína þangað (ef leyft verður)	— 2700.00

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulega gerð fjarritvéla (gerð nr. 14 eða nr. 15) og við línu allt að 1 km frá símastöðinni, ef hún er til í jarðstreng á milli húsanna, sem fjarritvélarnar eru í, en sé um lengri línu eða nýlögn að ræða, eða uppsetningin krefst að öðru leyti tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálasjórnar, verður stofngjald og afnotagjald ákveðið í hvert skipti.

Í afnotagjöldum er fólginn viðhaldskostnaður á fjarritvélum og línum. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Leigutaki er skyldur að hafa hverja fjarritvél, sem er í hans vörzlu, vátryggða gegn hvers konar tjóni fyrir kr. 9000.00.

Stytzti leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

B. Jarðsímalínur.

Séu jarðsímalínur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en árleg leiga vera þessi:

1. Fyrir 1 línu í langlínustreng 1.4 m/m	kr. 300 á hvern km	140
2. Fyrir 1 línu í langlínustreng 0.9 m/m	— 200 á hvern km	28. des.
3. Fyrir 1 línu í innanbæjarstreng 0.6—0.7 m/m	— 150 á hvern km	

Skemmstur leigutími sé ákveðinn með samningum í hvert skipti, en uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

IX. KAFLI
Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu á símnefni greiðist kr. 150 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 25 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI
Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni og í einni línu í númeraskránni, þar sem hún er.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er 10 krónur. Séu auk aðalsímanotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða 25 krónur fyrir hvert nafn fram yfir það fyrsta. Aukasímanotendur geta ekki öðlazt aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu, þó að aukasímanotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Skrásetning í stafrófsskrána.

1. Feitt letur í skrá, hver lína	kr. 20.00
2. Aukanafn í skrá	— 25.00
3. Aukalínur í skrá, hver lína	— 10.00
4. Aukanafn með feitu letri (1 lína) 25 kr. + 20 kr. = ...	— 45.00

Aukalínur eru taldar: ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 25.00 sem aukanafn.

Skrásetning í atvinnuskrána.

A. Ókeypis skrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni of heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk eða skrá fleiri en eitt símanúmer við nafn sitt, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu 6 krónur. Ef nafnið óskast skráð með feitu letri, kostar það 12 krónur. Skáletursauglýsingalínur við nafn kosta 15 krónur fyrir hverja línu.

140 28. des.

XI. KAFLI
Almenn ákvæði.

A. Stofnun og rekstur landssímastöðva og samband þeirra við talsímanotendur o. fl.

Þegar landssímastöðvar eru stofnsettar, gilda að jafnaði eftirfarandi almenn ákvæði um rekstur þeirra:

1. Landssímastöðvum þeim, er hér um ræðir, er skipt í 3 flokka, 1. flokk B, 2. flokk og 3. flokk, og eru þær venjulega opnar eftir flokkum 10, 6 og 2 stundir hvern virkan dag.
2. Stöðvarstjórinn sér stöðinni fyrir húsnæði, ljósi, eldsneyti, ræstingu, nema öðruvísi sé um samið, svo og starfrækslu, er póst- og símamálastjórnin tekur gilda, enda sé leitað samþykkis hennar á ráðningu afgreiðslumanna.
3. Skuldbindingin um starfrækslu nær til allra þeirra símasambanda, er póst- og símamálastjórnin kann að leggja út frá símastöðinni.
4. Stöðvarstjórar eru skyldir til, þegar þess er krafizt, að fara sjálfir eða láta fara með símalínunum til þess að bæta skemmdir, er orðið hafa á þeim, gegn venjulegu tímakaupi.
5. Kostnaður við flutning stöðva verður því aðeins goldinn af landssímanum, að hann fari fram vegna landssímans sjálfs.
6. Stöðvarstjóra ber að senda símskeyti, sem berast til stöðvarinnar, án sérstaks endurgjalds allt að einum kílómetra frá stöðinni. Ef skeyti eiga að fara lengra, greiðir sendandi kr. 2.50 fyrir hvern byrjaðan kílómetra fjarlægðarinnar. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, undir venjulegum kringumsæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegan burðareyri, er ákveðinn er eftir fyrirspurn í hvert einsakt skipti. Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, ber stöðvarstjóra að greiða fyrir því, að símskeytið komizt til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan hátt.

   Ef senda þarf eftir mönnum til viðtals í talsíma innan eins kílómetra frá stöðinni, greiðir símtalsbeiðandi kr. 2.50 fyrir sendiferðina. Ef vegalengdin er meiri en 1 kílómetri, greiðist sama gjald og fyrir útburð símskeyta.
7. Ekki mega aðrir afgreiða símtöl og símskeyti en þeir, er undirskrifað hafa hið lögboðna þagnarheit símamanna.
8. Stöðvarstjórar skulu gera mánaðarlega reikningsskil innan 15. dags næsta mánaðar á eftir og að öðru leyti hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem póst- og símamálastjórnin setur.

B. Skilmálar fyrir talsímanotendur landssímans.

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða að fá breytt sambandi eða aukið samband, er hann hefur áður fengið, tilkynnir það forstjóra talsímastöðvarinnar og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða, um notkun símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Landssíminn getur og heimtað, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Enginn má sjálfur gera eða láta gera neinar breytingar á talsímasamböndum eða flytja talfærin úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign landssímans, en notendur

greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa, hvenær sem er, aðgang að öllum símatækjum og símalögnum. 140 28. des.

4. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símatæki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti. Notanda er enn fremur skylt **að hafa símatæki og innanhússlagnir vátryggð á sinn kostnað fyrir eldshættu og ber honum að greiða landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eða lagnir eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins. Vátryggingarupphæðin er kr. 550.00 fyrir venjulegan síma, en fyrir önnur tæki verður hún ákveðin sérstaklega.**

   Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. á talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálfsögðu rétt til að taka slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum, ef ástæða þykir til. Enn fremur er bannað, án sérstaks leyfis frá landssímanum, að láta aðra en landssímann annast sótthreinsun talfæra, og er sala sótthreinsunarefna í þessu skyni bönnuð.
5. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það forstjóra talsímastöðvarinnar, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá heimta endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin taka yfir meira en 10 sólarhringa á ári.
6. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert, getur landssíminn slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.
7. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á símum eða tækjum símans, sæta sektum samkvæmt 296. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

C. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á borguninni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi viku eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar allt fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir, að sambandinu er siltið. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, verða þau tekin lögtaki samkvæmt 1. gr. laga 16. desember 1885.

D. Leigutími.

Engin símatæki verða leigð til skemmri tíma en **eins** árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að símasambandið er fullgert. Þegar ræða er um samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur **landssíminn heimtað**, að skemmstur leigutími sé lengri.

140 28. des.

E. Uppsögn.

Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp **um ársfjórðungsmót með 2 mánaða fyrirvara,** nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

F. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynni það forstjóra talsímastöðvarinnar, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. **Gjaldið fyrir flutning greiðist fyrirfram.**

G. Símaskráin.

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

XII. KAFLI

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjarskipti, og gengur í gildi 1. janúar 1947. Falla þá jafnframt úr gildi fyrri gjaldskrárákvæði fyrir landssímann.

Samgöngumálaráðherrann, 28. desember 1946.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hlíðdal.

141 16. des.

AUGLÝSING

um notkun heimilda vegna framkvæmda almannatryggingalaga.

I. Með tilvísun til heimildar í lögum nr. 89 6. des. 1946, um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, hefur ríkisstjórnin ákveðið, að heimildir þær, sem þar eru veittar ríkisstjórninni, skuli notaðar, en þær eru þessar:

1. að iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög sveitarfélaga samkvæmt 114. gr. skuli á árinu 1947 innheimtast með vísitöluálagi, er miðist við 300 stig;
2. að skírteinagjald samkv. 3. málsgr. 127. gr. skuli á árinu 1947 vera 30 kr. (jafnt fyrir karla og konur) og afhending skírteina í fyrsta sinn, sbr. 2. málsgr. 127. gr., fram fara í janúar 1947;
3. að iðgjöld atvinnurekanda samkv. 112. og 113. gr., sem á eru lögð með tekju- og eignarskatti 1947, skuli eigi innheimt, ef hlutaðeigendur hafa hætt rekstri fyrir árslok 1946;
4. að vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1947 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1948 samkv. 132. gr.
5. að lágmarksiðgjöld sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1947 vera 5 kr. á mánuði.

II. Að fenginni tillögu Tryggingaráðs hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild þá, sem henni er veitt í 9. bráðabirgðaákvæði laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að lækka iðgjöld samkv. 107. gr. nefndra laga.

Samkvæmt framansögðu ákveður ríkisstjórnin, að iðgjöld til Tryggingasjóðs skuli á árinu 1947 vera sem hér segir: 141 16. des.

Á 1. verðlagssvæði:	Iðgjald með vísitölu
Kvæntir karlar	380 kr.
Ókvæntir karlar	340 —
Ógiftar konur	250 —

Á 2. verðlagssvæði:	Iðgjald með vísitölu
Kvæntir karlar	300 kr.
Ókvæntir karlar	270 —
Ógiftar konur	200 —

Þetta tilkynnist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1946.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

AUGLÝSING 142 20. nóv.

um umboðsmenn í tryggingarumdæmum landsins.

Samkvæmt auglýsingu 16. ágúst þ. á. og með hliðsjón af 11. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar, hefur Tryggingastofnunin skipað umboðsmenn í tryggingarumdæmum eins og hér segir:

Umdæmi:	Umboðsmenn:
Reykjavík	Sjúkrasamlag Reykjavíkur.
Hafnarfjörður	Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar.
Gullbringu- og Kjósarsýsla	Guðm. Í. Guðmundsson bæjarfógeti, Hafnarf.
Keflavík	Alfreð Gíslason lögreglustjóri.
Akranes	Sjúkrasamlag Akraness.
Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	Jón Steingrímsson sýslum., Borgarnesi.
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	Kristján Steingrímsson sýslum., Stykkishólmi.
Dalasýsla	Þorsteinn Þorsteinsson sýslum., Búðardal.
Austur- og Vestur-Barðastrandars.	Jóhann Skaptason sýslum., Patreksfirði.
Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla og Ísafjörður	Jóh. Gunnar Ólafsson bæjarfógeti, Ísafirði.
Bolungavík	Axel Tulinius lögreglustjóri.
Strandasýsla	Jóh. Salberg Guðmundsson sýslum., Hólmavík.
Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla	Guðbrandur Ísberg sýslum., Blönduósi.
Skagafjarðarsýsla	Sigurður Sigurðsson sýslum., Sauðárkróki.
Siglufjörður	Sjúkrasamlag Siglufjarðar.
Ólafsfjörður	Sjúkrasamlag Ólafsfjarðar.
Eyjafjarðarsýsla	Friðjón Skarphéðinsson bæjarfóg., Akureyri.
Akureyri	Sjúkrasamlag Akureyrar.
Norður- og Suður-Þingeyjarsýsla	Júlíus Havsteen sýslum., Húsavík.

142 20. nóv.

Umdæmi:	Umboðsmenn:
Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður	Hjálmar Vilhjálmsson bæjarfógeti, Seyðisfirði.
Suður-Múlasýsla	Kristinn Júlíusson sýslum., Eskifirði.
Neskaupstaður	Sjúkrasamlag Neskaupstaðar.
Austur- og Vestur-Skaftafellssýsla	Gísli Sveinsson sýslum., Vík, Mýrdal.
Rangárvallasýsla	Björn Björnsson sýslum., Hvolsvelli.
Árnessýsla	Páll Hallgrímsson sýslum., Selfossi.
Vestmannaeyjar	Sjúkrasamlag Vestmannaeyja.

Tryggingastofnun ríkisins, 20. nóvember 1946.

Haraldur Guðmundsson.

143 28. okt.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún, nr. 130 12. júlí 1939.

1. gr.

Í staðinn fyrir „lestargjald 10 aura af hverri nettó smálest" í staflið a. í 14. gr. II. reglugerðarinnar komi: lestargjald 20 aura af hverri nettó smálest.

2. gr.

Fyrri málsgrein stafliðs c. í 14. gr. II. orðist svo:

c. Vörugjald: Af vörum, sem fluttar eru í land á Þórshöfn eða skipað þaðan út, enn fremur vörum, sem fluttar eru milli skipa á höfninni, skal greiða gjald, sem hér segir:
   1. Af salti, kolum og sementi 4 krónur af hverri smálest.
   2. Af timbri 8 aura af teningsfeti.
   3. Af öllum öðrum aðfluttum vörum 6 krónur af hverri smálest.
   4. Af útfluttum vörum, saltfiski, saltkjöti, lýsi, síld, görnum, hrognum og endursendum umbúðum 4 krónur af smálest.
   5. Af útfluttum ísfiski 3 krónur af smálest.
   6. Af öðrum útfluttum vörum 6 krónur af smálest.

3. gr.

Upphaf 17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjöld þau, sem um getur í 14. gr., greiði eigandi eða umboðsmaður hans á Þórshöfn, o. s. frv.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1946.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1946.

Lög um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, undirskrifuð af forsetanum 30. nóvember 1946, nr. 88.

Lög um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 6. desember 1946, nr. 89.

Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum 17. desember 1946, nr. 90.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1947, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 92.

Auglýsing um að Ísland hafi gengið að sáttmála hinna sameinuðu þjóða, undirskrifuð af utanríkisráðherra 9. desember 1946, nr. 91.

Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1946, nr. 93.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 94.

Lög um, að ákvæði samnings frá 7. október 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 95.

Lög um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 96.

Lög um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 97.

Bréf menntamálaráðuneytisins til rektors Menntaskólans í Reykjavík og skólameistara Menntaskólans á Akureyri, **um stúdentspróf í áföngum.**

144
5. des.

Hér með er yður tjáð, herra rektor (skólameistari), að ráðuneytið hefur ákveðið, að sérhver starfandi kennari skuli eiga rétt á að taka stúdentspróf í áföngum með þeim skilyrðum, er hér greinir:

1. Hann skal hafa lokið almennu kennaraprófi við Kennaraskóla Íslands með I. einkunn.
2. Hann skal hafa lesið sama námsefni og krafizt er til stúdentsprófs í menntaskólunum. Þó skal hann undanþeginn prófi í trúarbrögðum, teikningu og leikfimi, og skulu einkunnir hans frá kennaraprófi í þeim greinum færðar á stúdentsprófsskírteini hans.
3. Hann skal hafa sent forstöðumanni hlutaðeigandi menntaskóla umsókn um leyfi til próftöku fyrir 1. febrúar það ár, sem hann ætlar að taka fyrsta prófið, ásamt greinargerð um það, hvernig hann hyggst að skipta námsgreinunum milli áfanga, sbr. þó 4. lið.
4. Hann skal ljúka prófi á eigi lengri tíma en 4 árum. Skylt er honum að ljúka prófi í íslenzku og latínu í máladeild eða íslenzku og stærðfræði í stærðfræðideild eigi síðar en í öðrum áfanga. Að öðru leyti skiptast prófgreinar milli áfanga í samráði við forstöðumann hlutaðeigandi menntaskóla.

31. dag desembermánaðar 1946. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

144 5. Til þess að standast stúdentspróf í áföngum, skal nemandinn hafa hlotið fyrstu
5. des. einkunn að meðaltali.
6. Nú lýkur nemandinn ekki stúdentsprófi í öllum greinum, og á hann þá rétt á að fá vottorð, er sýni einkunnir í þeim greinum, sem hann hefur lokið prófi í.
7. Að öðru leyti fer um próf þetta eftir sömu reglum og gilda um stúdentspróf utanskólanemenda.

Þetta tilkynnist yður hér með.

REGLUGERÐ

145 **um einkennisbúninga héraðsdómara, hreppstjóra, tollgæzlumanna og bifreiða-**
11. okt. **eftirlitsmanna og sérstakra löggæzlumanna.**

I. KAFLI

Um gerð starfsbúninga.

A. Einkennisbúningar þessara embættis- og starfsmanna við dagleg störf þeirra skulu vera að gerð og sniði sem hér segir, nema þar sem reglur þessar mæla sérstaklega fyrir á annan veg:

1. Húfa úr þykku klæðisefni með 5 cm breiðri uppstandandi gjörð, 5 cm breiðri reisn, kringlóttum, breiðum, flötum kolli, gljáleðursskyggni og hökuól, er fest sé á gjörðina með tveim litlum einkennishnöppum.
2. Jakki úr kamgarns- eða klæðisefni, tvíhnepptur með venjulegum kraga, tveim hliðarvösum og einum brjóstvasa. Á jakkanum skulu vera tvær raðir stórra, gylltra einkennishnappa, fjórir í hvorri röð og skal jakkinn hnepptur á þrjá þeirra. Á ermum skulu vera minni einkennishnappar, þrír á hvorri.
3. Vesti úr sama efni með fjórum vösum, hneppt með einfaldri röð hinna minni einkennishnappa (6—7 að tölu).
4. Buxur úr sama efni, síðar, án uppbrota, með fjórum vösum.
5. Frakki úr frakkaklæði, tvíhnepptur, síður á miðjan legg með tveim vösum, venjulegum kraga, og séu hornin þannig gerð að hneppa megi frakkanum upp í háls. Að framan skal vera tvöföld röð stórra, gylltra einkennishnappa, fimm í hvorri röð, hinn efsti undir kragahorni. Á baki skulu vera tvær fellingar teknar saman með spæl, og á spælnum tveir stórir einkennishnappar. Í klauf að aftan skulu vera þrír litlir einkennishnappar. Á ermum skulu vera litlir einkennishnappar, þrír á hvorri.

Einkennisbúningar þessir skulu vera dökkbláir, nema búningar bifreiðaeftirlitsmanna og sérstakra löggæzlumanna, er skulu vera brúnir (khakilitaðir).

B. Einkennisbúningar hinna einstöku embættis- og starfsmanna skulu vera með þessum sérstöku einkennum og afbrigðum:

1. Sýslumenn, bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn í Reykjavík:
   a. Hnappar.
      Gylltir með skjaldarmerki Íslands.
   b. Húfa.
      Reisn húfunnar skal vera 6.5 cm og skal kollinum halla aftur og til hliða. Á gjörð skal vera 4 cm breiður gylltur borði og á honum að framan ofið hringmerki (kokarde) í íslenzkum fánalitum. Á reisn að framan skal vera skjaldarmerki Íslands 4 cm hátt, útsaumað í réttum litum á hringmynduðum grunni úr bláu klæði 5 cm í þvermál, bryddum með mjórri gylltri snúru.

Fylgiskjal með reglugerð nr. 145

Hnappar sýslumanna.
Stærðir: 2,4 cm
og 1,6 cm.

Húfumerki sýslumanna.
Stærð: 6 cm.

Merki
í kragahorn sýslumanna.

Húfumerki hreppstjóra
og bifreiðaeftirlitsmanna.
Stærðir: Hreppstjóra 3 cm,
bifreiðaeftirlitsmanna 4 cm.

Hnappar tollvarða.
Stærðir: 2,4 cm og 1,6 cm.

Húfumerki tollvarða.

145
11. okt.

c. Jakki.

Í kragahornum skal vera útsaumað merki þannig gert:

Gylltur munstraður hringur og er hluta af sverðsblaði með hjöltum stungið niður í hringinn. Merkið skal vera 3.5 cm á hæð, breidd hjaltanna 3 cm, en hringurinn 2.5 cm í þvermál.

d. Buxur.

Auk síðbuxna skulu fylgja reiðbuxur úr sama efni, aðskornar um hné og skálmvíðar.

e. Frakki.

Á honum skulu vera speldi á hliðarsaumum og snúa aftur með 3 stórum einkennishnöppum á hvoru. Vasar skulu vera tveir skásettir með þrem litlum einkennishnöppum á jöðrum að framan.

Fulltrúar embættismanna þessara og lögreglustjórar utan Reykjavíkur skulu bera einkennisbúning svo sem lýst er að framan, en þó eigi merkið í horni jakkans. Þó skal gylltur borði í húfum þeirra vera 2½ cm breiður.

Ákvæði þessara reglna taka ekki til lögreglustjórans í Reykjavík, að því er gerð einkennisbúnings hans snertir.

2. Hreppstjórar:

a. Hnappar.

Gylltir með lögreglumerkinu hönd og auga.

b. Húfa.

Á gjörð skal vera tvöfaldur gylltur borði, 1 cm breiðum, með mjórri grænni snúru á milli. Á reisn að framan skal vera skjaldarmerki Íslands, úr málmi, gyllt, 3 cm á hæð.

c. Frakki.

Eigi er ætlast til að hreppstjórar beri einkennisbúinn frakka.

3. Tollverðir:

a. Hnappar.

Gylltir með bókstafnum T á, en yfir legg stafsins er skjöldurinn úr skjaldarmerki Íslands.

b. Húfa.

Á gjörð skal vera gylltur borði, 13 mm breiður, og á honum að framan ofið hringmerki (kokarde) í íslenzkum fánalitum. Á reisn að framan og niður á gjörðina skal vera á 5 cm háum skjaldlaga grunni úr bláu klæði merki þannig gert: Bókstafurinn T, 4 cm hár og skjaldarmerki Íslands 2.5 cm hátt, fellt yfir legg stafsins, allt úr gylltum málmi. Ákveða má, að á húfunni sé hvítur kollur að sumarlagi.

c. Frakki.

Auk venjulegs einkennisfrakka skal nota ryk- eða regnfrakka, dökkbláan með belti, án einkennismerkja.

Yfirtollverðir skulu nota einkennisbúning þannig, sem að framan er lýst, þó með þeirri breytingu, að borði á húfu sé 2.5 cm á breidd.

4. Bifreiðaeftirlitsmenn og sérstakir löggæzlumenn.

a. Hnappar.

Gylltir með lögreglumerkinu hönd og auga.

b. Húfa.

Á gjörð skal vera dökkbrúnn borði úr upphleyptu efni 4 cm breiður. Framan á borðanum og upp á reisnina skal vera á grunni úr dökkbrúnu klæði skjaldarmerki Íslands úr málmi, gyllt, 4 cm á hæð.

145 11. okt.

c. Buxur.

Auk síðbuxna skulu fylgja reiðbuxur úr sama efni, aðskornar um hné og skálmvíðar.

d. Frakki.

Auk venjulegs einkennisfrakka skal nota ryk- eða regnfrakka, brúnan með belti án einkennismerkja.

II. KAFLI

Um gerð viðhafnarbúninga.

Sýslumenn, bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn í Reykjavík mega bera viðhafnareinkennisbúning, sem er að gerð eins og hinn venjulegi starfsbúningur þeirra, en með þessum sérstöku einkennum og afbrigðum:

a. Efni: Svarblátt klæði.

b. Á öxlum jakkans skal vera axlafetill, fléttaður úr gylltum borða upphleyptum, þverbryddur að ofan og framan og ganga borðaendarnir felldir undan fremri bryddingunni. Fetillinn skal vera ca 3 cm breiður að ofan og tvöfalt breiðari að framan. Fetillinn skal festur á jakkaöxlina með litlum einkennishnapp að ofan, en stórum að framan, og séu hnapparnir rétt innan við þverbryddingarnar.

Á ermum jakkans skal vera gylltur slönguhringur og liggja slönguhausarnir útsaumaðir á víxl ofan á erminni ca 2 cm breiðir, en tengdir saman með snúru, er vefst um ermina.

c. Á hliðarsaumum á buxum skulu vera 2 cm breiðir, gylltir borðar.

III. KAFLI

Um notkun einkennisbúninganna.

A. Sýslumenn, bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn í Reykjavík, svo og fulltrúar þeirra og lögreglustjórar utan Reykjavíkur skulu að jafnaði, ef sérstakar ástæður mæla því eigi í gegn, bera einkennisbúning, er þeir eru á þingferðum eða öðrum embættisferðum um lögsagnarumdæmi sín. Enn fremur er þeir vinna að eftirtöldum störfum:

1. Fógetagerðum utan embættisskrifstofu.
2. Uppboðum utan skrifstofunnar.
3. Lögreglustjórn og lögreglustörfum á almannafæri, svo og húsrannsóknum.
4. Tollstjórn og tollafgreiðslu um borð í skipum eða við skip, einkum ef um erlend skip er að ræða eða meiri háttar störf.
5. Hjónavígslum.
6. Sýslufundarstjórn.
7. Yfirkjörfundarstjórn í heyranda hljóði.

Viðeigandi er að embættismenn þessir beri einkennisbúning, er þeir starfa að meiri háttar rannsóknum opinberra mála.

Viðhafnarbúning mega sýslumenn, bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn í Reykjavík bera við opinberar móttökur og önnur sérstök hátíðleg tækifæri.

B. Hreppstjórum öllum skal heimilt að bera einkennishúfu. Hreppstjórar í kauptúnum, sérstaklega þeir, sem hafa á hendi afgreiðslu erlendra skipa, skulu bera einkennisbúning við störf sín eftir því, sem dómsmálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum viðkomandi sýslumanns.

C. Tollverðir skulu bera einkennisbúning, er þeir eru að tollgæzlustörfum, nema annað sé fyrir þá lagt af yfirmanni þeirra.

Yfirmenn þeirra geta lagt fyrir þá að bera eigi einkennisbúning utan starfs sins. **145** 11. okt.

D. Bifreiðaeftirlitsmenn og sérstakir löggæzlumenn skulu bera einkennisbúning þá er þeir eru að störfum.

IV. KAFLI
Um kaup einkennisbúninga.

Kostnaður við kaup einkennisbúninga handa framangreindum embættis- og starfsmönnum greiðist eftir þeim reglum, sem hér segir:

1. Sýslumenn og bæjarfógetar, svo og hliðstæðir embættismenn í Reykjavík og lögreglustjórar utan Reykjavíkur, skulu fá ókeypis starfsbúning. Enn fremur fulltrúar þessara embættismanna eftir tillögum þeirra og úrskurði viðkomandi ráðuneytis. Starfsbúninga skulu þeir fá endurnýjaða á 3 ára fresti, ef þeir óska þess, en eigi oftar, nema með sérstöku samþykki ráðuneytis. Óski embættismenn þessir eftir að bera viðhafnarbúning, skulu þeir leggja sér hann til sjálfir.
2. Hreppstjórar, er þess óska, skulu fá ókeypis einkennishúfu og hana endurnýjaða eftir þörfum. Þeir hreppstjórar, sem dómsmálaráðuneytið skyldar til þess að bera einkennisbúning, skulu og fá hann ókeypis og endurnýjaðan samkvæmt tillögum sýslumanns og úrskurði ráðuneytisins.
3. Tollverðir skulu fá ókeypis einkennisbúning, enn fremur vinnubúning (slopp og samfesting) og hanzka. Einkennisföt, einkennishúfu, ryk- eða regnfrakka og hanzka skulu þeir fá á hverju ári en einkennisfrakka annað hvort ár. Vinnuslopp og samfesting eða tvo sloppa fá þeir ár hvert. Loks fá þeir ókeypis meiri háttar viðgerðir og lagfæringar á einkennisfötum sínum.
4. Bifreiðaeftirlitsmenn og sérstakir löggæzlumenn skulu fá ókeypis einkennisbúning. Einkennisföt fá þeir á hverju ári og annað árið einkennisfrakka, en hitt árið ryk- eða regnfrakka. Einkennishúfu fá þeir eftir þörfum. Loks fá þeir ókeypis meiri háttar viðgerðir og lagfæringar á einkennisfötum sínum.

V. KAFLI
Um dómarakápur.

Er héraðsdómarar sitja dómþing í sérstökum réttarsölum skulu þeir bera dómarakápu, ljósblåa með dökkum bryddingum og uppslögum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 34. gr. launalaga, nr. 60 12. marz 1945, til að öðlast gildi frá 1. janúar 1947, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. október 1946.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

146
22. okt.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 163 13. des. 1944.

1. gr.

26. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hafnargjaldskrá:

a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Neskaupstað og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 4 krónur af hverri brúttó smálest, þó aldrei minna en 15 krónur. Auk þess greiða þau heimaskip, er stunda millilandasiglingar, 30 aura af nettó smálest í hvert sinn, er þau koma á höfnina. Lægsta gjald skal þó vera 10 kr.
b. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða 20 aura af hverri smálest í hvert sinn er þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn.
c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 40 aura af hverri smálest.

2. gr.

Stafliður a. og fyrri málsgr. stafliðs b. í 28. gr. orðist svo:

a. Af öllum aðkomuskipum greiðist 20 aurar af hverri nettó smálest fyrir fyrsta sólarhringinn og 15 aurar á smálest fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.
   Minnsta gjald skal vera 10 krónur.
b. Bátar og skip, heimilisföst í Neskaupstað, að stærð 10—30 smálestir, skulu greiða 2 kr. af hverri brúttó smálest á ári, en skip yfir 30 smálestir skulu greiða 3 krónur af hverri brúttó smálest.
   Minni bátar greiði 10 kr. á ári.

3. gr.

35. gr. orðist svo:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald 35 aurar fyrir hver 100 kg: Kol, salt, sement, kornvörur, sykur, kartöflur, rófur, ís og síld.
2. flokkur. Gjald 45 aurar fyrir hver 100 kg: Saltfiskur og nýr fiskur með haus.
3. flokkur. Gjald 55 aurar fyrir hver 100 kg. Nýr fiskur afhausaður, olíur, járn, lýsi, fiskimjöl og síldarmjöl.
4. flokkur. Gjald 70 aurar fyrir hver 100 kg: Freðfiskur, flatfiskur og fiskflök.
5. flokkur. Gjald 110 aurar fyrir hver 100 kg: Kjöt.
6. flokkur. Gjald 140 aurar fyrir hver 100 kg: Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd.
7. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet af trjávið og öllum öðrum vörum, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hvert stykki: Tómar tunnur og aðrar umbúðir.
9. flokkur. Gjald 6 krónur fyrir hvern stórgrip.
10. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja sauðkind og minni gripi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. október 1946.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

147
1. nóv.

um ógildingu frímerkja.

Hinn 1. jan. 1947 falla úr gildi þessi íslenzk frímerki:

I. Yfirprentuð frímerki.

5	aur.	alm.	Yfirprentuð	1922	á	16	aur.	alm.	Chr. IX. og Fr. VIII.
5	—	—	—	1922	-	16	—	—	Chr. IX.
5	—	—	—	1939	-	35	—	—	Matthías Jochumss.
10	—	—	—	1922	-	5	—	—	Chr. X.
10	—	flugfrím.	—	1928	-	10	—	—	Chr. X.
20	—	alm.	—	1921	-	25	—	—	Chr. IX.
20	—	—	—	1922	-	25	—	—	Chr. IX. og Fr. VIII.
20	—	—	—	1922	-	40	—	—	Chr. IX. og Fr. VIII.
20	—	—	—	1922	-	40	—	—	Chr. IX.
25	—	—	—	1941	-	3	—	—	Matthías Jochumss.
30	—	—	—	1925	-	50	—	—	Chr. IX.
50	—	—	—	1925	-	5	kr.	—	Chr IX.
50	—	flugfrím.	—	1929	-	50	aur.	—	Chr. IX. og Fr. VIII.
1	kr.	alm.	—	1926	-	40	—	—	Chr. X.
2	—	—	—	1926	-	25	—	—	J. Sigurðsson.
10	—	—	—	1924	-	1	kr.	—	Fr. VIII.
10	—	—	—	1925	-	50	aur.	—	Fr. VIII.
10	aur.	alm.	Yfirprentuð	1929	á	2	kr.	alm.	Chr. IX.
10	—	—	—	1930	-	5	—	—	Chr. IX. og Fr. VIII.
1	kr.	flugfrím.	—	1933	(Hópflug Ítala)				
5	—	—	—	1933	—		—		
10	—	—	—	1933	—		—		
7	aur.	þjón.	—	1936	á	7	aur.	alm.	Chr. X.
10	—	—	—	1936	-	10	—	—	Chr. X.
20	—	—	—	1923	-	10	—	—	Chr. X.
50	—	—	—	1936	-	50	—	—	Chr. IX. og Fr. VIII.
2	kr.	—	—	1922	-	2	kr.	—	Fr. VIII.
5	—	—	—	1922	-	5	—	—	Fr. VIII.

II. Önnur frímerki.

a. 1 eyr., 3, 4, 5, 6, 7, 8, 10, 15, 20, 25, 30, 40, 50 aur., 1, 2, 5, 10 króna almenn frímerki með mynd Chr. X, útgefin á árunum 1920 — 1934.

b. 3, 4, 5, 10, 15, 20, 50 aur., 1, 2, 5, króna þjónustufrímerki með mynd Chr. X, útgefin á árunum 1920 - 1934.

c. 7, 10, 20, 35, 50 aura alm. frímerki með landslagsmyndum, útg. 1925.

d. 10 aura alm. frímerki með mynd af íslenzka fánanum, útg. 1939.

e. 10, 20, 25, 50 aur., 1 og 2 króna flugfrímerki, útg. 1934.

f. 10 aura alm. með mynd af Dynjandafossi og 1 krónu alm. með mynd af Heklu, útg. 1935.

g. 3, 5, 7, 35 aura með mynd af Matthíasi Jochumssyni, útg. 1935.

h. 10, 25, 50 aura, 1, 5 og 10 króna almenn frímerki með mynd af Jóni Sigurðssyni, útg. 1944.

147 1. nóv. Frímerkjum þessum má skipta á pósthúsunum gegn öðrum gildandi frímerkjum, án frádráttar, til 31. jan. 1947.

Póst- og símamálastjórnin, 1. nóvember 1946.

Guðmundur Hlíðdal.

E. Sandholt.

148 4. nóv.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. Raforka.

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst. mæli á kr. 1.00 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst. mæli á 35 au. hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á ári á m^2 gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Þar, sem gólffletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósamagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi, samkv. reglum, er rafveitustjórn setur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst. mæli á 23 au. hver kwst., af fyrstu notkun, er nemi:

Í	íbúð,	sem	er	1	herbergi	og	eldhús,	1200	kwst.	á ári
-	—	—	—	2	—	—	—	1500	—	- —
-	—	—	—	3	—	—	—	1800	—	- —
-	—	—	—	4	—	—	—	2000	—	- —
-	—	—	—	5	—	—	—	2200	—	- —
-	—	—	—	6	—	—	—	2300	—	- —
-	—	—	—	7	—	—	—	2400	—	- —

Notkun umfram þetta greiðist með 16 au. hver kwst. Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 2.50 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m^2 skal reikna sem hálft, en stærra en 25 m^2 sem tvö.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst. mæli á 60 au. hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um kwst. mæli á 40 aura hver kwst. á vatnsdælur til heimilisnota. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur.
3. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað er yfir 20 kw.,

um	kwst.	mæli	á	16	au.	hver	kwst.	fyrstu	50	þúsund kwst.
—	—	—	-	14	—	—	—	næstu	50	— —
—	—	—	-	12	—	—	—	—	50	— —

Notkun, sem er umfram 150 þúsund kwst. á ári greiðist með 10 au. hver kwst., enda áskilur rafveitan sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi, og 1 stund á kvöldi, á tímum mesta álags. **148** 4. nóv.

D. Hitun.

1. Um kwst. mæli á 12 au. hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Heimilt er að rjúfa strauminn frá kl. 10.45 til 12.
   Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 10 au. hver kwst.
2. Um kwst. mæli á 4 au. hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 23.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að klukkurofar séu fáanlegir, og að notandi kosti tengingu þeirra, og greiði leigur fyrir þá, samkv. reglum, er gilda um leigu mæla.

II. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 Amp.	kr.	1.50 á mánuði.
2.	Af þrífasa mælum 50 Amp. og minni	—	3.00 – —
3.	Af þrífasa mælum 50 Amp. til 200 Amp.	—	7.00 – —
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 Amp.	—	10.00 – —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. Heimtaugargjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

1. flokkur:

Af húsum þeim og mannvirkjum, sem greitt hafa tengigjald til Rafveitu Keflavíkur fyrir 31. júlí 1945, en fengið hafa heimtaug endurbyggða vegna straum- og spennubreytingarinnar, skal greiða aukatengigjald eins og hér segir:

	Brunabótamat		Tengigjald
Frá	0— 5 000.00 kr.	kr.	100.00
—	5 000.00—10 000.00 —	—	140.00
—	10 000.00—20 000.00 —	—	160.00
—	20 000.00 kr. og yfir	—	180.00

Þar, sem af einhverjum ástæðum þarf að breyta loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug eða endurnýja þarf jarðlínuheimtaug, greiði húseigandi 50% meira fyrir jarðlínuna en loftlínuna samkv. ofangreindum taxta, þó því aðeins, að vírgildleiki fari ekki fram úr 3 × 25 qmm. Sé gildleikinn meiri, eða heimtaugin lengri en 15 m, greiðist það með kostnaðarverði, sem fram yfir er.

2. flokkur:

Af hverju húsi, sem ekki hefur verið greitt heimtaugargjald af fyrir 31. júlí 1945, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

148
4. nóv.

	Brunabótamat	Jarðlína	Loftlína
Frá kr.	0—10 000.00	kr. 380.00	kr. 210.00
— —	10 000.00—15 000.00	— 510.00	— 280.00
— —	15 000.00—20 000.00	— 600.00	— 360.00
— —	20 000.00—25 000.00	— 700.00	— 450.00
— —	25 000.00—30 000.00	— 780.00	— 530.00
— —	30 000.00—40 000.00	— 880.00	— 600.00
— —	40 000.00—50 000.00	— 980.00	— 640.00
— —	50 000.00—60 000.00	— 1 060.00	— 680.00
— —	60 000.00—70 000.00	— 1 100.00	— 700.00
— —	70 000.00—80 000.00	— 1 140.00	— 730.00
— —	80 000.00—90 000.00	— 1 170.00	— 760.00
— —	90 000.00 og yfir	— 1 200.00	— 800.00

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3 × 70 qmm., skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. Ýmis gjöld.

1. Opnunargjald:

Hafi gjald, samkv. gjaldskrá þessari, eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 4 krónur.

2. Sekt fyrir óleyfileg vör:

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 4 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, nr. 58 4. apríl 1946.

Atvinnu- og samgöngumálaráðunytið, 4. nóvember 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

149
5. nóv.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT
fyrir Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu.

Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu gerir á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI
Takmörkun samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir öll hreppabúnaðarfélög innan Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Búnaðarsambandið tekur að sér á þann hátt, sem mælt er fyrir í samþykkt þessari, að vinna með vélum að eftirfarandi verkefnum, eftir því sem við verður komið, hjá búnaðarfélagsmönnum á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu. Undanskyldar eru þó þær jarðir, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaganna, nr. 54 4. júlí 1942.

1. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða við hafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
2. Að ræsa fram land til ræktunar og beitar, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir undir lið 1.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI
Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn búnaðarsambandsins annast um framkvæmd samþykktarinnar.

4. gr.

Stjórn sambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til framræslu og jarðvinnslu, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

5. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

149 6. gr.

5. nóv. Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga, við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveða á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

7. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdarstjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

8. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd búnaðarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreinda hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til búnaðarsambandsstjórnar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppabúnaðarfélagsins um, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum félagsmanna sinna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

10. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 9. gr., ber stjórn búnaðarsambandsins, í samráði við framkvæmdastjóra, að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan búnaðarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykktar. Sambandsstjórninni er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að jarðir þær, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun, að öðru jöfnu, sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garða- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

12. gr. 149

Samþykktaraðilum er skylt að láta Búnaðarsambandið sitja fyrir um þá 5. nóv.
vélavinnu, er það hefur tök á að framkvæma. Er þeim óheimilt að ráða aðfengna starfskrafta til þeirra starfa án samráðs við stjórn sambandsins.

IV. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 6. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn sambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til rekstursкostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur rekstursкostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er búnaðarsambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarrekstursкostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur Búnaðarsambands getur heimilað sambandsstjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþ., í kvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er sambandsstjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir hreppsfélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarsambandið, enda sé og tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hana gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI
Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Búnaðarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 90000.00. Til stofnfjár telst.:

1. Styrkur úr framkvæmdasjóði ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir. Rennur styrkurinn í stofnsjóð jafnóðum og styrkgreiðslur fara fram.
2. Sameiginlegt stofnlán til vélakaupa, sem tryggt er með sameiginlegri ábyrgð búnaðarsambandsins.

149 Lán tekin í þessu skyni skulu endurgreiðast innan 5 ára.

5. nóv. 3. Óafturkræf frjáls framlög, er stofnsjóði kunna að berast frá einstaklingum eða öðrum aðilum.

4. Óafturkræf framlög búnaðarsambandsins og hreppabúnaðarfélaga, er nemi minnst ¼ hluta heildarstofnfjárins samkv. 1.—4. lið. Framlag þetta greiðist að ⅗ hlutum af búnaðarsambandinu og ⅖ hlutum af búnaðarfélögum hreppanna.

Aðrar tekjur stofnsjóðs eru:

1. Tekjur þær, er inn koma samkvæmt 17. gr.
2. Stofnsjóðsgjald af þeim jörðum, sem við stofnun jarðræktarsamþykktarinnar kunna að verða utan hennar, vegna þess að umráðendur þeirra eru ekki í búnaðarfélagi. Af slíkum jörðum sé greitt hlutfallslega sama stofngjald og greitt hefur verið af öðrum jörðum, jafnóðum og umráðendur þeirra ganga inn í búnaðarfélagsskapinn.
3. Vextir af stofnsjóði og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

19. gr.

Stofnfjárframlag búnaðarsambandsins og hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til sambandsstjórnar eftir að samþykkt þessi hefur öðlazt gildi, samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið um gjalddaga af sambandsstjórn. Framlag hvers hreppabúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða, þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti sambandsstjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um það, og skal tilkynna það hreppabúnaðarfélögum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund búnaðarsambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er sambandsstjórn að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til sambandsstjórnar ¾ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk, þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið.

Eftirstöðvarnar greiðist með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en hinn árlegi aðalfundur búnaðarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur sambandsstjórnar.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu sambandsstjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi sambandsins. Þar gefur sambandsstjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

149
5. nóv.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum eða sambandsstjórn, skulu sendar öllum samþykktaraðilum til umsagnar og síðan lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir, um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. nóvember 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

150
7. nóv.

fyrir búnaðarfélög Fljótshlíðar, Hvolhrepps og Rangárvallahrepps.

Búnaðarfélag Fljótshlíðar, Búnaðarfélag Hvolhrepps og Búnaðarfélag Rangárvallahrepps gera á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðisins og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélög: Búnaðarfélag Fljótshlíðar, Búnaðarfélag Hvolhrepps og Búnaðarfélag Rangárvallahrepps.

150
7. nóv.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júní 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum, eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Á almennum fundi í hreppabúnaðarfélögum skal kjósa einn kjörmann fyrir hverja 10 félagsmenn, til þess að mæta á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þessir kjörmenn kjósa sambandinu þriggja manna framkvæmdastjórn, og skal hún kjörin til þriggja ára í senn. Gengur einn maður úr stjórn árlega. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn, getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjórn gera fyrir hönd samþykktarsvæðisins, samkvæmt samþykktum þessum eða aðalfundum ræktunarsambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjóra eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppsbúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjórn ræktunarsambandsnis að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan framkvæmdastjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunarinnar, ber að leggja hana fyrir aðalfund sambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar.

150 Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluð-
7. nóv. um verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra á milli vinnustaða, geymsla vélanna, viðhald þeirra, er stafar af eðlilegu sliti, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er framkvæmdastjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé og tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð alls er 150 þúsund krónur.

1. Hlutaðeigandi hreppabúnaðarfélög leggja fram helming stofnfjárins, 75 þús. kr. Innheimtist það þannig, að helmingur stofnfjárhæðar hvers búnaðarfélags skiptist eftir jarðatölu í hreppnum, en hinn helmingurinn skiptist eftir landverði býlanna. Einn fjórða alls stofnfjárins, 37500 kr., leggja hlutaðeigandi búnaðarfélög fram sem óafturkræft framlag til ræktunarsambandsins, en jafnháa fjárhæð útvega félögin að láni til stofnsjóðs.
2. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur það í stofnsjóð jafnóðum og styrkgreiðslur fara fram samkvæmt ákvæðum téðra laga.
3. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. greinar.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til framkvæmdastjórnar þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

20. gr. 150

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu, og tilkynna það hreppabúnaðarfélögum áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund ræktunarsambandsins. 7. nóv.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi sambandsins ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er framkvæmdaaðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ¾ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er viðtökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins, sem haldinn skal fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum, skulu sendar stjórn ræktunarsambandsins, er sendir þær til allra aðila, er að samþykkt standa samkvæmt 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögnum búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir, um að tilgangi samþykkta verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur ræktunarsambands samþykki það með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

150 28. gr. . .
7. nóv. Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.
Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. nóvember 1946.

Pétur Magnússon.

Árni G. Eylands.

151 **JARÐRÆKTARSAMÞYKKT**
8. nóv.

fyrir Búnaðarfélag Ölfushrepps í Árnessýslu.

Búnaðarfélag Ölfushrepps í Árnessýslu gerir á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI
Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.
Samþykktarsvæðið nær yfir félagssvæði Búnaðarfélags Ölfushrepps, þ. e. Ölfushrepp og Hveragerðishrepp.

2. gr.
Ræktunarfélagið tekur að sér, á þann hátt sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að þeim undanskildum, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir 2. lið.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðagarðahleðslu eða öðrum aðferðum, eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI
Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Á aðalfundi hreppabúnaðarfélagsins skal kjósa einn kjörmann fyrir hverja 10 félagsmenn. Þessir kjörmenn kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn árlega. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar, og annast allar innheimtur og greiðslur, eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarfélagsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins, um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn, getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allir samningar, er stjórn og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarfélagsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda þess, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppsbúnaðarfélagið, er að samþykkt stendur, án þess það hafi verið sérstaklega undir það borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarfélagsins.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórn hreppabúnaðarfélagsins fyrir janúarlok ár hvert að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint, hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til stjórnar ræktunarfélagsins eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

151 8. nóv. Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppsbúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber stjórn ræktunarfélagsins í samráði við framkvæmdastjóra að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun, að öðru jöfnu, sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn ræktunarfélagsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, geymslukostnaður, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er ræktunarfélagsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildar reksturskostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur ræktunarfélagsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarfé-

lagið, enda sé og tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila. 151 8. nóv.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarfélagsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI
Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er 70 þúsund krónur.

1. Hreppsbúnaðarfélagið leggur 35 þúsund krónur fram sem stofnfé. 17500 kr. eru lagðar fram sem óafturkræft framlag félagsmanna. Innheimtist það þannig, að hver félagsmaður greiðir 200 krónur. Heimilt er þó að afla fjárins með frjálsum framlögum.
2. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkv. ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur styrkurinn í stofnsjóð jafnóðum og styrkgreiðslur fara fram.
3. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppsbúnaðarfélagsins greiðist til stjórnar ræktunarfélagsins þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til búnaðarfélagsins, áður en aðalfundur er haldinn. Sé stofnfjáraukningin samþykkt af aðalfundi og meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi ræktunarfélagsins ákveður stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppsbúnaðarfélagið.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ¾ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI
Um reikningshald og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. marz ár hvert, og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega að endurskoðun geti farið fram fyrir þann tíma. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

151 24. gr.

8. nóv. Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi ræktunarfélagsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarfélagsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélaginu eða framkvæmdastjórn, skulu lagðar fyrir aðalfund hreppabúnaðarfélagsins. Verði þær samþykktar þar skulu þær lagðar fyrir aðalfund ræktunarfélagsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með a. m. k. ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn ræktunarfélagsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir, um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur ræktunarfélagsins samþykki það með a. m. k. ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ef Búnaðarfélag Selvogshrepps og Búnaðarfélag Grafningshrepps óska þess að ganga inn í ræktunarsamþykkt þessa, og hafa gert um það löglegan undirbúning, samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, geta þessi félög orðið þátttakendur, án þess að það sé undir almennan fund borið, enda fáist samþykki Búnaðarfélags Íslands og landbúnaðarráðherra fyrir því. Breytist þá orðalag samþykktarinnar samkvæmt því.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1946.

Pétur Magnússon.

Árni G. Eylands

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

152
8. nóv.

fyrir Ræktunarsambandið Þorgeirsgarður í Suður-Þingeyjarsýslu.

Ræktunarsambandið Þorgeirsgarður í Suður-Þingeyjarsýslu gerir á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI
Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélög á félagssvæði Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga: Búnaðarfélag Bárðdæla, Búnaðarfélag Hálshrepps, Búnaðarfélag Suður-Fnjóskdæla og Búnaðarfélag Ljósavatnshrepps.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér, á þann hátt sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI
Stjórn ræktunarsambandsins og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Kosning fulltrúa á aðalfund ræktunarsambandsins fer eftir sömu reglum og kosning til aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga.

Aðalfundur ræktunarsambandsins kýs 3 menn í framkvæmdastjórn til þriggja ára og sé sinn maðurinn úr hverjum hreppi, og 3 menn til vara á sama hátt. Gengur einn maður úr stjórn árlega. Fyrstu tvö árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

Stjórn ræktunarsambandsins hefur atkvæðisrétt á aðalfundi, enda sé hún ekki kjörgeng til fulltrúavals.

Aðalfundur skal haldinn fyrir apríllok ár hvert.

152 4. gr.

8. nóv. Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga, við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn, og getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda þess, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin er að samþykkt standa, án þess það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til stjórnar ræktunarsambandsins eigi síðar en 1. febr. ár hvert. Skýrslunni fylgi, frá verkkaupendum, greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppsbúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum félagsmanna sinna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber stjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan stjórnar ræktunarsambandsins um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið. 152 8. nóv.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun, að öðru jöfnu, sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil sé byggt á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers ár.

Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutning þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, geymslukostnaður, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildar reksturskostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé og tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

152
8. nóv.

V. KAFLI
Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Til stofnfjár má telja:

1. Óafturkræf framlög búnaðarsambands og hreppabúnaðarfélaga, er nemi minnst ¼ heildarstofnfjár, sem aflað er samkvæmt lið 1—4.
2. Óafturkræf frjáls framlög frá einstaklingum og öðrum aðilum.
3. Sameiginleg stofnfjárlán, sem tryggð eru með sameiginlegri ábyrgð ræktunarsambandsins. Stofnfjárlán skulu endurgreidd innan 5 ára.
4. Styrkur úr framkvæmdasjóði ríkisins til vélakaupa rennur í stofnsjóð jafnóðum og hann greiðist.

Til árlegra tekna stofnsjóðs má telja:

1. Tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum (ágóði af ákvæðisvinnu, eftirstöðvar af áhættuþóknun).
2. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, sem til sjóðsins kunna að falla.

19. gr.

Stofnfjárframlag búnaðarsambandsins og hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til stjórnar ræktunarsambandsins þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

Framlag hvers hreppabúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða, þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til hreppabúnaðarfélaganna á samþykktarsvæðinu áður en fulltrúar þeirra koma á aðalfund ræktunarsambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandsins ákveður stofnfjáraukninguna, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin á samþykktarsvæðinu.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ¾ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk, þegar verkinu er lokið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI
Um reikningshald og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár ræktunarsambandsins er almanaksárið og skal reiknnigsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

24. gr. 152

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna. 8. nóv.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum, skulu sendar stjórn ræktunarsambandsins, er sendir þær til allra aðila, er að samþykkt standa samkvæmt 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögnum búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn ræktunarsambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og lögmætur aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1946.

Pétur Magnússon.

Árni G. Eylands.

153
8. nóv.

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Höfðahreppi í Húnavatnssýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar verða í Höfðahreppi og aðgangur er seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:
   a. Fyrirlestrar og upplestrar.
   b. Söngur.
   c. Sjónleikir.
   d. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.

II. flokkur:
   a. Hljómleikar.
   b. Dansleikir.
   c. Loddara- og fjölleikasýningar.
   d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
   e. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem undir fyrsta flokk heyra, skal greiða 15% af aðgöngueyri, og af þeim, sem taldar eru í öðrum flokki, 20%.

Ef skemmtun er margþætt skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, eða til styrktar góðum og þörfum félagsskap sveitarinnar.

5. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann fyrir sína hönd og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, sem aðgangur er seldur að, skal tilkynna hreppsnefndaroddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær skemmtunin skuli haldin. Afhendir þá hreppsnefnd stimplaða aðgöngumiða, svo marga að ætla megi að nægi. Gerð miðanna ákveður hreppsnefnd og kostnaður við þá greiðist af skatttekjum.

Þegar samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða

ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt. Þá getur eftirlitsmaður 153
einnig krafizt fyrirframtryggingar fyrir skattgreiðslunni, ef hann telur ástæðu 8. nóv.
til þess.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum og verja því til hvers konar menningarstarfsemi í Höfðahreppi.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000 krónum. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar minnst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr. Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 8. nóvember 1946.

Brynjólfur Bjarnason.

Þirgir Thorlacius.

REGLUGERÐ 154

8. nóv.

um skemmtanaskatt í Stykkishólmshreppi í Snæfellsnessýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Stykkishólmshreppi og aðgangur er seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:
   a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
   b. Sjónleikir.
   c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
   d. Fyrirlestrar og upplestrar.
   e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

II. flokkur:
   a. Dansleikir.
   b. Danssýningar.
   c. Loddara- og fjölleikasýningar.
   d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í I. flokki, skal greiða 10% af aðgöngueyri og 20% af skemmtunum í II. flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.

154 8. nóv.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá skattgreiðslu fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til eflingar fræðslu- og menningarstarfsemi innan hreppsins.

5. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtun skattsins, og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann, er nefnist eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina.

Eigi síðar en 2 dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum og verja því til hverskonar menningarstarfsemi í Stykkishólmshreppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 1000 kr. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar a. m. k. fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr.

Með mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 8. nóvember 1946.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

155
8. nóv.

um skemmtanaskatt í Ólafsfjarðarkaupstað.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem aðgangur er seldur að, og eru ekki undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:
   a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
   b. Sjónleikir.
   c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
   d. Fyrirlestrar og upplestrar.
   e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

II. flokkur:
   a. Dansleikir og danssýningar.
   b. Loddara- og fjölleikasýningar.
   c. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 5% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtunin er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur bæjarstjóri veitt, ef sérstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Bæjarstjórn hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins, og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið til þess sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna bæjarstjóra eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina.

Eigi seinna en tveim dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá sem fyrir henni stóð, afhenda bæjarstjóra — eða eftirlitsmanni — alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt samkv. 3. gr. af öllum miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

155 8. nóv.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000 kr., sé brotinu þannig varið, að skattur hafi verið dreginn undan, skal sektin ákveðin sem svarar fjórföldum þeim skatti, sem undan var dreginn, allt að 1000 kr. Mál, sem kunna að rísa út af reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 8. nóvember 1946.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

156 20. nóv.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Suðureyrarkauptúni.

1. gr.

Þar, sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði á kostnað sveitarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsi sínu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi, skal hreppsnefnd heimilt, með hæfilegum fyrirvara, að láta vinna verkið á hans kostnað.

Bannað er að leiða frárennsli úr gripahúsum í holræsi hreppsins.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kauptúnsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast maður, sem hreppsnefnd felur það undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi nema að fengnu leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlýða í öllu fyrirmælum þeirra, um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í því sambandi.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við holræsagerð hreppsins, skal árlega greiða holræsagjald af öllum húsum, er standa við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, og fer gjaldið eftir gjaldskrá sem hér segir:

a. Fast gjald á hvert hús 30 kr.
b. Fast gjald á hverja íbúð fram yfir eina 15 kr.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðsrétti í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. júlí ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 300 kr. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 156 20. nóv.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. nóvember 1946.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

157 22. nóv.

um fyrirmynd að samþykktum fyrir byggingarfélög verkamanna.

Samkvæmt I. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið gert fyrirmynd að samþykktum fyrir byggingarfélög verkamanna, sem prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal.

Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1946.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT

fyrir Byggingarfélag .....

I. KAFLI

Nafn, heimili og markmið félagsins.

1. gr.

Félagið heitir Byggingarfélag .....

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er .....

3. gr.

Tilgangur félagsins er að koma upp verkamannabústöðum í samræmi við ákvæði I. kafla laga nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Hús þau, er félagið byggir, skulu gerð úr varanlegu efni, með eins til fjögurra herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútíma þægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.

II. KAFLI

Ábyrgð félagsmanna og réttindi.

4. gr.

Félagsmenn bera með húseignum þeim, sem þeir hafa keypt hjá félaginu, sameiginlega ábyrgð á öllum fjárreiðum þess sem sjálfskuldarábyrgðarmenn.

157 22. nóv. Nafnaskrá yfir alla félagsmenn skal jafnan vera til, geymd hjá stjórn félagsins. Skal þess gætt, að nýir félagar séu teknir upp í skrána, og þeir strikaðir út, sem gengið hafa úr félaginu.

5. gr.

Félagsmenn geta þeir einir orðið, sem uppfylla þessi skilyrði:

a. Eru fjárráða.
b. Eru heimilisfastir innan þess svæðis, sem félagið nær yfir.
c. Hafa ekki haft yfir 7000 króna árstekjur að viðbættum 1000 kr. fyrir hvern ómaga miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, né eiga yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miðað við upphæðir þessar, hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.

6. gr.

Við inngöngu í félagið skal hver félagsmaður skrifa undir skuldbindingu um, að hann sé háður samþykktum félagsins eins og þær eru eða verða á hverjum tíma.

Hver félagsmaður skal fá skírteini, er sýni að hann sé löglegur félagsmaður. Skírteini þessi skulu endurnýjuð eftir því sem aðalfundur ákveður.

7. gr.

Inngöngueyrir er 25 krónur og rennur í varasjóð félagsins. Enn fremur greiði hver félagsmaður árlega 10 krónur, sem renna í félagssjóð.

Úr félagssjóði skal greiða þann kostnað, sem verður við bein félagsstörf, kostnað við fundarhöld o. þ. h. Skal sjóðurinn ávaxtaður í peningastofnun, sem hefur ríkisábyrgð fyrir innstæðum.

8. gr.

Árgjald í varasjóð félagsins skal vera 1% af viðskiptaveltu félagsins, en hún telst vaxta- og afborgana-tekjur félagsins á árinu, sem félagsmönnum ber að greiða, enda greiði hver félagsmaður gjald þetta af sinni viðskiptaveltu.

9. gr.

Árlegt tillag í stofnsjóð skal greitt af þeim félagsmönnum, er keypt hafa verkamannabústaði hjá félaginu, og nemur það 3% af viðskiptaveltu hvers félagsmanns, sbr. 8. gr.

10. gr.

Hús þau eða íbúðir, er félagið selur, skulu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þau kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru í 4. gr. laga um verkamannabústaði.

Sérstakur kaupsamningur skal gerður um hverja íbúð sem seld er, og skal þar ákveðið að kaupanda sé heimilt að greiða byggingarlán sitt að fullu hvenær sem hann óskar þess.

Ekkja eða ekkill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsréttindi að íbúðinni, enda gerist þau þá löglegir félagar.

11. gr.

Réttur félagsmanna til kaupa á húsum þeim eða íbúðum, er félagið lætur byggja, skal vera þannig, að stofnendur hafi forkaupsrétt fyrir þeim, er síðar ganga í félagið. Skulu þeir stofnendur ganga fyrir öðrum stofnendum, er stjórn félagsins telur hafa meiri og brýnni þörf fyrir húsnæðið. Síðan skulu félagsmenn hafa aðgang að íbúða- eða húsakaupum í þeirri röð, sem þeir innritast í félagið.

Við úthlutun íbúða skal fara eftir fjölskyldustærð hvers félagsmanns, þannig að þeir fái stærstar íbúðir, sem mesta hafa þörf fyrir húsnæðið vegna fjölskyldu sinnar. Einhleypir félagsmenn fái ekki stærra húsnæði en þeir þarfnast.

Nú hefur félagsmaður keypt hús eða íbúð af félaginu og má hann þá eigi selja hana, nema stjórn félagsins hafi hafnað forkaupsrétti vegna félagsins. Selji félagsmaður íbúð má söluverð hennar ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem greiddur hefur verið af seljanda þegar slík sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkv. mati dómkvaddra manna. 157 22. nóv.

Óheimilt skal félagsmanni, er íbúð hefur fengið hjá félaginu, að framleigja hana nema með leyfi stjórnar félagsins, og þá aðeins hluta af íbúðinni. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og skal hún miðast við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati hluta þess, sem leigður er. Ekki má félagsmaður láta íbúð sína standa ónotaða nema með leyfi félagsstjórnarinnar, og getur stjórnin ráðstafað slíkum íbúðum.

12. gr.

Byggingar þær, sem félagið byggir, skulu reistar á lóðum, sem hlutaðeigandi sveitarfélag eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin á 10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni.

III. KAFLI

Um viðhald seldra íbúða o. fl.

13. gr.

Þeir, sem keypt hafa hús af félaginu, skulu skyldir að annast viðhald þeirra að öllu leyti, bæði utan og innan. Verði misbrestur á þessu, skal stjórn félagsins sjá um viðhaldið á kostnað þess, er keypt hefur húsið.

Þegar um sambyggingu er að ræða, skal stjórn félagsins sjá um allt viðhald utanhúss, þar með taldir garðar og allt, sem sameiginlegt getur talizt innanhúss, svo sem sameiginlega stiga, ganga, þvottahús, miðstöðvarklefa, leiðslur o. s. frv. Þó skal stjórn félagsins heimilt, ef hún telur það hagkvæmt, að gefa íbúðareigendum leyfi til að annast þetta allt sjálfir, undir eftirliti stjórnar félagsins.

Viðhald allt innanhúss á einstökum íbúðum, skal íbúðareigandi annast sjálfur. Þó skal stjórn félagsins, ef um verulegar vanefndir á viðhaldsskyldu eiganda er að ræða, sjá um viðhaldið á kostnað hlutaðeigandi íbúðareiganda.

Kostnaður við allt sameiginlegt viðhald, sem stjórn félagsins annast framkvæmdir á, skal lagður á viðkomandi byggingu í heild, en síðan jafnað niður á íbúðareigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni.

14. gr.

Inntökubeiðnir og úrsagnir úr félaginu skulu vera skriflegar og sendar félagsstjórn. Við brottför úr félaginu er ekki unnt að gera neitt tilkall til sjóða félagsins, annarra en stofnsjóðs í þeim tilfellum, sem segir í 25. gr. laga um samvinnufélög. nr. 46/1937.

15. gr.

Félagsmaður getur sætt brottrekstri úr félaginu fyrir þessar sakir:

a. Ef hann verður ber að því að spilla áliti félagsins eða vekja tortryggni hjá félagsmönnum.
b. Ef hann sýnir félaginu veruleg eða ítrekuð vanskil.

Nú ályktar félagsstjórn, að félagsmaður sé rækur úr félaginu. Skal hún þá tilkynna honum það skriflega. Sætti hlutaðeigandi sig ekki við úrskurð stjórnarinnar,

157 getur hann skotið máli sínu til næsta aðalfundar, og auk þess getur hann leitað réttar
22. nóv. síns hjá dómstólunum.

IV. KAFLI
Félagsstjórn og fundir.

16. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í félagsmálum og gerir þær ákvarðanir um starfsemi félagsins, sem þörf er á. Hann skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Ekki má fresta aðalfundi frá því, sem ákveðið er, um meira en einn mánuð, og þá því aðeins, að brýn ástæða sé til. Til aukafunda getur félagsstjórnin boðað þegar henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef 25 félagsmenn óska þess skriflega og greina fundarefni. Nú hefur stjórn félagsins ekki boðað til fundar innan 14 daga eftir að henni barst krafan, og geta þá hlutaðeigandi félagsmenn sjálfir kvatt til fundar. Fundir eru lögmætir ef þeir eru löglega boðaðir.

Til allra funda skal boða með þriggja daga fyrirvara, með auglýsingu í blöðum á staðnum, ef til eru, en annars með uppfestum auglýsingum eða öðrum þeim hætti, sem venja er að boða til almennra funda þar á staðnum. Sé fundarefni tilgreint í auglýsingunni. Úrslitum mála á fundum ræður einfaldur meiri hluti, nema þar sem meiri munur er áskilinn í samþykktum þessum. Fundargerðir skulu ritaðar í fundarbók, sem lesin sé upp og borin undir atkvæði í fundarlok og síðan staðfest með undirskrift fundarstjóra og ritara. Reglur um tilhögun á félagsfundum skulu settar í fundarsköpum, er stjórnin semur og aðalfundur samþykkir.

17. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn og skal formaður skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu úr hópi þeirra félagsmanna, sem fullnægja 4. lið 6. gr. laga nr. 44 frá 1946. Fjórir varamenn í stjórn skulu kosnir á sama hátt. Listi til stjórnarkosninga skal skipaður 8 mönnum. Nú nær kosningu einn eða fleiri stjórnarmenn á lista, og ná þá jafnmargir varamenn kosningu á sama lista, þeir eða sá sem næst stendur að atkvæðatölu á listanum, á eftir kosnum stjórnarmanni. Allir félagsmenn skulu skyldir að taka kosningu eitt kjörtímabil. Formaður boðar til stjórnarfunda. Er stjórnarfundur lögmætur, ef 3 stjórnendur eru á fundi. Allar fundargerðir stjórnarinnar skulu ritaðar í gerðabók, og rita viðstaddir stjórnendur undir. Stjórnin boðar til félagsfunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund til úrskurðar endurskoðaða reikninga félagsins fyrir næstu ár á undan, hefur eftirlit með öllum framkvæmdum félagsins og hefur á hendi eða sér um eftirlit á húsum þeim, sem félagið hefur byggt og selt félagsmönnum, innheimtir félagsgjöld, vexti og afborganir til félagsins, sér um greiðslu á gjöldum þess, gætir í öllu hagsmuna félagsins og getur leitað aðstoðar landslaga og réttar í málefnum félagsins, ef þörf krefur. Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra eða ráðsmann til þess að hafa á hendi eitthvað af stjórnarstörfum og launa honum. Einnig er stjórninni heimilt að fela peningastofnun innheimtu afborgana og vaxta. Kostnaðinum við innheimtu vaxta og afborgana, kyndingu miðstöðvar og eftirlit getur félagsfundur jafnað niður á félagsmenn þá, sem verkamannabústaði hafa fengið keypta hjá félaginu.

18. gr.

Allir þeir samningar, sem stjórnin gerir fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktum þessum eða fundarályktun í félaginu, eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan félagsmann. Stjórnendur 3 saman skuldbinda félagið. Stjórnin ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi.

19. gr. 157

Lán þau, sem félagsstjórn tekur fyrir hönd félagsins, ábyrgjast félagsmenn 22. nóv.
(með þeim takmörkunum sem segir í 4. gr.), sem sjálfskuldarábyrgðarmenn einn fyrir alla og allir fyrir einn, án þess að lántakan hafi verið undir þá borin, og án þess, að þeir gefi út sérstakt ábyrgðarskjal þar að lútandi. Ef málsókn rís út af láninu, er hverjum félagsmanni skylt að koma fyrir dóm og svara til sakar á þeim stað, er lántaki hefur undirgengizt.

20. gr.

Endurskoðun reikninga hafa á hendi 2 menn, er aðalfundur kýs. Skulu þeir vera félagsmenn. Kosning þeirra gildir í 2 ár og ganga þeir úr sitt árið hvor. Á sama hátt skal kjósa 2 varaendurskoðendur.

Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum félagsins beri saman við bækur þess, enda eigi þeir, hvenær sem er, aðgang að öllum bókum þess og skjölum, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Enn fremur er skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta, að félaginu geti stafað hætta af, skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði ráðin svo fljótt sem þörf krefur. Takist það eigi, skulu þeir kveðja til aðalfundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur er haldinn, og skulu reikningarnir þá lagðir fram til úrskurðar.

21. gr.

Laun stjórnar og endurskoðanda, ef einhver eru, skulu ákveðin af aðalfundi.

V. KAFLI
Félagssjóðir.

22. gr.

Um stofnsjóð félagsins og útborgun á stofnsjóðseign hvers félagsmanns fer eftir 25. gr. laga um samvinnufélög nr. 46 frá 1937.

23. gr.

Varasjóði félagsins, sem er myndaður af inntökugjaldi félagsmanna og árgjaldi íbúðareiganda, er ætlað að vera til styrktar, ef eitthvert óvænt tap berst að félaginu. Fé má þó ekki greiða úr sjóðnum nema eftir tillögu félagsfundar í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar, enda séu tillögunni fylgjandi ⅔ þeirra félagsmanna, sem á fundinum eru. Varasjóður félagsins skal geymdur í Landsbanka Íslands.

24. gr.

Úr félagssjóði skal greiða allan kostnað við stjórn og fundarhöld félagsins. Skal hann vera í vörzlu gjaldkera, en ávaxtaður í banka að því leyti, sem unnt er.

VI. KAFLI
Skrásetning og fleira.

25. gr.

Um skrásetningu félagsins og félagsslit fer eftir lögum um samvinnufélög nr. 46/1937. Sama er um öll önnur atriði, sem ekki eru tekin fram í samþykktum þessum, en ákvæði eru um í greindum lögum I. kafla laga nr. 44/1946, um opinbera

157 22. núv. aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, eða öðrum lögum, sem kunna að verða sett til viðbótar þeim, eða í þeirra stað, að fara skal þá eftir því, sem þar er ákveðið.

26. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og séu að minnsta kosti ⅔ fundarmanna samþykkir breytingunum.

Þegar leggja á fyrir fund tillögu um breytingu á félagssamþykkt, skal þess jafnan getið í fundarauglýsingu. Breytingartillögur þær, sem ekki koma fram fyrr en á fundi, þurfa ⅘ greiddra atkvæða til þess að ná gildi, enda sé meiri hluti félagsstjórnar þeim fylgjandi.

Allar slíkar breytingar eru háðar staðfestingu ráðherra.

158 5. des. **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðjónínu Jónsdóttur", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. desember 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðjónínu Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um Guðjónínu Jónsdóttur, húsfreyju í Garðbæ á Akranesi, af manni hennar, Jóni Bjarnasyni.

Stofnfé sjóðsins er 2000 krónur.

2. gr.

Sjóðurinn skal taka til starfa þegar höfuðstóll hans nemur 20 þús. kr. Skal þá verja ¾ hlutum ársvaxtanna, samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar, til skrúðgarðs á Akranesi, er opinn sé almenningi og sé í umsjá bæjarstjórnar.

Þegar höfuðstóll sjóðsins nemur 50 þús. kr., skal verja ⅘ hlutum vaxtanna í sama skyni.

Að öðru leyti skulu vextirnir lagðir við höfuðstól, og hann má aldrei skerða.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, sóknarprestinum á Akranesi, manni, er bæjarráð Akraneskaupstaðar kýs úr sínum hópi, og stofnanda sjóðsins, meðan hans nýtur við, en eftir hans dag fulltrúa, er Kvenfélag Akraness kýs.

Auk úthlutunar úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. hefur sjóðstjórnin á hendi reikningshald sjóðsins, en reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga bæjarsjóðs.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta fyrst um sinn í vaxtabréfum Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, en frá þeim degi, er þau verða innleyst, í Söfnunarsjóði Íslands.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Garðbæ á Akranesi, 28. nóv. 1946.

Jón Bjarnason.

AUGLÝSING

159
5. des.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur félagsmálaráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

21. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Klettur. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 20. nóvember 1946.
22. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Stykkishólms. Varnarþing í Stykkishólmi. Staðfest 2. desember 1946.
23. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Akraness. Varnarþing á Akranesi. Staðfest 5. desember 1946.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 5. desember 1946.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

SAMÞYKKT

160
10. des.

um sýsluvegasjóð í Austur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Í Austur-Barðastrandarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær umbætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, eftir því, sem fé er veitt til vegagerða á ári hverju.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

Í Geiradalshreppi: Frá þjóðveginum við Króksfjarðarneshyrnu með hlíðinni að Brekku, Bakka um Valshamar að Gautsdal og á þjóðveginn á Oddamel.

Í Reykhólahreppi: Frá þjóðveginum á Hrísmelum um Hafrafell að Borg, og frá þjóðveginum við Kinnarstaðarétt að Hlíð.

Í Gufudalshreppi: Frá þjóðveginum við Hjallaá kringum Hallsteinsnes inn á þjóðveginn við Djúpafjörð.

Frá Brekku út á Gróunes og frá Gufudal kringum Skálanes inn með Kollafirði að Kletti.

Í Múlahreppi: Frá fjallveginum við Skálmardalsá fyrir Vattarfjörð, um Fjarðarhlíð og Múlanes, að Skálmarnesmúla.

Frá Skálmardalsá um Illugastaði, út fyrir Svínanes, að Kvígindisfirði, þaðan kringum Bæjarnes, að Bæ á Bæjarnesi.

160 10. des.

3. gr.

Í sýslusjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kauptúnum. Þó er hreppsfélaginu heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi og tilkynning kemur þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl.

Sýslunefndin ákveður fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera. Má hann þó ekki lægri vera en 2‰ af verði skattskyldra fasteigna eftir fasteignamati og ekki hærri en 10‰, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Skatturinn er miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarin ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur samkv. lögum nr. 102, 19. júní 1933.

Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýsluvegasjóði, að hreppurinn sjái um að lagt verði fé á móti eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

5. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs, skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur og um sýslusjóðsreikning.

Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegasjóðsreikningnum, ásamt áætlun, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra, að afstöðnum sýslufundi.

6. gr.

Undanskyldar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögu sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir, ásamt húsum og lóðum á þeim, enn fremur ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati sökum sjávarhlunninda.

7. gr.

Sýsluvegasjóðum skal fá tillög úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í 9. gr. laga nr. 102 19. júní 1933, sbr. og lög nr. 121 12. des. 1945.

8. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29 16. des. 1885, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 kr. sektum, er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum, sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Á samþykkt þessari skal leita staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 160 10. des.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. desember 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

161 10. des.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Vestur-Barðastrandarsýslu, nr. 75 29. ágúst 1931, sbr. samþykkt nr. 34 2. marz 1943.

2. gr., töluliður 2, orðist svo:
Frá Ósum út með Patreksfirði að sunnan, um Mosdal, Örlygshöfn og Hafnarfjall, að Hvallátrum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. desember 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

162 16. des.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur félagsmálaráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

24. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag póstmanna í Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 7. desember 1946.
25. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 9. desember 1946.
26. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Borg. Varnarþing í Grafarnesi, Eyrarsveit. Staðfest 13. desember 1946.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1946.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

163
16. des.

AUGLÝSING

um innheimtu á veitingaskatti.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, sem um getur í 2. gr. laga nr. 99/1933, skuli, þar til öðruvísi verður ákveðið, frá og með 15. nóvember vera kr. 7.75, enda sé innifalið í því verði andvirði allrar þjónustu.

Fjármálaráðuneytið, 16. desember 1946.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Sigtryggur Klemenzson.

164
16. des.

AUGLÝSING

um notkun heimilda vegna framkvæmda almannatryggingalaga.

I. Með tilvísun til heimildar í lögum nr. 89 6. des. 1946, um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, hefur ríkisstjórnin ákveðið, að heimildir þær, sem þar eru veittar ríkisstjórninni, skuli notaðar, en þær eru þessar:

1. að iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög sveitarfélaga samkvæmt 114. gr. skuli á árinu 1947 innheimtast með vísitöluálagi, er miðist við 300 stig;
2. að skírteinagjald samkv. 3. málsgr. 127. gr. skuli á árinu 1947 vera 30 kr. (jafnt fyrir karla og konur) og afhending skírteina í fyrsta sinn, sbr. 2. málsgr. 127. gr., fram fara í janúar 1947;
3. að iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. og 113. gr., sem á eru lögð með tekju- og eignarskatti 1947, skuli eigi innheimt, ef hlutaðeigendur hafa hætt rekstri fyrir árslok 1946;
4. að vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1947 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1948 samkv. 132. gr.;
5. að lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1947 vera 5 kr. á mánuði.

II. Að fenginni tillögu Tryggingaráðs hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild þá, sem henni er veitt í 9. bráðabirgðaákvæði laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að lækka iðgjöld samkv. 107. gr. nefndra laga.

Samkvæmt framansögðu ákveður ríkisstjórnin, að iðgjöld til Tryggingasjóðs skuli á árinu 1947 vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:	Iðgjald með vísitölu:
Kvæntir karlar	380 kr.
Ókvæntir karlar	340 kr.
Ógiftar konur	250 kr.

Á 2. verðlagssvæði:	Iðgjald með vísitölu:	164
Kvæntir karlar	300 kr.	16. des.
Ókvæntir karlar	270 kr.	
Ógiftar konur	200 kr.	

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1946.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT 165
20. des.

fyrir Ræktunarsamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Ræktunarsamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gerir á grundvelli laga nr. 7. 12. jan. 1945, svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI
Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélög:

Búnaðarfélag	Kolbeinsstaðahrepps.	Búnaðarfélag	Ólafsvíkurhrepps.
—	Eyjahrepps.	—	Fróðárhrepps.
—	Miklaholtshrepps.	—	Eyrarsveitar.
—	Staðarsveitar.	—	Helgafellssveitar.
—	Breiðuvíkurhrepps.	—	Stykkishólmshrepps.
—	Neshrepps.	—	Skógarstrandarhrepps.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér, á þann hátt sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert ráð ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert

165 20. des.

með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum, eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI
Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Ræktunarsambandið velur sér framkvæmdastjórn. Skal hún kjörin á aðalfundi ræktunarsambandsins til þriggja ára. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en þeir eru ekki skyldir til að taka við endurkosningu.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast útvegun á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, eftir ákvörðun aðalfundar, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir þeirri fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna og sér um á hverjum tíma, að verkefnin séu tekin í þeirri röð, er aðalfundur hefur ákveðið.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni, með samþykki aðalfundar, að ráða framkvæmdastjóra til eins árs eða skemmri tíma. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allar ályktanir aðalfundar eru bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt þessari standa, án þess að það sé sérstaklega borið undir þau. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins, sem haldinn er í maí ár hvert, og skipaður er einum fulltrúa frá hverju sambandsfélagi.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarða-

bætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til ræktunarsambandsstjórnar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Skýrslunni fylgi, frá verkkaupendum, greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári. 165 20. des.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber stjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar. Framkvæmdastjórn er skylt að fylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að það valdi óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun, að öðru jöfnu, sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda um leið og vinnu er lokið, eftir þeim verktaxta er aðalfundur hefur samþykkt. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en lokareikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til rekstursкostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur rekstursкostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af bilunum og sliti þeirra, vaxtagreiðslur kostnaðar við verkstjórn og stjórnarkostnaður, enn fremur kostnaður við ræktunarsambandsfundi.

Heimilt er ræktunarsambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað ríflega áhættuþóknun.

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

165 16. gr.

20. des. Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé og tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 70000.00.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Leggst það í stofnsjóð jafnóðum og framlagið greiðist úr framkvæmdasjóði ríkisins.
2. Fast gjald, kr. 150.00 af hverju býli, sem er í ábúð á samþykktarsvæðinu utan skipulagslóða kauptúnanna (tvíbýli telst tvö býli), og 25 kr. af hverjum ha ræktaðs lands kauptúnanna og broti er nær ⅓ úr ha.
3. Hinn hlutinn verði 25000 kr. framlag ræktunarsambandsins sjálfs og allt að 2% á byggðar jarðir eftir fasteignamati lands. Erfðaleiguhafar og eigendur eða ábúendur jarða skulu greiða framlög þessi, en lóðaeigendur greiða framlögin sjálfir. Stofnfjárframlag samkvæmt 2. og 3. tölul. er lagt fram sem óafturkræft framlag þessara aðila.
4. Auk þessa fjár leggjast í stofnsjóð árlega tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.

Búnaðarfélögin bera ábyrgð á innheimtu fjárins, hvert á sínu svæði.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til ræktunarsambandsstjórnar þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til hreppabúnaðarfélaganna, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund ræktunarsambandsins. Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandisns ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaganna.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið, og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslur um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, frá hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar til allra aðila er að samþykkt standa, samkvæmt 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögnum búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn ræktunarsambandsins senda Búnaðarfélagi Íslands breytingarnar, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og lögmætur aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. desember 1946.

Pétur Magnússon.

Árni G. Eylands.

166
21. des.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1947.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 92/1946 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1947.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna eru undanþegnar skattaukanum.

Menntamálaráðuneytið, 21. desember 1946.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

167
21. des.

REGLUGERÐ

um áhættuiðgjöld og flokkun starfa og starfsgreina samkv. 113. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar.

I.
Um áhættuiðgjöld og útreikning starfstíma.

1. gr.

Frá 1. janúar 1947 skulu áhættuflokkar og iðgjöld vegna slysahættu vera sem hér segir:

Áhættu-flokkur	Iðgjöld aurar á viku
1.	150
2.	200
3.	300
4.	400
5.	500
6.	600
7.	800
8.	900
9.	1200
10.	1500

2. gr.

Starfstíminn skal talinn í vikum og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðunina. Sé um fastráðna starfsmenn að ræða, er taka árslaun eða mánaðarlaun, reiknast iðgjaldið af 52 vikum.

Ef um ákvæðisvinnu, dagkaup eða tímakaup er að ræða, reiknast 6 dagar eða 48 vinnustundir sem ein tryggingarvika.

Tryggingarvika ökumanns og sjómanns telst þó 7 dagar, enda reiknast iðgjöld ökumanns samkvæmt skrásetningartíma ökutækis og iðgjöld sjómanns eftir tíma þeim, sem hann er lögskráður eða ráðinn, að meðtöldum lögskráningardegi eða komudegi í skiprúm, — sé eigi skylt að lögskrá, — og afskráningardegi eða brottfarardegi úr skiprúmi.

3. gr. 167

Störf barna og fósturbarna á aldrinum 16—20 ára, sem dvelja á heimili foreldra eða fósturforeldra og vinna þeim, en ekkert kaup taka umfram fæði og dvalarkostnað, skulu metin til vinnuvikna samkv. 112. og 113. gr., þannig að ársdvölin jafngildi 13 vinnuvikum, og skemmri vinna á sama hátt ¼ dvalartímans. 21. des.

Sé um kaupgreiðslu að ræða í peningum eða fríðindum umfram þau, sem að framan segir, skulu hverjar fullar kr. 150.00, sem greiddar eru, teljast jafngilda einni vinnuviku til viðbótar unz fullu iðgjaldi er náð.

4. gr.

Heimilt er að telja fjórar sjóferðir (róðra) sem eina tryggingarviku, sé um að ræða skipshafnir á róðrabátum eða vélbátum undir 12 smálestir, sem ekki stunda veiðar að staðaldri, enda séu þá jafnan greidd iðgjöld fyrir fram fyrir minnst 4 vikur.

5. gr.

Telja skal saman starfstíma allra tryggingaskyldra launþega hjá hverjum atvinnurekanda eftir áhættuflokkum. Komi þá fram brot úr viku, skal það hækkað upp og teljast sem heil vika í hverjum áhættuflokki.

II.
Um skiptingu starfa og starfsgreina í áhættuflokka.
(Iðgjaldaskrá.)

6. gr.

Þessi störf og starfsgreinar teljast í 1. áhættuflokki (vikugjald 150 aurar):

Baðhúsa- og sundhallavarzla,
Blaðamenn, þar með talin blaðaafgreiðsla,
Benzínafgreiðsla til ökutækja o. s. frv.,
Bókband,
Bréfberar (bæjarpóstar),
Bursta- og körfugerð,
Dómarar,
Dúklagning,
Dyravarzla og þjónsstörf í samkomu- og veitingahúsum,
Eldfæraeftirlit,
Eldhússtörf, matsveinar meðtaldir,
Fangavarzla,
Fatalitun (hreinsun og pressun),
Færaspuni,
Gullsmíðar,
Hárgreiðslu- og snyrtistörf,
Hjúkrun,
Hljóðfæraleikarar,
Hljóðfæraviðgerðir,
Húsgagnafóðrun (bólstrun),
Húsvarzla,
Innanbúðarstörf,
Innheimtustörf,
Innrömmun,
Kennimenn, þjóðkirkjunnar og annarra trúarflokka,
Kennslustörf við ýmsa skóla,

167 Kvikmyndasýningarmenn,
21. des. Landbúnaðarstörf, önnur en aflvélastjórn og jarðsprengingar,
Leðuriðja,
Leikarar,
Leikfangagerð án notkunar aflvéla,
Línstofuvinna,
Ljósmyndagerð,
Ljósmæðrastörf,
Loftskeytastörf á landi,
Lyfjagerð,
Lyftuverðir,
Læknisstörf, dýralæknar meðtaldir og aðstoðarfólk í lækningastofum,
Magnaraverðir,
Málun í vinnustofum,
Matsmenn afurða,
Náðhúsavarzla,
Netjagerð og bætingar (án véla),
Póstafgreiðsla,
Prentiðn, þar með talin ljósprentun,
Prentmyndagerð,
Prjónastofuvinna,
Pylsugerð, kjöt- og fiskdeigsgerð,
Raflampa- og hjálmagerð,
Rakarastörf,
Rannsóknarstörf, unnin í rannsóknarstofu ríkisins og einkafyrirtækja,
Sandgræðsla,
Saumavinna hverskonar,
Sendistörf, önnur en vörusendla, blaðaútburður meðtalinn,
Silfursmíði,
Símaafgreiðsla,
Símritun,
Símvirkjun,
Skógarvarzla og skógrækt,
Skósmíðar,
Skrifstofustörf og önnur hliðstæð störf,
Starfsstúlkur í heimilum, barnaheimilum, elliheimilum, samkomuhúsum, leikvöllum, sjúkrahúsum, skólum og veitingahúsum,
Sútun (rotun skinna),
Söðlasmíðar,
Sölumenn,
Teppagerð og teppahreinsun,
Úrsmíðar,
Útvarpsvirkjun,
Veðurfræðingar og aðstoðarfólk í Veðurstofu,
Veggfóðrun,
Vélaviðgerðir, heimilis- og skrifstofuvélar, löggilding voga og mælitækja,
Verklegt nám skólanemenda,
Verzlunarstörf (sjá Innanbúðar- og skrifstofustörf).

7. gr.

Í 2. áhættuflokki teljast þessi störf og starfsgreinar (vikugjöld 200 aurar):
Belgjagerð,

Beykisstörf,
Blikksmíðar,
Brauða- og kökugerð,
Erindrekstur, þar með talin ráðunautsstörf, og þau eftirlitsstörf, er krefjast ferðalaga,
Fiskvinna (herzla, pökkun, söltun, þvottur, þurrkun),
Garnahreinsun,
Gasgerð (kolagas),
Glerslípun,
Gúmiðnaður,
Hampiðja,
Hreinlætis- og snyrtivöruframleiðsla (þvottaduft, ræstiduft, fægilögur, gljávax, kerti, sápur, skóáburður o. s. frv.),
Járnsmíði í vinnustofum án véla,
Kaffibrennsla og kaffibætisgerð,
Kexgerð,
Korkiðja,
Kornmölun,
Land- og vatnsmælingastörf,
Leirsmíði (brennsla),
Málmhúðun,
Málgerð (litagerð),
Netjagerð með vélum,
Niðursuða,
Pappírspoka- og pappaöskjugerð,
Pípulagningar innanhúss (gas, rafmagn, vatn og skólp, miðstöðvar),
Pípugerð úr steinsteypu,
Ráðunautsstörf (sjá Erindrekstur),
Rafvirkjar,
Reiðhjólaviðgerðir,
Reykhúsastörf,
Síldarverkun,
Smjörlíkisgerð,
Steinaframleiðsla til húsagerðar,
Sælgætisframleiðsla (brjóstsykurs, konfekts, lakkríss, súkkulaðis o. þ. h.),
Tóbaksgerð,
Torfhúsagerð,
Trésmíðar í verkstæðum án aflvéla, þar með talin húsgagnasmíði,
Vikurvinnsla, vikursteypa meðtalin,
Þvottahúsastörf,
Ölgerð.

8. gr.

Í 3. áhættuflokki teljast þessi störf og starfsgreinar (vikugjald 300 aurar):
Acetylengasgerð,
Aflvélastjórn við jarðyrkju, vegagerð o. fl.,
Bátasmíðar (báta 5 smálestir og minni),
Bátaviðgerðir,
Bifreiðaeftirlit,
Bifreiðanámskeið, nemendur,
Bifreiðastjórn,
Bifvélavirkjun,

167 21. des.

Bæjarvinna, ýmiss konar (ótilgreind annars staðar),
Fiskaðgerð,
Flugvélavirkjun,
Frystihúsavinna (meðaltalsiðgjald),
Glergerð,
Grjótvinna, önnur en sú, sem talin er í 5. áhættuflokki,
Götugerð og lagningar í götu (pípur, jarðstrengir o. þ. h.),
Hreinsun (ræsting) í skrifstofum, skólum, samkomuhúsum, hvers konar veitingastofum, skipum, utanhúss, meðtalin gluggahreinsun),
Húsagerð (nýsmíði, endurbætur, breytingar),
Ístaka,
Jarðborun,
Jarðsprengingar, aðrar en grjótsprengingar,
Klæðaverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald),
Leikfangagerð úr tré eða málmum, með aflvélum,
Lýsisbræðsla,
Lögreglustörf og löggæzla á vegum,
Málarastörf, önnur en þau, sem talin eru í 1. áhættuflokki,
Mjólkur- og rjómabússtörf (þurrmjólkurvinnsla meðtalin),
Raftækjagerð,
Sand- og malartaka,
Sendistörf (vörusendlar),
Síma- og rafmagnslagnir (jarðstrengir),
Skógerð, önnur en inniskógerð,
Sorphreinsun, þar með teljist sótarar,
Stálofnagerð,
Tollgæzla,
Ullarverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald),
Utanbúðarstörf (sjá Vöruhúsavinna),
Varðstaða, hreinsun skipa til undirbúnings veiðiferða,
Vegagerð,
Vélanámskeið (kennarar og nemendur),
Vitavarzla,
Vöruhúsavinna,
Vöruflutningar á landi,
Þangtaka,
Þangvinnsla.

9. gr.

Í 4. áhættuflokki teljast þessi störf og starfsgreinar (vikugjald 400 aurar):
Bryggjugerð,
Dósasmíði með vélum,
Gosdrykkjagerð,
Hafnargerð,
Harðfiskbarning með vélum,
Hvalskurður,
Járnsteypa og logsuða, járnsmíði með vélum,
Lóðabeiting,
Loftlínulagnir, rafmagns- og símalagnir,
Málmbræðsla,
Skipasmíðar, viðgerðir og viðhald,
Ståltunnugerð,

Trésmíði með aflvélum,
Vatnsvirkjun (stíflugerð),
Vélgæzla.

10. gr.

Í 5. áhættuflokki teljast þessi störf og starfsgreinar (vikugjald 500 aurar):
Áburðar- og fiskimjölsverksmiðjuvinna,
Bifhjólastjórn,
Brúargerð.
Grjótsprenging (meðaltalsiðgjald),
Karfabræðsla,
Landpóstastörf,
Lestavinna í skipum og upp- og útskipun við bryggju,
Síldarbræðsla,
Slátrun,
Slökkviliðsstörf.

11. gr.

Í 6. áhættuflokki teljast þessi störf og starfsgreinar (vikugjald 600 aurar):
Hafnsaga,
Upp- og útskipun á bátum og prömmum.

12. gr.

Í 7. áhættuflokki teljast þessi störf og starfsgreinar (vikugjald 800 aurar):
Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum.

13. gr.

Í 8. áhættuflokki teljast þessi störf og starfsgreinar (vikugjald 900 aurar):
Eldfjalla- og jöklarannsóknir.
Námugröftur.

14. gr.

Í 9. áhættuflokki teljast þessi störf og starfsgreinar (vikugjald 1200 aurar):
Áhafnir flugvéla,
Áhafnir skipa annarra en þeirra, sem talin eru í 7. áhættuflokki.
Bjargsig, fuglaveiðar og eggjataka,
Köfun,
Refaveiðar,
Sjómælingar og hafrannsóknastörf um borð í skipum.

15. gr.

Í 10. áhættuflokki teljast þessi störf og starfsgreinar (vikugjald 1500 aurar):
Skipsströnd (björgun varnings og skipa).

16. gr.

Áhættuiðgjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera 300 aurar fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingar eða slökkvistarf.

17. gr.

Ef erfitt er að skipa starfseminni í áhættuflokka samkvæmt framansögðu, getur Tryggingastofnunin ákveðið meðaltalsiðgjald fyrir allt fyrirtækið.

18. gr.

Sé um að ræða tryggingu við önnur störf eða starfsgreinar en talin eru hér að framan, heimilast Tryggingastofnuninni að skipa þeim í áhættuflokk.

167 19. gr.

21. des. Óski atvinnurekendur eða einyrkjar að tryggja sér slysabætur samkv. 134. gr. laganna, skulu þeir tilkynna það Tryggingastofnuninni eða umboðsmanni hennar fyrirfram og tilgreina tegund starfseminnar og fyrir hvaða tímabil tryggingin skuli gilda. Skal þá skipa þeim í áhættuflokk með hliðsjón af flokkun starfa í reglugerð þessari. Sé um að ræða óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem óskað er tryggingar við, má ákveða meðaltalsiðgjald.

20. gr.

Tryggingastofnunin skal gera stafrófsskrá um störf og starfsgreinar samkv. reglugerð þessari og telst skráin fylgiskjal með henni.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 113. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, til að öðlast gildi frá 1. janúar 1947, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi fallnar reglur um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar nr. 222, útgefnar 21. febrúar 1939.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1946.

Finnur Jónsson.

Jónas Guðmundsson.

Fylgiskjal.

Stafrófsskrá um störf og starfsgreinar.

Acetylengasgerð.
Aflvélastjórn við jarðyrkju, vegagerð o. fl.
Áburðar- og fiskimjölsverksmiðjuvinna.
Áhafnir flugvéla.
Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum.
Áhafnir skipa, 12 lesta og stærri.
Baðhúsa- og sundhallavarzla.
Bátasmíðar (bátar 5 smálestir og minni).
Bátaviðgerðir.
Belgjagerð.
Benzínafgreiðsla til ökutækja o. s. frv.
Beykisstörf.
Bifhjólastjórn.
Bifreiðaeftirlit.
Bifreiðanámskeið, nemendur.
Bifreiðastjórn.
Bifvélavirkjun.
Bjargsig (fuglaveiðar og eggjataka).
Blaðamenn, þar með talin blaðaafgreiðsla.
Blikksmíðar.
Bókband.
Brauða- og kökugerð.
Bréfberar (bæjarpóstar).
Brúargerð.

Bryggjugerð.
Bursta- og körfugerð.
Bæjarvinna ýmiss konar (ótilgreind annars staðar).
Dómarar.
Dósasmíði með vélum.
Dúklagning.
Dyravarzla og þjónsstörf í samkomu- og veitingahúsum.
Eldfjalla- og jöklarannsóknir.
Eldfæraeftirlit.
Eldhússtörf, matsveinar meðtaldir.
Erindrekstur, þar með talin ráðunautsstörf, og þau eftirlitsstörf, er krefjast ferðalaga.
Fangavarzla.
Fatalitun (hreinsun og pressun).
Fiskaðgerð.
Fiskvinna (herzla, pökkun, söltun, þvottur, þurrkun).
Flugvélavirkjun.
Frystihúsavinna (meðaltalsiðgjald).
Færaspuni.
Garnahreinsun.
Gasgerð (kolagas).
Glergerð.
Glerslípun.
Gosdrykkjagerð.
Grjótsprenging (meðaltalsiðgjald).
Grjótvinna.
Gullsmíðar.
Gúmiðnaður.
Götugerð og lagningar í götu (pípur, jarðstrengir o. þ. h.).
Hafnargerð.
Hafnsaga.
Hampiðja.
Harðfiskbarning með vélum.
Hárgreiðslu- og snyrtistörf.
Hjúkrun.
Hljóðfæraleikarar.
Hljóðfæraviðgerðir.
Hreinlætis- og snyrtivöruframleiðsla (þvottaduft, ræstiduft, fægilögur, gljávax, kerti, sápur, skóáburður o. s. frv.).
Hreinsun (ræsting) í skrifstofum, skólum, samkomuhúsum, hverskonar veitingastofum, skipum, utanhúss (meðtalin gluggahreinsun).
Húsagerð (nýsmíði, endurbætur, breytingar).
Húsgagnafóðrun (bólstrun).
Húsvarzla.
Hvalskurður.
Innanbúðarstörf.
Innheimtustörf.
Innrömmun.
Ístaka.
Jarðborun.
Jarðsprengingar, aðrar en grjótsprengingar.

167 Járnsmíði í vinnustofum án véla.
21. des. Járnsteypa og logsuða, járnsmíði með vélum.
Kaffibrennsla og kaffibætisgerð.
Karfabræðsla.
Kennimenn, þjóðkirkjunnar og annarra trúarflokka.
Kennslustörf við ýmsa skóla.
Kexgerð.
Klæðaverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald).
Korkiðja.
Kornmölun.
Kvikmyndasýningamenn.
Köfun.
Landbúnaðarstörf, önnur en aflvélastjórn og jarðsprengingar.
Land- og vatnsmælingastörf.
Landpóstastörf.
Leðuriðja.
Leikarar.
Leikfangagerð án notkunar aflvéla.
Leikfangagerð úr tré eða málmum með aflvélum.
Leirsmíði (brennsla).
Lestavinna í skipum og upp- og útskipun við bryggju.
Línstofuvinna.
Ljósmyndagerð.
Ljósmæðrastörf.
Lóðabeiting.
Loftlínulagnir, rafmagns- og símalagnir.
Loftskeytastörf á landi.
Lyfjagerð.
Lyftuverðir.
Lýsisbræðsla.
Læknisstörf, dýralæknar meðtaldir og aðstoðarfólk í lækningastofum.
Lögreglustörf og löggæzla á vegum.
Magnaraverðir.
Málarastörf.
Málgerð (litagerð).
Málmbræðsla.
Málmhúðun.
Málun í vinnustofum.
Matsmenn afurða.
Mjólkur- og rjómabússtörf (þurrmjólkurvinnsla meðtalin).
Náðhúsavarzla.
Námugröftur.
Netjagerð og bætingar (án véla).
Netjagerð með vélum.
Niðursuða.
Pappírspoka- og pappaöskjugerð.
Pípulagningar innanhúss (gas, rafmagn, vatn og skólp, miðstöðvar).
Pípugerð úr steinsteypu.
Póstafgreiðsla.
Prentiðn, þar með talin ljósprentun.
Prentmyndagerð.

Prjónastofuvinna.
Pylsugerð, kjöt- og fiskdeigsgerð.
Ráðunautsstörf, sjá Erindrekstur.
Raflampa- og hjálmagerð.
Raftækjagerð.
Rafvirkjar.
Rakarastörf.
Rannsóknarstörf, unnin í rannsóknarstofu ríkisins og einkafyrirtækja.
Refaveiðar.
Reiðhjólaviðgerðir.
Reykhúsastörf.
Sandgræðsla.
Sand- og malartaka.
Saumavinna hverskonar.
Sendistörf (vörusendlar).
Sendistörf, önnur en vörusendla, blaðaútburður meðtalinn.
Síldarbræðsla.
Síldarverkun.
Silfursmíði.
Símaafgreiðsla.
Síma- og rafmagnslagnir (jarðstrengir).
Símritun.
Símvirkjun.
Sjómenn (sjá Áhafnir).
Sjómælingar og hafrannsóknastörf um borð í skipum.
Skipasmíðar (viðgerðir og viðhald).
Skipströnd (björgun varnings og skipa).
Skógarvarzla og skógrækt.
Skógerð, önnur en inniskógerð.
Skósmíðar.
Skrifstofustörf og önnur hliðstæð störf.
Slátrun.
Slökkviliðsstörf.
Smjörlíkisgerð.
Sorphreinsun, þar með teljist sótarar.
Stálofnagerð.
Stáltunnugerð.
Starfsstúlkur í heimilum, barnaheimilum, elliheimilum, samkomuhúsum, leikvöllum, sjúkrahúsum, skólum og veitingahúsum.
Steinaframleiðsla til húsagerðar.
Sútun (rotun skinna).
Sælgætisframleiðsla (brjóstsykurs, konfekts, lakkríss, súkkulaðis o. þ. h.).
Söðlasmíðar.
Sölumenn.
Teppagerð og teppahreinsun.
Tollgæzla.
Torfhúsagerð.
Tóbaksgerð.
Trésmíðar í verkstæðum án aflvéla, þar með talin húsgagnasmíði.
Trésmíði með aflvélum.
Ullarverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald).

167 21. des.

Upp- og útskipun á bátum og prömmum.
Úrsmíðar.
Utanbúðarstörf (sjá Vöruhúsavinna).
Útvarpsvirkjun.
Varðstaða, hreinsun skipa til undirbúnings veiðiferða.
Vatnsvirkjun (stíflugerð).
Veðurfræðingar og aðstoðarfólk í veðurstofu.
Vegagerð.
Veggfóðrun.
Vélanámskeið (kennarar og nemendur).
Vélaviðgerðir, heimilis- og skrifstofuvéla, löggilding voga og mælitækja.
Vélgæzla.
Verklegt nám skólanemenda.
Verzlunarstörf (sjá Innanbúðar- og skrifstofustörf).
Vikurvinnsla; vikursteypa meðtalin.
Vitavarzla.
Vöruhúsavinna.
Vöruflutningar á landi.
Þangtaka.
Þangvinnsla.
Þvottahúsastörf.
Ölgerð.

168 21. des.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir búnaðarfélög Biskupstungna, Grímsness og Laugardals í Árnessýslu.

Búnaðarfélag Biskupstungna, Búnaðarfélag Grímsnesshrepps og Búnaðarfélag Laugardalshrepps, í Árnessýslu, gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945, svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Ræktunarsambandið nær yfir Búnaðarfélag Biskupstungna, Búnaðarfélag Grímsneshrepps og Búnaðarfélag Laugardalshrepps á félagssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnslu-

aðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands. 168 21. des.

3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Á almennum fundi í viðkomandi hreppabúnaðarfélögum skal kjósa fulltrúa, einn fyrir hverja 10 félagsmenn, til þess að mæta á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þessir fulltrúar kjósa því 3 manna framkvæmdastjórn. Skal hún kosin til þriggja ára í senn. Gengur einn maður úr stjórn árlega, tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stjórnar þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum. En henni er skylt samkvæmt 8. gr. laga, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, sem svarar til verðgildis þessara eigna eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka með erindisbréfi.

9. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda þess eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, að skrá verkbeiðnir félagsmanna fyrir janúarlok ár hvert. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á árinu, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar eigi síðan er 1. febr. ár hvert. Skýrslunum fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing stjórnar hreppabúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum félagsmanna sinna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, sem um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan framkvæmdastjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garða- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en lokareikningsskil sé byggt á tilkostnaðarverði eins og það verður, samkvæmt rekstursreikningi hvers ár. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðsla fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutning þeirra milli vinnustaða, geymsla vélanna og viðhald þeirra, er stafar af eðlilegu sliti, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er framkvæmdastjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

15. gr. 168

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka 21. des.
ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn, á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að vélakostur sé ekki fastur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu, eða þeim verkum, sem um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, samkvæmt 18. gr.

18. gr

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa, stofnfé hans er 250 þús. kr. Tekjur stofnsjóðs eru: Helmingur stofnfjár skal lagður fram af viðkomandi hreppabúnaðarfélögum, að hálfu sem óafturkræft tillag og að hálfu sem hlutafé, og greiði ræktunarsambandið 4% vexti af hlutafénu. Framlag hvers búnaðarfélags á ræktunarsvæðinu skal miðast við félagatölu í hverju félagi.

Hlutafjárins er heimilt að afla:

1. Með frjálsum óafturkræfum fjárframlögum félagsmanna og annarra áhugamanna.
2. Með jöfnu gjaldi af hverjum félagsmanni, og að hálfu lagt á landverð fasteigna á félagssvæðinu. Hlutafé er óinnleysanlegt fyrstu 5 árin af starfstíma ræktunarsambandsins, en greiðist síðan til hlutafjárhafa að ⅕ árlega, ef þeir gera kröfu til.

Helmingur stofnsjóðs er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Leggst það í stofnsjóð jafnóðum og það greiðist úr framkvæmdasjóði.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til framkvæmdastjórnar, þegar samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu, og tilkynni það hreppabúnaðarfélögum áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund ræktunarsambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandsins ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ¾ af áætluðu kostnaðarverði, að frá:dregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa

168 pantað áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktöku-
21. des. samningur ákveður.

VI. KAFLI
Um reikningshald og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn fyrir marzmánaðarlok ár hvert. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI
Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum, skulu sendar stjórn ræktunarsambandsins, er sendir þær til allra aðila, er að samþykkt standa samkv. 1. gr., til umsagnar. Skulu þær síðan, ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn ræktunarsambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það, með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem önnur almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. desember 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

169
23. des.

fyrir Búnaðarfélag Öngulsstaðahrepps í Eyjafjarðarsýslu.

Búnaðarfélag Öngulsstaðahrepps í Eyjafjarðarsýslu gerir á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda jarðræktarsamþykkt:

1. gr.

Tilgangur með ræktunarsamþykktinni er:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, engjaræktar og beitiræktar.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar.

Allt þetta skal framkvæmt eftir fyrirmælum trúnaðarmanns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkin skuli framkvæmd.

2. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Öngulsstaðahrepps annast allar framkvæmdir. Um kaup á vélum og áhöldum skal hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins.

3. gr.

Skylt er að tryggja vélar og áhöld fyrir sannvirði, eins og það álízt á hverjum tíma.

4. gr.

Verkbeiðnir félagsmanna skulu komnar til stjórnar félagsins fyrir febrúarlok, ella er ekki skylt að taka þær til greina á því ári. Heimilt er stjórninni, ef hún telur þess þörf, að krefjast ábyrgðar, sem hún tekur gilda, á vinnslukostnaði.

5. gr.

Að fengnum verkbeiðnum, skal gera áætlanir um framkvæmdir á árinu. Skal þess þá sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun sé, að öðru jöfnu, látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garða- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

6. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupendum. Heimilt er stjórninni að láta greiðslur fara fram eftir áætlun, miðað við tímaeiningu, meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðsla sé byggð á reikningsskilum í árslok.

169 7. gr.
23. des. Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, reksturs-, viðhalds- og geymslukostnaður véla, kostnaður við flutning véla og áhalda milli vinnustaða, fyrningargjald, vextir og afborgun lána og stjórnarkostnaður. Heimilt er stjórninni að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði ár hvert. Skal fé því varið til að mæta óhöppum er fyrir kunna að koma, og ekki fást greidd úr fyrningarsjóði.

8. gr.

Heimilt er stjórninni að láta vinna að öðrum verkefnum, en að framan greinir, ef hagkvæmt þykir, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

9. gr.

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa, að upphæð kr. 150000.00, er sé andvirði skurðgröfu og beltisdráttarvélar T D 6.

Tekjur stofnsjóðs eru:

a. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvörðun 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur framlagið í stofnsjóð þegar það greiðist sem styrkur til vélakaupa félagsins.
b. Einn fjórði hluti framlag Búnaðarfélags Öngulsstaðahrepps, og er það óafturkræft.
c. Einn fjórði stofnfjárlán, er tryggt sé með ábyrgð búnaðarfélags hreppsins, og endurgreiðist það innan 5 ára.

10. gr.

Heimilt er stjórninni að taka rekstrslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Öngulsstaðahrepps og lagðir fram á aðalfundi þess ár hvert. Þar skal og lögð fram skýrsla um starfsemina á síðastliðnu ári og rædd framtíðarverkefni.

12. gr.

Breytingartillögur við samþykkt þessa skulu lagðar fram á aðalfundi. Samþykki löglegur aðalfundur þær með minnst ⅗ atkvæðum atkvæðisbærra fundarmanna, skulu þær sendar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

13. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að ⅗ fundarmanna á lögmætum aðalfundi samþykki það, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Verði samþykktirnar felldar úr gildi, verður stofnsjóður og fyrningarsjóður áfram eign Búnaðarfélags Öngulsstaðahrepps, og skal eignunum varið til almennra framfaramála í hreppnum.

14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. 169 23. des.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. desember 1946.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING 170 27. des.

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum fyrir tímabilið frá 1. janúar 1947 til 1. marz 1947.

Á tímabili þessu skal meðalmeðgjöf vera jafnhá barnalífeyri eins og hann er ákveðinn í 26. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar, en það er sem hér segir:

1. **Á 1. verðlagssvæði,** þ. e. í kaupstöðum og kauptúnum með 2000 íbúum eða fleiri, kr. 800.00 á ári til barna á aldrinum frá 1—16 ára.
2. **Á 2. verðlagssvæði,** þ. e. í öllum sveitarfélögum öðrum en talin eru undir 1. lið, kr. 600.00 á ári til barna á aldrinum 1—16 ára.

Á meðgjöf þessa greiðist verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu eins og hún verður hvern mánuð á ofannefndu tímabili, og greiðist hún eftir á mánaðarlega.

Jafnframt tilkynnist, að eftir 1. janúar 1947 geta mæður óskilgetinna barna eða aðrir framfærslumenn þeirra, er yfirvaldsúrskurð hafa í höndum um meðalmeðgjöf með slíkum börnum, snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar og fengið þar greiddan þann barnalífeyri, er þeim ber samkvæmt skilríkjum sínum. Hið sama gildir um fráskildar konur, er fengið hafa meðlagsúrskurði með börnum sínum.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1946.

Finnur Jónsson.

Jónas Guðmundsson.

SAMÞYKKT 171 27. des.

um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík.

1. gr.

Rakarastofum í Reykjavík skal loka eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal rakarastofum lokað eigi síðan en kl. 6 síðdegis og þær ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag.

Þó skulu vera undantekningar frá þessu þær, er nú greinir: Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal loka stofunum eigi síðan en kl. 3 síðdegis.

171 27. des. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa stofurnar opnar til kl. 9 síðdegis og einn dag á undan þeim degi, þrem virkum dögum áður, til kl. 9 síðdegis, en miðvikudaginn fyrir skírdag til kl. 8 síðdegis.

Á tímabilinu 15. maí til 14. september skal á laugardögum, nema laugardaginn fyrir hvítasunnu, — þá skal loka kl. 4 e. h. —, loka stofunum kl. 12 á hádegi, en þá jafnframt heimilt að hafa stofurnar opnar til kl. 7 síðdegis á föstudögum frá 14. maí til 13. september. En á tímabilinu 15. september til 14. maí skal loka stofunum á laugardögum kl. 4 e. h.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar rakarastofur vera opnar.

Dagana 1. maí og 1. desember skal loka stofunum kl. 12 á hádegi, ef þá daga ber upp á virka daga.

4. gr.

Þá, er komnir eru inn á rakarastofurnar fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar samþykktar, þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykktinni skal reka sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld samþykkt um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík, nr. 58 5. júní 1937, svo og samþykktir um breytingar á henni, nr. 92 9. júní 1941 og nr. 98 29. júní 1942.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1946.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

172 30. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga frá 28. desember 1946, um að innheimta ýmis gjöld með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 28. desember 1946 og innheimta á árinu 1947 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald. Þó skulu uppboðslaun samkv. V. kafla laga nr. 27 27. júní 1921 innheimt með einungis 40% viðauka.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild fyrrgreindra laga frá 28. desember 1946 og innheimta með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60

30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1947. **172** 30. des.

Viðaukinn reiknast á þann hátt, sem segir í 2. gr. laga frá 28. desember 1946.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1946.

Pétur Magnússon.

Sigtryggur Klemenzson.

AUGLÝSING

173 30. des.

um lækkun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög frá 17. des. 1946. um breyting á þeim lögum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá 1. janúar 1947 að telja til ársloka 1947 verðtoll af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming á sama tímabili aðflutningsgjöld af: sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þess hefur verið ákveðið, að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri á sama tímabili.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1946.

Pétur Magnússon.

Sigtryggur Klemenzson.

AUGLÝSING

174 30. des.

um nýja lyfsöluskrá I.

Frá og með 1. janúar n. k. gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 14. þ. m., og fellur jafnframt úr gildi lyfsöluskrá I, útgefin 22. jan. 1945.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 30. desember 1946.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

175
30. des.

AUGLÝSING

um lágmarksverð á nýjum fiski.

Samkvæmt 7. gr. laga frá 28. desember 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl., er hér með ákveðið, að frá og með 1. janúar n. k. skuli lágmarksverð á nýjum fiski vera sem hér segir:

Þorskur, ýsa, langa og sandkoli:			
Óhausaður	kr. 0.65	hvert	kg
Hausaður	— 0.845	—	—
Karfi og keila:			
Óhausaður	— 0.27	—	—
Hausaður	— 0.36	—	—
Ufsi:			
Óhausaður	— 0.34	—	—
Hausaður	— 0.45	—	—
Skötubörð:			
Stór	— 0.50	—	—
Smá	— 0.35	—	—
Lúða yfir 15 kg	— 4.50	—	—
Steinbítur:			
Í nothæfu standi, óhausaður	— 0.45	—	—
Flatfiskur allur annar en stórkjafta, langlúra, sandkoli og lúða yfir 15 kg	— 1.80	—	—
Stórkjafta og langlúra	— 0.85	—	—
Háfur	— 0.20	—	—

Ákvæði þessi gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Atvinnumáaráðuneytið, 30. desember 1946.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

176
30. des.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Flóa og Skeið í Árnessýslu.

Búnaðarfélögin í Flóa og á Skeiðum í Árnessýslu, gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Ræktunarsambandið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélög: Búnaðarfélag Skeiðahrepps, Búnaðarfélag Villingaholtshrepps, Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps, Búnaðarfélag Sandvíkurhrepps og Búnaðarfélag Hraungerðishrepps.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgr. undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands. Allar framkvæmdir samkvæmt lið 1—4 skulu gerðar eftir fyrirsögn Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaganna mynda fulltrúaráð fyrir ræktunarsambandssvæðið. Fulltrúaráðið kýs ræktunarsambandinu 5 manna framkvæmdastjórn, einn mann úr hverjum hreppi til tveggja ára. Ganga tveir menn úr stjórn annað árið, en þrír hitt árið, í fyrsta sinn eftir hlutkesti, en síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila ræktunarsambandsins, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið

176 honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnu-
30. des. flokka.

9. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjórn gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda félagsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórnin og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, að skrá verkbeiðnir félagsmanna fyrir janúarlok ár hvert. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 1. febr. ár hvert.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupanda greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppabúnaðarfélagsins um, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan ræktunarsambandsstjórnar, um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun að öðru jöfnu sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins lit greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyfengur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist á eftirgreindan hátt:

1. Sameiginleg framræsla fleiri jarða greiðist af þeim, er hags njóta af framkvæmdinni, eftir flatarmáli þess lands, er nýtur hags af verkinu. Þó skal tekið

tillit til, ef um einhverja sérstöðu er að ræða. Ef ágreiningur verður um þessi atriði, skal úr honum skorið með hagnaðarmati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. 176 30. des.

2. Framkvæmdir á einstökum jörðum skulu greiðast af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, sem fram verður tekið í verktökusamningi.

Heimilt er stjórn sambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningarafgjalds af þeim. Kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er framkvæmdastjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka í ákvæðisvinnu ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tíma, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé og tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er 200 þúsund krónur.

Tekjur stofnsjóðs eru:

1. Hreppabúnaðarfélögin leggja fram sem óafturkræft framlag kr. 10000.00, hvert félag á ræktunarsamþykktarsvæðinu.
2. Hinn hluta stofnfjárins tekur ræktunarsambandið að láni — eða aflar fjárins á sama hátt — með tryggingu í eignum ræktunarsambandsins, eða með öðrum þeim tryggingum, er lánsstofnun sú, er lánið veitir, tekur gildar.
3. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn kunna að koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.

Móti þessu stofnfé kemur framlag Framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt

176 ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, jafnóðum
30. des, og það greiðist sem styrkur til vélakaupa sambandsins.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til sambandsstjórnar þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til hreppabúnaðarfélaganna fyrir aðalfund þeirra. Ef meiri hluti fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandsins, að fengnu meiri hluta samþykki í hreppabúnaðarfélögum, ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbætur verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er ræktunarsambandinu að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ¾ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa óskað að fá, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár ræktunarsambandsins er almaksárið, og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Aðalfund skal halda fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar í hvívetna.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kosnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reikninga sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá einstöku hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr. 176

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta 30. des.
samþykktaraðila liggi fyrir, um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅔ hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið samþykkt af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkv. lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. desember 1946.

Pétur Magnússon.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT 177

31. des.

fyrir Búnaðarsamband Strandamanna.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæða og verksvið.

1. gr.

Búnaðarsambandi Strandamanna er skipt í eftirfarandi samþykktarsvæði:

1. Búnaðarfélag Bæjarhrepps og Búnaðarfélag Óspakseyrarhrepps.
2. Búnaðarfélag Fellshrepps, Búnaðarfélag Kirkjubólshrepps, Búnaðarfélag Hólmavíkurhrepps og Búnaðarfélag Hrófbergshrepps.
3. Búnaðarfélag Kaldrananeshrepps.
4. Búnaðarfélag Árneshrepps.

2. gr.

Hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag fyrir sig tekur að sér, í samráði við Búnaðarfélag Strandamanna og með aðstoð þess og á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni, er nái til allra jarða á samþykktarsvæðinu, eftir því, sem við á á hverjum stað, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júní 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þeirra er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir, til að hafa á hendi undirbúning, hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á þeim túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar

177 vinnuaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðar-
31. des. manns Búnaðarfélags Íslands.

3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins, á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein, undir 2. lið.

4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum, eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag velur sér þriggja manna framkvæmdastjórn, samkv. 3. gr. laga nr. 7 12. jan. 1945, síðustu málsgr. Skal hún kjörin til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórninni árlega, tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð, eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stjórnar þeim, ritari sér um bókun fundargerða, gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur, eftir ávísun formanns.

Þar sem samþykktarsvæði nær aðeins yfir hrepp, getur stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags komið í stað framkvæmdastjórnar.

5. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum, til skurða og lokræsagerðar og á jarðvinnsluvélum. En samkvæmt 8. gr. laga nr. 7 12. jan. 1945, er henni skylt að gera slík kaup í samráði við verkfæranefnd ríkisins.

6. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða, í samráði við Búnaðarsamband Strandamanna. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og það er á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórn ræktunarsambands eða ræktunarfélags annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu og ákveða, á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið er að.

8. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags ræður starfsmenn, semur um launakjör þeirra og hefur eftirlit með öllum jarðræktarframkvæmdum.

9. gr.

Allir samningar er framkvæmdastjórn gerir fyrir hönd félagsins, samkvæmt samþykktum þessum, eða ályktunum aðalfundar Búnaðarsambands Strandamanna, eða tillögum Búnaðarfélags Íslands, eru skuldbindandi fyrir ræktunarsambandið

eða ræktunarfélagið í heild, þótt þeir hafi ekki sérstaklega verið undir það bornir, 177
eða einstök hreppabúnaðarfélög þess. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð gerða sinna 31. des.
fyrir aðalfundi Búnaðarsambands Strandamanna.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórn hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, að skrá verkbeiðnir félaganna fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Skal þar tilgreint, hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra, að því er næst verður komizt. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar hlutaðeigandi ræktunarsambands eða ræktunarfélags fyrir fyrsta febrúar ár hvert.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig og enn fremur yfirlýsing stjórnar hreppabúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjórninni — í samráði við stjórn búnaðarsambandsins, ef við verður komið —, að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur milli framkvæmdastjórnar ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins og sambandsstjórnar, um veigamikil atriði varðandi þessi efni, leggst hann fyrir aðalfund sambandsins til úrlausnar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna túnræktar, garðræktar og engjaræktar, á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins eða framkvæmdastjórn, að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningar.

177 14. gr.

31. des. Til reksturskostnaðar telst: Greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga milli vinnustaða, geymsla þeirra, viðhald, er stafar af eðlilegu sliti, stjórnarkostnaður, verkstjórn og vaxtagreiðslur.

Heimilt er sambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarrekstrarkostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur búnaðarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og lýsing af verki því, er vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka að sér verk fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á félagssvæðinu, þótt þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarsambandið, og þó einkum fyrir ræktunarfélagið, enda sé öruggt, að vélakostur sé ekki festur svo við þessi störf, að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur vegna áhættuþóknunar, svo og, ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

18. gr.

Hvert samþykktarfélag myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er fyrir ræktunarsambandið eða ræktunarfélagið sem hér segir:

1.	samþykktarsvæði	.....	kr. 50000.00
2.	—	.....	— 50000.00
3.	—	.....	— 50000.00
4.	—	.....	— 50000.00

1. Búnaðarsamband Strandamanna leggur fram sem óafturkræft framlag 25% stofnfjárins, en viðkomandi hreppabúnaðarfélög 25% stofnfjárins. Framlag hvers hreppabúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða, þó þannig, að hver verðeining ræktunarlóða beri aðeins hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði. Heimilt skal þó framkvæmdastjórnum ræktunarfélaga að nota annan grundvöll við álagningu framlaganna, ef henta þykir
2. Styrkur úr framkvæmdasjóði ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir. Rennur styrkurinn í stofnsjóði jafnóðum og styrkgreiðslur fara fram.

19. gr.

Jarðvinnsluvélar og verkfæri, er framkvæmdastjórn kaupir, fyrir jarðræktarsambandið eða jarðræktarfélagið, samkvæmt 8. og 9. gr. laga nr. 7 12. jan. 1945, skulu greiddar að hálfu úr stofnsjóði, enda rennur styrkur sá, sem veittur er úr framkvæmdasjóði ríkisins til vélakaupanna, í stofnsjóð jafnóðum og hann greiðist, samkvæmt 9. gr. nefndra laga.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til búnaðarsambands-

stjórnar, er tilkynnir það hreppabúnaðarfélögum áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins. Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin. 177 31. des.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán, gegn tryggingu á þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

VI. KAFLI
Reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár hvers ræktunarfélags er almanaksárið. Árlegum reikningsskilum og endurskoðun skal lokið og aðalfundur haldinn svo snemma, að reikningar verði sendir og séu komnir í hendur formanns búnaðarsambandsins fyrir 15. marz.

Sambandsstjórn athugar reikningana og gerir tillögur til athugasemda, ef þurfa þykir. Leggur hún þá síðan, ásamt athugasemdum sínum eða umsögn, fyrir aðalfund sambandsins til fullnaðar afgreiðslu.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir fyrir hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag, kjörnir af aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, hafa í hvívetna eftirlit með starfsemi framkvæmdastjórnar og sannprófa að reikningum beri saman við bækur hennar. Búnaðarsambandið greiðir þeim þóknun, sem aðalfundur ákveður.

24. gr.

Samtímis og reikningarnir eru sendir sambandsstjórn samkvæmt 22. gr., ber formanni hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags að senda formanni sambandsins glögga skýrslu um framkvæmdir á s. l. ári, og áætlun um framkvæmdir yfirstandandi árs. Þessi gögn, ásamt umsögnum sambandsstjórnar, skal leggja fram á næsta aðalfundi sambandsins og takast til meðferðar á fundinum, ef stjórn sambandsins telur við þurfa, eða minnst 3 fulltrúar óska þess.

25. gr.

Þegar skipti Búnaðarsambands Strandamanna í samþykktarsvæði hafa hlotið staðfestingu samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, og samþykkt þessi, ber formönnum búnaðarfélaga hvers samþykktarsvæðis að koma saman á fund. Semja þeir frumvarp að ræktunarsamþykkt og stofnun ræktunarfélags fyrir samþykktarsvæðið, sbr. 5. mgr. 3. gr. áðurnefndra laga. Frumvarpið sé síðan lagt fyrir fund í hverju hreppabúnaðarfélagi. Sé hann löglega boðaður og fundarefni tilgreint. Hljóti frumvarpið þannig samþykki meiri hluta búnaðarfélaganna, skoðast það gildandi fyrir allt samþykktarsvæðið, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarsambands Vestjarða. Nú gerir meiri hluti félagsfunda breytingartillögur, og taka formenn félaganna frumvarpið þá til nýrrar meðferðar. Fær það þá gildi, eins og meiri hluti þeirra samþykkir það, að fengnu samþykki sambandsstjórnar.

Rísi ágreiningur um frumvarpið milli sambandsstjórnar og samþykktaraðila, leggst hann fyrir aðalfund sambandsins, og er löglega samþykktur úrskurður hans gildandi.

Í ræktunarsamþykkt þessari séu ákvæði um:

1. Með hvaða hætti ræktunarsamband eða ræktunarfélag velur sér framkvæmdastjórn.

177 31. des.

2. Upphæð stofnsjóðs ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins, samkvæmt 18. gr. þessarar samþykktar.
3. Hvaða upphæð hverju hreppabúnaðarfélagi ber að leggja í stofnsjóðinn, sbr. 18. gr. þessarar samþykktar.
4. Tilhögun og stjórn jarðræktarframkvæmda á samþykktarsvæðinu, þannig að sem mest tillit sé tekið til staðhátta hvers svæðis.
5. Fyrningar og viðhaldsgjald véla og verkfæra, samkvæmt ákvæðum verkfæranefndar ríkisins, sbr. 10. gr. laga nr. 7 12. jan. 1945. Enn fremur annað það, er jarðræktarstarfsemi félagsins sérstaklega varðar og þörf telst að setja ákvæði um. Enda séu öll slík ákvæði í samræmi við nefnd lög, reglugerð og samþykkt þessa.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, frá hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórnum, skulu sendar stjórn búnaðarsambandsins, er sendir þær til allra aðila, er að samþykktinni standa, samkv. 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan ásamt umsögnum búnaðarfélaganna lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með minnst ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda þær Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi hennar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með minnst ⅗ hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1946.

Pétur Magnússon.

Árni G. Eylands.

REGLUR

178
31. des.

um útbúnað skipa.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett sérstök ákvæði um útbúnað skipa.

I. KAFLI

Farþega- og vöruflutningaskip og togarar.

1. gr.

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli landa, skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og enn fremur skulu farþegaskip fullnægja alþjóðarsamþykktinni frá 31. maí 1929.

Enn fremur skal skipið fullnægja eftirgreindum fyrirmælum:

1. Loftskeytastöð eða talstöð skal vera í skipinu. Loftskeytastöðinni skulu fylgja að minnsta kosti tveir góðir móttakarar, svo að samtímis sé hægt að hlusta á 600 og 182 metrum.
2. Skip, sem hafa loftskeytamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
3. Engu má koma fyrir á bátaþilfari, er hindrað geti greiðan aðgang að bjargbátunum.
4. Á farþegaskipum skal koma fyrir neyðarlýsingu hjá bjargbátunum. Aflgjafa neyðarljósanna skal komið fyrir eins ofarlega og verða má í skipinu.
5. Farþegaskip skal hafa minnst 1 kaðalnet á hvorri hlið, 10 feta breitt, til þess að létta skipshöfn og farþegum að komast í bátana.
6. Öll skip, sem eru 300 rúmlestir eða stærri, skulu hafa línubyssu af viðurkenndri gerð. Sem stendur er „The Schermuly Pistol Rocket Apparatus" viðurkennt af skipaskoðuninni.

2. gr.

Fyrirskipaður búnaður bjargbáta.

Nægilega langar og gildar bátsfestar, árar í öll ræði og 3 varaárar, ræði fyrir hverja ár, sem róið er með, og 3 vararæði, stýri með stýrissveif eða taumum, 2 bátshakar, 2 neglur við hvert neglugat, austurtæki (austurtrog, skjóla eða dæla), 2 axir, ljósker fullt af ljósmeti og tiltækt, sigla með seglum og reiða (seðlin rauðbörkuð), áttaviti, bjargstrengur meðfram hliðum bátsins, rekakkeri með 30 faðma kaðli, bárufleygur með 4½ lítra af olíu eða lýsi, 1½ kg af brauði á mann og ½ kg niðursoðin mjólk eða 400 g mjólkurtöflur, 400 g súkkulaðitöflur og 400 g pemmican á mann, 1 dósahnífur, vatnskvartil með 1 lítra af vatni á mann og drykkjarílát, 12 sjálfvirk „rauðblys", 10 stokkar af stormeldspýtum, 6 flugeldar. Í stað flugeldanna má hafa byssu með 12 merkjaskotum eða 5 stykki af „The Schermuly Lifeboat Parachute Distress Signal", 3 olíufatnaðir og 3 ullarpeysur, 2 vasaljós, sáraumbúðir. Utan á botni bjargbátanna skulu vera handlistar. Á hverjum bjargbát skal vera útbúnaður til að þétta leka. Einn af bjargbátunum skal vera vélbátur og hafa eldsneyti til 24 klst. með fullum hraða. Fiskiskip eru undanþegin þessu ákvæði. Enginn vélbátur má vera minni en 3,5 m^3.

Í vélbátum skal vera hæfilega langur og gildur dráttarkaðall og festartæki í bátnum til að festa hann við.

Sé í vélbátnum benzínvél, skal henni fylgja varakveikja, geymd í vatnsheldu

178 íláti, eða svo um vélina búið, að sjór geti alls ekki að henni komizt, enda þótt sjór
31. des. komi í bátinn, svo að hálf fyllist.

Einn af bjargbátum skipsins skal vera með loftskeytatækjum, er dragi að minnsta kosti 100 sjómílur. Undanþegin þessu ákvæði eru skip, sem ekki hafa mann, sem kann að morsa.

Ef þess er kostur, skulu bátarnir búnir fallkrókum (Slipphager).

3. gr.

Bjargbátar með hleypisúð eða bjargflekar.

Auk bjargbáta þeirra, sem farþegaskip á alþjóða siglingaleiðum á að hafa samkvæmt alþjóðalögum, skal það einnig hafa bjargbáta með hleypisúð eða bjargfleka.

Vöruflutningaskip og togarar, stærri en 200 rúml., skulu einnig hafa bjargfleka auk bjargbáta þeirra, sem skipið á að hafa.

Skipaskoðunarstjóri getur ákveðið, að í stað bjargfleka með fullum útbúnaði, komi kork- eða málmfleki.

Útbúnaður bjargfleka skal vera þessi:

a. Vatnskvartil fullt af góðu drykkjarvatni, 1 lítri á mann, og vatnsmál. Brauðkassi með hörðu brauði, 1 kg á mann. Meðöl og sárabindi í vatnsheldum umbúðum, tvö vasaljós, 6 flugeldar eða byssa með 12 merkjaskotum, 6 stokkar af stormeldspýtum, 2 árar og 2 ræði, bátshaki, öxi og festi. Við bjargflekann skal festa sjálfkveikjandi blys, er kvikni á þegar í sjó kemur. Kössunum og birgðunum skal svo komið fyrir, að einu gildi hvor hlið flekans snýr upp.

b. Útbúnaður kork- eða málmfleka skal vera:

Tvær árar og tvö ræði, vatnskvartil af hæfilegri stærð eftir stærð flekans, festi og tvö vasaljós í góðum umbúðum.

Skipaskoðunarstjóri ákveður, í samráði við skipstjóra, stað fyrir bjargfleka á skipum og hvernig flekum skuli komið fyrir þar.

Flekarnir skulu vera á rennibraut, þar sem því verður við komið.

4. gr.

Bjargtækjum þeim, sem nefnd eru í 3. gr. og ekki eru á rennibraut, þarf ekki að koma fyrir undir bátsuglum, en þá skulu þau höfð á þeim stað á skipinu og þannig komið fyrir, að þau fljóti upp, ef skipið sekkur.

II. KAFLI

Fiskiskip, önnur en togarar.

5. gr.

Útbúnaður fiskiskipa, annarra en togara, skal vera sá, er greinir í þessum kafla.

Sérhvert slíkt fiskiskip, sem er í förum milli landa, skal fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim, en auk þess skal skipið fullnægja fyrirmælum þeim, er hér greinir:

1. Í skipinu skal vera góð talstöð, og skal hún reynd í hvert sinn, áður en skipið fer í utanlandsferð, af umboðsmanni landssímans.
2. Skip, sem hafa loftskeytamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
3. Skipið skal hafa bjargbát eða bjargbáta samkvæmt tilskipun nr. 43 20. nóv. 1922 og auk þess fullnægja ákvæðum 2. gr. hér að framan, eftir því sem við á.

III. KAFLI
Strandferðaskip og varðskip.

6. gr.

Farþegaskip og vöruflutningaskip í strandferðum og varðskip ríkisins skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og auk þess fullnægja eftirgreindum fyrirmælum:

1. Öll farþega- og vöruflutningaskip í strandferðum og varðskip ríkisins, sem eru 400 rúmlestir eða stærri, skulu fullnægja 1., 2. og 3. gr. hér að framan, en með þessum undantekningum:
   a. Vistir í bjargbátum og bjargflekum skulu vera samkvæmt tilskipun nr. 43 20. nóvember 1922.
   b. Eldsneytisforði vélbátsins skal vera í 24 klst. með fullhraða.
   c. Bjargfleka samkv. 3. gr. er krafizt, að svo miklu leyti, sem það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt, með tilliti til stærðar skipsins og farþegatölu þeirrar, sem skipið má alls flytja. Skipaskoðunarstjóri ákveður tölu bjargfleka og mannfjölda þann, sem þeim er ætlað að bera.

7. gr.

Farþega- og vöruflutningaskip í strandferðum og varðskip ríkisins, minni en 400 rúmlestir, skulu fullnægja ákvæðum áðurgreindra laga, tilskipana og reglugerða og auk þess eftirgreindum fyrirmælum:

1. Skip, sem hafa loftskeytamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
2. Á botni bjargbátanna og annarra báta í skipum yfir 100 rúmlestir skulu vera handlistar.
3. Í öllum bátum sé útbúnaður til að þétta leka.
4. Skipið skal hafa bjargfleka með öllum útbúnaði, eins og tekið er fram í c-lið 6. gr.
5. Skipum, sem vegna smæðar sinnar geta ekki að áliti skipaskoðunarmanns haft bjargfleka samkvæmt 3. gr., er í stað hans heimilt að hafa kork- eða málmfleka, enda sé áður fengið samþykki skipaskoðunarstjóra til þess. Útbúnaður þessara fleka skal á þessum skipum vera sem hér segir: Tvær litlar árar, lítið vatnskvartil, bátsfesti og tvö góð vasaljós í vatnsheldum umbúðum.
6. Skipum, sem eru í innanfjarðarsiglingum eða förum milli hafna innan landhelgi, getur skipaskoðunarstjóri, þegar ástæða þykir til og það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt að gera vægari kröfur en gerðar eru í þessari grein, að einu eða öllu leyti, veitt tilslakanir frá þeim.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði um skip þau, sem um ræðir í I., II. og III. kafla.

8. gr.

Hægt skal vera að stöðva aðalvélina, bæði frá vélarrúmi og efsta þilfari, með því að loka fyrir gufuna eða eldsneytið til mótorsins.

9. gr.

Auk hins venjulega eftirlits, sem skipstjóra er skylt að hafa með bjargtækjum skipsins, skal hann, áður en hann fer úr höfn, láta eftirlíta öll bjargtæki skipsins, vatnsheldar hurðir og hlera, spjaldloka o. fl., og sjá um, að allt sé í lagi. Skipaeftirlit ríkisins skal hafa stöðugt eftirlit með því, að fyrirmælum þessara reglna sé fram

178 fylgt til hins ýtrasta, og má ekkert skip láta úr höfn til útlanda, nema vottorð
31. des. skipaskoðunar ríkisins sé fyrir hendi um, að öll bjargtæki séu í lagi.

Skipstjóra ber, eftir því sem frekast verður við komið, að æfa skipshöfnina í að nota bátana og bjargtækin. Allir gallar, sem koma í ljós við æfingar, skulu lagfærðir og árangurinn skráður í eftirlitsbókina.

10. gr.

Þegar venjuleg skoðun á skipi fer fram, hvort heldur er aðal- eða aukaskoðun, skulu skoðunarmenn gæta þess, að ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

11. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur veitt tilslakanir frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæða þykir til og það vegna framkominna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt að veita frest til fullnægingar á ákvæðum þessara reglna, þegar hann telur gildar ástæður fyrir hendi.

V. KAFLI

Um hleðslumerki.

12. gr.

Öll farþega- og vöruflutningaskip, sem ekki eru skyld til að hafa hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðalögum, svo og fiskiskip, er sigla milli landa, skulu hafa hleðslumerki og hleðslumerkjaskírteini samkvæmt hleðslumerkjareglugerð 12. marz 1943.

VI. KAFLI

Um flutning á benzíni og öðrum eldfimum efnum.

13. gr.

1. Farþegaskipum í utan- og innanlandssiglingum skal óheimilt að flytja benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.
2. Öðrum skipum skal leyft að flytja benzín eða önnur eldfim efni á þilfari, enda sé svo um farminn búið, að sem minnst hætta stafi af.

   Þegar sérstaklega stendur á, er þessum skipum leyft að flytja allt að 10 farþegum jafnframt benzínflutningnum, enda fullnægi skipið öllum öðrum ákvæðum um flutning á farþegum með skipum, sem ekki eru farþegaskip.
3. Undir þilfari má ekki flytja benzín eða efni, sem eldfimar lofttegundir geta myndazt af og geta valdið sprengingu, nema í sérstökum þar til gerðum rúmum eða geymum.

   Skipaskoðunarstjóri setur ákvæði um það, hvernig þessi sérstöku rúm skulu gerð og loftræst í öðrum skipum en þeim, sem beinlínis eru smíðuð í þeim tilgangi að flytja eldfim efni og hlotið hafa viðurkenningu skipaflokkunarfélaga eða stjórnarvalda til þess.
4. Reykingar og umferð með ljós, sem íkveikjuhætta getur stafað af, er algerlega bönnuð á þilfari eða þeim stöðum, sem benzín eða eldfim efni eru á.
5. Skip, sem samkvæmt 2. lið þessa kafla er leyft að flytja nokkra farþega, skulu fullnægja þessum ákvæðum:
   a. Greinileg auglýsing um eldhættu skal fest upp á þeim stað eða stöðum, þar sem eldfim efni eru geymd.
   b. Eldfim efni, sem flutt eru á þilfari, skulu varin með segldúk, sem í er borinn óeldfimur áburður.

c. Þar, sem eldfim efni eru geymd, skulu ávallt vera tiltæk tæki til að slökkva með eld. 178 31. des.

d. Greiður aðgangur skal vera um þilfar, þar sem eldfim efni eru geymd, að íbúðum skipverja.

VII. KAFLI
Um útbúnað á síldveiðiskipum.

14. gr.

Skip, sem stunda síldveiðar með herpinót, skulu hafa eftirgreindan útbúnað:

Farmrúmið skal hólfað með skiljum milli traustra stoða, vel festum ofan og neðan. Á milli stoðanna skal vera sem næst einn metri á lengdina og ekki yfir 2 m á breiddina. Skiljuborð skulu vera úr 3—5 cm þykkum borðum, eftir stærð skipsins og bilsins milli stoðanna, borðin skulu falla vel í djúpar raufir í stoðunum. Skiljur farmrúmsins framan og aftan skulu vera fulltraustar.

Lestarop. Á öllum nýjum skipum skulu lestarkarmar smíðaðir samkvæmt 32. gr. reglugerðar um smíði tréskipa. Sé lestarkörmum á öðrum skipum breytt, skal það gert samkvæmt ákvæðum áðurnefndrar greinar.

Gæta skal þess, að lestarhlerar séu hæfilega þykkir (sem næst þilfarsþykktinni) og falli vel, og ávallt skal rígbyrgja lestarop, áður en farmur er látinn á þilfarið.

Ruðningsop. Op, með hlerum fyrir á hjörum, skulu vera tvö á hvorri hlið og þannig frá þeim gengið, að fljótlega verði hægt að opna þau, svo að farmur á þilfari geti runnið út. Opin skulu vera á þeim stöðum, að sem fljótast sé að létta skipið. Enn fremur skulu vera venjuleg austurop framan við fremstu og aftan við öftustu síldarstíu. Loks skal vera frárás frá þeim rúmum á þilfari, sem síld er látin í.

Bjarglínur og handrið. Á öllum skipum, sem eru með farm á þilfari, sem aftrar greiðri umferð um skipið, svo og á öllum mótorbátum, þegar þeir eru á ferð, hvort heldur þeir hafa farm á þilfari eða ekki, skulu vera bjarglínur, strengdar meðfram hliðum skipsins fyrir ofan öldustokk. Bjarglínur þessar skulu ná frá reiða á framsiglu og eins langt aftur og þilfarsfarmurinn er, en á mótorbátum hæfilega langt aftur fyrir reiða á aftursiglu, þar sem siglur eru tvær, ella aftur að skúta.

Handrið skulu vera á stýrishúsi og vélarrúmi, þar sem því verður við komið.

Tveir bátar eða fleiri um nót. Þar, sem fleiri bátar en einn eru saman um nót, skulu þeir hver um sig hafa með sér bát, þegar þeir fara til lands með afla.

VIII. KAFLI
Um fólksflutninga á skipum, sem ekki eru farþegaskip.

15. gr.

Opnum bátum er óheimilt að flytja fleiri en 3 farþega auk formanns og vélamanns, nema hafi áður fengið leyfi til þess hjá skipaskoðunarmanni, sýslumanni eða hreppstjóra, enda fullnægi þá báturinn ákvæðum reglugerðar frá 17. september 1937, um skoðun á opnum bátum, enda þótt hann sé styttri en 6 metrar á lengd.

Sé slíkt leyfi veitt, skal liggja fyrir vottorð um skoðun á bátnum, og tekið skal tillit til stærðar hans, styrkleika og annarra atriða, er máli skipta. Leyfið skal aðeins gilda í eitt ár.

16. gr.

Þilfarsskipum í innanfjarðarsiglingum er leyft að flytja nokkra farþega, en til þess skal fengið leyfi skipaskoðunarmanns, sem ákveður farþegatöluna, sem miðuð skal við stærð skipsins, útbúnað og farsvið.

178 31. des. Farþegatölunni skal haldið innan þeirra takmarka, sem sett eru með 22. gr. tilskipunar nr. 43 20. nóvember 1922, um stað og flatarmál á þilfari fyrir farþegana.

Bjargbelti skulu vera fyrir alla á skipinu, og skulu þau höfð á þeim stað, er fljótlega verður til þeirra gripið.

Skip, sem fara út fyrir takmörk innanfjarðarsiglinga, skulu fullnægja ákvæðum þeim, sem sett eru um skip í strandferðum, með þeim takmörkunum, sem þau heimila.

17. gr.

Þegar svo stendur á, að ekki er unnt að koma fólki á mannfundi, nema á skipi, skal leyft að flytja fleiri farþega en um getur í 16. og 17. gr. hér að framan, en fengið skal þá samþykki skipaskoðunarstjóra til þess eða þess manns, er hann tilnefnir.

Skipaskoðunarstjóri setur öll nánari skilyrði fyrir slíkum farþegaflutningi, eftir stærð skipsins, útbúnaði og leið þeirri, sem fara á um.

18. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 50—5000 kr.
Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 3 3. janúar 1946, um útbúnað skipa, sem eru í förum á áður yfirlýstum ófriðar- og hættusvæðum o. fl.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. desember 1946.

Emil Jónsson.

Vigfús Einarsson.

179 31. des.

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð:

Þyngd	1 g til 5 g	kr.	0.60
—	10 g til 20 g	—	0.90
—	50 g	—	1.05
—	100 g til 200 g	—	1.20
—	½ kg	—	1.50
—	1 kg til 2 kg	—	2.10
—	5 kg	—	2.55
—	10 kg	—	3.60
—	20 kg	—	4.50

2. Metaskálar jafnarma:

Vogarþol	3 kg eða minna	kr.	15.00
—	5 kg — —	—	18.00
—	10 kg — —	—	21.00
—	20 kg — —	—	24.00

Vogarþol	30 kg eða minna	kr. 27.00	179
—	yfir 30 kg	— 30.00	31. des.

3. Borðvogir jafnarma:

Vogarþol	3 kg eða minna	kr. 18.00
—	5 kg — —	— 21.00
—	10 kg — —	— 24.00
—	20 kg — —	— 30.00
—	30 kg — —	— 36.00
—	yfir 30 kg	— 45.00

4. Tugavogir og hundraðsvogir (desímal og sentdesímal):

Vogarþol	100 kg eða minna	kr. 16.00
—	200 kg — —	— 20.00
—	300 kg — —	— 22.00
—	500 kg — —	— 26.00
—	600 kg — —	— 28.00
—	1000 kg — —	— 30.00
—	2000 kg — —	— 40.00
—	yfir 2000 kg	— 60.00

Fyrir löggildingu á reizluvogum með mundangi (vogartungu) greiðist sama gjald og fyrir desímalvogir með sama vogarþoli og auk þess 10 aurar fyrir hvert mark eða skerðingu.

5. Reizlur án mundangs:

Vogarþol	3 kg eða minna	kr. 6.00
—	10 kg — —	— 9.00
—	20 kg — —	— 12.00
—	50 kg — —	— 15.00
—	100 kg — —	— 18.00
—	300 kg — —	— 21.00

og auk þess 60 aurar fyrir hverjar 20 skerðingar.

6. Kvarðar:

Fyrir hvern mælikvarða, sem löggiltur er, kr. 2.00, og auk þess fyrir hverja 10 óskipta cm 25 aura, en ef sentímetranum er skipt í mm, fyrir hvern cm 15 aura.

7. Mæliker:

Stærð	1 dl og 2 dl	kr. 1.50
—	½ lítri	— 2.50
—	1 lítri og 2 lítrar	— 3.75
—	5 lítrar	— 6.00
—	10 lítrar	— 10.00
—	20 lítrar	— 16.00
—	50 lítrar	— 20.00

Enn fremur aukagjöld fyrir hvern benzínmæli, þegar hann er löggiltur í fyrsta sinn, kr. 35.00.

8. Síldarmæliker (löndunartæki) með 4 hólfum hvert fyrir 150 lítra .. kr. 240.00
Síldarmæliker (löndunartæki) með 4 hólfum hvert fyrir 300 lítra .. — 480.00

179
31. des.

2. gr.

Eftirlitsgjöld.

1. Vogarlóð:

Þyngd	50 g eða minna	kr. 0.50
—	½ kg — —	— 1.00
—	5 kg — —	— 1.50
—	yfir 5 kg	— 2.00

2. Vogir:

Vogarþol	5 kg eða minna	kr. 5.00
—	30 kg — —	— 10.00
—	100 kg — —	— 15.00
—	300 kg — —	— 20.00
—	600 kg — —	— 25.00
—	yfir 600 kg	— 40.00

3. Kvarðar:

Lengd	½ m til 1 m	kr. 1.50

4. Mæliker:

Stærð	½ lítri eða minna	kr. 1.20
—	yfir ½ lítra	— 2.40

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer eigi fram á Löggildingarstofunni, eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum reiknast auk ferðakostnaðar kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofnunar 5 kr. um klukkustund eða brot úr klukkustund, þó ekki meir en 40 kr. á dag, að viðbættri lögmætri verðlagsuppbót.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 141 16. okt. 1944, um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. desember 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

180
11. okt.

um tunnuverksmiðjur ríkisins.

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn og starfrækir tunnuverksmiðjur á Akureyri og Siglufirði. Skulu verksmiðjurnar vera eign ríkisins, en reknar sem sjálfstætt fyrirtæki, með sérstöku reikningshaldi, en á ábyrgð ríkissjóðs. Stofnunin heitir „Tunnuverksmiðjur ríkisins".

2. gr.

Tunnuverksmiðjur ríkisins skulu hafa það verkefni, að smíða tunnur undir síld, og aðrar vörur, sem búa þarf um í tunnum, til útflutnings eða sölu innanlands. Skal stefnt að því, að innlend tunnuframleiðsla geti, svo fljótt sem kostur er, fullnægt þörfum íslenzkra síldarframleiðenda um góðar og hæfilega stórar tunnur við samkeppnisfæru verði.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir verksmiðjurnar og þrjá til vara. Skal stjórnin skipuð til þriggja ára í senn. Ráðherra skipar stjórnarformann og ákveður laun stjórnarmanna.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra, er hafi aðsetur á Siglufirði, og verksmiðjustjóra, er hafi aðsetur á Siglufirði eða Akureyri.

Framkvæmdastjóri hefur á hendi reikningshald verksmiðjanna og fjármál, sér um innkaup á efni og sölu á smíðuðum tunnum eftir því, sem stjórnin felur honum. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær, eftir reglum um prókúru, nema öðruvísi sé ákveðið.

Verksmiðjustjóri hefur á hendi daglega stjórn á verksmiðjurekstrinum, ásamt ráðningu starfsmanna í verksmiðjurnar í samráði við framkvæmdastjóra.

Verksmiðjustjóri skal vera ráðunautur stjórnarinnar um allt, er lýtur að efniskaupum, og annað, er snertir tunnugerð og kaup á vinnuvélum.

Verksmiðjustjórnin setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, og ákveður starfssvið þeirra og laun.

4. gr.

Til að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift tveggja stjórnarmanna.

5. gr.

Verksmiðjustjórnin hefur á hendi allar ákvarðanir varðandi nýbyggingar, vélakaup, innkaup á efni, skipaleigur svo og sölu á smíðuðum tunnum. Allar meiri háttar ákvarðanir skulu gerðar í samráði við ráðherra. Verksmiðjustjórnin skal gera áætlun um reksturinn ár hvert.

6. gr.

Selja skal tunnurnar síldarframleiðendur eða stofnunum, sem hafa á hendi sölu síldar eða annarra vörutegunda, sem geyma þarf í tunnum. Skulu tunnurnar seldar við kostnaðarverði, að viðbættu gjaldi í varasjóð verksmiðjanna, sem skal vera 5% af söluverði allra tunna sem verksmiðjurnar selja.

7. gr.

Varasjóð verksmiðjanna má nota sem rekstrarfé að nokkru eða öllu leyti, ef nauðsynlegt er, enda skal þá greiða 4% vexti í varasjóð.

180 8. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir, skipaðir af ráðherra, og ákveður hann laun þeirra.

9. gr.

Reikningsár tunnuverksmiðja ríkisins skal vera almanaksárið. Skal hvor verksmiðja hafa sérstakt reikningshald og sé sameiginlegur stjórnarkostnaður færður verksmiðjunum til gjalda í réttu hlutfalli við tunnusmíði þeirra hvert ár. Framkvæmdastjóri skal gera reikningsskil fyrir starfsárið, og leggja fyrir stjórnina eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum 30. apríl. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ríkisstjórninni afrit af reksturs- og efnahagsreikningi verksmiðjanna undirritað af verksmiðjustjórn og áritað af endurskoðendum ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjanna á árinu.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 23. apríl 1946, um tunnusmíði, til að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 11. október 1946.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

181 **KANADASJÓÐUR**

til styrktar íslenzkum námsmönnum.

Ársreikningur 1945.

Höfuðstóll:

1.	Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi	kr. 122217.97
2.	Aukning árið 1945 samkv. eftirfarandi reikningi	— 5155.31
		Kr. 127373.28

Eignum sjóðsins er varið þannig:

1.	Veðdeildarbréf	kr. 11800.00
2.	Veðskuldabréf	— 62600.00
3.	Inneign í sparisjóði	— 52973.28
		Kr. 127373.28

Tekjur:

1.	Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 1090.00
2.	— — jarðræktarbréfum	— 825.00
3.	— — kreppulánasjóðsbréfi	— 586.67
4.	— — veðskuldabréfum	— 2985.00
5.	— — sparisjóðsinnstæðu	— 328.64
		Kr. 5815.31

Gjöld:

1.	Ofgreiddir vextir af jarðræktarbréfum	kr. 660.00
2.	Lagt við höfuðstólinn	— 5155.31
		Kr. 5815.31

Forsætisráðuneytið, 1. apríl 1946.

F. h. r.

e. u.

Birgir Thorlacius.

STYRKTARSJÓÐUR TIL SVIÞJÓÐARFERÐA 182

Ársreikningur 1945.

Höfuðstóll:

1.	Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi	kr. 7177.60
2.	Aukning á árinu 1945 samkv. eftirfarandi reikningi	— 284.41
		Kr. 7462.01

Eignum sjóðsins er þannig varið:

1.	Veðdeildarbréf	kr. 7000.00
2.	Innstæða í sparisjóði	— 462.01
		Kr. 7462.01

Tekjur:

1.	Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 280.00
2.	Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 4.41
		Kr. 284.41

Gjöld:

	Lagt við höfuðstólinn	kr. 284.41
		Kr. 284.41

Forsætisráðuneytið, 1. apríl 1946.

F. h. r.
e. u.
Birgir Thorlacius.

BERKLAVARNASJÓÐUR 183

Ólafs Halldórssonar konferensráðs.

Ársreikningur 1945.

Höfuðstóll:

1.	Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 1897.16
2.	Aukning á árinu 1945 samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 56.05
		Kr. 1953.21

Eignum sjóðsins er þannig varið:

1.	Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	kr. 200.00
2.	Innstæða í sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands	— 1753.21
		Kr. 1953.21

183

Tekjur:

1.	Arður af hlutabréfum	kr. 8.00
2.	Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 48.05
		Kr. 56.05

Gjöld:

	Lagt við höfuðstólinn	kr. 56.05

Forsætisráðuneytið, 1. apríl 1946.

F. h. r.
e. u.
Birgir Thorlacius.

184

YFIRLIT

um hag Búnaðarbanka Íslands, 30. júní 1946.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 6284980.21	
	b. Veðdeild	— 1083381.72	
	c. Ræktunarsjóður	— 1785321.81	
	d. Byggingarsjóður	— 2438226.05	
	e. Viðlagasjóður	— 376348.35	
	f. Loðdýralánadeild	— 5810.00	
	g. Smábýladeild	— 28716.37	
			kr. 12002784.51
2.	Verðbréf:		
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 9107152.85	
	b. Ræktunarsjóður	— 141876.34	
	c. Byggingarsjóður	— 15913.32	
	d. Viðlagasjóður	— 459665.94	
			— 9724608.45
3.	Víxlar		— 26137575.24
4.	Lán í hlaupareikningi		— 4329050.50
5.	Ýmsir viðskiptamenn:		
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 108559.69	
	b. Byggingarsjóður	— 291.60	
			— 108851.29
6.	Óinnheimtar tekjur:		
	a. Veðdeild	kr. 9714.69	
	b. Ræktunarsjóður	— 12232.39	
			— 21947.08
7.	Útibú á Akureyri		— 532698.72
8.	Teiknistofa		— 60731.62
9.	Tryggingar fyrir ábyrgðum		— 337493.51
10.	Innanstokksmunir		— 58514.36
11.	Sameiginlegur kostnaður		— 449052.95
12.	Kreppulánasjóður bæjar- og sveitarfélaga		— 455475.63
13.	Fasteignir		— 150000.00
14.	Innheimtur		— 178695.25
15.	Sparisjóðsinnstæða varasjóðs Ræktunarsjóðs		— 524274.48
16.	Bankainnstæða og peningar í sjóði		— 13611466.38
			Kr. 68683219.97

184

Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði og á skírteinum			kr. 40017462.12
2. Innstæða í hlaupareikningi			— 11705166.90
3. Innstæða í reikningslánum			— 106737.28
4. Ýmsir viðskiptamenn:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	402685.15	
b. Byggingarsjóður	—	3887.49	
			— 406572.64
5. Kreppulánasjóður			— 73121.58
6. Nýbýlasjóður			— 35235.35
7. Ábyrgðir			— 337493.51
8. Fyrningarsjóður fasteigna			— 300000.00
9. Vextir og aðrar tekjur:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	1456883.11	
b. Byggingarsjóður	—	758348.97	
c. Viðlagasjóður	—	20418.91	
d. Loðdýralánadeild	—	34.10	
e. Smábýladeild	—	468.95	
			— 2236154.04
10. Skuldlaus eign:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	2684901.54	
b. Veðdeild	—	1430781.81	
c. Ræktunarsjóður	—	4353412.83	
d. Byggingarsjóður	—	3405968.22	
e. Viðlagasjóður	—	1275255.00	
f. Loðdýralánadeild	—	15204.62	
g. Smábýladeild	—	299752.53	
			— 13465276.55
			Kr. 68683219.97

Reykjavík, 30. júní 1946.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

185

REIKNINGUR

